

Stjórnartíðindi

1994 - A-deild

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skrifað inn á bls. 197.

Gallar á bls. 6, 50, 259, 370-371, 375, 388, 470, 486, 538, 634, og 761-762.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1994

A-DEILD



REYKJAVÍK 1994

GUTENBERG

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	14. jan.	Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélagum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja	1-2
2	19. jan.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	3
3	21. jan.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	3
4	24. jan.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	4
5	24. jan.	Bréf handhafa valds forseta Íslands um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda	4
6	27. jan.	Auglýsing um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum	5
7	27. jan.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	5
8	28. jan.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	6
9	31. jan.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	6
10	4. feb.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	6
13	10. feb.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	10
21	21. feb.	Lög um öflun áhlits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið	20-21
18	7. mars	Lög um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélagum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands utan Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja	18
16	14. mars	Lög um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987	16
17	14. mars	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur	16-17
15	16. mars	Lög um dýravernd	11-15
14	17. mars	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum	10
19	22. mars	Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986, með áorðnum breytingum	19

IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
11	24. mars	Auglýsing um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum	7
12	25. mars	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993	8-9
20	25. mars	Lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986	20
24	25. mars	Lög um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993	31-32
22	29. mars	Lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru	21-23
23	29. mars	Hafnalög	23-31
25	29. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.	32
29	2. apríl	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	68
27	5. apríl	Fjárukalög fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991	56-62
28	5. apríl	Fjárukalög fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992	62-67
26	6. apríl	Lög um fjöleignahús	33-56
30	6. apríl	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	68
34	15. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum	72-83
37	19. apríl	Lög um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991	102-107
38	19. apríl	Lög um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991	108-115
39	19. apríl	Lög um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands nr. 75 21. júní 1973	115-116
32	20. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 32/1991, um Héraðsskóga .	70
46	20. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands	131-132
36	22. apríl	Húsaleigulög	84-102
31	25. apríl	Lög um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum, og lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	69
33	25. apríl	Lög um slysavarnaráð	70-71
35	26. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.....	83
40	26. apríl	Lög um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992	116
54	28. apríl	Lög um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum	142
55	29. apríl	Lög um samfélagsþjónustu	143-145
106	4. maí	Þingsályktun um breytingu á þingsályktun frá 2. maí 1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis	322
41	5. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa, með síðari breytingum	117

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
53	5. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Seltjarnar- neskaupstað eyjuna Gróttu	141
45	6. maí	Vegalög	121-131
47	6. maí	Lög um vöruflutninga á landi	132-133
48	6. maí	Lög um brunatryggingar	134-135
52	6. maí	Lög um breyting á tollalögum nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum	140-141
58	6. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra ..	147
59	6. maí	Lög um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vega- gerðar, með síðari breytingum	148
49	9. maí	Lög um réttarástoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu	136-138
90	9. maí	Lög um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefð- bundinn herafila í Evrópu og samnings um opna lofthelgi	276
91	9. maí	Lög um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993	276-277
60	11. maí	Lög um váttryggingastarfsemi	149-187
68	11. maí	Lög um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands	235-238
69	11. maí	Lög um sölu notaðra ökutækja	238-240
70	11. maí	Lög um breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri	241
71	11. maí	Lög um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	241-244
72	11. maí	Lög um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orku- notkun heimilistækja o.fl.	245-246
44	11. maí	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	120
85	11. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum	269
42	13. maí	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	118-120
50	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum	139
51	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum	139-140
56	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu inn- lánsstofnana, með síðari breytingum	145-146
57	13. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	146
61	13. maí	Lög um Rannsóknarráð Íslands	187-191
43	16. maí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	120
63	17. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum	213-222
62	19. maí	Lög um mannréttindasáttmála Evrópu	192-212
64	19. maí	Lög um vernd, friðun og veiðar og villtum fuglum og villtum spendýrum	223-231

VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
65	19. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið	231-232
66	19. maí	Lög um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum	232-233
67	19. maí	Lög um breyting á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992	234
73	19. maí	Lög um söfnunarkassa	246-247
74	19. maí	Lög um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum	248
75	19. maí	Lög um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi	248-249
76	19. maí	Lög um breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum	250
77	19. maí	Lög um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum	251
78	19. maí	Lög um leikskóla	251-254
79	19. maí	Lög um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum	255-256
80	19. maí	Lög um alferðir	257-260
81	19. maí	Lög um breyting á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum	261-262
82	19. maí	Lög um reynslusveitarfélög	263-266
83	19. maí	Lög um umboðsmann barna	266-268
95	19. maí	Lög um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943	295
84	20. maí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	268
93	20. maí	Lyfjalög	283-293
97	20. maí	Fjárukalög fyrir árið 1993, sbr. lög nr. 115/1993	297-303
98	20. maí	Lög um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991	303-307
100	20. maí	Lög um húsaleigubætur	308-313
101	20. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 30/1993, um neytendalán ..	313-316
102	20. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu	317
103	20. maí	Lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara	318-320
86	24. maí	Lög um viðauka við lög nr. 35 30. apríl 1993, um eftirlit með skipum	270
87	24. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum	270-273
88	24. maí	Lög um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins	274

VII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
89	24. maí	Lög um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins	274-275
92	24. maí	Lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins	277-282
94	24. maí	Lög um lífeyrissjóð sjómanna	293-294
96	24. maí	Lög um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla	295-296
99	24. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	308
104	7. júní	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda	321
105	8. júní	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum	321
107	16. júní	Auglýsing um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum	323-325
108	16. júní	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	326
109	24. júní	Auglýsing um staðfesting forsetaúrskurðar um breyting á forsetaúrskurði nr. 88 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra	326-327
110	24. júní	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	327
111	28. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	328
112	28. júní	Bráðabirgðalög um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994	328-329
113	28. júní	Lög um eftirlaun til aldraðra	329-335
116	14. júlí	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingar á reglugerð nr. 90/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum	342-344
114	31. ágúst	Auglýsing um flugmálaáætlun árin 1994-1997	336-341
115	13. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 1. október 1994	341
117	16. sept.	Lög um skipulag ferðamála	344-352
121	21. sept.	Lög um neytendalán	355-360
119	30. sept.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	354
120	10. okt.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	354
118	12. okt.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum	353-354
126	18. okt.	Lánsfjárukalög fyrir árið 1994	364
124	3. nóv.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	362
127	7. nóv.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	364
122	10. nóv.	Lög um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994	361

VIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
123	12. nóv.	Auglýsing um staðfesting forsetaúrskurðar um breyting á forsetaúrskurði nr. 109 24. júní 1994, um breyting á forsetaúrskurði nr. 88 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra	362
125	12. nóv.	Lög um Lýðveldissjóð	363
128	23. nóv.	Lög um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu	365
134	25. nóv.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	374
132	2. des.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	368
136	7. des.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	375
129	20. des.	Lög um afnám laga nr. 57/1944, um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum	366
130	20. des.	Lög um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda	366-367
131	20. des.	Lög um breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994	367-368
133	21. des.	Lög um atvinnuréttindi útlendinga	369-374
135	23. des.	Lög um breyting á lögum um hópuppsagnir, nr. 95/1992 ..	374-375
137	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum	376-401
138	28. des.	Lög um einkahlutafélög	402-436
139	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi	436
140	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 86/1991, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 110/1992 og lög nr. 128/1993	437
141	29. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum	437-438
142	29. des.	Lög um ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánnum til verkefna utan Norðurlanda.....	438
143	29. des.	Fjárukalög fyrir árið 1994	439-468
144	29. des.	Lög um ársreikninga	469-486
145	29. des.	Lög um bókhald	486-495
146	29. des.	Auglýsing um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum	495-497
149	29. des.	Lánsfjárlög fyrir árið 1995	508-510
154	29. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	516
147	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	497-502
148	30. des.	Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995	503-508
150	30. des.	Lög um breytingu á lögum um brunatryggingar nr. 48/1994.....	511-512
151	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	513
152	30. des.	Lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, með síðari breytingum	514

IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
153	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 56/1994, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum	515
155	31. des.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	517-519
156	31. des.	Lög um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/ 1994	519
157	31. des.	Lög um afnám laga nr. 35/1992, um forfallþjónustu í sveitum, o.fl.	520
158	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1995	521-766
159	31. des.	Lög um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög	767-777
160	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum	777
161	31. des.	Lög um útflutning hrossa	778-779
162	31. des.	Lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu	779-780

Yfirlit

eftir málaflokkum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Aldraðir.			
113	28. júní	Lög um eftirlaun til aldraðra	329–335
Alþingi.			
5	24. jan.	Bréf handhafa valds forseta Íslands um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda	4
44	11. maí	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	120
104	7. júní	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.....	321
105	8. júní	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum	321
106	4. maí	Þingsályktun um breytingu á þingsályktun frá 2. maí 1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis	322
108	16. júní	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	326
115	13. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 1. október 1994	341
154	29. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	516
Atvinnumál.			
96	24. maí	Lög um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla	295–296
133	21. des.	Lög um atvinnuréttindi útlendinga	369–374
Bankamál.			
56	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum	145–146
101	20. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 30/1993, um neytendalán ...	313–316
121	21. sept.	Lög um neytendalán	355–360
142	29. des.	Lög um ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda	438
153	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 56/1994, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum	515
Birting laga og stjórnvaldaerinda.			
95	19. maí	Lög um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943	295
Bókhald.			
145	29. des.	Lög um bókhald	486–495

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Bráðabirgðalög.			
1	14. jan.	Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélagum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja	1–2
112	28. júní	Bráðabirgðalög um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994 ...	328–329
Brunamál.			
40	26. apríl	Lög um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992	116
48	6. maí	Lög um brunatryggingar	134–135
67	19. maí	Lög um breyting á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992	234
68	11. maí	Lög um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands	235–238
150	30. des.	Lög um breytingu á lögum um brunatryggingar nr. 48/1994	511–512
Búfjármál, Búnaðarmál, sjá Landbúnaður.			
Dómsmál.			
37	19. apríl	Lög um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991	102–107
38	19. apríl	Lög um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991	108–115
39	19. apríl	Lög um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands	115–116
49	9. maí	Lög um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu	136–138
62	19. maí	Lög um mannréttindasáttmála Evrópu	192–212
Dýravernd.			
15	16. mars	Lög um dýravernd	11–15
Evrópska efnahagssvæðið.			
21	21. feb.	Lög um öflun álags EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið	20–21
65	19. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið	231–232
90	9. maí	Lög um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings um opna lofthelgi	276
91	9. maí	Lög um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993	276–277
159	31. des.	Lög um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög	767–777

XII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Fasteignir.			
26	6. apríl	Lög um fjöleignarhús	33–56
51	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum	139–140
Ferðamál.			
80	19. maí	Lög um alferðir	257–260
81	19. maí	Lög um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum	261–262
117	16. sept.	Lög um skipulag ferðamála	344–352
156	31. des.	Lög um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994	519
Félagsmál.			
26	6. apríl	Lög um fjöleignarhús	33–56
55	29. apríl	Lög um samfélagsþjónustu	143–145
83	19. maí	Lög um umboðsmann barna	266–268
100	20. maí	Lög um húsaleigubætur	308–313
Fiskveiðar, sjá Sjávarútvegur.			
Fjárlög, ríkisreikningur.			
27	5. apríl	Fjáraukalög fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991	56–62
28	5. apríl	Fjáraukalög fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992	62–67
97	20. maí	Fjáraukalög fyrir árið 1993, sbr. lög nr. 115/1993	297–303
126	18. okt.	Lánsfjáraukalög fyrir árið 1994	364
143	29. des.	Fjáraukalög fyrir árið 1994	439–468
148	30. des.	Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995	503–508
149	29. des.	Lánsfjárlög fyrir árið 1995	508–510
158	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1995	521–766
Flugmál.			
90	9. maí	Lög um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings um opna lofthelgi	276
114	31. ágúst	Auglýsing um flugmálaáætlun árin 1994–1997	336–341
Flutningar.			
47	6. maí	Lög um vöruflutninga á landi	132–133
103	20. maí	Lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara	318–320
Forseti Íslands.			
2	19. jan.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	3
8	28. jan.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.....	6
10	4. feb.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	6

XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
13	4. feb.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.....	10
29	2. apríl	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	68
30	6. apríl	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.....	68
43	16. maí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	120
84	20. maí	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum	268
110	24. júní	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	327
111	28. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.....	328
119	30. sept.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	354
120	10. okt.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.....	354
124	3. nóv.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	362
127	7. nóv.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.....	364
132	2. des.	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	368

Gjöld, sjá Skattar, gjöld.**Hafnir.**

23	29. mars	Hafnalög	23–31
----	----------	----------------	-------

Happdrætti.

73	19. maí	Lög um söfnunarkassa	246–247
77	19. maí	Lög um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum	251

Háskóli Íslands.

70	11. maí	Lög um breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri	241
71	11. maí	Lög um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	241–244
77	19. maí	Lög um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum	251
116	14. júlí	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingar á reglugerð nr. 90/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum	342–344
118	12. okt.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum	353–354

Háskólinn á Akureyri, sjá Háskóli Íslands.

XIV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Heilbrigðismál.			
54	28. apríl	Lög um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum	142
65	19. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið	231–232
75	19. maí	Lög um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi	248–249
93	20. maí	Lyfjalög	283–293
112	28. júní	Bráðabirgðalög um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994 ...	328–329
122	10. nóv.	Lög um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994	361
131	20. des.	Lög um breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994	367–368
140	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 86/1991, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 110/1992 og lög nr. 128/1993	437
Hlutafélög.			
137	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum	376–401
138	28. des.	Lög um einkahlutafélög	402–436
Húsnæðismál.			
12	25. mars	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993	8–9
26	6. apríl	Lög um fjöleignarhús	33–56
36	22. apríl	Húsaleigulög	84–102
100	20. maí	Lög um húsaleigubætur	308–313
Kjarasamningar, sjá Launamál.			
Landbúnaður.			
22	29. mars	Lög um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru	21–23
25	29. mars	Lög um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.	32
34	15. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum	72–83
41	5. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa, með síðari breytingum	117
85	11. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum	269
129	20. des.	Lög um afnám laga nr. 57/1944, um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum	366
130	20. des.	Lög um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttar-sambands bænda í ein heildarsamtök bænda	366–367
141	29. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum	437–438

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
157	31. des.	Lög um afnám laga nr. 35/1992, um forfallaþjónustu í sveitum, o.fl.	520
160	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum	777
161	31. des.	Lög um útflutning hrossa	777-779
162	31. des.	Lög um lífræna landbúnaðarframléiðslu	779-780
Launamál.			
99	24. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	308
135	23. des.	Lög um breyting á lögum um hópuppsagnir, nr. 95/1992	374-375
Lífeyrissjóðir.			
94	24. maí	Lög um lífeyrissjóð sjómanna	293-294
Lyf, sjá Heilbrigðismál.			
Mannréttindi.			
62	19. maí	Lög um mannréttindasáttmála Evrópu	192-212
Menntamál.			
46	20. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands	131-132
76	19. maí	Lög um breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum	250
78	19. maí	Lög um leikskóla	251-254
98	20. maí	Lög um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991	303-307
Mælitæki.			
102	20. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu	317
Opinberir starfsmenn.			
99	24. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	308
Raforkumál.			
72	11. maí	Lög um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.	245-246
Rannsóknir.			
61	13. maí	Lög um Rannsóknarráð Íslands	187-191

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Reikningar.			
144	29. des.	Lög um ársreikninga	469–486
Réttarfar, sjá Dómsmál.			
Ríkisborgararéttur.			
42	13. maí	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	118–120
155	31. des.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	517–519
Ríkisreikningur, sjá Fjárlög, ríkisreikningur.			
Ríkisstjórn.			
3	21. jan.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	3
4	24. jan.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	4
7	27. jan.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	5
9	31. jan.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	6
109	24. júní	Auglýsing um staðfesting forsetaúrskurðar um breyting á forsetaúrskurði nr. 88 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra	326–327
123	12. nóv.	Auglýsing um staðfesting forsetaúrskurðar um breyting á forsetaúrskurði nr. 109 24. júní 1994, um breyting á forsetaúrskurði nr. 88 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra	362
134	25. nóv.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	374
136	7. des.	Auglýsing frá forsætisráðuneytinu	375
Ríkisstofnanir.			
12	25. mars	Lög um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993	8–9
75	19. maí	Lög um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi	248–249
89	24. maí	Lög um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins	274–275
Samgöngumál, sjá Vegamál.			
Seltjarnarnes.			
53	5. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu	141
Sendiráð.			
17	14. mars	Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur	16–17

XVII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Siglingar, skip.			
1	14. jan.	Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélagum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja	1-2
16	14. mars	Lög um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987	16
18	7. mars	Lög um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélagum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands utan Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja	18
86	24. maí	Lög um viðauka við lög nr. 35 30. apríl 1993, um eftirlit með skipum	270
Sjávarútvegur.			
58	6. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra ...	147
79	19. maí	Lög um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum	255-256
87	24. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum	270-273
88	24. maí	Lög um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins	274
92	24. maí	Lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins	277-282
96	24. maí	Lög um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla	295-296
128	23. nóv.	Lög um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu	365
Sjóðir.			
88	24. maí	Lög um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins	274
92	24. maí	Lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins	277-282
125	12. nóv.	Lög um Lýðveldissjóð	363
Skattar, gjöld.			
6	27. jan.	Auglýsing um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum	5
11	24. mars	Auglýsing um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum	7
50	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum	139

XVIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
52	6. maí	Lög um breyting á tollalögum nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum	140–141
56	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum	145–146
57	13. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	146
59	6. maí	Lög um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum	148
66	19. maí	Lög um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum	232–233
74	19. maí	Lög um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum	248
107	16. júní	Auglýsing um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum	323–325
147	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	497–502
151	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum	513
153	30. des.	Lög um breyting á lögum nr. 56/1994, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum	515

Skip, sjá Siglingar, skip.

Skógrækt.

32	20. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 32/1991, um Héraðsskóga...	70
----	-----------	---	----

Skólar, sjá Menntamál.

Stjórnarráð Íslands.

14	17. mars	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum	10
----	----------	--	----

Sveitastjórnarmál.

19	22. mars	Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986, með áorðnum breytingum	19
20	25. mars	Lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986	20
31	25. apríl	Lög um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/ 1989, með síðari breytingum, og lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	69
82	19. maí	Lög um reynslusveitarfélög	263–266
152	30. des.	Lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, með síðari breytingum	514

Tekjustofnar sveitarfélaga, sjá Sveitastjórnarmál.

XIX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Tryggingar.			
48	6. maí	Lög um brunatryggingar	134–135
60	11. maí	Lög um váttryggingastarfsemi	149–187
68	11. maí	Lög um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands	235–238
74	19. maí	Lög um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum	248
139	28. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 60/1994, um váttrygginga- starfsemi	436
150	30. des.	Lög um breytingu á lögum um brunatryggingar nr. 48/1994	511–512
Umhverfismál.			
54	28. apríl	Lög um breytingar á lögum um hollustuhætti og heil- brigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum	142
Útflutningur.			
41	5. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa, með síðari breytingum	117
161	31. des.	Lög um útflutning hrossa	777–779
Vegamál.			
45	6. maí	Vegalög	121–131
59	6. maí	Lög um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vega- gerðar, með síðari breytingum	148
Veiði, friðun.			
63	17. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum	213–222
64	19. maí	Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum	223–231
Verðjöfnun, sjá Verðlagsmál.			
Verðlagsmál.			
24	25. mars	Lög um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993	31–32
85	11. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum	269
Þjóðskrá.			
35	26. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili	83
Ökutæki.			
69	11. maí	Lög um sölu notaðra ökutækja	238–240
Öryggismál.			
33	25. apríl	Lög um slysavarnaráð	70–71

Skrá um útgáfudaga A-deildar 1994.

A	1,	nr. 1	14. janúar
A	2,	nr. 2-5	24. janúar
A	3,	nr. 6-10	4. febrúar
A	4,	nr. 11	25. mars
A	5,	nr. 12	30. mars
A	6,	nr. 13-30	11. apríl
A	7,	nr. 31-40	2. maí
A	8,	nr. 41	9. maí
A	9,	nr. 42-59	9. maí
A	10,	nr. 60-84	20. maí
A	11,	nr. 85-103	30. maí
A	12,	nr. 104-106	3. júní
A	13,	nr. 107	9. júní
A	14,	nr. 108-110	24. júní
A	15,	nr. 111-113	30. júní
A	16,	nr. 114-117	29. sept.
A	17,	nr. 118-121	18. okt.
A	18,	nr. 122	11. nóv.
A	19,	nr. 123-127	14. nóv.
A	20,	nr. 128	25. nóv.
A	21,	nr. 129-132	23. des.
A	22,	nr. 133-154	31. des.
A	23,	nr. 155-162	10. jan. 1995

Endurprentuð blöð: 238, 352, 355, 356, 357, 358, 359, 360, 382, 387, 506.

Leiðréttingar:

Í lögum nr. 62- 67, 73- 83, 95, 97, 98 og 100-103/1994, 3. lína: forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar. Les: forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar.

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 – 1994

14. janúar 1994

1

Nr. 1

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér að félagsmenn á fiskiskipaflotanum í flestum aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða svo og félagsmenn í Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja hafi hafið vinnustöðvun dagana 2.–5. janúar s.l. Ríkissáttasemjari hafi tjáð ríkisstjórninni að ítrekaðar sáttatilaunir hafi reynst árangurslausar og engar horfur séu taldar á lausn vinnudeilunnar í bráð. Vinnudeilan valdi víðtæku atvinnuleysi meðal annarra launþega en þeirra er í verkfalli eru. Haldi vinnudeila þessi áfram muni hún hafa í för með sér mikinn skaða fyrir atvinnulíf landsmanna og óbætanlegt tjón fyrir þjóðarbúið í heild.

Því telji ríkisstjórnin að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun fiskiskipaflotans og leggja grunn að því með hvaða hætti endir verði bundinn á deilu þessa.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd þriggja manna. Nefndin skal gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnunum. Nefndin skal skila tillögum sínum sem fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 1994.

2. gr.

Allir síðast gildandi kjarasamningar þeirra aðila sem lög þessi taka til skulu gilda frá gildistöku laga þessara til 15. júní 1994, nema aðilar semji um annað.

3. gr.

Vinnustöðvanir þær sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimilar.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. janúar 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 1994

19. janúar 1994

3

Nr. 2

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 19. janúar 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

21. janúar 1994

Nr. 3

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur, með vísan til II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, vikið sæti við meðferð og ákvörðun um ráðningu í tvær stöður á vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis, sem auglýstar voru lausar til umsóknar í desember sl.

Í hennar stað hefur Jóni Baldvin Hannibalssyni utanríkisráðherra verið falið að fara með téð stjórnsýslumál og taka ákvörðun í þeim.

Forsætisráðuneytið, 21. janúar 1994.

Davíð Oddsson.

Kristján Andri Stefánsson.

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíðs Oddsson forsætisráðherra fer til útlanda 25. janúar 1994. Í fjarveru hans gegnir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 24. janúar 1994.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

BRÉF HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 24. janúar 1994, kl. 15.00.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1994.

Davíð Oddsson.

Salome Þorkelsdóttir.

Hrafn Bragason.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1994

27. janúar 1994

5

Nr. 6

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald,
með síðari breytingum.

1. gr.

- 1) Úr gjaldflokki B fellur brott tollskrárnúmerið 8544.3000.
- 2) Við gjaldflokk B bætast eftirfarandi tollskrárnúmer: 3814.0001, 3925.9002 og 5805.0000.
- 3) Við gjaldflokk D bætist tollskrárnúmerið 1905.3029.
- 4) Við gjaldflokk E bætist tollskrárnúmerið 8519.2100.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. sömu laga, öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytið, 27. janúar 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

27. janúar 1994

Nr. 7

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Friðrik Sophusson fjármálaráðherra, sem gegnt hefur störfum forsætisráðherra í fjarveru Davíðs Oddssonar, er á förum til útlanda. Í fjarveru hans hefur Þorsteini Pálssyni sjávarútvegs-, dóms- og kirkjumálaráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 27. janúar 1994.

F. h. r.

Guðmundur Árnason.

Steindórsprent Gutenberg hf.

AUGLÝSING**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 28. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Kristján A. Stefánsson.

AUGLÝSING**frá forsætisráðuneytinu.**

Davíð Oddsson forsætisráðherra er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við störfum sínum.

Forsætisráðuneytið, 31. janúar 1994.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 4. febrúar 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1994

24. mars 1994

7

Nr. 11

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

1. gr.

- 1) Úr gjaldflokki D fellur brott tollskrárnúmerið 2106.9041.
- 2) Við gjaldflokk D bætist tollskrárnúmerið 2106.9051.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. sömu laga, öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 1994

Nr. 12

8

25. mars 1994

LÖG

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að sjóðurinn verði varðveittur á annan hátt að nokkru leyti eða öllu ef það er talið auka möguleika sjóðsins á ávöxtun án þess að hafa í för með sér áhættu fyrir hann. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

2. gr.

Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. 48. gr. laganna kemur: Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að sjóðurinn verði varðveittur á annan hátt að nokkru leyti eða öllu ef það er talið auka möguleika sjóðsins á ávöxtun án þess að hafa í för með sér áhættu fyrir hann. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Fjár til sjóðsins skal aflað sem hér segir:

3. gr.

Við 50. gr. laganna bætist nýr töluliður, 5. tölul., sem orðast svo:

5. Lán til sveitarfélaga til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum (90% lán).

4. gr.

Á eftir 58. gr. laganna kemur ný grein, 58. gr. a (lögbýli), sem orðast svo:

Byggingarsjóði verkamanna er heimilt að veita sveitarfélögum framkvæmdalán skv. 58. gr. laga þessara til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum enda hafi verið sýnt fram á að væntanlegir kaupendur búi við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og fullnægi skilyrðum 64. gr. laganna til kaupa á félagslegri eignaríbúð. Sé væntanlegur kaupandi leiguliði á jörð skal þess jafnframt gætt að ákvæðum 3. mgr. 12. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, hafi verið fullnægt.

Framkvæmdalán skulu gerð upp með 90% lánnum til sveitarfélaga með sömu kjörum og gilda um lán til félagslegra eignaríbúða. Lántakandi, bæði að framkvæmdaláni og láni til greiðslu þess samkvæmt framansögðu, er viðkomandi sveitarfélag sem ábyrgist endurgreiðslu lánanna til Byggingarsjóðs verkamanna með tryggingu í öllum eignum sveitarfélagsins og ábyrgðum þess. Við sölu íbúðar skal sveitarfélagið veita kaupanda lán að sömu fjárhæð og með sömu kjörum og eiga við um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til félagslegra eignaríbúða sem tryggt verði með veði í hlutaðeigandi fasteign.

Vextir á lánum Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélaga skulu að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings breytast til samræmis við vexti á almennum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins nema sveitarfélag sýni fram á að kaupandi uppfylli enn þá skilyrði a- og b-liða 1. mgr. 64. gr. laganna og njóti þar af leiðandi óbreyttra vaxtakjara á láni sínu frá sveitarfélagi. Slík endurskoðun skal síðan fara fram á þriggja ára fresti.

Verði vanskil á láni Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélags eða ef íbúð er ráðstafað til kaupanda sem ekki fullnægir skilyrðum 64. gr. laga þessara er sjóðnum heimilt að gjaldfella lán sitt.

Ákvæði laga þessara um kaupskyldu og forkaupsrétt sveitarfélaga eiga ekki við um íbúðir byggðar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

8. mgr. 74. gr. laganna orðast svo:

Þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða skal 20% lán framkvæmdaraðila gjaldfellt og kaupanda veitt heimild til að fá lán úr Byggingarsjóði verkamanna til 25 ára.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á b-lið IV. bráðabirgðaákvæðis laganna:

- a. Á eftir 2. másl. 1. mgr. kemur: og þann sem misst hefur tekjur vegna langvarandi veikinda. Jafnframt skulu þeir eiga rétt á greiðslu sem eru atvinnulausir og hafa verið það í a.m.k. þrjá mánuði samtals síðustu sex mánuði áður en sótt er um greiðslu. Enn fremur skulu námsmenn, sem hafa verið í a.m.k. sex mánaða samfelldu námi síðustu tólf mánuði áður en sótt er um greiðslu eða munu fyrirsjáanlega stunda nám sem mun sannanlega taka þann tíma, eiga rétt á greiðslu.
- b. 3. másl. 1. mgr. fellur brott.

7. gr.

Við lög in bætist ákvæði til bráðabirgða, VI, svohljóðandi:

Húsnæðisstofnun ríkisins getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og skuldurum fasteignaveðbréfa húsbrefadeildar ef viðkomandi hefur orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna atvinnuleysis, minnkandi atvinnu, veikinda eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 1996.

8. gr.

Við lög in bætist ákvæði til bráðabirgða, VII, svohljóðandi:

Þeim aðilum, sem til þessa hafa fengið fimm ára lán frá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna til kaupa á almennri kaupleiguíbúð, er heimilt að sækja um skuldbreytingu þeirra lána til allt að 25 ára, að teknu tilliti til þess lánstíma sem liðinn er. Ákvæði þetta gildir til 31. desember 1994.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 1994

Nr. 13

10

10. febrúar 1994

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnunarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 10. febrúar 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 14

17. mars 1994

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð
um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969,
með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 17. mars 1994 staðfest, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 64/1987 og 1. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 5/1990:

- a. Aftan við 2. tölul. bætist orðin: þó ekki Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunina (OECD).
- b. Í 4. tölul. falli brott orðin „sem eigi ber undir annað ráðuneyti“.
- c. Framan við 6. tölul. bætist orðin: Samkeppnismál, óréttmæta viðskiptahætti.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 17. mars 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

LÖG

um dýravernd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til allra dýra, en þó einkum til þeirra sem eru í vörslu eða umsjón manna.

Um meðferð og aðbúnað einstakra búfjártegunda skal jafnframt fara að fyrirmælum laga og reglugerða þar að lútandi.

II. KAFLI

Meðferð dýra, vistarverur og umhirða.

2. gr.

Skylt er að fara vel með öll dýr. Óheimilt er að hrekkja dýr eða meiða. Forðast skal að ofbjóða kröftum þeirra og þoli.

3. gr.

Eigendum eða umráðamönnum dýra ber að sjá þeim fyrir viðunandi vistarverur og fullnægjandi fóðri, drykk og umhirðu.

Tryggja skal dýrum eðlilegt frelsi til hreyfingar samkvæmt viðurkenndri reynslu og þekkingu. Koma skal í veg fyrir hávaða þar sem dýr eru höfð í vörslu.

Eigendur og umráðamenn dýra skulu fylgjast með heilsu þeirra og gera viðhlítandi ráðstafanir til að koma megi í veg fyrir vanlíðan dýranna. Sérstakt eftirlit skal haft með dýrum sem haldin eru á tæknivæddum stórbúum, sbr. 7. gr. laga nr. 46/1991, um búfjárhald, og sérákvæði í reglugerðum um einstakar búfjártegundir.

4. gr.

Að vetri til, þegar búfé er haldið til beitar eða látið liggja við opið, skal sjá til þess að á staðnum sé húsaskjól eða annað öruggt og hentugt skjól í öllum veðrum. Einnig skal vera þar nægilegt fóður og vatn og litið skal eftir búfénu reglulega en daglega eða oftár ef nauðsyn krefur að mati forðagæslumanns, ráðunautar eða dýralæknis. Heimilt er sveitarstjórn, að fengnum tillögum dýraverndarráðs eða héraðsdýralæknis, að banna dýrahald á tilteknum stöðum að vetri til séu fyrrgreind skilyrði ekki uppfyllt.

5. gr.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð, í samráði við landbúnaðarráðherra, nánari fyrirmæli um vistarverur og aðbúnað dýra. Þar skal m.a. setja skilyrði fyrir eða bann við innlokun dýra í búrum eða þröngum stíum og tjóðrun þeirra til langframa.

Þegar búfé á í hlut skal einnig fara að reglum settum samkvæmt lögum um búfjárhald.

6. gr.

Einungis má nota í keppni dýr sem eru heilbrigð og vel þjálfuð. Óheimilt er að nota hormón, deyfilyf eða hliðstæð efni til að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni.

7. gr.

Eyrnamarka skal dýr sem yngst og á þann hátt að valdi sem minnstum sársauka. Óheimilt er að eyrnamarka fullvaxið dýr án deyfingar.

8. gr.

Ökumenn skulu sýna dýrum á vegum fyllstu tillitssemi. Verði dýr fyrir ökutæki ber stjórnanda þess skylda til að ganga úr skugga um hversu alvarlegt slysið er og gera viðhlítandi ráðstafanir, þar á meðal þær sem greindar eru í 9. gr., eftir því sem við á.

9. gr.

Verði maður var við að dýr sé sjúkt, lemstrað eða bjargarlaust að öðru leyti ber honum að veita því umönnun eftir föngum. Gera skal lögreglu eða dýralækni viðvart eins fljótt og unnt er. Náist ekki til þeirra og ætla má að sjúkdómur dýrs eða meiðsl séu banvæn er heimilt að deyða dýrið og tilkynna það síðan til lögreglu.

10. gr.

Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu eigendur eða umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Lögreglan getur tekið slík dýr í vörslu sína. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað. Hafi dýrsins ekki verið vitjað innan einnar viku skal því ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, það selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað.

Þegar búfé á í hlut skal fara að lögum um búfjárhald, reglum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og lögum um varnir gegn smitandi búfjársjúkdómum.

11. gr.

Við flutning á dýrum skal þess gætt að útbúnaður farartækis sé góður og við hæfi hverju sinni og að gott eftirlit sé með dýrunum meðan á flutningi stendur.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum að höfðu samráði við yfirdýralækni.

III. KAFLI

Dýrahald í atvinnuskyni, annað en í landbúnaði.

12. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf leyfi lög-
reglustjóra til að setja á stofn dýragarða, halda dýrasýningar og efna til dýrahappdrættis.

Leyfi umhverfisráðherra þarf til að handsama villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal að leyfi megi binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja góða meðferð dýranna, svo sem aðbúnað þeirra, umhirðu, viðhlítandi vistarverur og eftirlit með starfsemi. Undanþegnar eru sýningar samkvæmt búfjarræktarlögum.

IV. KAFLI

Aðgerðir á dýrum og aflífun.

13. gr.

Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma lækniaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó minni háttar aðgerðir og lyfjameðferð í samráði við dýralækni.

Dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr en yfirdýralæknir getur þó í undantekningar-tilvikum veitt þjálfuðum mönnum leyfi til geldinga.

Þegar aðgerð á dýrum er sársaukafull skal ávallt nota deyfilyf eða svæfa dýrið.

Umhverfissráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli sem takmarka aðgerðir á dýrum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna.

14. gr.

Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör.

Dýr skulu ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Umhverfissráðherra er, að höfðu samráði við yfirdýralækni, heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að aflífun dýra við slátrun.

V. KAFLI

Dýraveiðar.

15. gr.

Ávallt skal staðið að veiðum þannig að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka. Skylt er veiðimönnum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa dýr sem þeir hafa veitt áverka.

Við dýraveiðar skal að auki fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar dýra.

VI. KAFLI

Tilraunir á dýrum.

16. gr.

Óheimilt er að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið.

Einungis má nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sam- bærilegum árangri.

Umhverfissráðherra skipar tilraunadýranefnd til fjögurra ára í senn. Einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann hafa lokið háskólanámi og hafa þekkingu og reynslu á sviði dýratilrauna og einn fulltrúi er skipaður af Rannsóknastofnun í siðfræði. Auk þeirra á yfirdýralæknir sæti í nefndinni og er hann formaður hennar.

Gæta skal þess við tilraunir eða aðgerðir á dýrum að þær baki þeim ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er.

Tilraunadýranefnd skal tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi hlotið þjálfun og menntun í meðferð tilraunadýra.

Umhverfissráðherra setur í samráði við tilraunadýranefnd reglugerð þar sem kveðið er á um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum.

VII. KAFLI

Skipan dýraverndarmála.

17. gr.

Umhverfissráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd.

Dýraverndarráð, skipað af umhverfissráðherra til fjögurra ára í senn, hefur með höndum eftirlit með framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti fimm menn. Einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands

og einn af Sambandi dýraverndarfélaganna Íslands. Umhverfisráðherra skipar einn mann í ráðið án tilnefningar og er hann jafnframt formaður. Varamenn skuli skipaðir með sama hætti.

Ávallt skal leita umsagna dýraverndarráðs við setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla um dýravernd og við leyfisveitingar á grundvelli laga þessara. Þá ber ráðinu að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu og vera honum til ráðuneytis að öðru leyti. Dýraverndarráð skal láta héraðsdýralæknum, lögreglu, ákærvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni er varða dýravernd sé þess óskað. Ráðið skal auk þess vinna að því að skilningur og þekking almennings á dýravernd verði aukin.

Kostnaður við starfsemi dýraverndarráðs greiðist úr ríkissjóði.

VIII. KAFLI

Eftirlit með framkvæmd laganna og viðurlög.

18. gr.

Lögreglu ber að hafa eftirlit með aðstæðum og aðbúnaði dýra samkvæmt lögum þessum. Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum ber þeim er verða þess varir að tilkynna það lögreglu í viðkomandi umdæmi, héraðsdýralækni eða dýraverndarráði.

Að kröfu héraðsdýralæknis eða fulltrúa dýraverndarráðs er lögreglu skylt að fara í fylgd annars hvors þeirra eða beggja á hvern þann stað innan umdæmis þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 4. mgr.

Sé um minni háttar brot að ræða skal lögreglustjóri, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu dýraverndarráðs eða héraðsdýralæknis, leggja fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi eða umsjónarmaður ekki skipast við tilmæli skal lögreglustjóri fyrirskipa úrbætur á hans kostnað eða beita þeim úrræðum sem mælt er fyrir um í 4. mgr.

Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot gegn dýraverndarlögum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, getur lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslu eiganda eða umsjónarmanns. Í þessu skyni er lögreglu rétt að fara inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án dómsúrskurðar ef brýn hættu er á að bið eftir úrskurði valdi dýrunum heilsutjóni. Lögreglu ber að tilkynna lögreglustjóra þessar aðgerðir þegar í stað og skal hann í framhaldi af því, að fenginni tillögu dýraverndarráðs og umsögn héraðsdýralæknis, ákveða hvort dýrin skuli vera áfram í vörslu lögreglu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr. Á meðan dýrin eru í vörslu lögreglu er sveitarstjórn skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé sveitarstjórn það af einhverjum ástæðum ókleift og telji nauðsynlegt að láta bjóða dýrin upp, selja þau til lífs eða slátrunar eða láta aflífa þau að öðrum kosti skal eiganda eða umsjónarmanni dýranna þegar tilkynnt um þau áform og honum gefinn kostur á, sé það mögulegt, að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu á kostnaði við geymslu, fóður og umhirðu fyrir dýrin uns dómur fellur, sbr. 6. mgr.

Telji lögreglustjóri nauðsynlegt til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum getur hann fyrirvaralaust og til bráðabirgða svipt eiganda eða umsjónarmann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 6. mgr., enda hafi dýraverndarráð eða héraðsdýralæknir gert tillögu um það. Bráðabirgðaleyfisveipting gildir þótt eigandi eða umsjónarmaður flytji dýrin í annað stjórnsýsluumdæmi.

Nú vill eigandi eða umsjónarmaður dýra ekki hlíta þeim aðgerðum eða ákvörðunum, sem fyrir er mælt í 4. og 5. mgr., og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómara, hvort sem er sérstaklega eða í opinberu máli sem höfðað kann að vera á hendur honum.

Slíkt frestar þó ekki aðgerðum eða framkvæmd ákvarðana skv. 4. og 5. mgr.

Lögreglustjórar úrskurða hvort eigandi eða umsjónarmaður dýra skuli bera útgjöld skv. 2. og 4. mgr. og hve há þau skuli vera. Þeir úrskurðir eru aðfararhæfir.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum eða varðhaldi. Ef brot er stórfellt eða ítrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum.

Hlutdeild í brotum og tilraun til brota á lögum þessum er refsiverð.

20. gr.

Hafi maður gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, má svipta hann með dómi heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting getur lotið að dýrum almennt eða einstökum tegundum og staðið tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákærvaldið getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í opinberu máli hvort sem krafist er refsingar á hendur sakborningi eða ekki. Sá sem sviptur er heimild samkvæmt þessari málsgrein og skeytir ekki dómi um heimildarsviptingu skal sæta sektum.

21. gr.

Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna er skylt að sjá til þess að þau börn, sem þau hafa forráð fyrir, hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Brjóti barn, yngra en 16 ára, gegn lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna skal þeim refsað fyrir brotið ef sannað er að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir það.

22. gr.

Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

IX. KAFLI

Gildistaka og stjórnvaldsfyrirmæli.

23. gr.

Umhverfisstjórnsetur reglugerðir samkvæmt lögum þessum enda séu þær í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli um dýravernd, sem sett hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við lög þessi uns ný stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið sett.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 21/1957, um dýravernd, ásamt síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

LÖG

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr töluliður, 7. tölul., sem orðast svo:

7. Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða með öðrum sambærilegum hætti. Skipstjórnarmenn skulu hafa fullnægt ákvæði þessu fyrir 31. desember 1995 en aðrir skipverjar eigi síðar en 31. desember 1996. Veita má skipverja, sem skráður er í fyrsta sinn, tólf mánaða frest til að fullnægja þessu ákvæði.

2. gr.

Við 7. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að setja það skilyrði fyrir lögskráningu nýliða um borð í skipum að þeir hafi lokið námi fyrir nýliða með fullnægjandi hætti. Samgönguráðherra skal hafa samráð við samtök sjómanna og útgerðarmanna um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskvu, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Brussel, Genf og New York, og aðalræðisskrifstofa í New York.

2. Umdæmi stofnana þeirra sem nefndar eru í 1. lið hér að framan skulu vera sem hér segir:

- a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Vatikanríkið, Tyrkland, Ísrael, Litháen og Japan.
 - b. Osló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Pólland, Króatía, Kýpur, Slóvakía, Makedónía og Suður-Kórea.
 - c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Eistland, Lettland, Albanía, Slóvenía og Namibía.
 - d. London. Auk Stóra Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Grikkland, Holland, Indland og Nígería.
 - e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Spánn, Portúgal og Grænhöfðaejar. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahags- og þróunarstofnuninni (OECD), Evrópuráðinu og hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
 - f. Moskva. Auk Rússlands skal umdæmi sendiráðsins vera Hvíta-Rússland, Úkraína, Georgía, Moldova, Armenía, Kazakstan, Rúmenía og Búlgaría.
 - g. Bonn. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki, Sviss, Ungverjaland, Tékkland og Serbía/Svartfjallaland. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE).
 - h. Brussel, sendiráð. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Luxembourg og Liechtenstein. Forstöðumaður sendiráðsins skal einnig vera sendiherra Íslands hjá Evrópusambandinu.
 - i. Brussel, fastanefnd. Forstöðumaður fastanefndarinnar skal vera fastafulltrúi Íslands í Norður-Atlantshafsráðinu og hjá Vestur-Evrópusambandinu (WEU).
 - j. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Kólumbía, Úrúgvæ og Venesúela.
 - k. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar skal vera fastafulltrúi hjá fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), hjá Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf og Ísland er aðilia að. Auk þess skal hann vera sendiherra í Egyptalandi.
 - l. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar skal vera fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna og auk þess sendiherra á Kúbu.
3. Ráðherra getur ákveðið að sendiherra í utanríkisþjónustunni með búsetu í Reykjavík skuli vera sendiherra í fjarlægum löndum, fyrst og fremst í Asíu og Afríku eftir því sem nauðsyn kann að krefja.

Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 80 frá 1. júní 1990.

Gjört í Reykjavík, 14. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum
Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og
fiskimannasambandi Íslands utan Vestfjarða, svo og
Véltjórafélagi Íslands, Véltjórafélagi Suðurnesja
og Véltjórafélagi Vestmannaeyja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd þriggja manna. Nefndin skal gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Nefndin skal skila tillögum sínum sem fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 1994.

2. gr.

Allir síðastgildandi kjarasamningar þeirra aðila sem lög þessi taka til skulu gilda frá gildistöku laga þessara til 15. júní 1994 nema aðilar semji um annað.

3. gr.

Vinnustöðvanir þær sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. Í stað „10. gr. lögheimilislaga, nr. 35/1960“ í 2. mgr. kemur: 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990.
- b. Orðin „miðað við 1. desember næstan“ í 3. mgr. falla brott.
- c. 4. mgr. orðast svo:

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann er skráður með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag í maí í almennum sveitarstjórnarkosningum, hvort sem þær fara fram í maí eða júní, sbr. 1. mgr. 13. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. 2. mgr. orðast svo:
Sveitarstjórnir skulu gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té.
- b. 3. mgr. fellur brott.

3. gr.

Í stað „skv. reglum 15. gr.“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: samkvæmt reglum 19. gr.

4. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Þegar almennar sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar fjórar vikur eru til kjördags.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

Nr. 21

21. febrúar 1994

LÖG

um öflun áhlits EFTA-dómsstólsins um skýringu sammings um Evrópska efnahagssvæðið.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú er mál rekið fyrir héraðsdómstóli þar sem þarf að taka afstöðu til skýringar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem í viðaukunum er getið og getur þá dómari í samræmi við 34. gr. sammings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls kveðið upp úrskurð um að leitað verði ráðgefandi áhlits EFTA-dómstólsins um skýringu á því atriði málsins áður en málinu er ráðið til lykta.

Hvort sem aðili máls krefst að áhlits verði leitað skv. 1. mgr. eða dómari telur þess þörf án kröfu skal dómari gefa aðilum kost á að tjá sig áður en úrskurður verður kveðinn upp.

Kæra má úrskurð héraðsdómara skv. 1. mgr. til Hæstaréttar eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála eða meðferð opinberra mála eftir því sem á við. Kæra frestar frekari aðgerðum samkvæmt úrskurðinum.

2. gr.

Með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 1. gr. getur Félagsdómur leitað áhlits EFTA-dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar. Úrskurður þess efnis verður ekki kærður til Hæstaréttar.

3. gr.

Hæstiréttur getur jafnan kveðið upp úrskurð, eins og lýst er í 1. og 2. mgr. 1. gr., í máli sem fyrir honum er rekið.

4. gr.

Hafi dómstóll ákveðið að leita álits EFTA-dómstólsins er rétt að veita málsaðila, sem hefur ekki krafist að álitsins verði aflað, gjafsókn vegna þess þáttar málsins. Um skilyrði fyrir gjafsókn í slíku tilviki gilda almennar reglur, enda hafi EFTA-dómstóllinn ekki veitt málsaðilanum gjafsókn eftir starfsreglum sínum.

Sé gjafsókn veitt skv. 1. mgr. á gjafsóknarhafi rétt á að fá útlagðan kostnað af rekstri málsins fyrir EFTA-dómstólnum endurgreiddan þótt því sé ekki lokið fyrir dómstólum hér á landi. Þetta gildir þó ekki um þóknun umboðsmanns hans fyrir flutning máls fyrir EFTA-dómstólnum, en fjárhæð hennar verður ákveðin í dómi í aðalmálinu eftir almennum reglum.

Ef gagnaðili verður dæmdur til að greiða gjafsóknarhafa málskostnað í aðalmálinu er dómara heimilt við ákvörðun málskostnaðar að horfa fram hjá kostnaði gjafsóknarhafans af öflun álits EFTA-dómstólsins, þannig að hann falli á ríkissjóð. Þetta skal þó að öðru jöfnu ekki gert er gagnaðilinn hefur sjálfur átt frumkvæði að því að álitsins yrði aflað.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. febrúar 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

29. mars 1994

Nr. 22

L Ö G

um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja bændum og öðrum notendum fullnægjandi vöru í samræmi við vöru lýsingar og kröfur til landbúnaðarafurða um hollustuhætti.

2. gr.

Lög þessi gilda um eftirlit með framleiðslu, geymslu og sölu á fódri sem ætlað er búfé sem haldið er til matvælaframleiðslu og sölufóðri annarra dýra, svo og alla sáðvöru, tilbúinn áburð og önnur jarðvegsbætandi efni.

3. gr.

Eftirlit með þeim vörum, sem lög þessi taka til, skal vera undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Skal það nefnast aðfangaeftirlit og skipar ráðherra forstöðumann þess sem hefur á hendi umsjón með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

Til aðstoðar aðfangaeftirlitinu skipar landbúnaðarráðherra tvær nefndir til fjögurra ára í senn sem hafa það hlutverk að vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum:

1. *Fóðurnefnd*, skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og dýralækni tilnefndum af yfir-dýralækni. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.
2. *Sáðvöru- og áburðarnefnd*, skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum tilnefndum af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og einum skipuðum af landbúnaðarráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

II. KAFLI

Aðfangaeftirlit.

4. gr.

Aðfangaeftirlitið skal halda skrá yfir þá aðila sem framleiða hér á landi eða flytja inn þær vörur sem lög þessi taka til. Óheimilt er að skrá framleiðanda eða innflutningsaðila sem ekki sýnir fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um.

5. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða pakka hér á landi vörum sem lög þessi taka til nema tilkynna þær fyrst og láta skrá hjá aðfangaeftirlitinu sem staðfestir skráningu vörunnar. Aðfangaeftirlitið skal aðeins skrá vörur er þeim hefur verið lýst á fullnægjandi hátt.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að höfðu samráði við sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, hvaða upplýsingar skylt er að láta fylgja vörum sem lög þessi ná yfir. Enn fremur skal kveðið á um merkingar og lýsingu á notkun einstakra vöruflokka.

6. gr.

Aðfangaeftirlitið skal með sýnatökum fylgjast með að vörur þær, sem skráðar hafa verið, séu í samræmi við gildandi vörulýsingar. Aðfangaeftirlitið skal hafa aðgang að eftirlits-skyldum vörum hvar og hvenær sem þess er óskað. Kaupandi vöru getur óskað eftir því að fram fari sérstök athugun á vegum aðfangaeftirlitsins vegna gruns um að varan sé ófullnægjandi. Kostnað af ítrekuðum tilefnislausum rannsóknum greiðir kaupandi samkvæmt reikningi.

Komi í ljós að vara uppfylli ekki uppgefnar vörulýsingar getur aðfangaeftirlitið krafist stöðvunar á dreifingu og sölu vörunnar.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um sýnatöku og önnur atriði er varða framkvæmd aðfangaeftirlitsins, svo og ákvæði um merkingar vöru og pökkun hennar og ákvæði um hámark óæskilegra efna eða bann við notkun þeirra.

III. KAFLI
Eftirlitssjóður.

8. gr.

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem miða skal við raunkostnað við eftirlit með vörum þeim sem lög þessi ná til. Sértækt eftirlitsgjald skal greiða eftir reikningi.

Eftirlitsgjald af innfluttum vörum skal innheimt við tollafgreiðslu vörunnar. Af innlendri framleiðslu skal greiða gjaldið samkvæmt söluskýrslum sem skila ber tvisvar á ári. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu á eftirlitsgjöldum, upphæð þeirra, álagningu, gjalddaga og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Eftirlitsgjöld má taka fjárnámi.

IV. KAFLI
Refsiákvæði, gildistaka o.fl.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sekt-
um nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur, og lög nr. 106 28. desember 1992, um breytingu á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 29. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

HAFNALÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn hafnamála.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar hafnarád sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fimm fulltrúar. Þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Þrír fulltrúar eru skipaðir af samgönguráðherra og skal einn þeirra vera

starfsmaður samgönguráðuneytis og er hann jafnframt formaður ráðsins og skipaður til fjögurra ára í senn. Tvo fulltrúa samgönguráðherra skal skipa að nýju við ráðherraskipti. Þóknun til hafnaráðsmanna greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Hafnarád skal fjalla um skipulags-, rekstrar-, starfsmanna- og fjárfestingarmál Hafnamálastofnunar ríkisins og fylgjast almennt með starfsemi hennar.

Hafnarád skal fjalla um framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Hafnamálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir.

4. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum.

5. gr.

Hafnamálastjóri skal að fenginni umsögn hafnaráðs skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu, jafnframt því sem hann gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa.

Hafnamálastjóri ræður starfsfólk Hafnamálastofnunar með ráðningarsamningi.

6. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI

Um stjórn hafna og rekstur.

7. gr.

Höfn tákna í lögum þessum nánar afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum þarf henni að hafa verið sett reglugerð er tilgreini mörk hennar, auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.

8. gr.

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög. Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Ráðherra skal ákveða með reglugerð að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnasamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Innan hvers hafnasamlags skal rekinn einn hafnarsjóður. Með reglugerð um hvert hafnasamlag skal fylgja áætlun um framkvæmdir samkvæmt hafnaáætlun svo sem við á um hlutaðeigandi hafnir.

9. gr.

Hafnarstjórn, sem kosin er af eigendum hafnar eða hafnasamlags, skal hafa á hendi stjórn hafnar eða hafnasamlags og hafnarsjóðs í samræmi við reglugerð, sbr. 2. mgr. 7. gr.

Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnasamlags. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

10. gr.

Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum eigenda hafna reglugerð fyrir hafnir. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Kosningu, starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.
3. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
4. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
5. Viðurlög við brotum.

11. gr.

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn:
 - a. Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
 - b. Fastagjöld fiskiskips í heimahöfn.
 - c. Hafnsógugjöld.
 - d. Vigtargjöld af öllum sjávarafla.
 - e. Önnur gjöld.
2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.
3. Leiga fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 18. gr.
5. Lóðargjöld og lóðarleiga.
6. Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs, sbr. 4. mgr. 12. gr.
7. Ýmis þjónustugjöld, svo sem fyrir vigtun, móttöku á úrgangi, vatnssölu, rafmagnssölu, festagjöld o.fl.
8. Gjöld af ferjum og flóabátum.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum er fara um bryggjuna nema hafnarstjórn samþykki.

12. gr.

Öll gjöld skv. 11. gr. má taka fjárnámi hjá þeim aðila sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Halda má eftir skráningar- og þjóðermissskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda. Hafnarstjórn er heimilt að krefjast þess að útflytjandi leggi fram tryggingu fyrir vörugjaldi áður en vara fer úr höfn. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan lögglitra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá skv. 13. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 10 brúttótonnum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

Leiga af lóðum hafna skal almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. skal renna í Hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld eins og þau eru ákveðin í hinni almennu gjaldskrá, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Innheimtuaðilar vörugjalds skv. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu, þar á meðal hversu oft það getur lagst á sömu vörusendingu, og ákveða hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Hafnaráð skal að fengnum tillögum Hafnasambands sveitarfélaga gera tillögur til samgönguráðuneytisins, a.m.k. einu sinni á ári, um gjaldskrá skv. a–b-lið 1. tölul. og 2. tölul. 11. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

Slík gjaldskrá, staðfest af samgönguráðherra, skal gilda fyrir allar hafnir er lög þessi ná til. Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn. Ráðherra getur heimilað einstökum hafnarstjórnnum frávik frá hinni almennu gjaldskrá ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar er einstökum hafnarstjórnnum heimiluð frávik til lækkunar á hinni almennu gjaldskrá fyrir hafnir vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávaraflla.

14. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða. Eigendur hafnar eða hafnasamlags bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

15. gr.

Ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana Hafnamálastofnun ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

16. gr.

Halda skal reikning fyrir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, en þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Hafnamálastofnuninni ársreikninga og þær upplýsingar sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðasta árs fyrir 1. mars ár hvert ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

17. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem best með að ákvæði þessarar greinar séu haldin skal senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar sé þess óskað.

18. gr.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og Hafnamálastofnun við gerð þess.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Rísi ágreiningur skal málinu vísað til samgönguráðuneytisins til úrskurðar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

Hafnarstjórn er heimilt, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af eða hafa staðið ónotuð í fimm ár eða lengur.

III. KAFLI

Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerð o.fl.

19. gr.

Frumkvæði um hafnargerð er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir á ábyrgð hans.

20. gr.

Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skal Hafnamálastofnun fá staðfest að fjármagn verði handbært til viðkomandi verkáfangna.

21. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

22. gr.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

Hafnamálastofnun annast framkvæmd frumrannsóknna í samráði við viðkomandi hafnarstjórn. Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu að jafnaði unnar samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð telst ekki muni gefa góða raun er heimilt að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar að víkja frá útboði.

Fari hafnarstjórn þess á leit annast Hafnamálastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana.

23. gr.

Hafnarframkvæmdir eru kostaðar af sjálfsaflafé hafnarinnar og framlagi frá eigendum. Enn fremur greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

24. gr.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þar með talið skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.

2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, ferjuaðstöðu, dýpkun og uppfyllingar sem teljast nauðsynlegur hluti viðlegumannvirkja.
3. Dreifikerfi rafmagns, skolps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.
4. Umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.
5. Framkvæmdir við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir á hafnarsvæðum við upptökumannvirki fyrir skip.
7. Tollaðstaða fyrir farþegaferjur er halda uppi reglulegum áætlanasiglingum til landsins.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd, enda sé það liður í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkid í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkid hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi hafnamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps, verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafna, svo og landgerð, njóta ekki ríkisstyrks. Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast. Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

25. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu úr ríkissjóði skv. 24. gr. eru:

1. Að eigendur hafnar eða hafnasamlags hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupí í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigendur hafnar hafa samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og hafnamálastjóra.

26. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum:

1. Ríkissjóður greiðir allt að 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiðir allt að 90% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir: hafnargarða (öldubrjóta), dýpkun hafnar og innsiglingar, siglingamerki, sérbúnað fyrir ekjuskip og ferjur.
3. Ríkissjóður greiðir allt að 60% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir: bryggjur og viðlegukanta, uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði,

upptökumannvirki fyrir skip,
mengunar- og slysavarnir,
vatns-, raf- og holræsalagnir um hafnarmannvirkin,
skipulag hafna og hafnarsvæða.
niðurrif hafnarmannvirkja.

27. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar Hafnamálastofnun sem vinnur úr tillögnum og leggur fyrir hafnarád og samgönguráðuneyti. Ráðherra leggur fyrir Alþingi tillögur sínar að fenginni umsögn hafnaráðs.

Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 26. gr.

Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ákveðin um leið og verk eru tekin inn á hafnaáætlun og tekin til endurmats á tveggja ára fresti við endurskoðun hafnaáætlunar. Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs.

Skerðing á hámarki framlaga skv. 26. gr. skal miðast við fjárhagslega stöðu hafnarsjóðs og skulu settar um það nánari reglur í reglugerð. Þrátt fyrir slíkar reglur getur ráðherra ákveðið að framkvæmdir í höfnum, sem mynda hafnasamlag, njóti tímabundið hámarksframlags skv. 26. gr.

28. gr.

Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem hafa ekki nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum vegna styrkhæfra hafnarframkvæmda. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárbörf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárlaganefndar og Alþingis um skiptingu fjárens og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

IV. KAFLI

Um framkvæmdaáætlanir.

29. gr.

Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára.

Við þessa áætlanagerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnarád.

Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild.

Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar. Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

30. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer hafnaráð með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra. Hlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til hafnargerða og bæta tjón á hafnarmannvirkjum.

31. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 5. mgr. 12. gr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.
3. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.
4. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis.

32. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

33. gr.

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt að fengnum tillögum Hafnamálastofnunar og hafnaráðs og með samþykki fjárlaganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þar með talið tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.
3. Sjóðnum er heimilt að veita lán og/eða styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 30% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. Styrkir mega aldrei nema meira en 15% af heildarframkvæmdakostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki umfram það sem segir í 3. tölul. til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga og vegna hafnaframkvæmda þar sem sveitarfélög eru sameinuð, enda sé um tvær eða fleiri hafnir að ræða í hinu nýja sveitarfélagi.
5. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

Samanlagt mega styrkir og lán úr Hafnabótasjóði að viðbættu ríkisframlagi aldrei fara yfir 90% af styrkhæfum framkvæmdakostnaði.

34. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins annast vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Lánasýsla ríkisins veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

35. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir með tilliti til þess að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

36. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til Hafnamálastofnunar ríkisins. Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þar á meðal reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

38. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

39. gr.

Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessara laga.

40. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi hafnalög, nr. 69 28. maí 1984, með síðari breytingum.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laga þessara skulu ákvæði laga nr. 69/1984, um allt að 40% ríkisframlaga til stofnkostnaðar við hafnarvogir, hafnsögubáta og löndunarkrana, gilda til ársloka 1994.

Gjört í Reykjavík, 29. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

L Ö G

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins og skal þess gætt að þeir hafi ekki beinna og verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi sem lögin taka til. Samkeppnisráð setur sér reglur um málsmeðferð.

2. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar sæta kærur til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.

3. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Almennir skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi, skulu vera á íslensku.

4. gr.

2. mgr. 50. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir 2. mgr. 6. gr. lýkur skipunartíma starfandi samkeppnisráðs við gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Nú eru sveitarfélög sameinuð og skulu þá umdæmi fjallskiladeilda haldast óbreytt frá því sem áður gildi og upprekstrarréttur standa óbreyttur miðað við eldri skipan nema um annað sé samið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. mars 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

L Ö G

um fjöleignarhús.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Gildissvið, skilgreiningar o.fl.

Gildissvið. Hugtakið fjöleignarhús.

1. gr.

Lög þessi hafa að geyma reglur um réttindi og skyldur eigenda fjöleignarhúsa.

Fjöleignarhús telst í lögum þessum hvert það hús sem skiptist í séreignir í eigu fleiri en eins aðila og í sameign sem bæði getur verið allra og sumra.

Gilda lögin þannig m.a. um:

1. Fjölbýlishús með íbúðum eingöngu.
2. Hús með bæði íbúðum og húsnæði til annarra nota.
3. Hús sem alfarið eru nýtt til annars en íbúðar, svo sem fyrir atvinnustarfsemi.
4. Raðhús og önnur sambyggð og samtengd hús, bæði eingöngu til íbúðar og að einhverju leyti eða öllu til annarra nota, allt eftir því sem við getur átt.

Ákvæðum laga þessara verður einnig beitt eftir því sem við á um önnur hús sem fleiri en einn á eða nýtir.

Lög þessi gilda um lögskipti eigenda fullgerðra fjöleignarhúsa að lóðum meðtöldum. Reglur laganna verða einnig notaðar um fjöleignarhús á byggingarstigi að lóðum meðtöldum, eftir því sem við getur átt.

Ófrávíkjanlegar reglur. Heimild til fráviks.

2. gr.

Ákvæði laga þessara eru ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram í þeim eða leiði af eðli máls. Er eigendum því almennt óheimilt að skipa málum sínum, réttindum sínum og skyldum á annan veg en mælt er fyrir um í lögnum.

Hýsi fjöleignarhús eingöngu atvinnustarfsemi er eigendum þó heimilt að víkja frá fyrir-mælum laganna með samningum sín á milli. Gilda ákvæði laganna þá um öll þau atriði sem ekki er ótvírætt samið um á annan veg. Jafnframt gilda ákvæði laganna til fyllingar slíkum samningsákvæðum. Liggi engir samningar fyrir um aðra skipan eða náist ekki full samstaða með eigendum um frávik gilda ákvæði laganna óskorað um slíkt húsnæði.

Hugtakið hús.

3. gr.

Með húsi í lögum þessum er átt við byggingu sem varanlega er skeytt við land og stendur sjálfstæð og aðgreind frá öðrum húsum eða skilur sig þannig frá þeim þótt sambyggð eða samtengd séu að eðlilegt og haganlegt sé að fara með hana samkvæmt lögum þessum sem sjálfstætt hús.

Þótt sambyggð eða samtengd hús teljist tvö sjálfstæð hús eða fleiri skv. 1. mgr. þá gilda ákvæði laganna eftir því sem við getur átt um þau atriði og málefni sem sameiginleg eru,

svo sem lóð ef hún er sameiginleg að öllu leyti eða nokkru og um útlit og heildarsvip ef því er að skipta. Sama gildir einnig ef því er að skipta um sameiginleg málefni sjálfstæðra ótengdra fjöleignarhúsa og/eða annars konar húsa.

Hugtakið séreign.

4. gr.

Húsfundi er stjórnað af formanni húsfélagsins, en ef hann er ekki viðstaddur velur fundurinn sjálfur fundarstjóra úr hópi félagsmanna.

Undir umsjá og ábyrgð fundarstjóra skal rita í sérstaka fundargerðabók meginatriði allra mála sem tekin eru fyrir og allar ákvarðanir sem teknar eru og hvernig atkvæði hafa fallið ef því er að skipta.

Skal fundargerðin lesin upp í lok fundar, hún leiðrétt og athugasemdir skráðar. Skal hún síðan undirrituð af fundarstjóra og a.m.k. einum öðrum félagsmanni sem fundurinn hefur tilnefnt til þess.

Fundargerðir skulu jafnan vera aðgengilegar fyrir félagsmenn og eiga þeir rétt á því að fá staðfest endurrit eða ljósrit þeirra.

Vanhæfi við ákvarðanatöku.

65. gr.

Enginn má sem félagsmaður eða umboðsmaður hans taka þátt í atkvæðagreiðslu um samninga eða málefni ef hann á sérstakra persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna að gæta í málinu.

Stjórn, kosning, kjörgengi o.fl.

66. gr.

Í húsfélagi skal vera stjórn sem kosin er á aðalfundi.

Stjórnina skipa að jafnaði a.m.k. þrír menn og er einn þeirra formaður sem kosinn skal sérstaklega. Ef þurfa þykir skal kjósa jafnmarga varamenn. Skulu þeir þá kjörnir sem 1., 2. og 3. varamaður og taka sæti í aðalstjórn í þeirri röð.

Kjörgengir til stjórnar eru félagsmenn, makar þeirra eða sambúðarfólk og nánir ættingjar. Skulu stjórnarmenn vera lögráða.

Kjörtímabil stjórnar er eitt ár eða á milli aðalfunda og lýkur því í lok aðalfundar á því ári sem kjörtímabilið rennur út.

Stjórnin skiptir með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

Sérstök stjórn er óþörf í minni húsum.

67. gr.

Þegar um er að ræða fjöleignarhús með sex eignarhlutum eða færri er ekki þörf á að kjósa og hafa sérstaka stjórn og fara þá allir eigendur í félagi saman með það vald og þau verkefni sem stjórnin annars færi með samkvæmt lögum þessum.

Einnig er heimilt í slíkum húsum að fela einum eiganda að einhverju leyti eða öllu verkefni stjórnar og skal þá beita ákvæðum laganna um stjórn eftir því sem við á um hann.

Stjórnarfundir.

68. gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda þegar hann telur þess þörf en einnig skal halda fund ef einhver stjórnarmaður krefst þess.

Skal boða fund með hæfilegum fyrirvara og er þriggja daga fyrirvari jafnan nægilegur.

Jafnan skal, ef þess er kostur, upplýsa stjórnarmenn um það fyrir fram hvaða málefni verða tekin fyrir.

Formaður stýrir stjórnarfundum en sé hann forfallaður og hafi varaformaður ekki verið kosinn velur stjórnin sjálf fundarstjóra úr sínum hópi.

Stjórnin er ákvörðunarhæf þegar meiri hluti stjórnarmanna er á fundi sem hefur verið boðaður á fullnægjandi hátt.

Á stjórnarfundum er málum ráðið til lykta með einföldum meiri hluta atkvæða. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns úrslitum.

Stjórnin skal færa í fundargerðarbók meginatriði þess sem gert er og ákveðið á fundum. Skal fundargerðin undirrituð af öllum viðstöddum stjórnarmönnum.

Skyldur og verkefni stjórnar. Framkvæmdastjóri. Vanhæfi.

69. gr.

Stjórnin fer með sameiginleg málefni húsfélagsins milli funda og sér um framkvæmd viðhalds og rekstur sameignarinnar og öll önnur sameiginleg málefni í samræmi við ákvæði laga þessara, önnur lög og samþykktir og ákvarðanir húsfunda.

Stjórnin skal halda glögga reikninga yfir tekjur og gjöld húsfélagsins. Skal hún innheimta hjá eigendum hlutdeild þeirra í sameiginlegum kostnaði og hússjóðsgjöld. Þá skal stjórnin varðveita og ávaxta fjármuni húsfélagsins á ábatasaman og tryggan hátt.

Stjórnin getur ráðið framkvæmdastjóra eða annan starfsmann sér til aðstoðar við daglegan rekstur. Sé það gert gefur stjórnin starfsmanni fyrirmæli, ákveður laun hans og önnur kjör og hefur eftirlit með því að hann uppfylli starfsskyldur sínar.

Stjórninni er einnig heimilt með sama hætti að fela sjálfstæðum verktaka, t.d. húsfélagastjórnustu, að annast tiltekin verkefni.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í ákvarðanatöku og afgreiðslu mála sem hann hefur sérstakra persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna að gæta í.

Stjórn og framkvæmdastjóra er skylt að veita eigendum upplýsingar og skýringar um öll atriði er varða málefni húsfélagsins, rekstur þess, sameiginlegt viðhald, efnahag og fjárhagsstöðu. Skulu eigendur hafa rétt til að skoða bækur félagsins, reikninga og fylgiskjöl með hæfilegum fyrirvara en þó jafnan að viðstöddum stjórnarmanni.

Nánar um verk- og valdsvið stjórnar.

70. gr.

Stjórn húsfélags er rétt og skylt að taka hvers kyns ákvarðanir sem lúta að venjulegum daglegum rekstri og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar.

Þá getur stjórnin látið framkvæma á eigin spýtur minni háttar viðhald og viðgerðir og bráðnaúðsynlegar og brýnar ráðstafanir sem þola ekki bið.

Sé um að ræða ráðstafanir og framkvæmdir sem ganga lengra en segir í 1. og 2. mgr. ber stjórninni, áður en í þær er ráðist, að leggja þær fyrir húsfund til umfjöllunar og ákvörðunar samkvæmt fyrirmælum laga þessara. A það undantekningarlaust við um framkvæmdir sem eru verulegar hvað varðar kostnað, umfang og óþægindi. Gildir hér einu þótt um æskilegar og jafnvel nauðsynlegar ráðstafanir sé að tefla.

Umboð til að skuldbinda húsfélag. Aðildarhæfi.

71. gr.

Húsfélagið er skuldbundið út á við með undirritun meiri hluta stjórnarmanna og skal formaður að jafnaði vera einn af þeim.

Stofni stjórnarmenn til skuldbindinga sem falla utan heimildar þeirra og valdsviðs samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvörðun húsfundar þá eru þeir ábyrgir og eftir atvikum bótaskyldir gagnvart húsfélaginu samkvæmt almennum reglum.

Húsfélag getur verið aðili að dómsmáli, bæði til sóknar og varnar. Gildir það bæði um mál gegn þriðja aðila og gegn einum eða fleiri félagsmönnum.

Bókhald og reikningsgerð.

72. gr.

Stjórnin skal sjá um að bókhald húsfélags sé fært og haldið á réttan og fullnægjandi hátt.

Skulu á tíðkanlegan hátt færðir glöggir efnahags- og rekstrarreikningar. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Endurskoðandi.

73. gr.

Endurskoðandi, sem kjörinn skal á aðalfundi til eins árs í senn, skal endurskoða reikninga húsfélagsins.

Sé þess krafist af minnst $\frac{1}{4}$ hluta félagsmanna annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta skal endurskoðandinn vera löggiltur.

Endurskoðandi skal hafa aðgang að öllu bókhaldi húsfélagsins og getur hann krafist allra upplýsinga sem hann álítur að þýðingu hafi fyrir starf sitt.

Endurskoðandi skal staðreyna og staðfesta að sameiginlegum kostnaði sé skipt í samræmi við ákvæði laga þessara.

Ársreikningar skulu áritaðir af endurskoðanda með eða án athugasemda eftir því sem hann telur ástæðu til.

Húsreglur.

74. gr.

Stjórn húsfélags skal semja og leggja fyrir húsfund til samþykktar, sbr. 1. tölul. C-liðar 41. gr., reglur um hagnýtingu sameignar og séreignar að því marki sem lög þessi leyfa.

Skulu reglur þessar, húsreglur, hafa að geyma sem ítarlegust ákvæði um sambýlishætti, umgengni og afnot sameignar og skiptingu afnota ef því er að skipta, allt eftir því sem við á og eðlilegt og haganlegt þykir að reglufesta í viðkomandi húsi.

Í húsreglum fjölbýlishúsa skal m.a. fjalla um neðangreind atriði:

1. Umgengni um sameign og um afnot hennar og hagnýtingu.
2. Bann við röskun á svefnfriði í húsinu a.m.k. frá miðnætti til kl. 7 að morgni og undanþágur frá því banni.
3. Skiptingu afnota sameiginlegs þvottahúss.
4. Hvernig þrifum sameignar og umhirðu lóðar skuli háttað og hverjar séu skyldur eigenda í því efni.
5. Reglur um hunda- og/eða kattahald sé það leyft, sbr. 13. tölul. A-liðar 41. gr.
6. Reglur um afnot sameiginlegra bílastæða.
7. Reglur um hagnýtingu séreigna að því marki sem unnt er.

Sérstakar húsfélagssamþykktir. Þinglýsing.

75. gr.

Sé þörf sérstakra reglna um fjöleignarhúsið, afnot séreigna, sameign þess, húsfélag, stjórn þess, verkefni og valdsvið þess o.fl. og að því leyti sem ófrávíkjanleg ákvæði laga þessara standa því ekki í vegi getur húsfélag sett sér sérstakar samþykktir með ákvörðun skv. 7. tölul. B-liðar 41. gr. eða skv. A-lið sömu greinar ef þær hafa að geyma atriði sem allir eigendur verða að samþykkja.

Setji húsfélag sér samþykktir skv. 1. mgr. er hafa að geyma ákvæði sem víkja frá eða eru til fyllingar fyrirmælum laga þessara þá skal þeim þinglýst. Gildir það einnig um allar breytingar á samþykktum sem fela slíkt í sér. Sama gildir og um aðrar ákvarðanir húsfélags en samþykktir og breytingar á þeim sem eru þess eðlis að til þeirra þarf samþykki allra eigenda, sbr. A-lið 41. gr.

Þinglýsingar skv. 2. mgr. er þörf til réttarverndar gagnvart þriðja manni en þinglýsingin er ekki gildisskilyrði milli eigenda innbyrðis. Um þýðingu og skuldbindingargildi slíkra gerninga innbyrðis, þótt þeim sé ekki þinglýst, fer eftir ákvæðum laga þessara, svo og almennum reglum.

Húsfélagsdeildir.

76. gr.

Þegar húsfélag skiptist í einingar, t.d. stigahús, ráða viðkomandi eigendur einir sameiginlegum innri málefnum, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 39. gr., enda bera þeir þá einir kostnaðinn, sbr. 44. gr.

Þegar þannig háttar skulu eigendur ráða sameiginlegum málum innan vébanda húsfélagsdeildar sem getur hvort heldur verið sjálfstæð að meira eða minna leyti eða starfað innan heildarhúsfélagsins.

Gilda fyrirmæli laga þessara um húsfélög um slíkar húsfélagsdeildir, svo sem um ákvarðanatöku, fundi, stjórn, kostnaðarskiptingu o.fl., eftir því sem við á.

V. KAFLI

Eldri samningar, kynning laganna, kærunefnd, gildistaka o.fl.

Gildi eldri samninga.

77. gr.

Ef fyrir liggur þinglýstur samningur, samþykktir eða eignaskiptayfirlýsing, gerð fyrir gildistöku laga þessara sem hafa að geyma ákvæði er fara í bága við ófrávíkjanleg ákvæði laganna þá skulu slík samningsákvæði þoka fyrir ákvæðum laganna. Þetta gildir þó ekki um samninga um fjöleignarhús sem hafa eingöngu að geyma atvinnustarfsemi, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Kynning laganna, ráðgjöf og leiðbeiningar.

78. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim. Ráðherra getur ákveðið að fela Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðilum þessa kynningu.

Félagsmálaráðherra getur einnig falið stofnuninni eða öðrum aðilum, svo sem hagsmunasamtökum fjöleignarhúsaeygenda, að veita eigendum upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar um réttindi þeirra og skyldur og önnur atriði laganna.

Kostnaður við kynningu og ráðgjöf skv. 1. og 2. mgr. greiðist úr ríkissjóði, en þó er heimilt að innheimta hóflegt gjald fyrir lögfræðilega ráðgjöf og leiðbeiningar. Þá er einnig heimilt að selja kynningar- og upplýsingarit á hóflegu verði.

Kærunefnd fjöleignarhúsamála.

79. gr.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd fjöleignarhúsamála til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar.

Tvo nefndarmenn skipar ráðherra án tilnefningar, annan sem formann og skal hann fullnægja almennum skilyrðum héraðsdómara skv. 1.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989. Einn nefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Húseigendafélaginu. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

Nánar um kærunefndina, verkefni, valdsvið o.fl.

80. gr.

Greini eigendur fjöleignarhúsa á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, leitað til kærunefndarinnar og óskað eftir álitssgerð um ágreiningsefnið.

Erindi til kærunefndar skal vera skriflegt og í því skal skilmerkilega greina hvert sé ágreiningsefnið, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni.

Skal kærunefnd gefa gagnaðila kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum og kröfum á framfæri. Skal gefa honum stuttan frest í því skyni. Heimilt er kærunefnd að kalla eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum og óska umsagnar frá öðrum sem málið snertir eða við kemur.

Kærunefndin skal láta í té rökstutt álit svo fljótt sem kostur er og jafnan innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni. Ágreiningsefnum verður eigi skotið til annars stjórnvalds.

Telji kærunefndin að lög þessi hafi verið brotin og að á rétt aðila sé hallað beinir hún tilmælum til gagnaðila um úrbætur.

Aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um erindi til kærunefndar, störf hennar, verkefni, valdsvið, starfsskilyrði o.fl.

Reglugerðarheimild.

81. gr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði og fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

82. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 59 31. maí 1976, um fjölbýlishús, og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Skulu húsfélög fyrir ofangreindan gildistöku dag breyta þeim atriðum sem ákvæði laga þessara gera nauðsynlegt, svo sem varðandi skiptingu sameiginlegs kostnaðar, hússjóðs-gjöld o.fl.

Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1994.

Davíð Oddsson.

Salome Þorkelsdóttir.

Hrafn Bragason.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

Nr. 27

5. apríl 1994

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1991 verða eftirtaldar breytingar á greiðslufirliti A-hluta ríkissjóðs 1991 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991:

Greiðslufirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		-1 950 533
Gjöld		236 640
Gjöld umfram tekjur		2 187 173
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		127 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	170 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-43 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		-36 000
Viðskiptareikningar		-1 147 000
Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs		1 131 173
Afborganir af teknum lánum		-77 000
Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs		1 054 173
Lántökur		-5 092 000
Innlend verðbréfaútgáfa	1 919 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	-7 011 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		-6 146 173

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1991, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1991, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	-8 604	
01 Forsætisráðuneyti	-6 721	
02 Menntamálaráðuneyti	-144 673	
03 Utanríkisráðuneyti	-80 794	
04 Landbúnaðarráðuneyti	118 150	
05 Sjávarútvegssráðuneyti	-10 346	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-27 210	
07 Félagsmálaráðuneyti	-124 963	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-252 901	
09 Fjármálaráðuneyti	960 656	
10 Samgönguráðuneyti	47 255	
11 Iðnaðarráðuneyti	1 406	
12 Viðskiptaráðuneyti	-189 922	
13 Hagstofa Íslands	-1 932	
14 Umhverfissráðuneyti	-42 761	
		<hr/>
Samtals öll ráðuneyti		236 640

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

101 Embætti forseta Íslands	75	
201 Alþingi	15 960	
301 Ríkisstjórn	193	
401 Hæstiréttur	1 593	
610 Umboðsmaður Alþingis	134	
Óhafnar fjárveitingar	-26 559	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-8 604

01 Forsætisráðuneyti

901 Húsameistari ríkisins	70	
902 Þingvellir, þjóðgarður og Þingvallanefnd	1 422	
Óhafnar fjárveitingar	-8 213	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-6 721

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands	49 374
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	12 985
203 Raunvísindastofnun Háskólans	7 556
222 Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands	1 497
234 Vísindaráð	506
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2 718
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2 923
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	3 362
518 Fiskvinnsluskólinn	1 372
531 Íþróttakennaraskólinn	964
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	1000
602 Héraðsskólinn Núpi	999
605 Alþýðuskólinn Eiðum	499
606 Héraðsskólinn Skógum	300
710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurmðæmis	658
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	1 550
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	525
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	143
716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	1 002
718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	379
753 Brautarskóli	253
798 Einholtsskóli	317
802 Vernd barna og ungmenna	623
806 Barnaverndarráð Íslands	453
870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur	2 306
871 Unglingaheimili ríkisins	13 006
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 840
902 Þjóðminjasafn Íslands	4 699
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	1 831
906 Listasafn Einars Jónssonar	1 172
907 Listasafn Íslands	1 712
909 Blindrabókasafn Íslands	984
973 Þjóðleikhús	24 989
976 Menningarsjóður, framlag	4 604
977 Þjóðarbókhlaða	1500
981 Kvikmyndasjóður	2 624
Óhafnar fjárveitingar	-297 898

Samtals ráðuneyti

-144 673

03 Utanríkisráðuneyti

399 Utanríkismál, ýmis verkefni	1 265
Óhafnar fjárveitingar	-82 059

Samtals ráðuneyti

-80 794

04 Landbúnaðarráðuneyti

172 Jarðasjóður	992	
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1 745	
231 Skógrækt ríkisins	15 921	
235 Landgræðsla ríkisins	1 403	
245 Laxeldisstöðin Kollafirði	93	
246 Veiðimálastofnun	3 397	
247 Yfirdýralæknir	1 243	
272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	316	
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	99 137	
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	2 862	
Óhafnar fjárveitingar	-8 959	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		118 150

05 Sjávarútvegsráðuneyti

201 Fiskifélag Íslands	107	
202 Hafrannsóknastofnun	1 350	
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1 005	
Óhafnar fjárveitingar	-12 808	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-10 346

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101 Aðalskrifstofa	186	
111 Kosningar	739	
203 Borgardómarinn í Reykjavík	1 388	
205 Sakadómur Reykjavíkur	1 478	
209 Lögregluskóli ríkisins	3 600	
212 Bæjarfógeti Akranesi	1 175	
221 Sýslumaður Blönduósi	1 011	
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	1 487	
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	2 183	
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	2 059	
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	1 993	
238 Dómsstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	309	
239 Fangelsismálastofnun	46	
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	3 058	
252 Ökukennsla	1 376	
281 Dómsmál, ýmis starfsemi	16 831	
282 Ýmis löggæslukostnaður	5 481	
303 Prestaköll og prófastsdæmi	4 060	
Óhafnar fjárveitingar	-75 670	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-27 210

07 Félagsmálaráðuneyti

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	888
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	1 250
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1 750
711 Styrktarfélag vangefinna	1 823
750 Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins	2 000
951 Brunamálastofnun ríkisins	3 082
953 Jafnréttisráð	773
Óhafnar fjárveitingar	-136 529

Samtals ráðuneyti

-124 963

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101 Aðalskrifstofa	530
301 Landlæknir	1 374
326 Sjónstöð Íslands	329
327 Geislavarnir ríkisins	247
373 St. Jósefsspítali, Landakoti	2 827
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	1 098
394 Lyfjaverðlagsnefnd	42
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	19
396 Lyfjanefnd	1 804
398 Daggjaldanefnd	22
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	902
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	470
555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri	435
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	252
568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	1 042
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	214
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	2 000
591 Héraðslæknir í Reykjavík	359
595 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	289
602 Þroskaþjálfaskóli Íslands	2 695
603 Lyfjataeknaskóli Íslands	1 521
604 Sjúkraliðaskóli Íslands	3 039
621 Bindindisstarfsemi	1 564
Óhafnar fjárveitingar	-275 977

Samtals ráðuneyti

-252 901

09 Fjármálaráðuneyti

103 Ríkisbókhald	499
203 Skattstofa Vesturlands	1 003
204 Skattstofa Vestfjarða	133
205 Skattstofa Norðurlands vestra	1 442
250 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	95
259 Gjaldheimta Suðurnesja	2 475
262 Tollstjórnin í Reykjavík	15 751

381 Uppbætur á lífeyri	175 511	
801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	475 057	
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins . . .	230	
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	80 860	
989 Launa- og verðlagsmál	297 674	
Óhafnar fjárveitingar	-90 074	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		960 656
10 Samgönguráðuneyti		
101 Aðalskrifstofa	2 482	
211 Vegagerð ríkisins	23 977	
331 Vita- og hafnamálaskrifstofa	108	
332 Vitastofnun Íslands	462	
333 Hafnamál	1 030	
341 Siglingamálastofnun ríkisins	868	
342 Rannsóknarnefnd sjóslysa	247	
471 Flugmálastjórn	31 032	
651 Ferðamálaráð Íslands	1 193	
Óhafnar fjárveitingar	-14 144	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		47 255
11 Iðnaðarráðuneyti		
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	269	
298 Kostnaður vegna samninga um álver	4 274	
301 Orkustofnun	47 306	
371 Orkusjóður	15	
Óhafnar fjárveitingar	-50 458	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		1 406
12 Viðskiptaráðuneyti		
902 Verðlagsstofnun	268	
903 Skráning hlutafélaga	1 662	
Óhafnar fjárveitingar	-191 852	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-189 922
13 Hagstofa Íslands		
Óhafnar fjárveitingar	-1 932	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-1 932

14 Umhverfissráðuneyti

101 Aðalskrifstofa	421	
201 Náttúruverndarráð	29 093	
401 Náttúrufræðistofnun	2 505	
Óhafnar fjárveitingar	-74 780	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-42 761

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1994.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Hrafn Bragason.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1992 verða eftirtaldar breytingar á greiðslufirliti A-hluta ríkissjóðs 1992 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1992, sbr. lög nr. 118/1992:

Greiðslufirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		407 173
Gjöld		-2 491 063
Gjöld umfram tekjur		<hr/> -2 898 236
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		272 098
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	-78 283	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	350 381	
Hluta- og stofnfjárframlög		-236 766
Viðskiptareikningar		-1 690 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		<hr/> -4 552 904
Afborganir af teknum lánum		340 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		<hr/> -4 212 904
Lántökur		-1 991 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		<hr/> 2 221 904

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1992, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1992, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

	Pús.kr.	Pús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	70 045	
01 Forsætisráðuneyti	14 964	
02 Menntamálaráðuneyti	399 540	
03 Utanríkisráðuneyti	71 441	
04 Landbúnaðarráðuneyti	274 428	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	-306 383	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	123 958	
07 Félagsmálaráðuneyti	183 339	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-55 596	
09 Fjármálaráðuneyti	1 665 566	
10 Samgönguráðuneyti	11 633	
11 Iðnaðarráðuneyti	4 270	
12 Viðskiptaráðuneyti	22 708	
13 Hagstofa Íslands	1 642	
14 Umhverfissráðuneyti	9 508	
		<hr/>
Samtals öll ráðuneyti		2 491 063

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

101 Embætti forseta Íslands	1 280	
401 Hæstiréttur	137	
520 Opinberar heimsóknir	157	
610 Umboðsmaður Alþingis	931	
Óhafnar fjárveitingar	-72 550	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-70 045

01 Forsætisráðuneyti

Óhafnar fjárveitingar	-14 964	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-14 964

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands	49 531	
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	7 321	
203 Raunvísindastofnun Háskólans	6 377	
223 Rannsóknastofnun uppeldismála	317	
232 Rannsóknaráð ríkisins	7	
301 Menntaskólinn í Reykjavík	635	

302 Menntaskólinn á Akureyri	5 306
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	10 705
305 Menntaskólinn við Sund	3 183
306 Menntaskólinn á Ísafirði	3 465
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	2 156
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	31 358
352 Flensborgarskóli, fjölbraut	1 387
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2 468
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	1 148
359 Verkmennaskólinn á Akureyri	2 937
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	5 639
361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	162
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	1 298
506 Vélskóli Íslands	10
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1 820
518 Fiskvinnsluskólinn	3 081
531 Íþróttakennaraskóli Íslands	2 692
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	565
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	80
571 Sjómannaskólahúsið	1 476
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	291
752 Öskjuhlíðarskóli	10
755 Dalbrautarskóli	588
802 Vernd barna og ungmenna	5 366
806 Barnaverndarráð Íslands	1 301
871 Unglingaheimili ríkisins	13 371
903 Þjóðskjalasafn Íslands	2 269
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	1 673
906 Listasafn Einars Jónssonar	245
907 Listasafn Íslands	317
909 Blindrabókasafn Íslands	930
972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	7 445
981 Kvikmyndasjóður	2 566
989 Ýmis íþróttamál	581
Óhafnar fjárveitingar	-581 617

Samtals ráðuneyti

-399 540

03 Utanríkisráðuneyti

201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	527
301 Sendiráð Íslands í Bonn	2 631
302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3 285
303 Sendiráð Íslands í London	1 689
305 Sendiráð Íslands í Ósló	3 036
307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1 908

310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	3 315	
311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1 993	
312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	594	
Óhafnar fjárveitingar	-90 419	
		-71 441
Samtals ráðuneyti		

04 Landbúnaðarráðuneyti

202 Hagþjónusta landbúnaðarins	23	
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	34	
231 Skógrækt ríkisins	5 941	
235 Landgræðsla ríkisins	216	
239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni	63	
246 Veiðimálastofnun	28	
289 Sérstakar greiðslur í landbúnaði	6 154	
299 Búnaðarmál, ýmis verkefni	1 142	
Óhafnar fjárveitingar	-288 029	
		-274 428
Samtals ráðuneyti		

05 Sjávarútvegsráðuneyti

201 Fiskifélag Íslands	600	
202 Hafrannsóknastofnun	342 301	
Óhafnar fjárveitingar	-36 518	
		306 383
Samtals ráðuneyti		

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

203 Borgardómarinn í Reykjavík	5 251	
204 Borgarfógetinn í Reykjavík	7 031	
205 Sakadómur Reykjavíkur	7 543	
210 Héraðsdómarar samkvæmt lögum nr. 27/1990	1 783	
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	36	
212 Héraðsdómur Vesturlands	1 016	
213 Héraðsdómur Vestfjarða	162	
218 Héraðsdómur Reykjaness	566	
231 Málskostnaður í opinberum málum	14 097	
232 Opinber réttaraðstoð	1 714	
238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	1 153	
290 Dómsmál, ýmis kostnaður	539	
291 Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	7 576	
390 Ýmis löggæslukostnaður	1 017	
412 Sýslumaðurinn Akranesi	1 747	
414 Sýslumaðurinn Stykkishólmi	2 176	
420 Sýslumaðurinn Blönduósi	500	
431 Sýslumaðurinn Hvolsvelli	582	

437 Sýslumaðurinn Kópavogi	1 019	
490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembættu	27	
731 Kristnisjóður	54	
Óhafnar fjárveitingar	-179 547	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-123 958

07 Félagsmálaráðuneyti

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	373	
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1 594	
711 Styrktarfélag vangefinna	300	
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	390	
Óhafnar fjárveitingar	-185 996	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-183 339

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

271 Tryggingastofnun ríkisins	453 857	
277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	29 900	
311 Héraðslæknir í Reykjavík	897	
367 Sjúkrahúsið Keflavík	10 001	
396 Lyfjanefnd	140	
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	39	
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	22	
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	26	
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	58	
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	153	
561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	187	
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	549	
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	80	
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	2 524	
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1 781	
603 Lyfjatæknaskóli Íslands	1 071	
Óhafnar fjárveitingar	-445 689	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		55 596

09 Fjármálaráðuneyti

104 Ríkisfjárhirsla	243	
202 Skattstofan í Reykjavík	1 412	
205 Skattstofa Norðurlands vestra	529	
212 Skattamál, ýmis útgjöld	3 824	
251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	11 671	
261 Ríkistollstjóri	889	
Óhafnar fjárveitingar	-1 684 134	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-1 665 566

10 Samgönguráðuneyti

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	1 536	
322 Flóabátar og vöruflutningar	100 295	
332 Vitastofnun Íslands	625	
341 Siglingamálastofnun ríkisins	2 527	
342 Rannsóknarnefnd sjóslysa	45	
Óhafnar fjárveitingar	-116 661	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-11 633

11 Iðnaðarráðuneyti

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	25	
298 Kostnaður vegna samninga við ÍSAL	3 499	
302 Rafmagnseftirlit ríkisins	8 734	
371 Orkusjóður	484	
Óhafnar fjárveitingar	-17 012	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-4 270

12 Viðskiptaráðuneyti

Óhafnar fjárveitingar	-22 708	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-22 708

13 Hagstofa Íslands

Óhafnar fjárveitingar	-1 642	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-1 642

14 Umhverfisaráðuneyti

101 Umhverfisaráðuneyti, aðalskrifstofa	179	
201 Náttúruverndarráð	4 883	
301 Skipulagsstjóri ríkisins	4 950	
401 Náttúrufræðistofnun Íslands	2 092	
410 Veðurstofa Íslands	863	
Óhafnar fjárveitingar	-22 475	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-9 508

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1994.

Davíð Oddsson.

Salome Þorkeldsdóttir.

Hrafn Bragason.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 2. apríl 1994.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 6. apríl 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

LÖG

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum, og lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Breyting á lögum nr. 82/1989, um málefni aldraðra.

1. gr.

- a. Í stað orðsins „heilbrigðismálaráði“ í 1. mgr. og „heilbrigðismálaráðs“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: samstarfsráði heilsugæslustöðva og samstarfsráðs heilsugæslustöðva.
- b. Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Sveitarstjórnnum á starfssvæði heilsugæslustöðvar er heimilt að kjósa sameiginlega fimm eða sjö manna öldrunarmálaráð sem annist verkefni öldrunarnefndar. Öldrunarmálaráð gerir tillögur um verkefni sín til hlutaðeigandi sveitarstjórna. Í starfi sínu skal öldrunarmálaráð hafa samvinnu við félagsmálanefndir eða félagsmálaráð hlutaðeigandi sveitarstjórna og stjórn heilsugæslustöðvar eftir því sem kostur er.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 5. gr. gilda um öldrunarmálaráð eftir því sem við á.

Breyting á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

- a. Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ákveði sveitarstjórn að fela sérstöku öldrunarmálaráði stjórn öldrunarmála, á grundvelli heimildar í lögum um málefni aldraðra, breytir það engu um þann rétt sem aldraðir eiga samkvæmt lögum þessum, þar á meðal hvað varðar málsmeðferð og málskot.
- b. 40. gr. laganna orðast svo:
Félagsmálanefnd, eða öldrunarmálaráð, skal leitast við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða og jafnframt skipuleggja félagslega heimaþjónustu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.

A 6

Steindórsprent Gutenberg hf.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 32/1991, um Héraðsskóga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir kostnað við Héraðsskóga sem hér segir: Undirbúnings- og rekstrar-kostnað verkefnisins, laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur 97% samþykkt kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð, svo og á þeim eyðijörðum sem að mati Skógræktar ríkisins er nauðsynlegt frá skógræktarlegu sjónarmiði og frá hagsmunum skógræktar á að-lægum jörðum að fylgi þeim í ræktun. Á öðrum eyðijörðum greiðir ríkissjóður 75% kostn-aðar. Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktarkostnað að fengnum tillögum Skóg-ræktar ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlaðst þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um slysavarnaráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal slysavarnaráð sem heyrir undir heilbrigðisráðherra. Landlæknisembættið skal hafa með hendi daglega framkvæmdastjórn ráðsins.

2. gr.

Tilgangur slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa. Þeim tilgangi skal ráðið ná með því að:

- a. móta reglur sem miða að því að slys séu skilmerkilega skráð og sú skráning sé sam-ræmd, jafnframt því sem séð verði um úrvinnslu þeirra upplýsinga og útgáfu á slysatöl-um,
- b. vera ríkisstjórn, ráðherra og öðrum aðilum til ráðuneytis um allt er lýtur að slysavörn-um,

- c. gera tillögur til heilbrigðisyfirvalda um áhersluatriði í slysavörnum á hverjum tíma,
- d. stuðla að rannsóknum á orsökum og afleiðingum slysa,
- e. hvetja til samræmingar á störfum þeirra aðila sem vinna að slysavörnum,
- f. fylgjast með nýjungum og reynslu annarra þjóða í slysavörnum,
- g. halda landsþing um slysavarnir annað hvert ár.

3. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar níu fulltrúa í slysavarnaráð, tilnefnda af eftirtöldum aðilum: landlæknisembættinu, og skal sá vera formaður, dómsmálaráðherra, Landsbjörg, læknadeild Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Umferðarráði og Vinnueftirliti ríkisins.

Slysavarnaráð skal skipað til fjögurra ára í senn.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Samræmd slyaskrá, sbr. a-lið 2. gr., skal varðveitt hjá landlækni. Ráðið mótar reglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni.

5. gr.

Slysavarnaráði skal úthlutað fjármunum til reksturs í sérstökum lið sem fellur undir embætti landlæknis á fjárlögum.

6. gr.

Slysavarnaráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun á því fé sem til þess er veitt.

7. gr.

Slysavarnaráð sendir ráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf þess.

8. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um störf slysavarnaráðs í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Vegna aðgerða við stjórn á framleiðslu og sölu landbúnaðarvara er innflutningur óheimill á þeim vörum sem tilgreindar eru í viðauka I með lögum þessum og flokkast í þar tilgreind tollskrárnúmer nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Ráðherra getur í reglugerð, sem hann setur um nánari framkvæmd leyfisveitinga, ákveðið að innflutningur þessara vara skuli tímabundið vera frjáls.

Viðaukar með lögum þessum skulu hafa lagagildi. Verði gerðar breytingar á flokkun vara í tollskrárnúmerum samkvæmt þeim skulu ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og 72. laga þessara einnig taka til vara í þeim undirflokkum sem þannig verða til eftir því sem við á.

Áður en ákvarðanir eru teknar um innflutning samkvæmt þessari grein skal leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

2. gr.

4. mgr. 53. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar heimilað innflutning á þeim vörum, sem greinin tekur til, í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

3. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í viðauka I og II með lögum þessum og jafnframt eru framleiddar hér á landi. Verðjöfnun á unnum og/eða samsettum vörum miðast við þátt landbúnaðarhraefna í verði þeirra.

Verðjöfnunargjöld samkvæmt þessari grein skulu innheimt við tollafgreiðslu og renna í ríkissjóð.

Fjárhæð verðjöfnunargjalds má að hámarki vera mismunur annars vegar á innlendu verði hraefnis sem ákveðið er skv. 1. tölul. og hins vegar erlendu viðmiðunarverði sem ákveðið er skv. 2. tölul.:

1. Innlent verð skal ákveðið í eftirfarandi röð:

- 1.1. Umsamið innlent viðmiðunarverð í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og bókunum við þá og tekur til hlutaðeigandi innflutnings.
- 1.2. Samkvæmt IV. kafla laga þessara ef verð er ákveðið og birt í samræmi við þær reglur.
- 1.3. Í samræmi við reglur 6. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald.

2. Erlent viðmiðunarverð skal ákveðið þannig eftir því sem við á um hlutaðeigandi innflutning:
- 2.1. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt verðjöfnunarákvæðum í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.
 - 2.2. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar samkvæmt bókun 2 við samning milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.
 - 2.3. Viðmiðunarverð sem lagt er til grundvallar í verðjöfnunarákvæðum í öðrum fríverslunarsamningum en skv. 2.1 og 2.2 sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.
 - 2.4. Viðmiðunarverð sem birt er sem heimsmarkaðsverð einstakra landbúnaðarhráefna af hálfu Evrópusambandsins eða fríverslunarsamtaka, og skal ráðherra ákveða nánar í reglugerð við hvaða verð miðað er á hverri hráefnistegund. Komi í ljós að framleiðendur vöru eigi kost á að kaupa hráefni á lægra verði en birtu viðmiðunarverði samkvæmt framangreindu í að minnsta kosti þrjá mánuði er ráðherra heimilt að ákveða tímabundið að miða við það verð sem sérstaklega ákvarðað viðmiðunarverð. Sé viðmiðunarverð ekki birt með framangreindum hætti skal viðmiðunarverð ákvarðað í samræmi við það verð sem framleiðendur eiga kost á að kaupa hráefni á.

Landbúnaðarráðherra skal jafnan við ákvörðun verðjöfnunargjalds birta í reglugerð það innlenda og erlenda viðmiðunarverð sem notað er við ákvörðun gjaldsins.

Jafnan skal miða við verð á sama sölustigi nema annað leiði af ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga. Verðjöfnunargjöld má leggja á sem krónutölu á magneiningu eða sem hlutfallslegt gjald.

Ráðherra ákveður álagningu gjalda samkvæmt þessari grein í reglugerð. Álagning verðjöfnunargjalds skal vera í samræmi við þá skilmála sem kveðið er á um í fríverslunar- og milliríkjasamningum og takmarkast hverju sinni af því að verðjöfnunargjald að viðbættum innflutningsgjöldum sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Við ákvörðun verðjöfnunargjalda skal ráðherra hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna. Skal einn skipaður án tilnefningar, annar af fjármálaráðherra og hinn þriðji af viðskiptaráðherra. Nefndin skal afla upplýsinga um verð sem álagning gjaldanna miðist við en jafnframt tryggja nauðsynlegt samráð milli ráðuneyta þannig að þess sé gætt að samanlögð álagning innflutningsgjalda sé innan þeirra marka sem greinir í 6. mgr. Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd verðjöfnunargjalda, refsingar og aðra framkvæmd varðandi verðjöfnunargjöld skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Heimild landbúnaðarráðherra samkvæmt þessari grein skal koma í stað heimildar fjármálaráðherra skv. 120. gr. A í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, að því er varðar þær vörur sem grein þessi tekur til.

4. gr.

Í stað „3. mgr.“ í 2. mgr. 73. gr. laganna kemur: 7. mgr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

VIÐAUKI I

- 0201 Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt:**
 0201.1000 – Skrokkar og hálfir skrokkar
 0201.2000 – Sneitt á annan hátt, með beini
 0201.3000 – Beinlaust
- 0202 Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:**
 0202.1000 – Skrokkar og hálfir skrokkar
 0202.2000 – Sneitt á annan hátt, með beini
 0202.3000 – Beinlaust
- 0203 Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**
 – Nýtt eða kælt:
 0203.1100 – – Skrokkar og hálfir skrokkar
 0203.1200 – – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini
 0203.1900 – – Annað
 – Fryst:
 0203.2100 – – Skrokkar og hálfir skrokkar
 0203.2200 – – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini
 0203.2900 – – Annað
- 0204 Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**
 0204.1000 – Lambaskrokkar, heilir og hálfir, nýir eða kældir
 – Annað kindakjöt, nýtt eða kælt:
 0204.2100 – – Skrokkar og hálfir skrokkar
 0204.2200 – – Sneitt á annan hátt, með beini
 0204.2300 – – Beinlaust
 0204.3000 – Lambaskrokkar, heilir og hálfir, frystir
 – Annað kindakjöt, fryst:
 0204.4100 – – Skrokkar og hálfir skrokkar
 – – Sneitt á annan hátt, með beini:
 0204.4201 – – – Svið (sviðahausar)
 0204.4209 – – – Annað
 0204.4300 – – Beinlaust
 0204.5000 – Geitakjöt
- 0205 0205.0000 Kjöt af hrossum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst**
- 0206 Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst:**
 0206.1000 – Af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt
 – Af dýrum af nautgripakyni, fryst:
 0206.2100 – – Tunga
 0206.2200 – – Lifur
 0206.2900 – – Annað

- 0206.3000 – Af svínnum, nýtt eða kælt
- Af svínnum, fryst:
- 0206.4100 – – Lifur
- 0206.4900 – – Annað
- 0206.8000 – Annað, nýtt eða kælt
- 0206.9000 – Annað, fryst

0207 Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst:

- 0207.1000 – Alifuglar ekki skornir í hluta, nýir eða kældir
- Alifuglar ekki skornir í hluta, frystir:
- 0207.2100 – – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus
- 0207.2200 – – Kalkúnar
- 0207.2300 – – Endur, gæsir og perluhænsni
- Sneiðar og hlutar af alifuglum (einnig lifur), nýtt eða kælt:
- 0207.3100 – – Fitulifur gæsa og anda
- 0207.3900 – – Annað
- Sneiðar og hlutar af alifuglum annað en lifur, fryst:
- 0207.4100 – – Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus
- 0207.4200 – – Af kalkúnum
- 0207.4300 – – Af öndum, gæsum eða perluhænsnum
- 0207.5000 – Alifuglalifur, fryst

0208 Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:

- 0208.1000 – Af kanínum eða hérum
- 0208.9003 – – Rjúpur, frystar
- 0208.9005 – – Selkjöt, fryst
- 0208.9006 – – Hreindýrakjöt, fryst
- Úr 0208.9009 – – Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir

0209 0209.0000 Svínafita án magurs kjöts og alifuglafita (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt

0210 Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:

- Svínakjöt:
- 0210.1100 – – Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini
- 0210.1200 – – Slög og sneiðar af þeim
- 0210.1900 – – Annað
- 0210.2000 – Kjöt af dýrum af nautgripakyni
- Annað, þar með talið ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:
- 0210.9001 – – Alifuglalifur, þurrkuð eða reykt
- 0210.9002 – – Kindakjöt, saltað
- 0210.9003 – – Kindakjöt, reykt (hangikjöt)
- Úr 0210.9009 – – Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir

- 0401 Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
- 0401.1000 – Með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1% miðað við þyngd
 - 0401.2000 – Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd
 - 0401.3000 – Með fituinnihaldi sem er meira en 6% miðað við þyngd
- 0402 Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
- 0402.1000 – Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1,5% miðað við þyngd
 - Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er meira en 1,5% miðað við þyngd:
 - 0402.2100 – – Án viðbættis sykurs eða annars sætiefnis
 - 0402.2900 – – Annað
 - Annað:
 - 0402.9100 – – Án viðbættis sykurs eða annars sætiefnis
 - 0402.9900 – – Annars
- 0403 Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:**
- Jógúrt:
 - 0403.1001 – – Kakaóblandað
 - 0403.1002 – – Blandað með ávöxtum eða hnetum
 - 0403.1003 – – Drykkjarjógúrt
 - 0403.1004 – – Bragðbætt, ót.a.
 - 0403.1009 – – Annað
 - Annað:
 - 0403.9001 – – Kakaóblandað
 - 0403.9002 – – Blandað með ávöxtum eða hnetum
 - 0403.9003 – – Drykkjarvara
 - 0403.9004 – – Bragðbætt, ót.a.
 - 0403.9009 – – Annars
- 0404 Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrlegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.:**
- 0404.1000 – Mysa og umbreytt mysu, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
 - 0404.9000 – Annað
- 0405 0405.0000 Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólk**
- 0406 Ostur og ystingur:**
- 0406.1000 – Nýr ostur (óproskaður eða ógerjaður), einnig mysuostur og ystingur
 - 0406.2000 – Hvers konar rifinn eða mulinn ostur
 - 0406.3000 – Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn
 - 0406.4000 – Gráðostur
 - 0406.9000 – Annar ostur

- 0407 0407.0000 Fuglseggr, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin**
- 0408 Fuglseggr, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**
 – Eggjarauða:
 0408.1100 – – Þurrkuð
 0408.1900 – – Önnur
 – Annað:
 0408.9100 – – Þurrkað
 0408.9900 – – Annars
- 0410 0410.0000 Ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.**
- 0602 Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkivistir; sveppagró:**
 – Annað:
 Úr 0602.9900 – – Tré og runnar, ót.a.
- 0604 Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa, og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**
 0604.9101 – – – Jólatré, án rótar; jólatrésgreinar
- 1601 Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum:**
 1601.0001 – Blóðmör og lifrarpylsa
 1601.0009 – Annað
- 1602 Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum:**
 1602.1000 – Jafnblönduð matvæli
 1602.2000 – Úr dýralifur
 – Úr alifuglum í nr. 0105:
 1602.3100 – – Úr kalkún
 1602.3900 – – Annað
 – Úr svínum:
 1602.4100 – – Læri og lærissneiðar
 1602.4200 – – Bógur og bógsneiðar
 1602.4900 – – Annað, þar með taldar blöndur
 1602.5000 – Úr nautgripum
 1602.9000 – Annars, þar með talin framleiðsla úr hvers konar dýrablóði
- 1902 Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghetí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, raviólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:**
 – Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
 1902.2002 – – Með fyllingu sem inniheldur að magni til meira en 20% miðað við þunga af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því

- 2103** **Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:**
 – Annað:
 Úr 2103.9009 – – Annars, sem inniheldur að magni til meira en 20% kjöt miðað við þunga
- 2104** **Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli:**
 – Súpur og seyði og framleiðsla í það:
 Úr 2104.1004 – – Aðrar súpur sem innihalda að magni til meira en 20% kjöt
 Úr 2104.1009 – – Annað sem inniheldur að magni til meira en 20% kjöt
 – Jafnblönduð samsett matvæli:
 2104.2001 – – Sem innihalda að magni til meira en 20% kjöt eða kjötúrgang miðað við þunga
- 2105** **Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi:**
 Úr 2105.0001 – Sem inniheldur kakaó, úr mjólkurafurðum
 Úr 2105.0009 – Annar, úr mjólkurafurðum
- 2106** **Matvæli, ót.a.:**
 2106.9049 – – Framleiðsla að meginstofni úr feiti og vatni sem inniheldur meira en 15% af smjöri eða annarri mjólkurfitu miðað við þyngd

VIÐAUKI II

- 0601** **Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoriúplöntur og síkoriúrætur, þó ekki síkoriúrætur í nr. 1212:**
 – Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í vexti eða blóma; síkoriúplöntur og síkoriúrætur:
 0601.2002 – – Pottaplöntur
 0601.2009 – – Annað
- 0602** **Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:**
 0602.1000 – Græðlingar og gróðurkvistir, án róta
 0602.2000 – Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt, sem bera æta ávexti eða hnetur
 0602.3000 – Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar
 0602.4000 – Rósir, einnig ágræddar
 – Annað:
 0602.9100 – – Sveppapræðir (Mycelium)
 0602.9900 – – Annars
- 0603** **Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:**
 – Nýtt:
 – – Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjól, og paradísarfugla-blóm:

- 0603.1001 – – – Innflutt á tímabilinu 1. desember til 30. apríl
- 0603.1002 – – – Innflutningur á öðrum tíma
- 0603.1009 – – Annars
- 0603.9000 – Annað

0604 Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa, og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:

- Annað:
- – Nýtt:
- 0604.9109 – – – Annað
- 0604.9900 – – Annars

0701 Kartöflur, nýjar eða kældar:

- 0701.1000 – Útsæði
- 0701.9000 – Aðrar

0702 Tómatar, nýir eða kældir:

- 0702.0001 – Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
- 0702.0002 – Innflutningur á öðrum tíma

0703 Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:

- 0703.9000 – Blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir

0704 Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fódurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:

- 0704.1000 – Blómkál og hnappað spergilkál
- 0704.2000 – Rósakál
- 0704.9000 – Annað

0705 Salat (*Lactuca sativa*) og síkoría (*Cichorium spp.*), nýtt eða kælt:

- Salat:
- – Salat, kálhausar (head lettuce):
- 0705.1101 – – – Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
- 0705.1102 – – – Innflutningur á öðrum tíma
- 0705.1900 – – Annað

0706 Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:

- 0706.1000 – Gulrætur og næpur
- 0706.9000 – Annað

0707 Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:

- 0707.0001 – Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 1. mars
- 0707.0009 – Innfluttar á öðrum tíma

- 0709 Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:**
- 0709.4000 – Selja, önnur en seljurót
 - Sveppir og tröfflur:
 - 0709.5100 – – Sveppir
 - 0709.5200 – – Tröfflur
 - Aldin Capsicumættarinnar eða Pimentaættarinnar:
 - 0709.6001 – – Allrahanda (pimento)
 - – Paprika:
 - 0709.6002 – – – Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
 - 0709.6003 – – – Innflutningur á öðrum tíma
 - 0709.6009 – – Önnur
 - 0709.9009 – – Annars
- 0710 Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar:**
- 0710.1000 – Kartöflur
 - Aðrar matjurtir:
 - – Paprika:
 - 0710.8001 – – – Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars
 - 0710.8002 – – – Innflutningur á öðrum tíma
 - 0710.8009 – – Annars
 - 0710.9000 – Matjurtablöndur
- 0711 Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brenni-
steinstvildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrtingi eða öðrum verndandi
upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis:**
- 0711.4000 – Gúrkur og reitagúrkur
 - Aðrar matjurtir; matjurtablöndur:
 - 0711.9001 – – Kartöflur
 - 0711.9009 – – Annað
- 0712 Þurrkaðar matjurtir, heilar, skornar, sneiddar, muldar eða steyttar
í duft, en ekki frekar unnar:**
- 0712.1000 – Kartöflur, einnig skornar eða sneiddar en ekki frekar unnar
 - 0712.3000 – Sveppir og tröfflur
 - Aðrar matjurtir; matjurtablöndur:
 - 0712.9009 – – Annars
- 1501 Hreinsuð svínafeiti (Lard); önnur svína- og alifuglafeiti, brædd,
einnig pressuð eða vökvaúrdregin:**
- Beinafeiti og úrgangsefnafeiti:
 - 1501.0011 – – Til matvælaframleiðslu
 - 1501.0019 – – Annars
 - Önnur:
 - 1501.0021 – – Til matvælaframleiðslu
 - 1501.0029 – – Annars

- 1502 Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum, hrá eða brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin:**
 – Beinafeiti og úrgangsefnafeiti:
 1502.0011 – – Til matvælaframleiðslu
 1502.0019 – – Annars
 – Annað:
 1502.0021 – – Til matvælaframleiðslu
 1502.0029 – – Annars
- 1503 Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleólía og tólgarolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt:**
 1503.0001 – Til matvælaframleiðslu
 1503.0009 – Annars
- 1506 Önnur dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:**
 1506.0001 – Dýraolíur og efnisþættir þeirra
 1506.0009 – Annað
- 1517 Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til mannelis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til mannelis eða þættir þeirra í nr. 1516:**
 – Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:
 – – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga:
 1517.1011 – – – Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna
 1517.1019 – – – Annars
 – Annað:
 1517.9002 – – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga
- 1901 Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fin- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaóduft eða inniheldur kakaó sem að magni til er innan við 50% miðað við þunga, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakaóduft eða innihalda kakaóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga, ót.a.:**
 – – Sem innihalda samanlagt 3% eða meira af nýmjólkurdufti, undanrennufti, eggjum, mjólkurfitu (svo sem smjöri), osti eða kjöti:
 1901.2023 – – – Blöndur og deig, með kjötinnihaldi til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítsur (pizza), í nr. 1905.9051
 1901.2024 – – – Blöndur og deig, með öðru innihaldi en kjöti, til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítsur (pizza) í nr. 1905.9059
- 1902 Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, raviólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:**
 – Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
 Úr 1902.2009 – – Önnur, sem inniheldur kjöt

- Úr 1902.3000 – Önnur pasta sem inniheldur kjöt
 Úr 1902.4000 – Couscous sem inniheldur kjöt
- 1904** **Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt:**
- Úr 1904.9000 – Annað sem inniheldur kjöt
- 1905** **Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaóí; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur:**
 -- Bökur, þ.m.t. pítsur (pizza):
 1905.9051 --- Sem innihalda kjöt
 1905.9059 --- Aðrar
- 2001** **Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru:**
 2001.9003 -- Kartöflur og vörur úr þeim, ót.a.
- 2004** **Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar:**
 -- Kartöflur:
 2004.1001 -- Fín- eða grófmalaðar eða flögur
 2004.1009 -- Aðrar
 -- Aðrar matjurtir og matjurtablöndur:
 2004.9009 -- Annars
- 2005** **Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar:**
 -- Kartöflur:
 2005.2001 -- Fín- eða grófmalaðar eða flögur
 2005.2002 -- Nasl, svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h.
 2005.2009 -- Aðrar
- 2103** **Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:**
 -- Annað:
 2103.9009 -- Annars
- 2104** **Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli:**
 -- Súpur og seyði og framleiðsla í það:
 2104.1004 -- Aðrar súpur
 2104.1009 -- Annað
 -- Jafnblönduð samsett matvæli:
 2104.2001 -- Sem innihalda kjöt eða kjötúrgang

- 2106 Matvæli, ót.a.:**
 -- Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:
 Úr 2106.9029 --- Önnur sem innihalda að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk
 Úr 2106.9059 -- Annað sem inniheldur að einhverju leyti smjör, aðra fitu, olíu eða eggjahvítu úr mjólk
- 2202 Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:**
 -- Annað:
 2202.9001 -- Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða
 2202.9009 -- Annars

Gjört í Reykjavík, 15. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um breyting á lögum nr. 21 5. maí 1990, um lögheimili.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný svohljóðandi málsgrein:

Manni, sem flyst á dvalarheimili aldraðra, er heimilt í allt að 18 mánuði frá flutningi að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu í áður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

HÚSALEIGULÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið laganna o.fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga sem fjalla um afnot af húsi eða hluta af húsi gegn endurgjaldi, þar á meðal um framleigu húsnæðis.

Lögin gilda bæði um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sé húsnæði bæði leigt til íbúðar og til annarra nota gilda um slíka samninga ákvæði laganna um íbúðarhúsnæði. Ákvæði laganna, sem fjalla samkvæmt orðanna hljóðan um íbúðarhúsnæði, gilda um atvinnuhúsnæði eftir því sem við getur átt og að því leyti sem lögin hafa ekki að geyma sérreglur um slíkt húsnæði.

Lögin gilda enn fremur um afnot húsnæðis samkvæmt vinnusamningi eða viðauka við slíkan samning.

Lögin gilda þótt endurgjaldið skuli að öllu leyti eða að hluta greiðast með öðru en peningum, svo sem með vinnuframlagi.

Sé um að ræða samninga sem með öðru fjalla um afnot húsnæðis gegn endurgjaldi þá gilda lögin um þá að því tilskildu að sá þáttur sé meginatriði þeirra.

Fjalli samningur enn fremur um land sem nýta á í tengslum við afnot af húsnæði skal fara um slíkan samning samkvæmt lögum þessum nema um landbúnaðarafnot sé að ræða.

Lög þessi gilda ekki um samninga hótela, gistihúsa og sambærilegra aðila við gesti sína. Þá gilda ákvæði laga þessara ekki um skammtímaleigu á húsnæði, svo sem orlofsheimilum, sumarhúsum, samkomuhúsum, íþróttasölum, herbergjum eða geymsluhúsnæði, þegar leigugjald er miðað við viku, sólarhring eða skemmri tíma.

Loks gilda lög þessi ekki um samninga um afnot húsnæðis sem sérstakar reglur gilda um samkvæmt öðrum lögum.

2. gr.

Óheimilt er að semja um að leigjandi íbúðarhúsnæðis taki á sig ríkari skyldur og öðlist minni réttindi en lögin mæla fyrir um nema ákvæði laganna hafi að geyma sérstök frávik þess efnis.

Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði eru hins vegar frávikjanleg og gilda þau því aðeins um slíkt húsnæði að ekki sé á annan veg samið.

Sé íbúðarhúsnæði leigt til ákveðinna hópa, svo sem námsmanna, aldraðra eða öryrkja, þar sem sérstakar aðstæður kalla á aðra skipan en lögin mæla fyrir um, er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt, vegna sérstaks eðlis eða tilgangs starfseminnar, að víkja frá einstökum ákvæðum laganna með samningi.

3. gr.

Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við karl og konu sem búa saman og eru bæði ógift ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár eða annað sambúðarform tveggja einstaklinga ef sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.

II. KAFLI Leigusamningur.

4. gr.

Leigusamningur um húsnæði skal vera skriflegur.

Húsnæðisstofnun ríkisins lætur gera sérstök eyðublöð, eitt fyrir leigusamning um íbúðarhúsnæði og annað fyrir leigusamning um atvinnuhúsnæði, svo og eyðublöð fyrir úttektaryfirlýsingar og sýnishorn af uppsögnum og öðrum tilkynningum sem samkvæmt lögum þessum skulu vera skriflegar. Eyðublöðin skulu liggja frammi almenningi til afnota á skrifstofum sveitarfélaga eða húsnæðisnefnda, hjá samtökum leigjenda og leigusala, Húsnæðisstofnun ríkisins og annars staðar þar sem ástæða þykir til.

Húsnæðisstofnun ríkisins getur ákveðið hæfilegt endurgjald fyrir eyðublöðin sem dreifingaraðila er skylt að innheimta. Dreifingaraðila er heimilt að áskilja sér hæfilega þóknun úr hendi viðtakanda eyðublaða og sýnishorna.

5. gr.

Heimilt er félagsmálaráðuneyti að staðfesta eyðublöð skv. 4. gr. sem samtök leigjenda eða leigusala, sveitarstjórnir, félagasamtök eða aðrir þeir sem leigja út húsnæði kunna að láta gera, enda sé staðfesting ráðuneytisins skráð á þau.

6. gr.

Í leigusamningi skal m.a. koma fram:

1. Nöfn, heimilisföng og kennitölur samningsaðila.
2. Greinargóð lýsing á hinu leigða, sbr. m.a. 38. gr.
3. Sá eignarhluti fjölbýlishúss eða fasteignar sem leigjanda er leigður.
4. Hvort samningur sé tímabundinn eða ótímabundinn.
5. Fjárhæð húsaleigu og hvort og hvernig hún skuli breytast á leigutímanum.
6. Hvar og hvernig greiða skuli leiguna.
7. Hvort leigjandi skuli setja tryggingu og með hvaða hætti.
8. Hvort úttekt á hinu leigða skuli fara fram við afhendingu.
9. Forgangsréttur leigjanda skv. X. kafla.
10. Sérákvæði ef um þau er samið og lög heimila.

7. gr.

Nú er leigusala ekki mögulegt að sinna skyldum sínum gagnvart leigjanda, svo sem vegna langvarandi fjarvista eða sjúkleika, og er honum þá skylt að hafa umboðsmann sem leigjandi getur snúið sér til. Skal nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns koma fram í leigusamningi.

8. gr.

Allar breytingar á leigusamningi eða viðbætur við hann, sem heimilar eru samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar skriflega og undirritaðar af aðilum samningsins.

Ef annar hvor aðila þarf samkvæmt ákvæðum laga þessara eða leigusamningi að fá samþykki hins getur hann krafist þess að fá það staðfest skriflega.

9. gr.

Leigusamning má ýmist gera til ákveðins tíma eða ótímabundinn.

Leigusamningur telst ótímabundinn nema um annað sé ótvírætt samið. Um ótímabundna leigusamninga gilda ákvæði 56. gr. um uppsagnir og uppsagnarfresti.

Sé leigusamningur tímabundinn lýkur honum án sérstakrar uppsagnar nema um annað sé samið, sbr. 58. gr.

Um tímabundna og ótímabundna leigusamninga gilda ákvæði X. kafla um forgangsrétt leigjanda.

10. gr.

Hafi aðilar vanrækt að gera skriflegan leigusamning teljast þeir hafa gert ótímabundinn leigusamning og gilda öll ákvæði laganna um réttarsamband þeirra.

Upphæð leigunnar ákveðst þá sú fjárhæð sem leigusali getur sýnt fram á að leigjandi hafi samþykkt.

11. gr.

Um heimild til að víkja húsaleigusamningi til hliðar í heild eða að hluta eða til að breyta honum, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, gilda ákvæði laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

12. gr.

Réttindi leigjanda, sem byggjast á eða leiðir af ákvæðum laga þessara, eru gild gagnvart sérhverjum án þinglýsingar, sbr. þó ákvæði 2. mgr.

Að öðru leyti fer það eftir ákvæðum þinglýsingalaga hvaða réttindi leigjanda, hvenær og gagnvart hverjum eru háð þinglýsingu.

Leigjandi, sem með samningi öðlast víðtækari réttindi en 1. og 2. mgr. mæla fyrir um og vill tryggja þau, getur látið þinglýsa samningnum.

Er leigutíma lýkur skal leigjandi láta aflýsa hinum þinglýsta samningi. Hafi hann ekki látið gera það í síðasta lagi innan viku þar frá skal samningi aflýst að kröfu leigusala.

13. gr.

Þurfi aðili leigusamnings vegna fyrirmæla laga þessara að koma á framfæri við gagnaðila skriflegri orðsendingu, hverju nafni sem hún nefnist, þá skal hún send af stað með sannanlegum og tryggilegum hætti og innan þeirra tímamarka eða fresta sem mælt er fyrir um ef því er að skipta. Sé þess gætt þá hefur orðsendingin þá þýðingu og þau réttaráhrif sem henni er ætlað að hafa, jafnvel þótt hún komi afbökud, of seint eða alls ekki til viðtakanda.

III. KAFLI

Ástand hins leigða húsnæðis.

14. gr.

Leiguhúsnæði skal, þegar það er afhent leigjanda, vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess og staðsetningu.

Húsnæðið skal við afhendingu vera hreint, rúður heilar, læsingar og rofar virkir, hreinlætis-, hitunar- og eldhústæki í lagi, sem og vatns- og frárennslislagnir.

Húsnæði, sem leigt er til íbúðar, skal fylgja það fylgifé sem var til staðar við sýningu þess sé eigi sérstaklega um annað samið.

15. gr.

Spillist leiguhúsnæði fyrir upphaf leigutíma þannig að það verði óhæft til fyrirhugaðra nota fellur leigusamningurinn úr gildi.

Leigjandi á þá ekki rétt til bóta nema spjöllin séu sök leigusala sjálfs eða hann vanræki að gera leigjanda viðvart um þau.

16. gr.

Nú kemur í ljós að hið leigða húsnæði er ekki í því ástandi sem leigusamningur greinir eða leigjandi hlaut að mega gera ráð fyrir og skal leigjandi þá innan eins mánaðar frá afhendingu gera leigusala skriflega grein fyrir aðfinnslum sínum og segja til um hverra úrbóta er krafist. Að öðrum kosti telst leigjandi una húsnæðinu.

Leigjandi skal segja til um galla, sem síðar koma fram á húsnæðinu og voru ekki sýnilegir við venjulega athugun, innan 14 daga frá því hann varð þeirra var.

17. gr.

Geri leigusali ekki innan eins mánaðar ráðstafanir til að bæta úr annmörkum á húsnæðinu er leigjanda heimilt að ráða bót á þeim og draga frá leigunni þann kostnað sem af því hlýst, enda hafi hann fyrst aflað samþykkis byggingarfulltrúa, sbr. XIV. kafla.

Hafi leigusali ekki sinnt réttmætri kröfu leigjanda um úrbætur innan tveggja mánaða frá því hún barst honum og leigjandi ekki neytt réttar síns skv. 1. mgr. er leigjanda heimilt að rifta leigusamningnum, enda sé um verulega annmarka að tefla miðað við fyrirhuguð not leigjanda af húsnæðinu.

Leigjandi á kröfu til hlutfallslegrar lækkunar á leigu meðan eigi hefur verið bætt úr annmörkum á hinu leigða húsnæði.

Lækkun leigunnar metur byggingarfulltrúi, en rétt er þó aðilum að bera álit hans undir kærunefnd húsaleigumála, sbr. 85. gr.

IV. KAFLI

Viðhald leiguhúsnæðis.

18. gr.

Leigjanda er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess.

Verði hið leigða húsnæði eða fylgifé þess fyrir tjóni af völdum leigjanda, heimilismanna eða annarra manna sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það skal leigjandi gera ráðstafanir til að bæta úr tjóninu svo fljótt sem verða má. Ef leigjandi vanrækir þessar skyldur sínar er leigusala heimilt að láta fara fram viðgerð á kostnað leigjanda. Áður skal þó leigusali veita leigjanda frest í einn mánuð til þess að ljúka viðgerðinni. Áður en leigusali lætur framkvæma viðgerðina skal hann leita álits byggingarfulltrúa og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

Skylt er leigjanda í tilvikum þeim, sem fjallað er um í 2. mgr., að sæta umgangi viðgerðarmanna án leigulækkunar enda þótt afnot hans takmarkist um tíma vegna viðgerðarinnar.

19. gr.

Leigusali annast viðhald hins leigða, innan húss sem utan, sbr. þó 3. mgr.

Leigusali skal annast viðgerðir á gluggum, raftækjum, hreinlætistækjum og öðru því er fylgir húsnæðinu ef leigjandi sýnir fram á að bilanir verði ekki raktar til vanrækslu eða yfirsjónar leigjanda eða fólks á hans vegum.

Leigjanda er skylt að annast á sinn kostnað viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu.

Leigusali skal jafnan halda hinu leigða húsnæði í leiguhæfu ástandi, m.a. með því að láta mála húsnæðið og endurnýja gólfduka þess, teppi og annað slitlag með hæfilegu millibili, eftir því sem góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um.

Tjón á hinu leigða, sem er bótaskyld samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar, skal leigusali ætíð bera ef um íbúðarhúsnæði er að ræða.

20. gr.

Telji leigjandi viðhaldi af hálfu leigusala ábótavant skal leigjandi skora á leigusala að bæta úr og gera grein fyrir því sem hann telur að úrbóta þarfnist.

Sinni leigusali ekki kröfum leigjanda um úrbætur innan tveggja mánaða er leigjanda heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigusala og draga kostnaðinn frá leigugreiðslum eða krefja leigusala um kostnaðinn sérstaklega. Leigjanda ber þó, áður en vinna hefst, að leita álits byggingarfulltrúa á nauðsyn hennar og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

21. gr.

Viðgerðar- og viðhaldsvinnu alla skal leigusali láta vinna fljótt og vel svo að sem minnstri röskun valdi fyrir leigjanda.

Leiði viðgerðar- eða viðhaldsvinna á vegum leigusala til verulega skertra afnota eða afnotamissis að mati byggingarfulltrúa skal leigusali bæta leigjanda það með hlutfallslegum afslætti af leigugjaldi eða á annan þann hátt er aðilar koma sér saman um. Verði aðilar ekki ásáttir um bætur eða afslátt geta þeir leitað álits byggingarfulltrúa, en heimilt er aðilum að bera álit hans undir kærunefnd húsaleigumála, sbr. 85. gr.

22. gr.

Í leigusamningum um íbúðarhúsnæði er heimilt að semja sérstaklega um að leigjandi annist á sinn kostnað að hluta eða öllu leyti það viðhald innan íbúðar sem leigusala ber að annast samkvæmt kafla þessum, enda lækki leigugjaldið að sama skapi. Í slíkum tilvikum skal þess nákvæmlega getið í leigusamningnum til hvaða atriða viðhaldsskylda leigjanda nær.

V. KAFLI

Reksturskostnaður.

23. gr.

Reksturskostnaði af leigðu húsnæði skal þannig skipt að leigjandi greiðir kostnað af notkun vatns og rafmagns og jafnframt hitunarkostnað, en leigusali greiðir öll fasteignagjöld, þar með talið fasteignaskatt og tryggingaiðgjöld.

Í fjölbýlishúsum skal leigjandi enn fremur greiða allan kostnað vegna hitunar, lýsingar og vatnsnotkunar í sameign, svo og kostnað við ræstingu og aðra sameiginlega umhirðu hennar. Leigusali skal greiða framlag til sameiginlegs viðhalds, þar á meðal vegna lyftubúnaðar, svo og kostnað vegna endurbóta á lóð eða húseign og kostnað við hústjórn.

Ef leigjandi óskar þess skal leigusali eða húsfélag láta leigjanda í té sundurliðun á þeim kostnaðarþáttum húsgjalds er leigjandi greiðir.

Þar sem veitustofnanir innheimta sérstakt gjald fyrir leigu á mælum eða öðrum slíkum búnaði sem þær leggja til skal leigjandi greiða það gjald. Leigusali skal greiða fasteignagjöld eða árgjöld slíkra stofnana, sem reiknast af matsverði húsnæðis, rúmfangi þess eða öðrum slíkum gjaldstofnum, án beinna tengsla við vatns- eða orkukaup.

Heimilt er að víkja frá þessari skiptingu, enda séu slík frávik skilmerkilega greind í leigusamningi.

24. gr.

Þegar þjónusta sú, sem leigjandi skal greiða, er seld sameiginlega til fleiri aðila skal kostnaði skipt í samræmi við ákvæði laga eða samninga um skiptingu afnotaréttar þar sem hann er sameiginlegur, en ella samkvæmt hlutfallstölum í skiptayfirlýsingu. Hafi slík yfir-

lýsing ekki verið gerð skal kostnaði skipt eftir eignarhluta íbúða í samræmi við ákvæði laga um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum.

25. gr.

Leggi leigusali út rekstursgjöld þau, sem leigjandi skal greiða skv. 23. gr., falla þau í gjalddaga á næsta greiðsludegi húsaleigu. Leggi leigjandi út rekstursgjöld sem leigusala ber að greiða skal honum heimilt að draga þann kostnað frá næstu leigugreiðslu.

26. gr.

Þegar ráðist er í að tengja leiguhúsnæði við hitaveitu eða fjarvarmaveitu eða í aðrar endurbætur á húsnæðinu sem lækka reksturskostnað þess fyrir leigjanda er leigusala heimilt að hækka umsamda húsaleigu um allt að helmingi þeirrar upphæðar er nemur sparnaði leigjanda í reksturskostnaði af völdum slíkrar breytingar.

Hafi leigusali fengið beinan útlagðan kostnað sinn af endurbótum skv. 1. mgr. endurgreiddan skal lækkun reksturskostnaðarins eftir það koma báðum aðilum til góða að jöfnu til loka leigutímans.

VI. KAFLI

Afnot leiguhúsnæðis.

27. gr.

Óheimilt er leigjanda að nota leiguhúsnæði á annan hátt en um er samið í leigusamningi. Leigusali getur þó ekki borið fyrir sig frávik frá ákvæði þessu sem ekki hafa þýðingu fyrir hann eða aðra þá sem í húsinu búa eða starfa.

28. gr.

Leigjanda er óheimilt að framkvæma breytingar eða endurbætur á hinu leigða húsnæði eða búnaði þess, nema að fengnu samþykki leigusala og gerðu samkomulagi um skiptingu kostnaðar og hvernig með skuli fara að leigutíma loknum. Að öðrum kosti eignast leigusali endurbæturnar án sérstaks endurgjalds við lok leigutímans nema hann kjósi þá eða áður að krefjast þess að leigjandi komi hinu leigða í upphaflegt horf, sbr. 66. gr.

29. gr.

Leigjandi skal í hvívetna fara með leiguhúsnæðið á þann hátt sem samræmist góðum venjum um meðferð húsnæðis og fyrirhuguðum notum þess.

Leigjandi skal án tafar tilkynna leigusala um þau atriði utan húss eða innan sem þarfnast lagfæringar eða viðhalds.

30. gr.

Leigjanda er skylt að ganga vel og snyrtilega um hið leigða húsnæði og gæta settra reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og heilbrigði.

Leigjandi skal fara að viðteknum umgengnisvenjum og gæta þess að raska ekki eðlilegum afnotum annarra þeirra er afnot hafa af húsinu eða valda þeim óþægindum eða ónæði.

Hafi umgengnisreglur verið settar í fjölbýlishúsi er leigjanda skylt að fara eftir þeim, enda skal kynna leigjanda slíkar reglur.

Leigusala er skylt að hlutast til um að aðrir þeir sem afnot hafa af húsi því sem hið leigða húsnæði er í fari að settum umgengnisreglum og gæti að öðru leyti ákvæða þessa kafla á þann veg að hagsmunir leigjanda séu tryggðir.

31. gr.

Leigjanda verslunar- eða veitingahúsnæðis er skylt að halda uppi eðlilegum daglegum rekstri á viðtekinn hátt, nema þegar sérstakar ástæður gera lokun nauðsynlega.

32. gr.

Sé hið leigða í húsi sem fellur undir ákvæði laga um fjölbýlishús ná ákvæði þessa kafla bæði til séreignar sem samningur tekur til og eftir atvikum sameignar bæði utan húss og innan.

VII. KAFLI

Greiðsla húsaleigu. Tryggingar.

33. gr.

Húsaleigu skal greiða fyrsta dag hvers mánaðar fyrir fram fyrir einn mánuð í senn nema um annað sé samið. Ef gjalddaga leigu ber upp á almennan frídag skal hann vera næsti virki dagur þar á eftir.

Húsaleigu og annað endurgjald, sem leigjanda ber að greiða, skal greiða á umsömdum stað, en annars á heimili leigusala, vinnustað hans eða öðrum þeim stað sem hann tiltekur innan lands.

Leigjanda er þó ávallt heimilt að inna greiðslu af hendi í banka eða senda í pósti með sannanlegum hætti. Greiðsla með þeim hætti telst þá greidd á réttum greiðslustað og þann dag sem hún er innt af hendi í bankanum eða pósthúsinu.

Nú hefur leigjandi eigi gert skil á leigunni innan sjö sólarhringa frá gjalddaga og er þá leigusala rétt að krefjast hæstu lögleyfðu dráttarvaxta af henni til greiðsludags.

34. gr.

Semji aðilar leigusamnings um íbúðarhúsnæði um fyrirframgreiðslu á húsaleigu fyrir lengri tíma en þrjá mánuði hvort heldur í upphafi eða síðar á leigutímanum þá hefur það þær afleiðingar að leigjandi öðlast kröfu um leigurétt í þrefaldan þann tíma sem hann greiddi fyrir. Gildir þetta jafnt þótt samið hafi verið um skemmri leigutíma.

Hafi leigjandi íbúðarhúsnæðis reitt fram tryggingarfé skv. 4. tölul. 1. mgr. 40. gr. þá er óheimilt að krefja hann jafnframt um húsaleigu fyrir fram fyrir lengri tíma en einn mánuð.

Leigjandi skal setja fram við leigusala skriflega kröfu um ákveðinn eða framlengdan leigutíma á grundvelli 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að greiðslan fór fram. Að öðrum kosti fellur þessi réttur hans niður. Skal hann í bréfi sínu gefa leigusala kost á að endurgreiða fyrirframgreiðslu umfram þriggja mánaða leigu ásamt dráttarvöxtum. Endurgreiði leigusali innan 10 daga frá því að hann fékk kröfuna hefur fyrirframgreiðslan ekki þau réttaráhrif sem greinir í 1. mgr.

35. gr.

Ef leigjandi afhendir leigusala skuldabréf, víxla, tékka eða annars konar viðskiptabréf til greiðslu á leigu fram í tímann, þá telst það vera fyrirframgreiðsla skv. 34. gr. með þeim takmörkunum og lögfylgjum sem þar greinir.

Greiðsla á leigu með þeim hætti, sem um ræðir í 1. mgr., telst, nema annað sannist vera, móttækin af leigusala á þeirri forsendu að staðið verði í skilum með greiðslur á réttum gjalddögum. Ef sú forsenda brestur og vanskil verða er leigusala heimilt að beita vanefndaúrræðum gagnvart leigjanda samkvæmt lögum þessum, þar á meðal riftun skv. 1. tölul. 61. gr.

36. gr.

Þegar leigjandi á rétt til frádráttar frá leigugreiðslu, svo sem vegna ófullnægjandi ástands húsnæðis í upphafi leigutíma skv. 17. gr., vegna viðgerðar sem hann hefur framkvæmt á kostnað leigusala skv. 20. gr. eða vegna skerðingar á afnotarétti skv. 21. gr. skal hann framvísa reikningi sínum ásamt fylgigögnum og með árituðu samþykki byggingarfulltrúa við leigusala á næsta gjalddaga leigugreiðslu.

Ákvörðun leigusala um að bera lögmæti slíks reiknings undir úrskurð dómstóla leysir hann ekki undan þeirri skyldu að meta reikninginn til bráðabirgða jafngildi réttmætrar leigugreiðslu.

Heimild leigusala til að bera réttmæti reiknings undir dómstóla fellur niður hafi mál eigi verið höfðað innan þriggja mánaða frá því að leigjandi framvísaði reikningnum eða matsgerð lýkur, ef ákvörðun byggingarfulltrúa hefur verið borin undir dómkvadda matsmenn.

37. gr.

Aðilum er frjálst að semja um fjárhæð húsaleigu og hvort og þá með hvaða hætti hún skuli breytast á leigutímanum. Leigufjárhæðin skal þó jafnan vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila.

38. gr.

Þegar leigufjárhæð er ákvörðuð miðað við fermetrafjölda hins leigða húsnæðis þá skal tilgreina í leigusamningi á hvaða forsendum stærðarútreikningur þess byggir. Sé það eigi gert og aðila greinir á skal til grundvallar leggja þær forsendur og þá aðferð sem venjulegust er. Getur sá aðili, sem telur á rétt sinn hallað, krafist endurútreiknings á stærðinni og leiðréttinga á leigugjaldinu sem af því leiðir.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett fyrirmæli um stærðarútreikninga leiguhúsnæðis sem þá ber að byggja á og miða við nema skýr og ótvíræð samningsákvæði mæli á annan veg.

39. gr.

Áður en afhending hins leigða húsnæðis fer fram er leigusala rétt að krefjast þess að leigjandi setji honum tryggingu fyrir réttum efndum á leigusamningnum, þ.e. fyrir leigugreiðslum og skaðabótum vegna tjóns á hinu leigða sem leigjandi ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara eða almennum reglum.

40. gr.

Trygging skv. 39. gr. getur verið með einhverjum eftirfarandi hætti:

1. Abyrgðaryfirlýsing banka eða samsvarandi aðila (bankaábyrgð).
2. Sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila, eins eða fleiri.
3. Leigugreiðslu- og viðskilnaðartrygging sem leigjandi kaupir hjá viðurkenndu tryggingafélagi.
4. Tryggingarfé sem leigjandi greiðir til leigusala og hann varðveitir. Leigusali má ekki ráðstafa fénu eða taka af því án samþykkis leigjanda nema genginn sé dómur um bótaskyldu leigjanda. Þó er leigusala jafnan heimilt að ráðstafa tryggingarfénu til greiðslu á vangoldinni leigu, bæði á leigutímanum og við lok leigutímans. Tryggingarfé í vörslu leigusala skal vera verðtryggt, en ber ekki vexti. Að leigutíma loknum skal leigusali segja til þess svo fljótt sem verða má hvort hann gerir kröfu í tryggingarfé eða hefur uppi áskilnað um það. Ella skal hann skila leigjanda tryggingarfénu ásamt verðbótum án ástæðulauss dráttar. Leigusala er aldrei heimilt að halda tryggingarfénu í sinni

vörslu án þess að gera kröfu í það lengur en í tvo mánuði frá skilum húsnæðisins, sbr. 1. mgr. 64. gr.

5. Önnur trygging en greinir í 1.–4. tölul. sem leigjandi býður fram og leigusali metur gilda og fullnægjandi.

Fjárhæð eða hámark tryggingar eða ábyrgðar skv. 1.–3. tölul. og 5. tölul. 1. mgr. fer eftir samkomulagi aðila, en tryggingarfé skv. 4. tölul. 1. mgr. má eigi nema hærri fjárhæð en sem svarar þriggja mánaða húsaleigu.

Leigusali getur valið á milli tryggingarkosta skv. 1. mgr., en leigjanda er þó rétt að hafna því að reida fram tryggingarfé skv. 4. tölul. 1. mgr., enda bjóði hann þá fram í staðinn annars konar tryggingu sem að mati leigusala er fullnægjandi.

Trygging eða ábyrgð skv. 1.–3. tölul. og 5. tölul. 1. mgr. fellur niður og úr gildi að liðnum tveimur mánuðum frá skilum húsnæðisins nema leigusali hafi gert kröfu, sem undir hana fellur, innan þess tíma, sbr. 1. mgr. 64. gr. Þegar trygging eða ábyrgð er niður fallin samkvæmt þessari málsgrein skal leigusali skila í hendur leigjanda viðskiptabréfum eða öðrum skilríkjum sem hann hefur afhent fyrir tryggingunni og leigjandi hefur lögvarða eða sanngjarna ástæðu fyrir að fá aftur.

Þegar trygging er sett skv. 1.–3. tölul. og 5. tölul. 1. mgr. skal leigusali gæta þess að því marki sem eðlilegt og sanngjarnt má telja að gera ábyrgðar- og tryggingaraðilum viðvart um vanefndir leigjanda og önnur þau atriði sem varðað geta hagsmuni þeirra og ábyrgð.

VIII. KAFLI

Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði.

41. gr.

Leigusali á rétt á aðgangi að hinu leigða húsnæði með hæfilegum fyrirvara og í samráði við leigjanda þannig að hvorki fari í bága við hagsmuni hans né leigjanda til að láta framkvæma úrbætur á hinu leigða og til eftirlits með ástandi þess og meðferð. Leigusala er þó aldrei heimill aðgangur að hinu leigða húsnæði þegar leigjandi eða umboðsmaður hans er ekki viðstaddur, nema að fengnu samþykki leigjanda.

Á sex síðustu mánuðum leigutímabils er leigusala heimilt, sbr. 1. mgr., að sýna hið leigða ákveðinn tíma á dag, þó ekki meira en tvær stundir hverju sinni, væntanlegum kaupendum eða leigjendum, en jafnan skal tilkynna slíka heimsókn með minnst eins sólarhrings fyrirvara. Við slíka sýningu húsnæðisins skal leigjandi eða umboðsmaður hans jafnan vera viðstaddur. Aðilum er þó heimilt að semja sín á milli um aðra tilhögun.

IX. KAFLI

Sala leiguhúsnæðis, framsal leiguréttar, framleiga o.fl.

42. gr.

Sala leiguhúsnæðis er ekki háð samþykki leigjanda. Leigusala er því heimilt að framselja eignarrétt sinn að hinu leigða húsnæði og þar með réttindi sín og skyldur gagnvart leigjanda samkvæmt lögum þessum og leigusamningi.

Við slíkt framsal er hinn upphaflegi leigusali almennt laus mála gagnvart leigjanda og kaupandinn kemur í einu og öllu í hans stað að því leyti.

Sé ekki um annað samið yfirtekur kaupandi miðað við umsaminn afhendingardag öll réttindi og tekur á sig allar skyldur seljanda gagnvart leigjandanum.

Réttarstaða leigjanda er almennt óbreytt og hin sama þrátt fyrir eigendaskiptin, skyldur hans aukast ekki og réttindi hans minnka ekki.

Þegar eigendaskipti að leiguhúsnæði verða við gjaldþrot leigusala eða nauðungarsölu gilda sérreglur samkvæmt gjaldþrotalögum og lögum um nauðungarsölu sem fela í sér undantekningar frá ofangreindum meginreglum.

43. gr.

Þegar leiguhúsnæði er selt skal upphaflegur leigusali tilkynna leigjanda söluna og eigendaskiptin með sannanlegum hætti án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en 30 dögum frá því að kaupsamningur var undirritaður.

Í þeirri tilkynningu skal greina nafn, heimilisfang og kennitölu hins nýja eiganda, við hvaða tíma eigendaskiptin eru miðuð gagnvart leigjanda, hvernig leigugreiðslum skuli háttað og önnur þau atriði og atvik sem nauðsynlegt er að leigjandi fái vitneskju um.

Leigjanda er rétt að greiða leigu og beina öllum erindum, kvörtunum og ákvæðum varðandi hið leigða til upphaflegs leigusala þar til hann hefur fengið tilkynningu um annað skv. 1. og 2. mgr.

44. gr.

Óheimilt er leigjanda að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Það telst ekki framsal á leigurétti eða framleigja þótt leigjandi heimili nákomnum skyldmennum eða venslamönnum sínum búsetu í hinu leigða húsnæði ásamt sér eða fjölskyldu sinni, enda haldist fjöldi heimilisfólks innan eðlilegra marka miðað við stærð og gerð leiguhúsnæðisins.

45. gr.

Nú deyr leigjandi áður en leigutíma er lokið og er þá dánarbúi leigjanda heimilt að segja leigusamningi upp með venjulegum fyrirvara enda þótt leigusamningur hafi verið gerður til lengri tíma. Eftirlifandi maka, skyldmennum og venslamönnum, sem voru heimilismenn leigjanda við andlát hans eða höfðu framfæri af atvinnustarfsemi sem stunduð var í húsnæðinu og vilja taka við leigusamningnum með réttindum og skyldum, er heimilt að ganga inn í leigusamninginn í stað hins látna nema af hendi leigusala séu færðar fram gildar ástæður er mæla því gegn.

46. gr.

Nú flytur leigjandi úr húsnæði sem hann hefur gert leigusamning um og er þá maka hans, sem verið hefur samvistum við hann í húsnæðinu, rétt að halda leigusamningi áfram með sama hætti og segir í 45. gr.

47. gr.

Þegar hjón hafa sameiginlega á leigu íbúðarhúsnæði, en hjúskap þeirra lýkur, skal fara um leiguréttindi eftir ákvæðum hjúskaparlaga.

Það hjóna, sem hefur aðallega vegna atvinnu sinnar afnot af atvinnuhúsnæði, skal hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu á því án tillits til þess hvort þeirra undirritaði leigusamning.

Um rétt leigusala til að segja upp leigusamningi vegna hjúskaparslita gilda lokaákvæði 45. gr., eftir því sem við á.

48. gr.

Annað hjóna getur ekki, svo bindandi sé, afsalað þeim rétti sem hinu er með ákvæðum þessa kafla áskilinn til yfirtöku á leigusamningi.

49. gr.

Nú deyr leigjandi að atvinnuhúsnæði en dánarbú hans ákveður að selja atvinnustarfsemi sem þar var stunduð og getur leigusali þá ekki reist uppsögn leigusamnings eða kröfu um breytingu á efni hans á þeim atvikum sérstaklega, enda sé söluverðmæti slíkrar atvinnustarfsemi háð áframhaldandi afnotum af hinu leigða húsnæði og að notkun þess haldist óbreytt áfram. Sama gildir eftir því sem við á ef ástæða fyrir sölu á atvinnustarfsemi er sambúðar- eða hjúskaparslit eða gjaldþrot leigjanda.

50. gr.

Þegar leigjandi er starfsmaður leigusala og hefur fengið íbúðarhúsnæði á leigu vegna þess starfs fellur leigusamningur niður án sérstakrar uppsagnar ef leigjandi lætur af störfum að eigin ósk, er löglega vikið úr starfi vegna brota í því eða vegna þess að fyrir fram umsömdum ráðningartíma er lokið.

X. KAFLI

Forgangsréttur leigjanda.

51. gr.

Leigjandi íbúðarhúsnæðis skal að umsömdum leigutíma loknum hafa forgangsrétt til leigu þess, svo fremi sem húsnæðið er falt til áframhaldandi leigu í a.m.k. eitt ár.

Forgangsréttur leigjanda gildir ekki:

1. Ef um einstaklingsherbergi er að ræða.
2. Ef hið leigða húsnæði er í sama húsi og leigusali býr í sjálfur.
3. Ef íbúð er leigð með húsgögnum að öllu eða verulegu leyti.
4. Ef leigusali tekur húsnæðið til eigin nota.
5. Ef leigusali ráðstafar eða hyggst ráðstafa húsnæðinu til a.m.k. eins árs til skyldmenna í beinan legg, kjörbarna, fósturbarna, systkina, systkinabarna eða tengdaforeldra.
6. Ef leigusali hyggst selja húsnæðið á næstu sex mánuðum eftir lok leigutímans. Sé sala þess fyrirhuguð á þeim tíma eða næstu sex mánuðum þar á eftir er aðilum heimilt, þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara, að semja um lok leigutíma með ákveðnum skilyrðum og rýmingu þegar húsnæðið verður afhent nýjum eiganda. Hyggist nýr eigandi leigja húsnæðið út áfram skal leigjandi eiga forgangsrétt að því, en með þeim sömu takmörkunum og gilda samkvæmt öðrum tölulíðum þessarar málsgreinar.
7. Ef verulegar viðgerðir, endurbætur eða breytingar, sem gera húsnæðið óíbúðarhæft að mati byggingarfulltrúa um a.m.k. tveggja mánaða skeið, eru fyrirhugaðar á næstu sex mánuðum frá lokum leigutímans.
8. Ef leigjandi er starfsmaður leigusala og honum hefur verið látið hið leigða húsnæði í té vegna starfsins eða í tengslum við það.
9. Ef leigjandi hefur á leigutímanum gerst sekur um vanefndir eða brot sem varðað gátu riftun.
10. Ef leigjandi hefur á annan hátt vanefnt skyldur sínar á þann veg eða sýnt af sér slíka háttsemi að eðlilegt megi telja að leigusali vilji ekki leigja honum áfram eða að veigamiklar ástæður að öðru leyti mæli gegn forgangsrétti hans.
11. Ef sanngjarnt mat á hagsmunum beggja aðila og aðstæðum öllum mælir gegn forgangsréttinum.

52. gr.

Vilji leigjandi nota sér forgangsrétt skv. 1. mgr. 51. gr. skal hann tilkynna leigusala það skriflega og með sannanlegum hætti a.m.k. þremur mánuðum áður en leigusamningurinn

rennur út við lok uppsagnarfrests eða við lok umsamins leigutíma. Að öðrum kosti fellur forgangsréttur hans niður.

Telji leigusali að leigjandi eigi ekki forgangsrétt af þeim ástæðum sem greinir í 2. mgr. 51. gr. skal hann innan 14 daga frá því að hann fær tilkynningu skv. 1. mgr. gera leigjanda skriflega og rökstudda grein fyrir sjónarmiðum sínum og því hverjar ástæður standi forgangsréttinum í vegi. Að öðrum kosti telst hann una forgangsréttinum nema atvik og aðstæður séu með þeim hætti að telja verði slíka tilkynningu óþarfa, svo sem ef glöggk koma fram í leigusamningi eða uppsögn ástæður sem útiloka forgangsréttinn.

53. gr.

Þegar samningur er endurnýjaður samkvæmt ákvæðum 51. og 52. gr. skal leigufjárhæðin vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila. Líkur eru fyrir því að sú leigufjárhæð, sem áður gildi, sé sanngjörn og verður sá sem vefengir það að sýna fram á annað. Aðrir skilmálar, sem settir eru fyrir endurnýjuðum leigusamningi, skulu og gilda svo fremi sem þeir séu ekki ósanngjarnir eða brjóti í bága við góðar venjur í leiguviðskiptum.

Skilmálar endurnýjaðs leigusamnings skulu að öðru leyti vera hinir sömu og í upphaflegum samningi.

54. gr.

Ef leigusali hefur af ásettu ráði, svo sem með málamyndagerningum eða með sviksamlegum hætti, náð til sín leiguhúsnæði eða orðið til þess að leigjandi glati forgangsrétti sínum þá skal hann bæta leigjanda sannanlegt fjártjón hans.

Bótakröfu skv. 1. mgr. verður leigjandi að setja fram með sannanlegum hætti innan sex mánaða frá því að hann rýmdi húsnæðið. Að öðrum kosti fellur bótaréttur hans niður nema leigusali hafi beitt svikum.

XI. KAFLI

Lok leigusamnings, uppsögn o.fl.

55. gr.

Uppsögn ótímabundins leigusamnings er heimil báðum aðilum hans.

Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

56. gr.

Uppsagnarfrestur ótímabundins leigusamnings skal vera:

1. Einn mánuður af beggja hálfu á einstökum herbergjum, geymsluskúrum og þess háttar húsnæði til hvers sem það er notað.
2. Sex mánuðir af beggja hálfu á íbúðum, en íbúð telst hvert það húsnæði þar sem fjölskylda getur haft venjulega heimilisaðstöðu. Hafi leigjandi haft íbúð á leigu lengur en fimm ár skal uppsagnarfrestur af hálfu leigusala vera eitt ár.
3. Sex mánuðir af beggja hálfu á atvinnuhúsnæði fyrstu fimm ár leigutímans, níu mánuðir næstu fimm ár og síðan eitt ár eftir tíu ára leigutíma.

57. gr.

Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send. Leigjandi skal hafa lokið rýmingu og frágangi hins leigða eigi síðar en kl. 13.00 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk.

Þar sem lengd uppsagnarfrests skv. 56. gr. ræðst af leigutíma er miðað við þann tíma sem liðinn er þegar uppsögn er send.

58. gr.

Tímabundnum leigusamningi lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila.

Tímabundnum leigusamningi verður ekki slitið með uppsögn á umsömdum leigutíma. Þó er heimilt að semja um að segja megi slíkum samningi upp á grundvelli sérstakra forsendna, atvika eða aðstæðna sem þá skulu tilgreind í leigusamningi. Skal slík uppsögn vera skrifleg og rökstudd og skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera a.m.k. þrjú mánuðir.

59. gr.

Nú líða tveir mánuðir frá því að leigutíma lauk samkvæmt uppsögn eða ákvæðum tíma- bundins leigusamnings, en leigjandi heldur áfram að hagnýta hið leigða húsnæði og getur leigusali þá krafist þess að leigusamningurinn framlengist ótímabundið. Sömu kröfu getur leigjandi einnig gert enda hafi leigusali ekki skorað á hann að rýma húsnæðið eftir að leigutíma var lokið.

XII. KAFLI

Riftun leigusamnings.

60. gr.

Leigjanda er heimilt að rifta leigusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef leigusali bætir eigi úr annmörkum á hinu leigða húsnæði skv. 17. gr.
2. Ef verulegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins. Beri leigusali ábyrgð á slíkum drætti á leigjandi jafnframt rétt til skaðabóta.
3. Ef húsnæðið spillist svo á leigutímanum af ástæðum sem ekki verða raktar til leigjanda að það nýtist eigi lengur til fyrirhugaðra nota eða teljist heilsuspillandi að mati heilbrigðisyfirvalda.
4. Ef leigusali gerist sekur um ítrekaða, verulega eða sviksamlega vanrækslu á skyldum sínum til að halda húsnæðinu í leiguhæfu ástandi og framkvæma nauðsynlegar viðgerðir og viðhald fljótt og vel. Það er skilyrði riftunar samkvæmt þessum tölulíð að leigjandi hafi áður skorað á leigusala að bæta úr vanefndum sínum og gefið honum sanngjarman frest í því skyni.
5. Ef réttur leigjanda er verulega skertur vegna laga eða annarra opinberra fyrirmæla eða vegna þess að hann fer í bága við kvaðir sem á eigninni hvíla. Leigusali ber og bóta- ábyrgð á beinu tjóni leigjanda af völdum slíkrar skerðingar ef hann vissi eða mátti um hana vita við gerð leigusamnings og lét hjá líða að gera leigjanda viðvart.
6. Ef eðlilegum afnotum eða heimilisfriði leigjanda er verulega raskað með ónæði og óþægindum vegna verulegra eða ítrekaðra brota annarra þeirra sem afnot hafa af sama húsi, á umgengnis- eða grenndarreglum, enda hafi leigusali þrátt fyrir áskoranir vanrækt skyldur sínar skv. 4. mgr. 31. gr. eða atvik séu að öðru leyti með þeim hætti að eðlilegt sé og sanngjarnt að leigjandi megi rifta leigusamningi. Slík atvik geta t.d. bæði varðað eðli brota og ónæðis og eins að frekari brot og óþægindi séu fyrirsjáanleg og líkleg.
7. Ef leigusali brýtur ítrekað eða verulega gegn rétti leigjanda til að hafa umsamin óskoruð umráð og afnot hins leigða, svo sem með því að hindra eða takmarka afnotin eða með óheimilum aðgangi og umgangi um hið leigða eða ef leigusali gerist sekur um refsivert athæfi gagnvart leigjanda eða fjölskyldu hans.
8. Ef leigusali vanefnir frekar skyldur sínar samkvæmt leigusamningi eða lögum þessum á svo verulegan eða sviksamlegan hátt að riftun af hálfu leigjanda sé eðlileg eða nauðsynleg.

Nú neytir leigjandi ekki réttar síns til riftunar skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að honum varð kunnugt um vanefndir leigusala eða leigusali hefur að fullu bætt úr því sem aflaga fór og fellur réttur leigjanda til riftunar þá niður.

Um bótarétt leigjanda á hendur leigusala vegna riftunar fer eftir almennum reglum kröfuréttar.

61. gr.

Leigusala er rétt að rifta leigusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef leigjandi greiðir ekki leiguna eða framlag til sameiginlegs kostnaðar skv. V. kafla á réttum gjalddaga og sinnir ekki innan sjö sólarhringa skriflegri áskorun leigusala um greiðslu, enda hafi slík áskorun verið send eftir gjalddaga og leigusali þar tekið fram að hann muni beita riftunarheimild sinni.
2. Ef leigjanda ber að vinna leigugreiðslu af sér að hluta eða öllu leyti og honum verður á stórfelld vanræksla eða gerist sekur um meiri háttar handvömm við starfið.
3. Ef leigjandi nýtir húsnæðið á annan hátt en lög þessi eða leigusamningur mæla fyrir um og landslög leyfa að öðru leyti og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu leigusala.
4. Ef leigjandi framselur leigurétt sinn eða misnotar heimild sína til framleigu á húsnæðinu skv. IX. kafla eða ef framleigjandi gerist sekur um einhverja þá háttsemi sem heimilur leigusala riftun gagnvart upphaflegum leigjanda.
5. Ef leigjandi meinar leigusala eða öðrum, án gildra ástæðna, aðgang að hinu leigða húsnæði í bága við ákvæði 18. gr.
6. Ef leigjandi flyst úr húsnæðinu áður en leigutíma er lokið án þess að hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til gæslu og verndar þess.
7. Ef húsnæðið spillist í umsjá leigjanda vegna slæmrar umgengni eða hirðuleysis þeirra sem leigjandi ber ábyrgð á og hann sinnir eigi án tafar kröfu leigusala um úrbætur, sbr. 18. gr.
8. Ef leigjandi vanrækir, þrátt fyrir áminningar leigusala, skyldur sínar til að sjá um að góð regla og umgengni haldist í hinu leigða húsnæði, sbr. 30. gr., eða gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart leigusala eða fjölskyldu hans.
9. Ef leigjandi verslunar- eða veitingahúsnæðis vanrækir, þrátt fyrir aðfinnslur leigusala, skyldu sína til að halda uppi eðlilegri starfsemi og venjubundnum rekstri, sbr. 31. gr.
10. Ef leigjandi vanrækir að öðru leyti en hér að framan greinir skyldur sínar samkvæmt leigusamningi eða lögum þessum á svo stórfelldan hátt að rýming hans úr húsnæðinu telst eðlileg eða nauðsynleg.

Nú neytir leigusali ekki réttar síns til riftunar skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að honum varð kunnugt um vanefndir leigjanda eða leigjandi hefur að fullu bætt úr því er aflaga fór og fellur réttur leigusala til riftunar þá niður. Þetta gildir þó ekki þegar leigjandi hefur vanefnt skyldur sínar með sviksamlegum hætti eða þegar riftunarástæðan er leiguvanskil, sbr. 1. tölul. 1. mgr.

62. gr.

Nú er leigusamningi rift af einhverri þeirri ástæðu sem talin er í 61. gr. og skal leigjandi þá bæta leigusala það tjón sem leiðir beint af vanefndum hans. Ef leigusamningur var tíma-bundinn skal leigjandi auk þess greiða bætur sem jafngilda leigu til loka leigutímans, en ella til þess tíma er honum hefði verið rétt að rýma húsnæðið samkvæmt uppsögn.

Leigusali skal þó strax gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leigja húsnæðið hið allra fyrsta gegn hæfilegu gjaldi og skulu þær leigutekjur, sem hann þannig hefur eða hefði átt að hafa, koma til frádráttar leigubótum skv. 1 mgr.

XIII. KAFLI Skil leiguhúsnæðis.

63. gr.

Að leigutíma loknum skal leigjandi skila húsnæðinu í hendur leigusala ásamt tilheyrandi fylgifé í sama ástandi og hann tók við því. Ber leigjandi óskerta bótaábyrgð á allri rýmun húsnæðisins eða spjöllum á því, að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins eða stafar af atvikum sem voru leigjanda sannanlega óviðkomandi.

64. gr.

Bótakröfu sinni á hendur leigjanda verður leigusali að lýsa skriflega, eða hafa uppi áskilnað þar að lútandi, innan tveggja mánaða frá skilum húsnæðisins.

Hafi slíkir ágallar ekki verið sýnilegir við skil húsnæðisins skal þeim lýst með sama hætti innan tveggja mánaða frá því að þeirra varð vart.

Sé þessara tímamarka ekki gætt fellur bótaréttur leigusala niður nema leigjandi hafi haft svik í frammi.

65. gr.

Nú koma leigusali og leigjandi sér ekki saman um bótafjárhæð vegna skemmda á hinu leigða húsnæði og skal byggingarfulltrúi þá meta tjónið. Rétt er þó hvorum aðila að krefjast mats dómkvaddra manna á bótafjárhæðinni innan tveggja mánaða frá því að aðila var kunn niðurstaða byggingarfulltrúa.

66. gr.

Leigjanda er heimilt að flytja brott með sér fastar innréttingar og annað þess háttar fylgifé sem hann hefur sjálfur kostað til húsnæðisins, enda komi hann því aftur í upprunalegt ástand, sbr. þó 28. gr.

67. gr.

Hafi leigjandi skipt um læsingar í húsnæðinu ber honum að skila leigusala öllum lykllum að þeim án sérstaks endurgjalds.

68. gr.

Áður en leigjandi flytur úr húsnæðinu skal hann gefa leigusala upp það heimilisfang sem erindi og tilkynningar, er leigusali getur þurft að koma til hans, þar með talin tilkynning skv. 64. gr., má og skal senda til.

XIV. KAFLI Úttekt leiguhúsnæðis.

69. gr.

Úttektir samkvæmt lögum þessum skal byggingarfulltrúi hlutaðeigandi sveitarfélags framkvæma. Þó getur sveitarstjórn falið húsnæðisnefnd eða starfsmanni á hennar vegum þetta verkefni.

Sá sem framkvæmir úttektir skal annast störf sín við úttektir af kostgæfni og ætíð gæta fyllsta hlutleysis gagnvart báðum mál aðilum. Hann skal og gæta þagmælsku um einkahagi fólks sem hann kann að fá vitneskju um í starfi sínu.

Sveitarstjórn er heimilt að taka gjald fyrir úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi eða annar aðili skv. 1. mgr. lætur í té samkvæmt ákvæðum laga þessara.

70. gr.

Þegar úttekt er gerð á húsnæði í upphafi eða við lok leigutíma skulu aðilar leigusamnings staðgreiða að jöfnu kostnað vegna úttektar.

Þegar byggingarfulltrúi er fenginn til aðstoðar af öðrum ástæðum en í 1. mgr. segir skal sá aðili leigusamnings leggja út kostnaðinn sem kvaddi hann til. Að kröfu aðila ákveður byggingarfulltrúi hvort hinn aðilinn skuli greiða þennan kostnað ef hann er bersýnilega valdur að ágreiningsefninu eða að kostnaður skiptist milli aðila teljist þeir báðir eiga sök á deilumálinu.

71. gr.

Skylt er aðilum leigusamnings að láta fara fram úttekt á hinu leigða húsnæði við afhendingu þess eða við skil í lok leigutímans ef annar aðilinn krefst þess.

Úttektina framkvæmir byggingarfulltrúi að viðstöddum leigusala og leigjanda eða umboðsmönnum þeirra. Á sérstaka úttektaryfirlýsingu, sem byggingarfulltrúinn leggur til, skal skrá sem ítarlegasta lýsingu á hinu leigða húsnæði og ástandi þess og getur leigjandi þá strax komið að aðfinnslum sínum og óskað úrbóta.

Á úttektaryfirlýsingu skal staðgreina nákvæmlega hið leigða húsnæði, geta fylgifjár, dagsetningar leigusamnings og aðila hans.

72. gr.

Úttektaryfirlýsing skal gerð í þríriti og skulu aðilar leigusamnings og byggingarfulltrúi undirrita hana og halda einu eintaki hver. Úttekt skal leggja til grundvallar ef ágreiningur verður um bótaskyldu leigjanda við skil húsnæðisins.

Aðilar skulu láta byggingarfulltrúa í té afrit af leigusamningi sem hann varðveitir með úttektaryfirlýsingunni.

XV. KAFLI Leigumiðlun.

73. gr.

Þeim einum, sem hlotið hafa til þess sérstakt leyfi félagsmálaráðherra, er heimilt að reka miðlun með leiguhúsnæði, sem lög þessi taka til, í því skyni að koma á leigusamningi eða annast framleigu eða skipti á leiguhúsnæði. Starfsheiti þess sem rekur leigumiðlun er leigumiðlari.

Félagsmálaráðherra gefur út leyfisbréf til leigumiðlara og skal hann greiða fyrir það gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Leyfið skal gefið út til fimm ára í senn.

74. gr.

Hver sá, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði, getur fengið leyfi félagsmálaráðherra til að reka leigumiðlun, sbr. 1. mgr. 73. gr.:

1. Á lögheimili á Íslandi.
2. Er lögráða og hefur forræði á búi sínu.
3. Sannar að hann hafi góða þekkingu á húsaleigulöggjöf og annarri löggjöf er máli skiptir og nauðsynlega kunnáttu í bókhaldi samkvæmt ákvæðum í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.
4. Leggur fram tryggingu, sem félagsmálaráðherra ákveður í reglugerð, fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns sem aðilar leigusamnings kunna að verða fyrir af hans völdum.

Heimilt er að synja manni um leyfi þetta ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hann.

Birta skal auglýsingu um veitingu leyfis til leigumiðlunar í Lögbirtingablaði. Á sama hátt skal birta auglýsingu um sviptingu leyfis, sbr. 81. gr.

75. gr.

Heimilt er samtökum leigusala eða húseigenda, samtökum leigjenda, sveitarstjórnnum svo og félögum eða stofnunum að reka leigumiðlun í eðlilegum tengslum við aðra starfsemi sína, enda lúti leigumiðlun stjórn leigumiðlara skv. 74. gr.

76. gr.

Leigumiðlari skal hafa opna skrifstofu þar sem hann rekur starfsemi sína.

Leigumiðlari ber ábyrgð á að leigusamningur sé gerður í samræmi við lög þessi. Honum ber skylda til að upplýsa aðila um réttindi þau og skyldur sem þeir taka á sig með undirritun leigusamningsins, svo og um réttaráhrif hans almennt eftir því sem ástæða er til.

Leigumiðlari skal ætíð vanda til gerðar leigusamnings og gæta þess að þar komi fram allar þær upplýsingar sem máli skipta.

Óheimilt er leigumiðlara að gerast sjálfur aðili að leigusamningi sem honum er falið að koma á.

77. gr.

Leigumiðlara ber þóknun úr hendi leigusala fyrir að koma á leigusamningi. Þóknun skal vera sanngjörn með tilliti til þeirrar vinnu sem hann lætur í té og þeirra hagsmuna sem um er að tefla.

Óheimilt er leigumiðlara að taka þóknun af leigjanda fyrir miðlunina og gerð leigusamnings. Þó er leigumiðlara heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun eða kostnað úr hendi leigjanda ef um er að ræða sérstaka þjónustu í hans þágu. Skal um það semja fyrir fram.

78. gr.

Leigumiðlara er rétt að taka að sér innheimtu og móttöku húsaleigu, eftirlit með umgengni um húsnæðið og framkvæmd viðhalds á því, skiptingu reksturskostnaðar, vörslu tryggingarfjár svo og önnur þau störf í tengslum við framkvæmd leigusamningsins sem aðilar hans, annar eða báðir, fela leigumiðlara að annast fyrir sína hönd.

Umboð leigumiðlara til slíkra starfa skal vera skriflegt, vottfest og báðum aðilum leigusamnings fengið afrit af því.

Endurgjald til leigumiðlara fyrir þessi störf skal vera sanngjarnt og í samræmi við fyrirhöfn hans.

79. gr.

Leigumiðlara er óheimilt að skýra frá því sem hann kemst að í starfi sínu um hagi viðskiptamanna sinna eða þeir hafa trúað honum fyrir.

80. gr.

Leigumiðlari er bókhaldsskyldur samkvæmt lögum um bókhald.

Leigumiðlari skal halda skrá um húsnæði það sem honum er falið að leigja út og varðveita eintak af öllum leigusamningum sem hann gerir.

Leigumiðlara er skylt að veita félagsmálaráðuneytinu þær upplýsingar um starfsemi leigumiðlunarinnar sem óskað er eftir hverju sinni.

81. gr.

Gerist leigumiðlari sekur í starfi sínu um vanrækslu eða brot gegn ákvæðum laga þessara eða hann missir eitthvert þeirra skilyrða sem sett eru fyrir leyfisveitingu getur félagsmála-

ráðherra svipt hann leyfi sínu tímabundið eða til loka leyfistímans. Við sviptingu leyfis skal leigumiðlari hætta leigustarfsemi sinni. Hlutaðeigandi lögreglustjóra ber að veita atbeina sinn til að stöðva starfsemina og innsigla ef þörf krefur.

82. gr.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leigumiðlun, þar á meðal um skilyrði fyrir veitingu leyfis til leigumiðlunar og ákvæði um gjaldtöku er hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun þóknunar til leigumiðlara.

XVI. KAFLI
Húsnæðisnefndir.

83. gr.

Þar sem húsnæðisnefndir sveitarfélaga eru kosnar skv. 40. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, skulu þær fylgjast með framkvæmd húsaleigumála samkvæmt lögum þessum og afla upplýsinga um þau mál í hlutaðeigandi sveitarfélagi eftir því sem kostur er. Þeim ber og að veita aðilum leigusamnings, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining.

XVII. KAFLI
Kærunefnd húsaleigumála.

84. gr.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd húsaleigumála til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar.

Félagsmálaráðherra skipar einn eftir tilnefningu Húseigendafélagsins, annan eftir tilnefningu Leigjendasamtakanna og þann þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður. Formaður skal fullnægja almennum skilyrðum héraðsdómara skv. 1.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Kostnaður af störfum kærunefndar húsaleigumála greiðist úr ríkissjóði.

85. gr.

Greini aðila leigusamnings á við gerð og/eða framkvæmd leigusamnings, geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar húsaleigumála og óskað eftir álitgerð um ágreiningsefnið.

Erindi til kærunefndar skal vera skriflegt og í því skal skilmerkilega greina hvert sé ágreiningsefnið, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni.

Skal kærunefnd gefa gagnaðila kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum og kröfum á framfæri. Skal gefa honum stuttan frest í því skyni. Heimilt er kærunefnd að kalla eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum og óska umsagnar hlutaðeigandi húsnæðisnefndar og annarra er málið snertir gerist þess þörf.

Kærunefnd skal láta í té rökstutt álit svo fljótt sem kostur er og jafnan innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni. Ágreiningsefnum verður eigi skotið til annars stjórnvalds.

Telji kærunefndin að lög þessi hafi verið brotin og að á rétt aðila sé hallað beinir hún tilmælum til gagnaðila um úrbætur.

Aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Kærunefndin getur einnig tekið fyrir mál að eigin frumkvæði og eftir tilmælum og ábendingum frá öðrum, svo sem félagsmálaráðuneytinu, Húsnæðisstofnun ríkisins, byggingarfulltrúum, leigumiðlurum, Húseigendafélaginu og Leigjendasamtökunum. Í slíkum

málum getur nefndin látið frá sér fara álit og tilmæli og gilda um málsmeðferð fyrir mæli þessarar greinar eftir því sem við getur átt.

Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um erindi til kærunefndar, störf hennar, verkefni, valdsvið, starfsskilyrði o.fl.

XVIII. KAFLI
Kynning laganna o.fl.

86. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal fylgjast með þróun og ástandi húsaleigumarkaðarins í samráði við húsnæðisnefndir sveitarfélaga.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

XIX. KAFLI
Gildistaka.

87. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1995. Þeir samningar, sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma, skulu endurskoðaðir til samræmis við ákvæði þessara laga fyrir 1. mars 1995.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga, með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

**um breyting á lögum um meðferð opinberra mála,
nr. 19 26. mars 1991.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Einn dómari skipar dóm í hverju máli. Nú neitar ákærði sök og dómari telur sýnt að niðurstaða kunní að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi og getur hann þá með samþykki forstöðumanns dómstólsins kvatt til tvo aðra héraðsdómara til setu í dómi.

2. gr.

Í 2. mgr. 44. gr. laganna fellur niður orðið „ríkissaksóknari“, en í stað þess kemur: Hæstiréttur.

3. gr.

Í 3. mgr. 126. gr. laganna breytist tilvísun til 1. mgr. 153. gr. laganna í 2. mgr. 151. gr.

4. gr.

3. og 4. mgr. 133. gr. laganna verða svohljóðandi:

3. Ákærði skal kvaddur til að vera viðstaddur uppsögu héraðsdóms sé þess kostur. Sæki hann þing telst dómur þá birtur fyrir honum, en annars lætur ákærandi birta dóm skv. 20. gr.

4. Endurrit af dómi skal að öðru jöfnu vera til reiðu við dómsuppsögu, en að öðrum kosti ekki síðar en viku eftir þann tíma.

5. gr.

1. mgr. 135. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Í dómi skal greina dómstól og nafn dómara eða nöfn ef fleiri eru en einn, stað og stund dómsuppkvaðningar, nafn, kennitölu eða fæðingardag og heimili ákærða, sakarefni, lýsingu málsatvika í aðalatriðum og röksemdir dómara um niðurstöðu og viðurlög. Í röksemdum dómara skal koma skýrlega fram hvað hann telji sannað í máli og með hverjum hætti. Niðurstöður skulu loks dregnar saman í dómsorð.

6. gr.

140. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

147. gr. laganna verður svohljóðandi:

Samkvæmt ákvæðum þessa kafla má áfrýja til Hæstaréttar héraðsdómi í opinberu máli í því skyni að fá:

- endurskoðun á ákvörðun viðurlaga,
- endurskoðun á niðurstöðum sem eru byggðar á skýringu eða beitingu réttarreglna,
- endurskoðun á niðurstöðum sem eru byggðar á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi,
- ómerkingu á héraðsdómi og heimvísun máls,
- frávísun máls frá héraðsdómi.

8. gr.

148. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ríkissaksóknari getur áfrýjað héraðsdómi ef hann telur ákærða ranglega sýknaðan eða refsingu eða önnur viðurlög að mun of væg, sbr. þó 150. gr. Honum er einnig heimilt að áfrýja dómi ákærða til hagsbóta.

9. gr.

149. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Ákærði, sem hefur verið sakfelldur í héraði, getur áfrýjað héraðsdómi, sbr. þó 150. gr.

2. Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun ef ákærði er ósjálfráða.

3. Nú er ákærði látinn og getur þá maki hans, foreldri, systkin, barn eða sá sem tengist honum þannig vegna ættleiðingar áfrýjað dómi fyrir hans hönd.

10. gr.

150. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Nú hefur ákærði ekki sótt þing í héraði og mál verið dæmt að honum fjarstöddum skv. 1. mgr. 126. gr. og verður þá dómi aðeins áfrýjað um lagaatriði eða viðurlög og að fengnu leyfi Hæstaréttar.

2. Áfellingisdómi verður aðeins áfrýjað með leyfi Hæstaréttar ef ákærða er þar hvorki ákveðin frelsisvipting né sekt eða eignaupptaka sem er hærri en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum.

3. Beiðni um leyfi til áfrýjunar skv. 1. eða 2. mgr. skal vera skrifleg og ítarlega rökstudd og berast Hæstarétti innan áfrýjunarfrests. Leiti ákærði eftir áfrýjunarleyfi skal beiðni um það beint til ríkissaksóknara ásamt tilkynningu skv. 2. mgr. 151. gr. Afhending beiðni um leyfi til áfrýjunar rýfur áfrýjunarfrest. Hæstiréttur skal gefa gagnaðila kost á að tjá sig um beiðni innan tiltekins frests. Áfrýjunarleyfi verður ekki veitt nema sérstakar ástæður mæli með því.

11. gr.

151. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Ef ákærði er staddur við uppkvaðningu héraðsdóms skal dómari kynna honum rétt hans til áfrýjunar og frest til að lýsa henni yfir. Að öðrum kosti annast þetta sá sem birtir ákærða dóm. Skal getið að þess hafi verið gætt í bókun í þingbók eða birtingarvottorði.

2. Ákærði skal lýsa yfir áfrýjun dóms innan fjögurra vikna frá birtingu hans í bréflægri tilkynningu til ríkissaksóknara. Í tilkynningunni skal tekið nákvæmlega fram í hverju skyni sé áfrýjað, þar á meðal varðandi kröfur skv. XX. kafla ef því er að skipta. Ríkissaksóknara og öðrum ákærendum er skylt að veita ákærða leiðbeiningar um gerð tilkynningar ef eftir því er leitað.

3. Berist ríkissaksóknara ekki tilkynning ákærða um áfrýjun innan frests skv. 2. mgr. skal lita svo á að ákærði vilji hlíta héraðsdómi.

12. gr.

152. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú hyggst ríkissaksóknari áfrýja héraðsdómi og skal þá áfrýjunarstefna gefin út innan átta vikna frá uppkvaðningu hans. Ef ákærði áfrýjar dómi getur ríkissaksóknari áfrýjað honum af hálfu ákæruvalds þótt sá frestur sé liðinn.

13. gr.

153. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Ríkissaksóknari skal vera sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti, hvort sem hann hefur sjálfur áfrýjað dómi eða ákærði.

2. Nú er áfrýjun dóms ráðin og gefur þá ríkissaksóknari út áfrýjunarstefnu þar sem skal greina:

- heiti og númer sem málið bar fyrir héraðsdómi, fyrir hverjum héraðsdómstóli var leyst úr málinu og hvenær dómur var kveðinn upp í því,
- nafn ákærða, kennitölu eða fæðingardag og heimili, svo og hver komi fram fyrir hans hönd við áfrýjun skv. 2. eða 3. mgr. 149. gr. ef því er að skipta,
- hvort áfrýjað sé af hálfu annars málsaðila eða beggja og nákvæmlega í hverju skyni það sé gert, þar á meðal hvort máli sé áfrýjað varðandi kröfu skv. XX. kafla, hafi hún verið dæmd að efni til í héraðsdómi,

d. að ákærða sé stefnt til Hæstaréttar og málið verði tekið þar fyrir svo fljótt sem verða má án frekara fyrirkalls.

3. Ríkissaksóknari lætur birta áfrýjunarstefnu fyrir ákærða og skal honum þá um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um verjanda. Að því búnu sendir ríkissaksóknari Hæstarétti stefnuna með sönnun fyrir birtingu hennar ásamt endurriti héraðsdóms og skipar Hæstiréttur ákærða verjanda nema hann óski eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati dómsins.

14. gr.

154. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Þegar áfrýjun er ráðin skal héraðsdómstóllinn, þar sem var leyst úr máli, verða við beiðni ríkissaksóknara um að afhenda honum dómsgerðir.

2. Þegar ríkissaksóknara hafa borist gögn skv. 1. mgr. og verjandi hefur verið skipaður skal ríkissaksóknari að höfðu samráði við verjanda búa til málgögn, en til þeirra teljast samrit af þeim málsskjölum og endurritum sem aðilarnir telja þörf á við úrlausn máls eins og áfrýjun er háttað. Hæstarétti skulu síðan afhent málgögn í þeim fjölda eintaka sem hann telur þörf á, svo og dómsgerðir.

3. Hæstiréttur setur nánari reglur um frágang málgagna og dómsgerða.

15. gr.

155. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Þegar málgögn hafa verið afhent skal hæstaréttarritari veita þeim aðila máls, sem hefur hlutast til um áfrýjun, tiltekinn frest til að skila skriflegri greinargerð og gögnum sem hann kann enn að telja vanta og hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti. Þegar greinargerð og gögn hafa borist veitir hæstaréttarritari gagnaðila frest til að skila greinargerð og gögnum af sinni hálfu. Hvor aðilinn um sig skal senda hinum aðilanum afrit af greinargerð og gögnum sínum um leið og hann afhendir þau Hæstarétti.

2. Í greinargerð málsaðila skal koma fram:

- a. hvers hann krefjist fyrir Hæstarétti,
- b. hvort hann felli sig við lýsingu málsatvika í héraðsdómi og röksemdir fyrir niðurstöðu, en ef svo er ekki skal getið á stuttan og gagnorðan hátt í hverjum atriðum hann sé ósammála og hvernig hann rökstyðji í meginatriðum kröfur um breytingu á niðurstöðum héraðsdóms,
- c. athugasemdir við málatilbúnað gagnaðila ef þeirra er þörf,
- d. hvort hann hyggist enn leggja ný gögn fram fyrir Hæstarétti á síðari stigum og hver þau séu þá í meginatriðum.

3. Málsaðilum er heimilt að leggja frekari gögn fyrir Hæstarétt, en þau skulu þá afhent hæstaréttarritara og kynnt gagnaðila ekki síðar en einni viku fyrir flutning máls. Frá þessu getur Hæstiréttur vikið ef sérstaklega stendur á, enda séu aðilar á það sattir að ný gögn komi fram með skemmri fyrirvara. Ríkissaksóknara er þó jafnan heimilt að leggja fram nýtt saka-vottorð ákærða við upphaf málflytningu.

16. gr.

156. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Hæstiréttur getur kveðið upp dóm um frávísun máls frá Hæstarétti vegna galla á mála-tilbúnaði þar fyrir dómi án þess að málflytningur fari áður fram. Á sama hátt getur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm ef verulegir gallar hafa verið á meðferð máls í héraði og vísað því frá héraðsdómi ef undirbúningi undir málshöfðun hefur verið áfátt í meginatriðum.

2. Nú er málatilbúnaði áfátt, án þess að nauðsynlegt þyki þó að visa máli frá eða ómerkja héraðsdóm, og getur þá Hæstiréttur lagt fyrir aðila að afla gagna um tiltekin atriði eða grípa til annarra aðgerða til að ráða bót þar á.

3. Áður en málf lutningur fer fram getur Hæstiréttur tekið mál fyrir á dómþingi eftir þörfum til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess. Skulu aðilar kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni.

17. gr.

157. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Mál skal að jafnaði flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Hæstiréttur getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef sérstakar ástæður mæla með því. Hæstiréttur getur einnig ákveðið að mál verði dómtekið án sérstaks málf lutnings ef samhljóða óskir koma fram um það frá aðilum eða dómi er aðeins áfrýjað um ákvörðun viðurlaga.

2. Nú er ákveðinn munnlegur flutningur í máli og skal þá hvor aðili um sig tilkynna Hæstarétti að fram komnum greinargerðum þeirra beggja hve langan tíma þeir áætli hvor fyrir sitt leyti að þurfi til að flytja málf lutningsræður. Hæstiréttur ákveður hvenær munnlegur málf lutningur fer fram og tilkynnir það aðilum með hæfilegum fyrirvara. Um leið skal aðilum tilkynnt hve langan tíma þeir fái til að flytja málf lutningsræður ef ekki er fallist á óskir þeirra í þeim efnunum. Hæstiréttur getur við sama tækifæri beint til aðilanna að þeir afhendi hvor um sig með tilteknum fyrirvara stutt yfirlit um atvik máls í tímaröð, helstu röksemdir sínar og tilvísanir í fræðirit og dóma sem þeir hyggjast styðjast við í málf lutningi.

3. Hæstiréttur getur ákveðið að munnleg sönnunarfærsla fari þar fram í þeim mæli sem hann telur þörf, enda þyki honum í ljósi atvika ástæða til að ætla að sú sönnunarfærsla geti haft áhrif á úrslit máls.

18. gr.

158. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Áður en munnlegur málf lutningur hefst á dómþingi skal gerð grein fyrir dómsorði héraðsdóms og áfrýjunarstefnu að því leyti sem forseti telur þess þörf til skýringar á málf lutningi. Verður svo flutt frumræða af hálfu ákærvalds og síðan af hálfu ákærða nema forseti hafi ákveðið aðra röð og aðilum verið tilkynnt það í boðun til málf lutnings. Eftir frumræður eiga aðilar kost á að færa fram stutt andsvör í sömu röð. Flytji verjandi málið af hálfu ákærða getur forseti heimilað ákærða sjálfum að koma að stuttum athugasemdum að loknum andsvörum verjanda.

2. Í málf lutningi skal gera grein fyrir þeim atriðum í niðurstöðum héraðsdóms sem er leitað breytinga á, kröfum í þeim efnunum og röksemdum fyrir þeim. Skal forðast málalengingar og málf lutningi beint að þessum atriðum einum ásamt nauðsynlegri frásögn af öðru sem þarf samhengis vegna.

3. Forseti stýrir þinghaldi. Hann getur krafist að málflytjandi haldi sér við efnið og láti vera að fjalla um þá þætti máls sem eru ekki til endurskoðunar eða ástæðulaust er af öðrum sökum að gera frekari grein fyrir. Forseti getur stöðvað málf lutning ef ræður verða langar úr hófi fram eða sett honum tímatakmörk og við þau bundið enda á málf lutning.

4. Að loknum málf lutningi tekur Hæstiréttur málið til dóms.

19. gr.

159. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Refsing og önnur viðurlög á hendur ákærða verða ekki þyngd með dómi Hæstaréttar nema dómi hafi verið áfrýjað í því skyni af hálfu ákærvalds.

2. Nú hefur dómi verið áfrýjað af hálfu ákærvalds en ekki af hálfu ákærða og getur þá Hæstiréttur allt að einu breytt dómi ákærða til hagsbóta.

3. Við áfrýjun til endurskoðunar á dómi að efni til breytir Hæstiréttur ekki viðurlögum samkvæmt honum nema þau séu utan marka viðkomandi refsilagaákvæða eða í verulegu ósamræmi við brot ákærða.

4. Hæstiréttur getur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar fyrir dómi.

5. Nú telur Hæstiréttur líkur fyrir að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi kunni að vera röng svo að einhverju skipti um úrslit máls og vitni eða ákærði sem eiga í hlut hafa ekki gefið munnlega skýrslu fyrir Hæstarétti og getur þá Hæstiréttur fellt úr gildi héraðsdóm og meðferð málsins í héraði í þeim mæli að munnleg sönnunarfærsla geti farið þar fram eftir þörfum og leyst verði úr máli á ný.

20. gr.

163. gr. laganna verður svohljóðandi:

Eftir því sem átt getur við fer að öðru leyti um meðferð og úrlausn opinberra mála fyrir Hæstarétti eftir fyrirmælum laga um meðferð einkamála, svo og ákvæðum þessara laga um meðferð máls í héraði.

21. gr.

Í 2. mgr. 187. gr. laganna breytist tilvísun til 1. mgr. 159. gr. í 2. mgr. 156. gr.

22. gr.

1. Nú hefur ákærði lýst yfir ákvörðun sinni um áfrýjun dóms áður en þessi lög öðlast gildi og fer þá um heimild hans til áfrýjunar eftir reglum eldri laga. Það sama á við um áfrýjun af hálfu ákærvaldsins ef ríkissaksóknari hefur gefið út áfrýjunarstefnu í máli fyrir gildistöku þessara laga.

2. Reglum þessara laga verður beitt eftir því sem getur átt við um meðferð máls fyrir Hæstarétti þótt dómi hafi verið áfrýjað fyrir gildistöku þeirra.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 1. mgr. 14. gr. laganna falla niður orðin „þar á meðal dómssgerðir í heild sinni“.

Í fyrri málslíð 2. mgr. 14. gr. laganna falla brott orðin „eftirrit af því sem hefur verið hljóðritað eða tekið á myndband“ en í stað þeirra kemur: eftirgerð af hljóðupptöku eða myndbandsupptöku.

2. gr.

Í 15. gr. laganna fellur niður e-liður. Eldri f-liður verður þá e-liður.

3. gr.

2. málsl. 5. mgr. 124. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Við 2. mgr. 125. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur í reglugerð um starfshætti gjafsóknarnefndar, þar á meðal um viðmið-unarmörk í mati hennar á skilyrðum fyrir gjafsókn skv. a-lið 1. mgr. 126. gr.

5. gr.

151. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum þessara laga er aðila heimilt að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar. Við áfrýjun má leita endurskoðunar á úrskurðum og ákvörðunum sem hafa gengið undir rekstri máls í héraði.

2. Hafi sakarefni verið skipt í máli skv. 31. gr. verður að áfrýja hverjum dómi fyrir sig áður en lengra er haldið við rekstur þess.

3. Áfrýja má dómi í því skyni að honum verði breytt að efni til eða hann staðfestur, hann verði ómerktur og máli vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar eða máli verði vísað frá héraðsdómi.

4. Heimilt er báðum eða öllum aðilum að áfrýja dómi. Skal málið þá flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

5. Afsal á rétti til málskots, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður ekki gefið fyrir en dómur er genginn í máli í héraði.

6. gr.

152. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Nú varðar mál fjárkröfu og er það þá skilyrði áfrýjunar að fjárhæð hennar nemi 300.000 krónum. Þessari fjárhæð skal breyta um hver áramót miðað við breytingu á láns-kjaravísitölu frá 1. júlí 1992, en dómsmálaráðherra auglýsir í Lögbirtingablaði nýja fjárhæð ekki síðar en 10. desember ár hvert.

2. Áfrýjunarfjárhæð skal ákveða eftir höfuðstól kröfu í áfrýjunarstefnu. Ef fleiri kröfur en ein eru sóttar saman í máli skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Hafi

gagnkrafa verið höfð uppi til skuldajafnaðar skal ekki litið til hennar við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar.

3. Ef mál varðar annars konar kröfu en fjárkröfu ákveður Hæstiréttur hvort hagsmunirnir svari til áfrýjunarfjárhæðar. Áður en ákvörðun er tekin getur Hæstiréttur leitað umsagnar málsaðila.

4. Nú nær krafa ekki áfrýjunarfjárhæð eða Hæstiréttur telur hagsmuni ekki nægja til áfrýjunar skv. 3. mgr. og getur hann þá orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja máli ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

- a. úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi,
- b. úrslit málsins varða mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis,
- c. ekki er útilokað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi.

7. gr.

153. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Dómi verður áfrýjað til Hæstaréttar innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu hans.
2. Hæstiréttur getur orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja dómi sem berst næstu þrjá mánuði eftir lok frests skv. 1. mgr. ef skilyrðum 4. mgr. 152. gr. er fullnægt, enda sé dráttur á áfrýjun nægilega réttlættur.

3. Nú áfrýjar aðili dómi og er gagnaðila þá heimilt að gagnáfrýja án tillits til áfrýjunarfrests, en stefnu til gagnáfrýjunar verður að gefa út meðan hann nýtur enn frests til að leggja fram greinargerð fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 158. gr.

4. Ef mál, sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar innan frests skv. 1.–3. mgr., verður ekki þingfest, það fellur þar niður eða því er vísað þaðan frá dómi er aðila heimilt að skjóta því þangað aftur þótt áfrýjunarfrestur sé þá liðinn. Ber þá að fá áfrýjunarstefnu gefna út á ný innan fjögurra vikna frá því málið átti að þingfesta eða uppkvaðningu dóms um niðurfellingu þess eða frávísun. Þessari heimild verður ekki beitt oftár en einu sinni í máli.

8. gr.

154. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Sá sem leitar áfrýjunarleyfis skv. 152. eða 153. gr. skal senda Hæstarétti skriflega umsókn um það ásamt áfrýjunarstefnu sem hann vill fá gefna út og endurríti héraðsdóms. Í umsókninni skal rökstutt ítarlega hvernig umsækjandi telur skilyrðum fyrir áfrýjunarleyfi fullnægt.

2. Hæstiréttur getur gefið öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun er tekin.

3. Synji Hæstiréttur um áfrýjunarleyfi getur sami aðili ekki sótt um það öðru sinni.

4. Nú er áfrýjunarleyfi veitt og skal þá gefa út áfrýjunarstefnuna sem fylgdi umsókn og árita hana um leyfisveitinguna. Hæstiréttur verður ekki krafinn um rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun.

5. Ef synjað er um áfrýjunarleyfi skal þeim sem sótti um það tilkynnt bréflaga um þá niðurstöðu. Í tilkynningunni skal greint frá ástæðum fyrir synjuninni.

9. gr.

155. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Nú vill aðili áfrýja dómi og leggur hann þá fyrir hæstaréttarritara áfrýjunarstefnu ásamt endurríti af dóminum. Í áfrýjunarstefnu skal greina:

- a. heiti og númer sem málið bar fyrir héraðsdómi, fyrir hverjum héraðsdómstóli var leyst úr málinu og hvenær dómur var kveðinn upp í því,

- b. nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað, svo og nöfn fyrirsvarsmanna þeirra, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða dvalarstað,
 - c. hver eða hverjir flytji málið fyrir áfrýjanda,
 - d. í hverju skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir,
 - e. hvenær stefndi verði í síðasta lagi að tilkynna Hæstarétti að hann hafi í hyggju að halda uppi vörnum í málinu, en hæstaréttarritari ákveður dagsetningu í þessu skyni við útgáfu stefnu,
 - f. hverju það varði að stefndi komi ekki fram tilkynningu skv. e-lið.
2. Afhenda skal hæstaréttarritara tvö eintök af áfrýjunarstefnu sem Hæstiréttur fær hald-ið eftir.
3. Hæstaréttarritari synjar um útgáfu áfrýjunarstefnu ef hann telur hana ekki vera í réttu horfi. Sé áfrýjunarstefna að renna út getur hann ákveðið skamman frest handa áfrýjanda til að bæta úr áfrýjunarstefnu og má þá gefa hana út án áfrýjunarleyfis ef henni er framvísað til útgáfu á ný í réttu horfi innan þess tíma þótt áfrýjunarstefna sé þá liðin. Frestur í þessu skyni skal ekki vera lengri en ein vika og verður aðeins veittur í eitt skipti. Áfrýjandi getur krafist ákvörðunar Hæstaréttar um synjun hæstaréttarritara um útgáfu áfrýjunarstefnu.
4. Hæstaréttarritari gefur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins.
5. Áfrýjunarstefna verður að birta ekki síðar en viku áður en frestur handa stefnda skv. e-lið 1. mgr. er á enda. Að öðru leyti gilda ákvæði XIII. kafla um birtingu áfrýjunarstefnu.

10. gr.

156. gr. laganna verður svohljóðandi:

1. Eftir birtingu áfrýjunarstefnu en áður en fresti stefnda skv. e-lið 1. mgr. 155. gr. lýkur skal áfrýjandi afhenda Hæstarétti stefnuna ásamt sönnun fyrir birtingu hennar, svo og greinargerð af sinni hálfu. Einnig skal hann þá skila málgögnum í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður, en til þeirra teljast þau málskjöl og endurrit sem áfrýjandi hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir. Mál er þá þingfest fyrir Hæstarétti.
2. Í greinargerð áfrýjanda skal koma fram:
- a. Í hverju skyni sé áfrýjað og hvers áfrýjandi krefjist nákvæmlega fyrir Hæstarétti, svo og hvort einnig sé áfrýjað til að fá hnekk tilteknum úrskurði eða ákvörðun héraðsdómara.
 - b. Málsástæður sem áfrýjandi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti. Lýsing þeirra skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála á hverju áfrýjun sé byggð, en eftir atvikum getur áfrýjandi vísað um þær til tiltekinna skjala málsins. Felli áfrýjandi sig ekki við lýsingu annarra atvika í héraðsdómi skal hann á sama hátt greina frá hvernig hann telji þeim réttilega lýst.
 - c. Tilvísun til helstu réttarreglna sem áfrýjandi byggir máltilbúnað sinn á fyrir Hæstarétti.
 - d. Gögn sem áfrýjandi leggur þegar fram fyrir Hæstarétti, svo og gögn sem hann telur sig þurfa að afla eftir þann tíma.
3. Þegar mál hefur verið þingfest beinir hæstaréttarritari því til héraðsdómstólsins, þar sem var leyst úr máli, að afhenda Hæstarétti dómsgerðir.
4. Hæstiréttur setur nánari reglur um frágang málgagna og dómsgerða.

11. gr.

Ný grein, sem verður 157. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Nú lætur áfrýjandi undir höfuð leggjast að afhenda Hæstarétti áfrýjunarstefnu, greinargerð eða málgögn samkvæmt fyrir mælum 156. gr. og verður þá ekki frekar af máli.

2. Ef ekki er sótt þing af hálfu áfrýjanda á síðara stigi verður málið fellt niður með dómi. Hafi stefndi skilað greinargerð í málinu má dæma honum málskostnað úr hendi áfrýjanda.

12. gr.

Ný grein, sem verður 158. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Nú hyggst stefndi skila greinargerð í máli, og skal þá bréflæg tilkynning hans um það berast Hæstarétti innan frests sem honum var settur í þessu skyni í áfrýjunarstefnu. Þegar mál er þingfest ákveður hæstaréttarritari stefnda frest í fjórar til sex vikur til að skila greinargerð og sendir honum eintak af málgögnum áfrýjanda. Áfrýjanda skal tilkynnt um þann frest sem stefnda er veittur.

2. Gagnaáfrýjun veitir ekki stefnda rétt til sjálfstæðs frests.

3. Berist Hæstarétti ekki tilkynning skv. 1. mgr. eða skili stefndi ekki greinargerð innan þess frests sem honum hefur verið settur skal litið svo á að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms. Skal málið þá dómtekið, en fyrst má þó veita áfrýjanda skamman frest til að ljúka gagnaöflun sem hann hefur boðað í greinargerð. Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna án munnlegs flutnings.

4. Hafi stefndi skilað greinargerð en þingsókn fellur niður af hans hálfu á síðara stigi máls má gefa áfrýjanda kost á að svara vörnum hans í skriflegri sókn og ljúka gagnaöflun. Skal málið síðan dómtekið og dómur lagður á það eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn áfrýjanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda.

5. Nú hefur stefndi ekki skilað greinargerð og getur þá Hæstiréttur allt að einu heimilað honum að taka til varna í máli með eða án samþykkis áfrýjanda, enda séu miklir hagsmunir í húfi fyrir hann og vanræksla hans þyki afsakanleg. Eins má fara að ef þingsókn stefnda fellur niður á síðara stigi máls.

13. gr.

Ný grein, sem verður 159. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Í greinargerð stefnda skal koma fram:

- a. hver eða hverjir flytji málið fyrir stefnda,
- b. kröfugerð stefnda, en í þeim efnunum skal skýrlega tekið fram hvort og þá hvers vegna hann breyti kröfum frá þeim sem hann gerði í héraði, svo og hvort hann samþykki kröfur áfrýjanda í einhverjum atriðum og þá nákvæmlega hverjum,
- c. málsástæður sem stefndi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti, en lýsing þeirra skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála á hverju hann byggir. Felli stefndi sig ekki við lýsingu annarra atvika máls í héraðsdómi eða eftir atvikum áfrýjunarstefnu skal hann geta á sama hátt hvernig hann telji atvikum réttilega lýst,
- d. tilvísun til helstu réttarreglna sem stefndi byggir málalíbúnað sinn á fyrir Hæstarétti,
- e. athugasemdir við málalíbúnað áfrýjanda ef þeirra er þörf,
- f. gögn sem stefndi telur sig þurfa að afla síðar.

2. Með greinargerð skal stefndi afhenda málgögn í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður, en til þeirra teljast þau málskjöl og endurrit sem hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir, enda hafi áfrýjandi ekki þegar afhent þau.

3. Ákvæði 4. mgr. 156. gr. gilda um málgögn stefnda.

14. gr.

Ný grein, sem verður 160. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Áfrýjanda skal tilkynnt þegar Hæstarétti hafa borist greinargerð og málgögn stefnda og sent eintak af þeim. Hafi aðilar ekki þegar lýst gagnaöflun lokið skal þeim um leið veittur sameiginlegur frestur til frekari gagnaöflunar. Sá frestur skal að jafnaði ekki vera lengri

en einn mánuður. Hvor aðili um sig skal afhenda í einu lagi ný gögn sín í frumriti og ljósrít eða eftirrit þeirra í sama búningi og segir í 156. og 159. gr. Hæstiréttur tilkynnir aðilum um gögn sem berast innan þessa frests, en að honum liðnum telst gagnaöflun sjálfkrafa lokið nema áður hafi verið fallist á skriflega ósk aðila um lengri frest eða dómurinn beinir því síðar til aðila að hann megi afla tiltekinna gagna. Hæstiréttur getur þó heimilað aðila að leggja fram ný gögn eftir lok gagnaöflunar ef ekki var unnt að afla þeirra fyrr eða atvik hafa breyst svo að máli skiptir eftir þann tíma.

2. Strax og gagnaöflun er lokið skal hvor aðili um sig tilkynna Hæstarétti hve langan tíma hann áætli að hann þurfi til að flytja munnlega málflytningarsæðu í málinu.

3. Ef þörf krefur tekur Hæstiréttur mál fyrir á dómþingi til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess. Skulu aðilar kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni.

15. gr.

Ný grein, sem verður 161. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Þegar gagnaöflun er lokið í máli þar sem stefndi skilar greinargerð ákveður Hæstiréttur hvenær það verði flutt og tilkynnir aðilum um það með hæfilegum fyrirvara.

2. Að jafnaði skal flytja mál um formsatriði þess áður en það verður tekið til frekari meðferðar að efni til. Hæstiréttur getur þó ákveðið að mál verði flutt í einu lagi um formsatriði og efni eða að taka formsatriði máls til úrlausnar án sérstaks málflyttings, enda hafi aðilar þá áður átt kost á að tjá sig um það.

3. Ef stefndi hefur skilað greinargerð í máli verður það flutt munnlega. Hæstiréttur getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef sérstakar ástæður mæla með því. Hæstiréttur getur einnig tekið til greina samhljóða óskir aðila um að málið verði dómtekið án sérstaks málflyttings.

4. Um leið og boðað er til málflyttings getur Hæstiréttur beint til aðila að þeir afhendi hvor um sig með tilteknum fyrirvara stutt yfirlit um atvik máls í tímaröð, málsástæður sínar og tilvísanir til réttarreglna, svo og um tilvitnanir í fræðirit og dóma sem þeir hyggjast styðjast við í málflytningi.

5. Hæstiréttur getur takmarkað ræðutíma aðila við munnlegan flytning máls. Þegar boðað er til málflyttings má taka fram hve langan tíma aðilar fá hvor um sig til umræða.

16. gr.

Ný grein, sem verður 162. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Áður en munnlegur málflytningur hefst á dómþingi skal gerð grein fyrir dómsoðni héraðsdóms og áfrýjunarstefnu að því leyti sem forseti telur þess þörf til skýringar á málflytningi. Að því loknu verða málflytningarsæður fluttar.

2. Frumræða verður fyrst flutt af hálfu áfrýjanda og síðan af hálfu stefnda nema forseti hafi ákveðið aðra röð og aðilum verið það tilkynnt við boðun til málflyttings. Eftir frumræður skal gefinn kostur á að fram komi stutt andsvör af hálfu hvors aðila í sömu röð. Flytji málflytningsumboðsmaður málið af hálfu aðila getur forseti heimilað aðilanum sjálfum að koma að stuttum athugasemdum að loknum andsvörum umboðsmanns hans.

3. Í málflytningi skal gera grein fyrir kröfum, í hverju ágreiningsefni aðilanna felast, málsástæðum og öðrum röksemdum fyrir kröfum. Skal forðast málalengingar og málflytningi beint að þeim atriðum sem ágreiningur er um eða nauðsynlegt er að fjalla um til að varpa ljósi á ágreiningsefni.

4. Forseti stýrir þinghaldi. Hann getur krafist að málflytjandi haldi sig við efnið og láti vera að fjalla um þá þætti máls sem ágreiningur er ekki um eða ástæðulaust er af öðrum sökum að gera frekari grein fyrir. Forseti getur stöðvað málflytning ef ræður verða langar úr hófi fram eða sett honum tímatakörk og við þau bundið enda á málflytning.

5. Að loknum málflytningi tekur Hæstiréttur málið til dóms.

17. gr.

Ný grein, sem verður 163. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Dómar Hæstaréttar skulu byggðir á því sem hefur komið fram í máli og er sannað eða viðurkennt. Ákvæði 111. gr. gilda um dóma Hæstaréttar.

2. Nú hefur aðili borið fram kröfur eða málsástæður sem hann hafði ekki uppi í héraði og getur þá Hæstiréttur byggt á þeim við úrlausn máls ef þær hafa komið fram í greinargerð aðilans, grundvelli máls er ekki raskað á þann hátt, afsakanlegt er að þær voru ekki hafðar uppi í héraði og það yrði aðilanum til réttarspjalla að ekki yrði tekið tillit til þeirra.

18. gr.

Ný grein, sem verður 164. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Að því leyti sem þarf að taka afstöðu til atriða varðandi rekstur máls fyrir Hæstirétti ræður hann þeim til lykta með ákvörðun, hvort sem ágreiningur er um þau milli aðila eða ekki, enda leiði ákvörðunin ekki til loka máls fyrir dómnum. Ákvörðun verður ekki rökstudd sérstaklega, en um efni hennar skal getið í þingbók eftir þörfum.

2. Úr öðrum atriðum máls leysir Hæstiréttur með dómi. Ef mál er fellt niður eða því er vísað frá Hæstarétti skal aðeins getið um ástæður þess í dómi, svo og um málskostnað ef því er að skipta. Sama gildir ef héraðsdómur er ómerktur og máli vísað heim eða því er vísað frá héraðsdómi.

3. Sé kveðið á í dómi um önnur málalok en getur í 2. mgr. skal greina þar frá kröfum aðila eftir því sem þörf er á svo að niðurstaða verði skýr. Að því leyti sem greinargerð um málsatvik er ábótavant í héraðsdómi skal bætt úr því í dómi Hæstaréttar. Ef og að því leyti sem niðurstöðu héraðsdóms er breytt skal það rökstutt í dómi Hæstaréttar. Fallist Hæstiréttur á niðurstöðu héraðsdóms en ekki á röksemdir fyrir henni getur hann greint frá rökum sínum eftir því sem þykir þörf.

4. Um dóma Hæstaréttar gilda að öðru leyti ákvæði 114. gr. eftir því sem getur átt við.

19. gr.

Ný grein, sem verður 165. gr. laganna, verður svohljóðandi:

1. Dóm skal kveða upp svo fljótt sem er unnt eftir að mál er dómtekið og aldrei síðar en þegar fjórar vikur eru liðnar frá því. Verði því ekki komið við og hafi mál verið munnlega flutt skal endurtaka málflutning að því leyti sem Hæstarétti þykir nauðsynlegt.

2. Strax eftir dómtöku máls skulu dómamar ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Fyrir málflutning felur forseti einum dómara að vera frummælandi á þeim fundi, en forseti stýrir þar ráðagerðum, ber fram spurningar, stuðlar að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telur atkvæði þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum. Að lokinni umræðu felur forseti frummælandanum að semja atkvæði að dómi. Greinist dómamar í meiri og minni hluta semur frummælandinn atkvæði fyrir þann hluta sem hann heyrir til, en hinir dómarnir ákveða hver þeirra semji atkvæði þeirra. Dómari, sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávísun máls og verður í minni hluta, verður einnig að greiða atkvæði um efni máls. Dómamar ganga í sameiningu frá dómi, með eða án sératkvæða.

3. Við uppkvaðningu dóms skal lesa upp dómsorð í heyranda hljóði á dómþingi eftir því sem þörf þykir. Ef sératkvæði er í dómi skal þess einnig getið.

4. Í dómasafni Hæstaréttar skal birta alla dóma hans ásamt rökstuðningi fyrir héraðsdómum í sömu málum og öðru því úr héraðsdómum sem er þörf á svo að dómur Hæstaréttar verði nægilega ljósir. Einnig skal birta sératkvæði í dómum Hæstaréttar ef þar er komist að annarri niðurstöðu en í atkvæði meiri hluta, en annars nægir að geta að ágreiningur hafi orð-

íð um rökstuðning fyrir niðurstöðu. Birta má útdrátt úr dómi ef það telst nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Hæstiréttur setur nánari reglur um dómasafn.

20. gr.

Ný grein, sem verður 166. gr. laganna, verður svohljóðandi:

Um meðferð áfrýjunarmála fer að öðru leyti eftir reglum þessara laga um meðferð mála í héraði eftir því sem á við.

21. gr.

157. og 158. gr. laganna verða 167. og 168. gr.

22. gr.

Á eftir 168. gr. laganna kemur nýr kafli, sem verður XXVII. kafli, en fyrrsögn hans verður: **Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Hæstarétti.** Í þeim kafla verður ein grein, sem verður 169. gr., svohljóðandi:

1. Hæstiréttur getur leyft samkvæmt umsókn aðila að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu á ný ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- sterkar líkur eru leiddar að því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós í Hæstarétti þegar málið var þar til meðferðar fyrra skiptið og aðilanum verður ekki kennt um það,
- sterkar líkur eru leiddar að því að ný gögn muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum,
- önnur atvik mæla með því að leyfið verði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðilans séu í húfi.

2. Aðili getur ekki sótt um endurupptöku máls skv. 1. mgr. nema einu sinni. Að öðru leyti getur aðili ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku.

3. Ákvæði 1.–3. mgr. 168. gr. gilda um umsókn um endurupptöku, meðferð umsóknar, ákvörðun um hana og áhrif endurupptöku.

4. Nú hefur endurupptaka verið ákveðin en útivist verður við nýja meðferð málsins fyrir Hæstarétti af hendi þess sem beiðdist hennar og fellur þá frekari meðferð málsins niður þannig að fyrri dómur stendur óhaggaður. Dómur skal hins vegar felldur á málið þótt gagnaðili sæki ekki þing.

5. Að öðru leyti fer meðferð málsins fram á ný fyrir Hæstarétti samkvæmt reglum XXIV. eða XXV. kafla þessara laga eftir því sem á við.

23. gr.

159.–169. gr. laganna verða 170.–180. gr. Þá verða XXVII. og XXVIII. kafli laganna XXVIII. og XIX. kafli.

24. gr.

1. Nú hefur dómi verið áfrýjað fyrir gildistöku þessara laga og hagsmunir í málinu hefðu ekki nægt til að áfrýjað yrði skv. 152. gr., og getur þá Hæstiréttur ákveðið að málið verði skriflega flutt þar fyrir dómi.

2. Hafi dómi verið áfrýjað fyrir gildistöku þessara laga en málið ekki verið þingfest fyrir Hæstarétti skal þingfesting fara fram eftir fyrirmælum eldri laga á áður ákveðnum tíma, en upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, sbr. einnig 3. mgr.

3. Hafi mál verið þingfest fyrir Hæstarétti fyrir gildistöku þessara laga en greinargerð áfrýjanda ekki verið lögð fram þar fyrir dómi eða ágríp dómsgerða verið afhent skal Hæsti-

réttur setja áfrýjanda frest til að afhenda greinargerð og málgögn eftir ákvæðum 156. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

4. Hafi áfrýjandi lagt fram greinargerð fyrir Hæstarétti og afhent ágríp dómsgerða fyrir gildistöku þessara laga en stefndi ekki lagt fram greinargerð fyrir sitt leyti skal Hæstiréttur setja honum frest til að afhenda greinargerð og málgögn fyrir sitt leyti skv. 159. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

5. Hafi greinargerðir aðila verið lagðar fram í máli fyrir Hæstarétti fyrir gildistöku þessara laga og því hefur verið frestað til frekari gagnaöflunar skal Hæstiréttur setja aðilunum frest til að ljúka henni skv. 160. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

6. Nú er mál tilbúið til munnlegs málflutnings eða málflutningur hefur þegar farið fram en máli er þó ekki lokið fyrir Hæstarétti við gildistöku þessara laga og gilda þá reglur þessara laga um frekari meðferð þess eftir því sem getur átt við.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi 39.–59. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, með áorðnum breytingum.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna verður svohljóðandi:

Hæstarétt skipa níu dómara. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

2. gr.

2.–3. mgr. 3. gr. laganna verða svohljóðandi:

Ef kærður er úrskurður sem varðar rekstur máls í héraði, kærumálið er skriflega flutt og það varðar ekki mikilvæga hagsmuni getur einn dómari skipað dóm í því. Annars skulu þrír dómara skipa dóm í kærumáli nema sérstaklega standi á. Þrír dómara geta enn fremur skipað dóm í einkamáli ef úrslit þess varða ekki mikilvæga hagsmuni að mati dómsins. Þá geta þrír dómara skipað dóm í opinberu máli ef almenna refsingin, sem liggur við broti, er ekki þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að átta árum.

Dómurinn ákveður hve margir dómara skipa dóm í hverju máli. Þegar fimm eða sjö dómara skipa dóm í máli skulu eiga þar sæti þeir sem eru elstir að starfsaldri við Hæstarétt, en dómari skv. 4. gr. verður þá ekki kvaddur til setu í dómi nema tölu dómara verði ekki náð í máli vegna forfalla eða vanhæfis reglulegra dómara.

3. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Eins má fara að í einstaka málum ef sérstaklega stendur á vegna anna þótt sæti einskis hæstaréttardómara sé autt af áðurnefndum ástæðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Sú viðbót, sem er gerð við 1. mgr. 4. gr. með 3. gr. þessara laga, fellur úr gildi 31. desember 1996.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG**um breytingu á lögum um brunavarnir og
brunamál, nr. 41/1992.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er hljóða svo:

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur skv. 1. og 2. mgr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

2. gr.

8. gr. laganna hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt að veita slökkviliðsmanni löggildingu þegar hann hefur lokið grunnnámi fyrir slökkviliðsmenn og jafnframt gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi í a.m.k. eitt ár samfellt.

Félagsmálaráðherra setur nánari ákvæði um grunnnám og aðra menntun slökkviliðsmanna í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 26. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 – 1994

5. maí 1994

117

Nr. 41

LÖG

um breytingu á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 – 1994

Nr. 42

118

13. maí 1994

LÖG

um veitingu ríkisborgaréttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Alexandrovna, Lidia, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 11. október 1945 í Sovétríkjunum.
2. Annisius, Matthias Constantin, verkamaður á Húsavík, f. 3. desember 1951 í Þýskalandi.
3. Aubrey, Ivor Don, rafeindavirki í Reykjavík, f. 2. júní 1954 í Suður-Afríku.
4. Badzie, Christina Lovina, verkakona í Hafnarfirði, f. 29. maí 1965 í Ghana.
5. Benkov, Julian Gueorguiev, tölvuverkfræðingur í Reykjavík, f. 19. júlí 1946 í Búlgaríu.
6. Caamic, Erlinda D., verkakona í Reykjavík, f. 3. desember 1944 á Filippseyjum.
7. Clark, Molly, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. mars 1932 í Bretlandi.
8. Collett, Árni James, nemi í Hafnarfirði, f. 10. júní 1974 í Bretlandi.
9. Cosshall, Janet Rosalin, ritari í Reykjavík, f. 26. ágúst 1941 í Bretlandi.
10. Cupal Roman, Aldrianne, starfsstúlka í Reykjavík, f. 1. ágúst 1971 á Filippseyjum.
11. Dennis, Janice, kennari á Húsavík, f. 30. júní 1953 í Bretlandi.
12. Dennis, Norman Hanson, kennari á Húsavík, f. 4. maí 1954 í Bretlandi.
13. Gunnar Val Friðriksson, nemi í Reykjavík, f. 7. janúar 1977 í Reykjavík.
14. Hans Alan Tómasson, verkamaður í Kópavogi, f. 13. september 1975 í Reykjavík.
15. Hanson, Bert, forstjóri í Reykjavík, f. 11. nóvember 1930 í Tékkóslóvakíu.
16. Hrafnhildur Valdimarsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 12. febrúar 1931 í Reykjavík.
17. Huynh, Kien Dan, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 16. september 1941 í Víetnam.
18. Huynh, Kien Tam, nemi í Reykjavík, f. 8. mars 1975 í Víetnam.
19. Huynh, Thi Le Anh, verkamaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1973 í Víetnam.
20. Huynh, Thi Le Thuy, saumakona í Reykjavík, f. 10. desember 1971 í Víetnam.
21. Indolis Alfante, Lilia, verkakona í Reykjavík, f. 4. júlí 1961 á Filippseyjum.
22. Ivanovic, Zoran, verkamaður í Reykjavík, f. 8. ágúst 1965 í Júgóslavíu.
23. Jensen, Inger Nordahl, meinatæknir á Akureyri, f. 2. október 1945 í Danmörku.
24. Khorchai, Khema, verkakona á Bakkafirði, f. 4. janúar 1962 í Tælandi.
25. Lemarquis, Gérard Roger, háskólakennari í Reykjavík, f. 8. janúar 1948 í Frakklandi.
26. Ludvigsen, Peter Mogens, sjómaður í Hafnarfirði, f. 19. ágúst 1948 í Danmörku.
að mati Váttryggingaeftirlitsins skerðir ekki rétt annarra váttryggðra til fullnustu á váttrygg-
ingaskuldbindingum félagsins.

Félagið skal ávaxta hér á landi fjármuni er samsvara váttryggingaskuld þess vegna starf-
seminnar hér eins og þær eru samkvæmt útreiknings- og matsreglum er gilda hér á landi.
Enn fremur skal fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Váttryggingaeftirlitið skal upplýsa aðildarríki um það, áður en afstaða er tekin til um-
sóknarinnar, þegar dótturfélag móðurfélags með aðalstöðvar í þriðja ríki sækir um starfs-
leyfi hér á landi og ef aðilar öðlast, beint eða óbeint, hlut í váttryggingafélagi með starfsleyfi
hér á landi þannig að hið síðarnefnda verði dótturfélag hins fyrrnefnda.

73. gr.

Aðalumboðsmaður skal senda Váttryggingaeftirlitinu ársreikning hins erlenda félags, svo
og ársreikning vegna starfseminnar hér á landi, eigi síðar en mánuði eftir að þeir hafa verið
samþykktir ásamt ársskýrslu með undirritun stjórnar og áritun endurskoðanda. Ársreikning-
ur vegna starfseminnar hér á landi skal berast eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok hvers
reikningsárs. Tilskilin gögn samkvæmt reglum sem Váttryggingaeftirlitið setur skulu fylgja,
þar á meðal gögn skv. 34. og 35. gr. um þær eignir sem koma eiga á móti váttryggingaskuld-
inni.

Aðalumboðsmaður skal án tafar tilkynna Váttryggingaeftirlitinu skriflega geri eftirlits-
stjórnvöld í heimalandi félagsins athugasemd við starfsemi þess, hafi greiðslustöðvun verið
ákvæðin, ákvörðun verið tekin um að slíta félaginu eða bú þess tekið til gjaldþrotaskipta.

74. gr.

Brjótí félagið lög og reglugerðir um váttryggingastarfsemi eða vanræki skyldur sínar
samkvæmt þeim þannig að hagsmunum váttryggingataka og váttryggðra sé stefnt í hættu,
skal Váttryggingaeftirlitið veita félaginu tiltekinn frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir
til úrbóta. Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan þess frests og telji Váttrygg-
ingaeftirlitið að hagsmunir váttryggingataka og váttryggðra séu í hættu getur eftirlitið útnefnt
nýjan aðalumboðsmann til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér á landi.
Hefur hann í því skyni leyfi til ráðstöfunar á eignum félagsins hér á landi að því marki er
Váttryggingaeftirlitið heimilar.

75. gr.

Ráðherra getur að fenginni tillögu Vátryggingaæftirlitsins afturkallað starfsleyfi félagsins uppfylli félagið ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

Þegar starfsleyfi félags er afturkallað tekur Vátryggingaæftirlitið ákvörðun um hvort þess skuli freistað að yfirfæra vátryggingastofninn til eins eða fleiri vátryggingafélaga sem reka vátryggingastarfsemi hér á landi eða hvort félagið skuli á annan hátt reyna að ljúka skuldbindingum sínum vegna vátryggingasamninga sem gerðir hafa verið. Þegar rekin er líftryggingastarfsemi getur Vátryggingaæftirlitið ákveðið að líftryggingastofninum verði komið undir sérstaka stjórn, sbr. 94. gr.

Við afturköllun á starfsleyfi félags getur Vátryggingaæftirlitið takmarkað eða bannað félaginu yfirráð yfir fjármunum sínum og eignum.

76. gr.

Félagið skal máð úr vátryggingafélagaskrá missi það starfsleyfi skv. 75. gr., enda sé viðskiptum þess og uppgjöri skuldbindinga hér á landi að fullu lokið.

Tilkynni félag að það óski eftir að hætta starfsemi hér á landi og að starfsstöð þess verði máð úr vátryggingafélagaskrá skal það því aðeins gert að Vátryggingaæftirlitið áliti að starfsstöðin þurfi ekki að starfa áfram vegna skuldbindinga sem á henni hvíla. Sama gildir sé enginn aðalumboðsmaður félagsins hér á landi og enginn hafi verið útnefndur innan frests sem Vátryggingaæftirlitið hefur sett. Getur eftirlitið þá útnefnt aðalumboðsmann í samræmi við ákvæði 74. gr.

Leysa má geymslufé sem lagt er til hliðar skv. 72. gr. þá fyrst er starfsleyfi félagsins hefur verið afturkallað og félagið getur sannað að staðið hafi verið við allar skuldbindingar félagsins hér á landi, eða að nógu há trygging fyrir skuldbindingum hafi að mati Vátryggingaæftirlitsins verið lögð fram.

VIII. KAFLI

Starfsemi vátryggingafélaga erlendis sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi.

77. gr.

Vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og óskar eftir að starfrækja útibú í öðru aðildarríki Evrópsks efnahagssvæðis, skal tilkynna það Vátryggingaæftirlitinu og leggja fram eftirfarandi gögn:

1. Heiti og heimilisfang útibúsins þar sem skipaður fulltrúi félagsins hefur aðsetur.
2. Nafn skipaðs fulltrúa útibúsins sem hefur heimild til að skuldbinda félagið gagnvart þriðja aðila og koma fram á þess vegum gagnvart dómstólum í aðildarríkinu.
3. Áætlun um fyrirhugaða starfsemi og skipulag útibúsins.
4. Skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hyggst reka.
5. Yfirlýsingu um að félagið sé aðili að landsskrifstofu og ef við á að sérstökum ábyrgðarsjóði í viðkomandi aðildarríki þegar fyrirhugað er að reka starfsemi skv. 10. tölul. í l. mgr. 22. gr.

Hafi Vátryggingaæftirlitið ekki athugasemdir fram að færa varðandi fyrirhugaða starfsemi, fjárhagsstöðu eða hæfi og faglega kunnáttu stjórnenda eða hins skipaða fulltrúa útibúsins skal Vátryggingaæftirlitið, innan þriggja mánaða frá því að öll framangreind gögn hafa borist, senda eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis gögnin ásamt vottorði um að félagið uppfylli skilyrði um gjaldþol skv. 29.–33. gr. eftir því sem við á. Jafnframt skal félaginu send tilkynning um að umrædd gögn hafi verið send.

Vátryggingaeftirlitið getur látið hjá líða að senda gögn skv. 1. og 2. mgr. hafi það ástæðu til að draga í efa að rekstrarleg uppbygging eða fjárhagsstaða sé viðhlítandi sem undirstaða fyrirhugaðrar starfsemi. Tilkynning um að framangreind gögn verði ekki send eftirlitsstjórnvöldum viðkomandi aðildarríkis skal send félaginu innan þriggja mánaða og ástæður þess tilgreindar skriflega.

Félagið má stofnsetja útibúið og hefja starfsemi þegar orðsending hefur borist frá eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis eða ef engin slík orðsending hefur borist tveimur mánuðum eftir að öll gögn skv. 1. og 2. mgr. hafa borist til þeirra.

Allar breytingar varðandi atriði 1. mgr. skal félagið tilkynna Vátryggingaeftirlitinu skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

78. gr.

Óski vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, eftir því að veita þjónustu í öðru aðildarríki án þess að hafa þar starfsstöð skal félagið tilkynna það Vátryggingaeftirlitinu ásamt upplýsingum um í hvaða greinaflokkum vátrygginga eða vátryggingagreinum fyrirhugað er að veita þjónustu. Vátryggingaeftirlitið skal innan mánaðar senda eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eftirtalin gögn og skal félaginu jafnframt tilkynnt að upplýsingarnar hafi verið sendar:

1. Vottorð um að gjaldþol vegna starfsemi félagsins í heild sé fullnægjandi.
2. Skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hefur leyfi til að reka.
3. Skrá yfir greinaflokka og vátryggingagreinar sem félagið hyggst reka í aðildarríkinu.
4. Yfirlýsingu um að félagið sé aðili að landsskrifstofu og ef við á að sérstökum ábyrgðarsjóði í viðkomandi aðildarríki þegar fyrirhugað er að veita þjónustu skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. og nafn og heimilisfang sérstaks fulltrúa sem annast tjónsuppgjör í þeirri grein.

Félagið má veita þjónustu frá þeim tíma er það hefur fengið tilkynningu um að upplýsingar skv. 1. mgr. hafi verið sendar og móttaka þeirra hefur verið staðfest.

Sendi Vátryggingaeftirlitið ekki framangreindar upplýsingar á tilskildum tíma skal það greina félaginu frá ástæðum þess innan sömu tímamarka.

Allar breytingar skal félagið tilkynna Vátryggingaeftirlitinu skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

79. gr.

Hafi vátryggingafélag, sem hefur fengið starfsleyfi hér á landi, í hyggju að hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt Vátryggingaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Vátryggingaeftirlitið óskar eftir og telur nauðsynlegar.

Ákvæði 77. og 78. gr. gilda einnig um vátryggingafélög með aðalstöðvar utan hins Evrópska efnahagssvæðis sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi til að reka útibú en hafa í hyggju að hefja starfsemi í aðildarríki. Vátryggingaeftirlitið getur þó tekið sér lengri fresti til afgreiðslu mála en þar eru tilgreindir. Skal það hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld aðildarríkja áður en tekin er afstaða til umsóknarinnar.

IX. KAFLI Vátryggingamiðlun.

Skilgreining. Umsókn um starfsleyfi.

80. gr.

Með vátryggingamiðlun og vátryggingamiðlara er í lögum þessum átt við lögaðila eða einstakling sem starfar sjálfstætt og veitir einstaklingum og öðrum upplýsingar, faglega ráðgjöf og aðstoð við að koma á vátryggingasamningi í frumtryggingum eða við framkvæmd ákvæða slíks samnings gagnvart vátryggingafélagi og:

1. starfar óháður einstökum vátryggingafélögum eða
2. miðlar til tiltekinna vátryggingafélaga, eins eða fleiri, án þess að um starfsstöð vátryggingafélags skv. 6. gr. sé að að ræða.

Þegar lögaðili rekur vátryggingamiðlun á heitið vátryggingamiðlari við um þá starfsmenn sem starfa samkvæmt skilgreiningu 1. mgr.

81. gr.

Vátryggingamiðlari, sem hyggst starfa hér á landi, skal senda Vátryggingaeftirlitinu skriflega umsókn um starfsleyfi.

Skilyrði starfsleyfis er búseta hér á landi, að menn séu fjárráða, hafi óflekkað mannorð, hafi náð tuttugu ára aldri og hafi aldrei verið sviptir forræði á búi sínu, búi yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg er til starfans, hafi engin fjárhagsleg tengsl af neinu tagi vegna eignaraðildar eða hagsmuna, annarra en tengjast þeim vátryggingasamningum sem komið er á, og teljist að öðru leyti hæfir til að reka þessa starfsemi á viðhlítandi hátt. Þeir skulu einnig leggja fram vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu til að bæta tjón sem kann að hljóta vegna starfa þeirra og þeir eru bótaskyldir fyrir. Ríkisborgarar hins Evrópska efnahagssvæðis eru undanþegnir búsetuskilyrðinu. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum þriðju ríkja sömu undanþágu.

Starfsleyfi vátryggingamiðlara hér á landi skal bundið við tiltekna greinaflokka vátrygginga, sbr. 22. og 23. gr., eða skaðatryggingar, persónutryggingar eða frumtryggingar í heild.

Vátryggingamiðlara er óheimilt að hefja starfsemi fyrir en hann hefur fengið starfsleyfi ráðherra. Vátryggingaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi vátryggingamiðlara. Þeim er skylt að veita því allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framfylgja eftirliti með starfsemi í samræmi við lög þessi. Vátryggingaeftirlitið hefur heimild til að gera vettvangskönnun í því skyni ef þörf er á.

Vátryggingamiðlari má ekki miðla frumtryggingum til annarra vátryggingafélaga en þeirra sem starfsleyfi hafa hér á landi eða heimild hafa til að veita hér þjónustu.

Ráðherra setur nánari ákvæði með reglugerð um skilyrði starfsleyfis og um starfsábyrgðartryggingu, þar á meðal um fjárhæð vátryggingar og lágmarksskilyrði hennar, svo og um skil á gögnum og um skráningu.

82. gr.

Vátryggingamiðlari skv. 1. tölul. 1. mgr. 80. gr. má ekki taka við þóknun eða greiðslum af neinu tagi frá vátryggingafélagi, nema vegna vátryggingasamninga sem komið hefur verið á milli vátryggingafélagsins og vátryggingataka.

Vátryggingamiðlari má taka við iðgjöldum fyrir hönd vátryggingafélags samkvæmt skriflegri heimild þess. Fjármunum, sem vátryggingamiðlari veitir viðtöku fyrir hönd vátryggingafélags eða vátryggingataka vegna vátryggingasamnings eða við undirbúning og gerð þeirra, skal svo fljótt sem auðið er skilað til réttis aðila. Fjármunum þessum skal miðlarinn að öllu leyti halda aðgreindum frá öðrum fjármunum í hans eigu eða vörslu.

Vátryggingamiðlari skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar venjur í vátryggingaviðskiptum bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum og gæta hagsmuna þeirra og gæta þess að aðila séu ekki settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum. Vátryggingamiðlara er skylt að upplýsa þá sem hann starfar fyrir um umboðslaun og þóknun sem hann þiggur vegna viðskiptanna fari þeir fram á það sérstaklega. Vátryggingamiðlara er skylt að veita Vátryggingaeftirlitinu allar upplýsingar sem það óskar um vátryggingasamninga sem hann hefur komið á.

Upplýsingaskylda.

83. gr.

Vátryggingamiðlari skal veita vátryggingataka þær upplýsingar og aðstoð sem hann þarf á að halda til að geta metið skilmála og kjör vátrygginga sem í boði eru og vátryggingaþörf áður en vátryggingasamningur er gerður og skal vátryggingamiðlarinn gæta upplýsingaskyldu skv. VI. kafla áður en gengið er frá vátryggingasamningi. Hann skal gera vátryggingafélaginu fullnægjandi grein fyrir tegund og umfangi vátryggingaáhættunnar til að félagið geti gert vátryggingataka tilboð. Hann skal einnig, eftir að samningur er kominn á, veita vátryggingataka leiðbeiningar og ráðgjöf, þar á meðal verði tjón er fellur undir vátryggingasamninginn.

84. gr.

Vátryggingamiðlari skal láta koma fram í öllu sem til almennings fer um starfsemina að hún sé skráð hér á landi, sbr. 85. gr., og um tengsl sín við einstök vátryggingafélög, sbr. 80. gr.

Vátryggingamiðlari skal árlega senda Vátryggingaeftirlitinu greinargerð um það hvernig þeir samningar, sem hann hefur komið á, dreifast á einstök vátryggingafélög.

Ársreikning vátryggingamiðlunar eða vátryggingamiðlara skal senda Vátryggingaeftirlitinu innan mánaðar frá samþykkt hans, þó eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningurinn skal undirritaður af vátryggingamiðlara og þegar við á af stjórn og framkvæmdastjóra, endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda. Ársreikningi skal fylgja greinargerð, sbr. 2. mgr.

Skráning.

85. gr.

Vátryggingaeftirlitið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til vátryggingamiðlunar hér á landi. Skrá skal nafn, aðsetur, greinaflokká vátrygginga sem heimild er til að miðla, útgáfudag starfsleyfis og hvort miðlarinn starfar óháður eða í tengslum við einstök félög. Þegar vátryggingamiðlun er skráð skal einnig skrá nöfn þeirra starfsmanna sem heimild hafa til að starfa sem vátryggingamiðlarar.

Þeir sem skráðir hafa verið og leyfi hafa fengið til vátryggingamiðlunar hér á landi skulu greiða gjald til Vátryggingaeftirlitsins sem ráðherra ákveður vegna kostnaðar sem eftirlit með starfseminni hefur í för með sér, sbr. 52. gr.

Vanræki vátryggingamiðlari gróflega skyldur sínar og séu skilyrði leyfis til vátryggingamiðlunar ekki lengur uppfyllt samkvæmt lögum þessum skal Vátryggingaeftirlitið þegar í stað afturkalla starfsleyfi. Vátryggingaeftirlitinu er þó heimilt, áður en til þess kemur, að veita frest til nauðsynlegra úrbóta og eftir atvikum að veita viðvörðun telji eftirlitið það fullnægjandi. Sé skráningarskyld vátryggingamiðlun rekin án leyfis skal Vátryggingaeftirlitið gera kröfu um að slíkri starfsemi verði hætt og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja þeirri kröfu.

Birta skal í Lögbirtingablaði skráningu váttryggingamiðlara og árlega lista yfir þá sem heimild hafa til váttryggingamiðlunar.

X. KAFLI

Yfirlýsing váttryggingastofna. Samruni félaga.

Yfirlýsing.

86. gr.

Óski váttryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, eftir að flytja váttryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags sem einnig hefur fengið starfsleyfi hér á landi skulu bæði félögin senda Váttryggingaeftirlitinu umsókn um færsluna ásamt drögum að samkomulagi milli félaganna og þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Váttryggingaeftirlitið kannar umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla að færslan geti skaðað váttryggingataka og váttryggða hjá félögunum.

Telji Váttryggingaeftirlitið að synja beri um leyfi til yfirlýsingunnar skal það án tafar tilkynnt félögunum. Að öðrum kosti, og sé um að ræða váttryggingaáhættu hér á landi, sbr. 8. gr., skal Váttryggingaeftirlitið birta tilkynningu í Lögbirtingablaði vegna yfirlýsingalubeiðinnar og óska eftir skriflegum athugasemdum váttryggingataka og váttryggðra innan tiltekins frests sem eigi má vera skemmri en einn mánuður. Félagið skal auglýsa fyrirhugaða yfirlýsingu og hvenær tilkynningin var birt í Lögbirtingablaði.

Váttryggingaeftirlitið veitir leyfi til færslunnar að liðnum fresti skv. 2. mgr. telji það, að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið, að orðið skuli við yfirlýsingalubeiðinni.

Réttindi og skyldur váttryggingataka, váttryggðra og annarra samkvæmt váttryggingasamningum halda sjálfkrafa gildi sínu við flutninginn. Váttryggingatakar geta sagt upp váttryggingasamningi sínum við félagið frá þeim degi er flutningur stofnsins á sér stað tilkynni þeir uppsögn skriflega innan mánaðar frá flutningsdegi.

87. gr.

Váttryggingaeftirlitið getur heimilað váttryggingafélagi, sem hér hefur fengið starfsleyfi og óskar eftir, að flytja váttryggingastofn sinn hér að nokkru eða öllu leyti til annars félags með starfsstöð á Evrópsku efnahagssvæði staðfesti eftirlitsstjórnvöld heimaríkis þess félags sem tekur við stofninum að tilskildar kröfur um gjaldþol séu uppfylltar að teknu tilliti til hins yfirlýsinga stofns. Skilyrði er ávallt að eftirlitsstjórnvöld í því aðildarríki þar sem váttryggingaáhættan er, sbr. 8. gr., veiti samþykki sitt fyrir yfirlýsingunni. Ákvæði 86. gr. gilda um yfirlýsinguna.

Váttryggingaeftirlitið getur einnig heimilað útibúi váttryggingafélags með aðalstöðvar utan hins Evrópska efnahagssvæðis, sem hefur starfsleyfi hér á landi, að flytja váttryggingastofn sinn hér að nokkru eða öllu leyti til annars váttryggingafélags og gilda þá einnig ákvæði 86. gr. um yfirlýsinguna.

Um yfirlýsingu vegna stofna váttryggingafélaga með aðalstöðvar á Evrópsku efnahagssvæði, sem hér reka útibúi eða veita þjónustu, fer samkvæmt ákvæðum 68. gr.

Samruni.

88. gr.

Óski váttryggingafélög, sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi, eftir því að samruni eigi sér stað með yfirtöku eins eða fleiri váttryggingafélaga með slitum þeirra, þannig að allar eignir og skuldir verði yfirlýsingar að öllu leyti án þess að til skiptameðferðar komi, skulu öll félögin senda Váttryggingaeftirlitinu umsókn ásamt drögum að samkomulagi milli félaga

um samrunann og með þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Sama gildir óski tvö eða fleiri váttryggingafélög eftir því að samruni með stofnun nýs váttryggingafélags eigi sér stað með slitum án skiptameðferðar þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar til hins nýja félags. Skilyrði samruna er að leyfi til yfirfærslu váttryggingastofna sé veitt, sbr. 86. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um félög skv. 11. gr. sem óska eftir að yfirfæra eignir og skuldir að öllu leyti án skiptameðferðar til váttryggingafélags.

Heimila má að samruni með yfirtöku eða með stofnun nýs félags geti farið fram þótt eitt eða fleiri félaga sem yfirtekin eru, eða lögð verða niður, gangist undir skiptameðferð, að því tilskildu að sá kostur sé bundinn við félög sem hafa ekki enn hafist handa við að úthluta eignum sínum til eigenda.

89. gr.

Í drögum að samkomulagi um samruna, sem fylgja skulu umsókn, skal m.a. koma fram hvernig greiðslum er hátað fyrir hluti í félögum sem hætta váttryggingastarfsemi, hvenær hlutir sem kunna að vera notaðir sem greiðsla veiti rétt til arðs og annarra réttinda, hvaða réttindi eigendur hluta í félagi sem hætta starfsemi öðlast í því félagi sem tekur við eignum og skuldum, svo og aðrar ráðstafanir sem kunna að hafa í för með sér breytingar á réttindum eigenda. Einnig skal koma fram hvort stjórnarmenn, fulltrúaráðsmenn eða framkvæmdastjórar skuli njóta sérstakra hlunninda og þá hverra.

Lögð skulu fram staðfest reikningsuppgjör sem sýna eignir og skuldir hvers félags á þeim degi þegar samruni er fyrirhugaður ásamt sameiginlegri upphafsstöðu eftir samrunann og má uppgjörið ekki vera meira en sex mánaða gamalt þegar ákvörðun er tekin um að samruni eigi sér stað. Váttryggingaeftirlitið getur þó heimilað að miðað sé við ársuppgjör félagsanna í lok síðasta reikningsárs.

Eigi samruni sér stað með stofnun nýs félags skulu drög að nýjum samþykktum þess einnig lögð fram. Sama gildir verði gerðar breytingar á samþykktum félaga, aðrar en breytingar á nafni.

Váttryggingaeftirlitið veitir leyfi til samrunans. Starfsleyfi félags eða félaga, sem hætta váttryggingastarfsemi, skulu afturkölluð frá þeim degi er Váttryggingaeftirlitið tiltekur og félagið eða félögin máð úr váttryggingafélagaskrá.

XI. KAFLI

Sérstakar ráðstafanir. Brottfall starfsleyfis. Félagsslit.

Sérstakar ráðstafanir.

90. gr.

Uppfylli váttryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, ekki lágmarkskröfur um gjaldþol samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma skal félagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og á hvern hátt markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Váttryggingaeftirlitið sem ákveður hvort þær ráðstafanir sem gera á teljist fullnægjandi.

Sé gjaldþol váttryggingafélags minna en þriðjungur þess sem tilskilið er eða minna en sú lágmarksfjárhæð sem tilgreind er fyrir þá starfsemi sem félagið rekur, sbr. 33. gr., hvort sem hærra er, skal áætlun skv. 1. mgr. miða að því að rétta við fjárhag félagsins á skömmum tíma og skal Váttryggingaeftirlitið setja félaginu ákveðinn frest í því efni.

Sé váttryggingaskuld félags vanmetin samkvæmt ársuppgjöri eða á öðrum tíma að mati Váttryggingaeftirlitsins eða hafi fjárhagsstaða þess með öðrum hætti versnað þannig að tilskildar kröfur um gjaldþol eru ekki uppfylltar skal með sama hætti grípa til viðeigandi ráðstafana.

Vátryggingaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun vátryggingafélags, sem hér hefur fengið starfsleyfi, á fjármunum sínum og eignum sé það liður í aðgerðum til að koma fjárhag þess á réttan kjöl, sbr. 1.–3. mgr. Ákvörðun þessa efnis skal tilkynna eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja eftir því sem við á.

Starfi félagið eftir sérstakri rekstraráætlun, sbr. 24. gr., og hafi fjárhagsstaða félagsins versnað miðað við þessa áætlun skal Vátryggingaeftirlitið taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir og gera kröfu um að ný rekstraráætlun til þriggja ára verði lögð fram ef þörf er á.

Brottfall starfsleyfis.

91. gr.

Sinni vátryggingafélag ítrekað ekki tilmælum Vátryggingaeftirlits um ráðstafanir til að meta á fullnægjandi hátt vátryggingaskuld sína eða að tryggja örugga ávöxtun fjármuna sem ætlað er að mæta henni, brjóti lög og reglugerðir um vátryggingastarfsemi eða samþykktir sem það starfar eftir skal Vátryggingaeftirlitið setja félaginu ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur.

Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan settra tímamarka getur Vátryggingaeftirlitið lagt til við ráðherra að starfsleyfi félagsins verði afturkallað. Vátryggingaeftirlitið getur þó veitt frekari frest telji það líkur benda til að þær ráðstafanir, sem félagið hefur þegar gert, muni innan skamms tíma hafa í för með sér tilskildar úrbætur.

Einnig má afturkalla starfsleyfi nýti félag leyfið ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess eða starfsemin hafi legið niðri í sex mánuði eða meira.

92. gr.

Vátryggingaeftirlitið skal leggja til við ráðherra að starfsleyfi vátryggingafélags verði afturkallað hafi félagið ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta við fjárhag sinn, uppfylli félagið ekki lengur skilyrði starfsleyfis eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum um vátryggingastarfsemi þannig að hagsmunum vátryggingataka og vátryggðra sé stefnt í hættu.

Afturköllun starfsleyfis skal ávallt studd ítarlegum rökum og tilkynnt hlutaðeigandi félagi skriflega.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi skal Vátryggingaeftirlitið tilkynna það eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja er gera skulu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið stofni til nýrra vátryggingaskuldbindinga innan lögsögu þeirra, í útibúi eða með því að veita þar þjónustu. Vátryggingaeftirlitið skal með hagsmuni vátryggingataka og vátryggðra fyrir augum og í samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld takmarka, eftir því sem nauðsyn krefur, frjálsa ráðstöfun eigna félagsins þegar vátryggingaskuldin er vanmetin, skilyrðum um gjaldþol er ekki fullnægt og hætta er á versnandi fjárhagsstöðu félagsins sé ekki gripið til ráðstafana.

Félagsslit.

93. gr.

Verði starfsleyfi vátryggingafélags afturkallað skal ráðherra, að fengnum tillögum Vátryggingaeftirlitsins, skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar. Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum hvernig komið er.

Vátryggingaeftirlitið skal, að höfðu samráði við skilastjórn, taka ákvörðun um hvort félagið skuli leitast við að flytja vátryggingastofn sinn til eins eða fleiri vátryggingafélaga eða

hvort félagið skuli freista þess að ljúka uppgjöri vegna hans með öðrum hætti. Vátryggingaefirlitið getur, þegar um líftryggingafélag er að ræða, ákveðið að líftryggingastofninn sæti sérstakri meðferð skv. 94. gr.

Skilastjórn skal í samráði við Vátryggingaefirlitið taka ákvörðun um hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram. Vátryggingaefirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum og gert kröfu um að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta telji það líkur á að hagsmunum vátryggingataka og vátryggðra sé að öðrum kosti stefnt í hættu.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiddast af eignum hlutaðeigandi vátryggingafélags sem krafa utan skuldaraðar.

94. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingafélagi og ákveðið er að líftryggingastofninn skuli sæta sérstakri meðferð skal Vátryggingaefirlitið þegar í stað taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni, láta endurreikna hana og leggja mat á verðmæti eigna. Ljúka skal greiðslu áfallinna og tilkynntra líftryggingakrafna samkvæmt reglum sem giltu áður en skilastjórn var skipuð. Líftryggingakröfur, sem falla til útborgunar síðar, má greiða út að því marki er Vátryggingaefirlitið telur forsvaranlegt með tilliti til eignarstöðu. Endurkaup eru óheimil nema sem greiðsla á lánum gegn veði í líftryggingum hjá félaginu.

Þegar að loknu endurmati skv. 1. mgr. skal Vátryggingaefirlitið leita til annarra líftryggingafélaga um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingaskuldar. Vátryggingaefirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það sem það telur hagkvæmast fyrir vátryggða. Vátryggingaefirlitið skal með tilkynningu í Lögbirtingablaði greina frá helstu atriðum tilboðsins sem það hefur valið og skal jafnframt auglýst eftir athugasemdum frá vátryggingatökum og vátryggðum sem berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Að fengnum athugasemdum getur Vátryggingaefirlitið framselt stofninn líftryggingafélagi því er Vátryggingaefirlitið valdi ásamt eignum sem mæta eiga líftryggingaskuldinni, enda tekur viðtakandi þá við öllum skuldbindingum vegna líftrygginganna.

Þeir vátryggingatakar eða vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykka yfirfærsluna, eiga rétt á að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða komi ekki fram þau tilboð er Vátryggingaefirlitið vill mæla með skulu eignir hinna vátryggðu greiddar þeim í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra.

95. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta í líftryggingafélagi skal hvorki telja eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni með eignum þrotabúsins, né líftryggingaskuldina með skuldum þess. Ákvæði 94. gr. um sérstaka meðferð líftryggingastofnsins gilda og getur Vátryggingaefirlitið krafist allra gagna frá þrotabúinu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri hans og ráðstöfun. Hafi sérstök meðferð líftryggingastofns verið ákveðin áður en beiðst er gjaldþrotaskipta hefur það ekki áhrif á framkvæmd samkvæmt þessari og 94. gr.

96. gr.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta í vátryggingafélagi sem rekur aðra starfsemi en líftryggingastarfsemi og hér hefur fengið starfsleyfi skal Vátryggingaefirlitið, jafnskjött og búið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, meta hvort hagsmuna vátryggingataka og vá-

tryggðra verði best gætt með því að yfirfæra váttryggingastofna að öllu leyti eða að hluta til annars eða annarra váttryggingafélaga.

Berist tilboð er Váttryggingaeftirlitið metur hagkvæmt fyrir váttryggingataka og váttryggða skal eftirlitið leggja fram tillögu um flutning stofnsins og tilkynna í Lögbirtinga-
blaði um helstu efnisatriði slíks samkomulags. Einnig skal auglýsa eftir athugasemdum váttryggingataka og váttryggðra er berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Að teknu tilliti til þeirra skal Váttryggingaeftirlitið að frestinum loknum taka ákvörðun um hvort unnt sé að yfirfæra váttryggingastofna á þann hátt sem lagt er til.

97. gr.

Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit samkvæmt samþykktum váttryggingafélags sem hér hefur fengið starfsleyfi skal félagið leggja fyrir Váttryggingaeftirlitið greinargerð um óuppperðar váttryggingaskuldbindingar félagsins og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.

Váttryggingaeftirlitið skal meta og taka ákvörðun um hvort hagsmunum váttryggingataka og váttryggðra teljist best borgið með flutningi váttryggingastofns til annars eða annarra félaga, svo og þegar um líftryggingastofn er að ræða hvort stofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 94. gr.

XII. KAFLI Ýmis ákvæði.

98. gr.

Ráðherra váttryggingamála er heimilt að setja reglugerðir um þau efni sem í lögum þessum greinir.

99. gr.

Brot gegn lögum þessum varða fésektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

100. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 50 16. maí 1978, um váttryggingarstarfsemi, með áorðnum breytingum.

Lögin öðlast gildi 1. apríl 1994 nema ákvæði 34. og 35. gr. um eignir til jöfnunar váttryggingaskuldinni sem gilda frá 1. júlí 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga um váttryggingarstarfsemi, nr. 50/1978, og reglugerða settra samkvæmt þeim skulu gilda eftir því sem við getur átt um reikningsskil og ársuppgjör váttryggingafélaga fyrir reikningsárið 1994.

Tiltekin starfandi váttryggingafélög hafa aðlögunartíma til ársloka 1994 samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði til að uppfylla skilyrði laga þessara um gjaldþol og lágmarksgjaldþol og mega ekki starfa annars staðar á Evrópsku efnahagssvæði en á Íslandi fyrr en skilyrðin hafa verið uppfyllt.

Váttryggingafélög, sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi við gildistöku þessara laga, skulu, eins fljótt og unnt er eftir gildistöku og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir gildistöku, senda Váttryggingaeftirlitinu skrá yfir greinaflokka váttrygginga og váttryggingagreinar í samræmi við 22. og 23. gr., eftir því sem við á, í samræmi við þá starfsemi sem rekin er. Þau skulu einnig fyrir þann tíma senda Váttryggingaeftirlitinu útreikning gjaldþols og lágmarksgjaldþols samkvæmt reglum 29.–31. gr., svo og skrá yfir þá sem eiga virkan eignarhlut í félagi og hve mikinn.

Heimilt er gagnvart þeim aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki hafa lögfest tilskipanir 92/49/EBE og 92/96/EBE að beita ákvæðum gerða 73/239/EBE, 88/357/EBE, 79/267/EBE og 90/619/EBE, ásamt síðari breytingum, um starfsleyfi og eftirlit með váttryggingastarfsemi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.

LÖG

um Rannsóknarráð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk og skipan Rannsóknarráðs Íslands.

1. gr.

Rannsóknarráð Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Hlutverk þess er að treysta stoðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun.

2. gr.

Rannsóknarráð Íslands skal:

1. Vera ríkisstjórn, Alþingi og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um stefnumörkun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar.
2. Gera árlega tillögur um framlög úr ríkissjóði til vísinda- og tæknimála til þriggja ára.
3. Hafa náð samráð við ráðuneyti er vinna að stefnumótun og fjárlagagerð á sviði vísinda og tækni.
4. Móta úthlutunarstefnu og veita styrki úr þeim sjóðum sem eru í vörslu ráðsins. Þá má fela ráðinu úthlutun styrkja úr öðrum sjóðum og af öðru fé sem ætlað er til rannsókna og skyldra málefna.
5. Annast kynningu á rannsóknarstarfsemi.
6. Annast söfnun og úrvinnslu upplýsinga um rannsóknir og þróunarstarf í landinu, svo sem um mannafla, fjármagn, viðfangsefni og árangur. Ráðið skal hafa náð samstarf við æðri menntastofnanir, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki og stuðla að samræmingu og samstarfi milli þeirra sem vinna að rannsóknum og nýsköpun.
7. Gangast fyrir mati á árangri rannsóknarstarfs með reglulegum hætti og gera tillögur til úrbóta ef það telur starfsemina ófullnægjandi, skipulag eða skilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarsvið vanrækt. Rannsóknir eru ekki gerðar af Rannsóknarráði Íslands.

8. Eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis og alþjóðastofnanir og fylgjast með þátttöku Íslendinga í fjölbjóðlegu vísindasamstarfi. Ráðið fylgist með og greiðir fyrir rannsóknum erlendra vísindamanna hér á landi og stuðlar að samvinnu íslenskra og erlendra vísindamanna.
9. Beita sér fyrir því í samráði við rannsóknarstofnanir og atvinnulíf að gerðar séu áætlanir um rannsóknir og þróunarstarf.
10. Hafa yfirumsjón með óráðstöfuðu landsvæði og sameiginlegum byggingum og tækjum fyrir rannsóknarstofnanir atvinnuveganna skv. 59. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
11. Skila árlega skýrslu til menntamálaráðherra um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum í landinu. Skýrslan skal lögð fyrir Alþingi, ásamt greinargerð menntamálaráðherra, til kynningar og umfjöllunar.
12. Sinna öðrum verkefnum er menntamálaráðherra felur ráðinu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar níu einstaklinga í Rannsóknarráð Íslands til þriggja ára:

- a. Þrjá samkvæmt tillögum skóla á háskólastigi þar sem rannsóknir eru stundaðar og stofnana á sviði þjóðlegra fræða og Vísindafélags Íslendinga.
- b. Þrjá samkvæmt tillögum rannsóknarstofnana atvinnuveganna og annarra rannsóknarstofnana utan verksviðs menntamálaráðuneytis.
- c. Þrjá án tilnefningar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Aðilar er tilnefna menn til setu í Rannsóknarráði Íslands samkvæmt a- og b-liðum hér að framan skulu hver tilnefna tiltekinn fjölda einstaklinga samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Menntamálaráðherra skipar þrjá úr hvorum hópi og þrjá sem tilnefndir eru af ríkisstjórn eða alls níu einstaklinga. Við skipun í ráðið skal menntamálaráðherra gæta þess að jafnvægi sé á milli vísinda og tækni og að sjónarmið atvinnulífs komi fram í ráðinu. Þá skipar menntamálaráðherra jafnmarga varamenn úr hópi þeirra sem tilnefndir eru með sama hætti.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna skipuðu, en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ráðherra ákveður þóknun til þeirra sem sitja í Rannsóknarráði.

II. KAFLI

Starfsemi Rannsóknarráðs Íslands.

4. gr.

Rannsóknarráð Íslands skipar fagråd til tveggja ára í senn á helstu sviðum vísinda og tækni og á öðrum athafnasviðum þjóðlífsins til þess að veita faglega ráðgjöf. Fagråd gera stefnumótandi tillögur til Rannsóknarráðs Íslands um mál sem varða verksvið þeirra og meta vísindalegt og hagnýtt gildi umsókna um styrki úr sjóðum í vörslu ráðsins. Rannsóknarráð ákveður þóknun til þeirra sem sitja í fagráðum.

5. gr.

Rannsóknarráð Íslands ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur skrifstofu ráðsins, fjárreiður og reikningsskil fyrir ráðið og sjóði í vörslu þess. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi og hafa staðgóða þekkingu á rannsóknum, stjórnun og nýsköpun í atvinnulífi.

Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum Rannsóknarráðs. Skrifstofa ráðsins veitir fagráðum og úthlutunarnefndum sjóða nauðsynlega skrifstofuþjónustu.

6. gr.

Rekstrarkostnaður Rannsóknarráðs Íslands greiðist af fjárveitingu í fjárlögum.

7. gr.

Reikningar Rannsóknarráðs Íslands skulu endurskoðaðir árlega af Ríkisendurskoðun.

III. KAFLI

Sjóðir í vörslu Rannsóknarráðs.**1. Vísindasjóður.**

8. gr.

Hlutverk Vísindasjóðs er að efla íslenskar vísindarannsóknir. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga til skilgreindra rannsóknarverkefna.

Ráðið getur veitt styrki úr Vísindasjóði til allt að þriggja ára í senn og skulu slík verkefni lúta sérstöku eftirliti ráðsins.

9. gr.

Tekjur Vísindasjóðs eru:

- i. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
- ii. Fjárframlag skv. 37. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.
- iii. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum.
- iv. Önnur framlög.

10. gr.

Rannsóknarráð Íslands skipar árlega úthlutunarnefnd fimm sérfróðra einstaklinga til þess að meta umsóknir að fengnum umsögnum fagráða. Þeir skulu hafa víðtæka reynslu af vísindastarfi og hvorki eiga sæti í Rannsóknarráði Íslands né fagráðum þess.

Úthlutunarnefnd leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð Rannsóknarráðs getur veitt ef þurfa þykir. Úthlutunarnefnd gerir tillögur til Rannsóknarráðs um styrkveitingar. Rannsóknarráð ákveður þóknun til þeirra sem sitja í úthlutunarnefnd fyrir Vísindasjóð.

2. Tæknisjóður.

11. gr.

Hlutverk Tæknisjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi með því að efla tæknipækkingu, rannsóknir og þróunarstarf. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn vísindastofnanir, fyrirtæki og einstaklinga til skilgreindra verkefna á sviðum sem Rannsóknarráð Íslands leggur áherslu á.

Ráðið getur veitt styrki úr Tæknisjóði til allt að þriggja ára í senn og skulu slík verkefni lúta sérstöku eftirliti ráðsins.

12. gr.

Tekjur Tæknisjóðs eru:

- i. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
- ii. Tekjur af einkaleyfum eða endurgreiðslur af styrkjum til verkefna sem notið hafa stuðnings sjóðsins og leitt til arðbærrar framleiðslu.
- iii. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum.
- iv. Önnur framlög.

13. gr.

Rannsóknarráð Íslands skipar árlega úthlutunarnefnd fimm sérfróðra einstaklinga til þess að meta umsóknir að fengnum umsögnum fagráða. Þeir skulu hafa víðtæka reynslu af rannsóknnum og þróunarstarfi og þekkingu á nýsköpun í atvinnulífi. Þeir skulu hvorki eiga sæti í Rannsóknarráði Íslands né fagráðum þess. Úthlutunarnefnd leitar faglegrar ráðgjafar umfram það sem fagráð Rannsóknarráðs getur veitt ef þurfa þykir. Úthlutunarnefnd gerir tillögur til Rannsóknarráðs um styrkveitingar. Rannsóknarráð ákveður þóknun til þeirra sem sitja í úthlutunarnefnd.

3. Bygginga- og tækjasjóður.

14. gr.

Bygginga- og tækjasjóður tekur við hlutverki Byggingarsjóðs rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sbr. 61. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og 19. gr. laga nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Bygginga- og tækjasjóður er í vörslu Rannsóknarráðs Íslands. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði, svo og til þess að byggja eða kaupa húsnæði vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Styrkveitingar úr sjóðnum skulu háðar samþykki menntamálaráðherra.

15. gr.

Tekjur Bygginga- og tækjasjóðs eru:

- i. Fjárveitingar í fjárlögum ár hvert.
- ii. Einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrætta eða aðrar samsvarandi tekjur.
- iii. Önnur framlög.

4. Aðrir sjóðir.

16. gr.

Rannsóknarráð Íslands sér um rekstur Rannsóknarnámssjóðs í umboði stjórnar sjóðsins, sbr. 23. gr.

Fela má Rannsóknarráði Íslands vörslu annarra sjóða sem hafa hlutverki að gegna á starfssviði ráðsins.

Sameiginleg ákvæði um sjóði í vörslu Rannsóknarráðs.

17. gr.

Kostnaður við vísindalegt mat á umsóknum og við störf úthlutunarnefnda skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna. Ráðinu er heimilt að kosta úttektir og mat á árangri og frammistöðu í vísinda- og tæknistarfi af ráðstöfunarfé Vísindasjóðs og Tæknisjóðs. Ráðinu er einnig heimilt að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísinda- og tæknistarfi af ráðstöfunarfé sjóðanna.

18. gr.

Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr Vísindasjóði og Tæknisjóði, skulu birtar opinberlega og vera öllum opnar nema um annað sé samið. Heimilt er að fjalla um skilmála fyrir styrkveitingum í reglugerð.

19. gr.

Reikningar Vísindasjóðs, Tæknisjóðs, Bygginga- og tækjasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs, svo og annarra sjóða í vörslu Rannsóknarráðs, skulu endurskoðaðir árlega af Ríkisendurskoðun.

20. gr.

Menntamálaráðherra setur reglur um úthlutanir úr sjóðum í vörslu ráðsins að fengnum tillögum Rannsóknarráðs Íslands. Þar skal m.a. fjallað um meðhöndlun umsókna, styrkveitingar o.fl.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Eignir og skuldbindingar Vísindasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, falla til Vísindasjóðs sem mælt er fyrir um í þessum lögum. Eignir og skuldbindingar Rannsóknasjóðs, er starfað hefur samkvæmt sömu lögum, falla til Tæknisjóðs. Stofndeild Vísindasjóðs verður lögð niður og eignir stofndeildar skal setja í sjóð sem varið verður til kaupa á húsnæði fyrir Rannsóknarráð Íslands og til reksturs fasteigna Vísindasjóðs.

22. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt í samráði við mennta- og rannsóknarstofnanir að setja á stofn tímabundnar stöður prófessora er sinni rannsóknnum á sviðum sem talin eru sérstaklega mikilvæg. Rannsóknarráð Íslands og mennta- og rannsóknarstofnanir geta gert tillögur til menntamálaráðherra um að slíkar stöður verði stofnaðar.

Í stöður rannsóknarprófessora skal einungis ráða þá sem hlotið hafa viðurkenningu á alþjóðlegum vettvangi fyrir rannsóknarstörf eða hafa lagt fram markverðan skerf til rannsókna á sviði íslenskra fræða. Sérstök dómnefnd skal meta hæfni umsækjenda.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um stöður rannsóknarprófessora.

23. gr.

Rannsóknarnámssjóður hefur það hlutverk að veita styrki til rannsóknartengds framhaldsnáms. Tekjur hans eru framlag á fjárlögum ár hvert. Menntamálaráðherra setur reglur um starfsemi sjóðsins.

24. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga.

25. gr.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, svo og 2. mgr. 9. gr., 58. gr., 2. mgr. 59. gr. og 61. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

um mannréttindasáttmála Evrópu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur lagagildi á Íslandi, en með honum er átt við ákvæði eftirfarandi samninga:

1. Samnings frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum samkvæmt eftirtöldum samningsviðaukum:
 - a. Samningsviðauka nr. 3 frá 6. maí 1963 um breyting á 29. gr. samningsins.
 - b. Samningsviðauka nr. 5 frá 20. janúar 1966 um breyting á 22. og 40. gr. samningsins.
 - c. Samningsviðauka nr. 8 frá 19. mars 1985 um breyting á 20., 21., 23., 28., 29., 30., 31., 34., 40., 41. og 43. gr. samningsins.
2. Samningsviðauka frá 20. mars 1952 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (samningsviðauka nr. 1).
3. Samningsviðauka nr. 2 frá 6. maí 1963 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis um vald mannréttindadómstóls Evrópu til að láta uppi ráðgefandi álit.
4. Samningsviðauka nr. 4 frá 16. september 1963 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum og fyrsta viðauka við hann.
5. Samningsviðauka nr. 6 frá 28. apríl 1983 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi afnám dauðarefsingar.
6. Samningsviðauka nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum, og samningsviðaukar nr. 1, 2, 4, 6 og 7 eru birtir sem fylgiskjal með þessum lögum.

2. gr.

Úrlausnir mannréttindanefndar Evrópu, mannréttindadómstóls Evrópu og ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi að íslenskum landsrétti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.**Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis.**

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga hina almennu mannréttindayfirlýsingu, sem allsherjarþing sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

hafa í huga, að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

hafa í huga, að markmið Evrópuráðs er að koma á nánari einingu aðildarríkjanna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og mannfrelsi séu í heiðri höfð og eflid;

lýsa á ný eindreginni trú sinni á það mannfrelsi, sem er undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og best er tryggt, annars vegar með virku, lýðræðislegu stjórnarfarum og, hins vegar, almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins;

eru staðráðnar í því að stíga fyrstu skrefin að því marki að tryggja sameiginlega nokkur þeirra réttinda, sem greind eru í hinni almennu mannréttindayfirlýsingu, enda eru þær stjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð stjórn málahefða, hugsjóna, frelsis og réttarríkis;

hafa orðið ásáttar um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla þessa samnings.

I. KAFLI

2. gr.

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsíðomi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.

2. Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu skal það ekki talið brjóta í bága við þessa grein ef valdbeitingin er ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur:

- a. til að verja menn gegn ólögumætu ofbeldi;
- b. til að framkvæma lögumæta handtöku eða til að koma í veg fyrir flóttu manns sem er í lögumætri gæslu;
- c. vegna löglegra aðgerða sem miða að því að bæla niður uppþot eða uppreisn.

3. gr.

Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

4. gr.

1. Engum manni skal haldið í þrældómi eða þrælkun.
2. Eigi skal þess krafist af nokkrum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu.

3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:
 - a. vinnu sem krafist er í samræmi við almennar reglur um tilhögun gæslu sem kveðið er á um í 5. gr. samnings þessa eða meðan á skilyrtri lausn úr slíkri gæslu stendur;
 - b. herþjónustu eða þjónustu sem krafist er í hennar stað af mönnum sem synja her-

- þjónustu samvisku sinnar vegna og búa við lög sem heimila slíka synjun;
- c. þjónustu vegna hættu- eða neyðarástands sem ógnar lífi eða velferð almennings;
 - d. vinnu eða þjónustu sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

5. gr.

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema í eftirfarandi tilvikum og þá í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum. Tilvikin eru:

- a. lögleg gæsla manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;
- b. lögleg handtaka eða gæsla manns fyrir að óhlýðnast lögmati skipun dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;
- c. lögleg handtaka eða gæsla manns sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu;
- d. gæsla ósjálfráða manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmætrar gæslu í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds;
- e. lögleg gæsla manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómur breiðist út eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturfjásjúklingur eða umrenningur;
- f. lögleg handtaka eða gæsla manns til að koma í veg fyrir að hann komist ólöglega inn í land eða gæsla manns sem vísa á úr landi eða framselja.

2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær sem hann er borinn.

3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald skv. c-lið 1. tölul. þessarar greinar skal án tafar færa fyrir dómara eða annan embættismann sem að lögum hefur heimild til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að mál hans verði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma eða hann verði látinn laus þar til dómsmeðferð hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn manns úr gæslu að trygging sé sett fyrir því að hann komi fyrir dóm.

4. Hverjum þeim sem handtekinn er eða settur í gæslu skal rétt að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól er úrskurði um hana með skjótum hætti og fyrirskipi að hann skuli látinn laus ef ólögmæt reynist.

5. Hver sá sem tekinn hefur verið höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar skal eiga bótarétt sem unnt sé að koma fram.

6. gr.

1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhóllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torveldi framgang réttvísinnar.

2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skipa skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessu gjaldi til Þróunarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð. Ráðherra ákveður í reglugerð hvernig innheimtu gjalds skv. 1. mgr. skuli háttáð hjá þeim aðilum sem ekki falla undir 5. og 7. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Sé gjaldið ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Þróunarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir þróunarsjóðsgjaldi.

Þróunarsjóðsgjald skv. 1. mgr. er grunngjald. Ráðherra er heimilt með reglugerð að breyta gjaldi þessu þannig að það breytist í réttu hlutfalli við þá breytingu sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í ágúst 1993, þ.e. 192,5 stig.

5. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru til fiskvinnslu, skulu greiða sérstakt gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Gjaldskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, svo og opinberum aðilum sem eiga fasteignir sem nýttar eru til fiskvinnslu.

Stofn til þróunarsjóðsgjalds skal vera fasteignamatssverð í árslok á fasteign sem nýtt er til fiskvinnslu, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatssverð.

Við ákvörðun á því hvaða eignir mynda stofn til þróunarsjóðsgjalds skal miða við raunverulega notkun fasteignanna til fiskvinnslu. Með fiskvinnslu er átt við vinnslu sjávarafurða hverju nafni sem nefnist, t.d. frystingu, söltun, fiskbræðslu, þurrkun og herslu. Niðurlagn-ing og niðursuða sjávarafurða, umstöflun aflu í gáma og starfsemi fiskmarkaða telst ekki til fiskvinnslu í þessu sambandi. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um hvers

konar starfsemi teljist fiskvinnsla samkvæmt þessari grein og hvaða eignir fiskvinnslunnar falla undir gjaldskylduna. Sé sama eignin notuð til fiskvinnslu og annars skal við ákvörðun gjaldstofns skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

Með skattframtali skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þessarar greinar ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatverð þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð eins og það var í lok næstliðins árs. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í lok 4. mgr. þessarar greinar.

Aðilar, sem gjaldskyldir eru skv. 2. mgr. þessarar greinar en undanþegnir eru tekju-skatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir hvert ár skila skráum skv. 5. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

Þróunarsjóðsgjald skal nema 0,75% af gjaldstofni skv. 3. mgr. þessarar greinar. Gjald, sem ekki nær 10.000 kr., skal fella niður við álagningu.

Um álagningu og innheimtu gjalds samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Ríkisbókhald skal skila mánaðarlega til Þróunarsjóðs innheimtum gjöldum.

Gjald samkvæmt þessari grein telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

6. gr.

Frá og með því fiskveiðiári sem hefst 1. september 1996 skal Fiskistofa innheimta gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins af úthlutuðu aflamarki. Skal gjaldið nema a.m.k. 1.000 kr. fyrir hverja þorskígildislest miðað við þá verðmætastuðla af einstökum tegundum sem sjávarútvegsráðuneytið ákveður. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum hvert fiskveiðiár, 1. september, 1. janúar og 1. maí. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skipsins niður. Fiskistofa skal standa Þróunarsjóði jafnharðan skil á innheimtu gjalda.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að breyta gjaldinu í samræmi við þær breytingar sem kunna að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í ágúst 1993, þ.e. 192,5 stig.

Fækkun fiskiskipa.

7. gr.

Styrkur vegna úreldingar fiskiskipa skal vera tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips að hámarki 45%. Skal ráðherra ákveða styrkhlutfall fyrir upphaf hvers almanaks-árs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Greiði sjóðurinn styrk vegna úreldingar skips, sem orðið hefur fyrir tjóni sem bætt er af váttryggingafélagi, skal samtala tjónbóta og úreldingarstyrks aldrei nema hærri fjárhæð en húftryggingarmati skipsins. Úreldingarstyrkur vegna hvers einstaks skips skal þó aldrei vera hærri en 90 millj. kr. Sú fjárhæð er grunnfjárhæð sem breytist í sama hlutfalli og gjald til sjóðsins skv. 4. mgr. 4. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki til úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru eða hafa verið skv. 1. mgr. 4. gr. enda hafi gjald vegna viðkomandi skips samkvæmt lögum þessum eða lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins verið greitt í a.m.k. þrjú ár. Skal styrkur miðaður við það hlutfall er gildi á því ári er umsókn um styrkinn barst og styrkur reiknaður af húftryggingarverðmæti skips í upphafi þess árs.

8. gr.

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki

nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði sameinaðar aflaheimildum annarra skipa.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrki fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá Fiskistofu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Þá er óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess.

Kaup á fiskvinnslustöðvum.

9. gr.

Sjóðnum er heimilt fram til ársloka 1996 að kaupa fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra í því skyni að auka arðsemi fiskvinnslu í landinu.

Varðandi kaupverð þeirra fiskvinnslustöðva og fiskvinnslutækja sem sjóðurinn festir kaup á skal stjórn sjóðsins taka mið af markaðsverði sambærilegra eigna en þó skal kaupverð aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur 75% af fasteignamati fasteigna og 25% af verðmæti framleiðslutækja samkvæmt mati sjóðsins. Skal miða við fasteignamat fasteigna eins og það var í upphafi þess árs er kaupin eru gerð.

Halda skal fjárreiðum vegna eignakaupa samkvæmt þessari grein aðskildum í bókhaldi sjóðsins.

10. gr.

Skilyrði fyrir því að stjórn sjóðsins sé heimilt að festa kaup á fiskvinnslustöð er að viðkomandi stöð hafi fengið útgefið fullgilt vinnsluleyfi af Fiskistofu, sbr. lög nr. 93/1992, eða fiskvinnsla hafi verið stunduð í fasteigninni með tilskildu vinnsluleyfi á árinu 1991 eða 1992 og henni hafi ekki verið ráðstafað varanlega til annarra nota. Það er jafnframt skilyrði að þær eignir, sem sjóðurinn festir kaup á, séu afhentar veðbandalausar. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að inna kaupverð að hluta eða öllu leyti af hendi með því að taka við áhvílandi veðlánnum.

Stjórn sjóðsins skal leitast við að selja fasteignir, sem sjóðurinn eignast, til óskyldrar starfsemi.

Þátttaka í þróunarverkefnum.

11. gr.

Þróunarsjóður skal stuðla að vöruþróun, markaðssetningu íslenskra sjávarafurða og annarri nýsköpun í sjávarútvegi sem og þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Í því skyni er sjóðnum heimilt að veita lán og ábyrgðir.

Enn fremur er stjórn sjóðsins heimilt að leggja fram keypt framleiðslutæki sem hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum utan Íslands eða hlutafélögum sem stofnuð eru hér á landi til að taka þátt í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Þá er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé í reiðufé til slíkra fyrirtækja, veita þeim ábyrgðir eða víkjandi lán enda liggi fyrir að alþjóðleg lánastofnun hafi á grundvelli fyrirbyggjandi arðsemisáætlana mælt með fjármögnun viðkomandi verkefnis.

Hlutafjárdeild og atvinnuþryggingardeild.

12. gr.

Hlutverk hlutafjárdeildar er að fara með og selja hlutabréf í eigu deildarinnar. Hlutafjárdeild er óheimilt að kaupa ný hlutabréf. Deildinni er þó heimilt við samruna félaga eða

skipti á hlutabréfum að taka við nýjum hlutabréfum sem samsvara fyrri hlutabréfaeign. Hlutfé í eigu deildarinnar skal boðið til sölu a.m.k. einu sinni á ári og skal starfsfólk og aðrir eigendur fyrirtækisins, sem í hlut á, njóta forkaupsréttar. Hlutdeildarskírteini deildarinnar skulu skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutfjárdeild skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum.

13. gr.

Hlutverk atvinnuþryggingardeildar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar. Henni er óheimilt að veita ný lán. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að skuldbreyta lánnum atvinnuþryggingardeildar í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu sjávarútvegsfyrirtækja, í samvinnu við aðrar lánastofnanir, við sameiningu eða verulega minnkun á afkastagetu einstakra fyrirtækja. Byggðastofnun annast reikningshald og innheimtu fyrir atvinnuþryggingardeild eftir nánara samkomulagi við stjórn Þróunarsjóðs.

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Stjórn Þróunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk til að annast daglegan rekstur hans eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.

Fyrir upphaf hvers starfsárs skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár til staðfestingar.

15. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, í því skyni að jafna mismæmi milli innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánnum sem sjóðurinn á að standa skil á.

16. gr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn kann að eignast. Öll skjöl viðvirkjandi lánnum, sem sjóðurinn tekur, skulu undanþeginn stimpilgjöldum.

17. gr.

Ársreikningum skal fylgja skrá yfir ráðstafanir á fjármunum Þróunarsjóðs, svo sem vegna greiðslu úreldingarstyrkja vegna fiskiskipa, kaupa á fasteignum og framleiðslutækjum, sölu á hlutabréfum hlutfjárdeildar og þátttöku í hagræðingaraðgerðum.

18. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrir-mælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Þróunarsjóður er í eigu ríkisins. Miða skal við að þróunarsjóðsgjöld skv. 4., 5. og 6. gr. standi undir skuldbindingum og rekstrarkostnaði sjóðsins. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Þróunarsjóðs og skal hún árlega gera sérstaka athugun á möguleikum sjóðsins til að standa undir skuldbindingum sínum miðað við stöðu efnahagsreiknings og áætlun um framtíðarútgjöld og tekjur, sbr. 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Komi í ljós að framtíðartekjur sjóðsins séu ekki í samræmi við skuldbindingar skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögur um breytingar á tekjustofnum sjóðsins, sbr. 4., 5. og 6. gr.

20. gr.

Sá hluti eigna og skuldbindinga atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar, sem ekki er vegna sjávarútvegsfyrirtækja, skal vera í fjárhagslega sjálfstæðri deild við Byggðastofnun. Hlutverk atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar. Henni er óheimilt að veita ný lán. Stjórn Byggðastofnunar er því aðeins heimilt að gefa eftir hluta lána eða gera á þeim breytingar að það sé talið nauðsynlegt vegna innheimtuhagsmuna deildarinnar og það sé liður í skuldaskilasamningum sem aðrir kröfuhafar taka þátt í.

21. gr.

Þróunarsjóði er heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hlutafjárdeildar.

22. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um starfsemi Þróunarsjóðs sjávarútvegsins með reglugerð.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 65/1992, um Hagræðingar-sjóð sjávarútvegsins. Gilda ákvæði 4. gr. laga þessara um innheimtu gjalds sem þegar hefur verið lagt á eigendur fiskiskipa skv. 4. gr. laga nr. 65/1992 og rennur gjald, sem innheimtist eftir gildistöku laga þessara, til Þróunarsjóðs. Enn fremur falla úr gildi 3.–12. gr. laga nr. 9 2. mars 1989, um aðgerðir í efnahagsmálum, svo og lög nr. 42 27. mars 1991, um breytingu á þeim lögum. Ákvæði 4. gr. um gjald á fiskiskip koma til framkvæmda frá og með árinu 1995. Ákvæði 5. gr. um gjald á fiskvinnslustöðvar koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1995 á gjaldstofn ársins 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1994 að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 2.720 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna.

II.

Ákvæði 1. másl. 2. mgr. 7. gr. um þriggja ára greiðsluskyldu á ekki við um þau skip sem skráð voru á skipaskrá fyrir 1. janúar 1994.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LYFJALÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja landsmönnum nægilegt framboð af nauðsynlegum lyfjum með sem hagkvæmasti dreifingu þeirra á grundvelli eðlilegrar samkeppni og í samræmi við þær reglur sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Við verslun með lyf skal það ætíð haft til hliðsjónar að lyfjadreifing er hluti heilbrigðisþjónustu og starfsmenn við dreifinguna skulu vinna með öðrum aðilum í heilbrigðisþjónustu að opinberum heilbrigðismarkmiðum hverju sinni. Það er jafnframt markmið með lögum þessum að tryggja eftir föngum gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, auka fræðslu um lyfjanotkun, sporna við óhöflegri notkun og halda lyfjakostnaði í lágmarki.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur umsjón með framkvæmd laga þessara. Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu starfar lyfjamálastjóri sem annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytisins fyrir hönd ráðherra. Hann skal vera lyfjafræðingur að mennt og má ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja. Lyfjamálastjóri, Hollustuvernd ríkisins, landlæknir, Lyfjaeftirlit ríkisins, lyfjanefnd ríkisins, lyfjaverðsnefnd og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis við framkvæmd laganna.

2. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Lyfjafræðingur veitir því forstöðu og má hann ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja.

Tryggja skal Lyfjaeftirliti ríkisins hæfilegt starfslið og aðstöðu til að sinna verkefnum sínum. Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með. Í reglugerð skal nánar kveðið á um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins. Verja skal tekjum þessum til greiðslu kostnaðar við eftirlitið og miða við að gjaldið standi undir kostnaði við rekstur þess.

3. gr.

Hlutverk Lyfjaeftirlits ríkisins er sem hér segir:

1. Að annast faglegt eftirlit með innflutningi lyfja, lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar.
2. Að annast faglegt eftirlit með starfsemi lyfjabúða, lyfjaeildverslana, lyfjagerða, annarra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga er selja, framleiða, flytja inn eða búa um lyf og skyldar vörur.
3. Að hafa eftirlit með lyfjaauglýsingum og sjá til þess að kynning og dreifing lyfja sé almennt í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ráðherra getur með reglugerð falið Lyfjaeftirliti ríkisins eftirlit með öðrum fyrirtækjum eða öðrum vörum en lyfjum ef sérstakar ástæður mæla með því og slíkt tengist hlutverki þess samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Lyfjanefnd ríkisins er undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann. Jafnframt eiga sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Heimilt er að kalla til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera nefndinni til ráðgjafar þegar þurfa þykir.

Lyfjanefnd ríkisins skal annast eftirtalin verkefni:

1. Skráningu og afskráningu lyfja í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Umsögn til ráðherra um umsóknir um markaðsleyfi lyfja (marketing authorization) í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Umsögn til ráðherra um umsóknir um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli óskráð lyf.
4. Umsögn til ráðherra um leyfi til tilrauna með lyf (klínískar rannsóknir og rannsóknir á aðgengi lyfja).
5. Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara eða hliðstæðra laga, hér með talin samvinna við erlendar lyfjanefndir og lyfjaskrárnefndir.

Í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins skulu framleiðendur sérlyfja eða umboðsmenn þeirra veita nefndinni jafnóðum allar nýjar upplýsingar er varða skráð lyf og lyf sem eru í skráningu.

Kostnaður af starfsemi nefndarinnar, þar með talin laun nefndarmanna og starfsliðs, skal borinn uppi af skráningar- og árgjöldum sérlyfja, svo og öðrum leyfisgjöldum, svo sem markaðsleyfum og leyfum fyrir klínískar prófanir.

II. KAFLI

Skilgreining lyfja. Lyfjahugtakið.

5. gr.

Í samræmi við skilgreiningu sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu eru lyf samkvæmt lögum þessum hvers konar efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn, sem notuð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum, enn fremur efni eða efnasambönd sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar, þar með talin geislavirk efni sem ætluð eru mönnum, ef þau koma í eða á líkama manna eða dýra, að undanskildum geislavirkum kjarnategundum sem eru lokaðir geislagjafar.

Efni, sem notuð eru til svæfingar eða staðdeyfingar, teljast lyf (svæfingarlyf, staðdeyfilyf).

Efni í viðurkenndum lyfjaformum, sem eru notuð til getnaðarvarna eða til þess að auka frjósemi manna eða dýra, teljast einnig lyf.

Ákvæði laga þessara taka einnig til umbúða og áhalda sem hafa lyf að geyma.

Ráðherra setur reglugerð með skilgreiningu og nánari ákvæði um hjúkrunar- og lækningahluti (medical devices) í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.

III. KAFLI

Lyfjaskrár.

6. gr.

Ísland er aðili að evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia; Ph.Eur.) ásamt viðaukum. Ensk útgáfa lyfjaskrárinnar gildir hér á landi.

Um aðrar kröfur til lyfjaforma, gæða og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðferðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum, fer samkvæmt auglýsingum um gildi norrænna og annarra evrópskra staðallýsinga hér á landi.

Ísland er aðili að Pharmaceutical Inspection Convention (PIC). Leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð, GMP-reglur, sbr. tilskipanir framkvæmdastjórnar EB, svo og aðrar leiðbeiningar sem settar eru af þessum aðilum, skulu gilda hér á landi.

IV. KAFLI

Flokkun lyfja.

Staðfesting lyfjaforskrifta og skráning sérlyfja.

7. gr.

Fullgerð lyf (lyf, tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að flytja til landsins, selja eða afhenda að fengnu markaðsleyfi eða undanþáguheimild og að þau megi fella undir einhvern eftirtalinn flokka:

1. Skráð lyf, í samræmi við skilgreiningu sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu, framleidd af viðurkenndum framleiðendum samkvæmt staðlaðri forskrift og nefnd sérheiti eða samheiti. Þessi lyf skal skrá í sérlyfjaskrá, sbr. 10. gr., og selja eða afhenda í órofum ílátum (afhendingarílátum) framleiðanda. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæði um afhendingarílát framleiðanda samkvæmt sérstökum fyrirætlum læknis á lyfseðli.
2. Stöðluð forskriftarlyf, framleidd af viðurkenndum framleiðendum samkvæmt staðfestri forskrift og nefnd gildandi samheiti. Lyfjanefnd ríkisins ákvarðar um staðfestingu forskrifta eða niðurfellingu staðfestingar og um ílát, umbúðir og pakkningar staðlaðra forskriftarlyfja.
3. Forskriftarlyf lækna, framleidd samkvæmt sérstökum fyrirætlum á lyfseðli (ordinatio magistralis) með hliðsjón af gildandi lyfjaskrá eða staðallýsingum, enda sé í hvívetna farið eftir gildandi lögum og reglum og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

Ráðherra getur, í samráði við lyfjanefnd ríkisins, leyft undanþágu frá framangreindum ákvæðum í einstaka tilvikum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau.

8. gr.

Heimilt er að binda skráningu lyfs við notkun eingöngu á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

Heimilt er að skrá lyf og veita markaðsleyfi tímabundið til reynslu.

9. gr.

Við mat á sérlyfjum og stöðluðum forskriftarlyfjum skal einkum taka tillit til rannsókna á lyfjaáhrifum og eituráhrifum virkra efna í tilraunum á mönnum eða dýrum, gæða allra efna, virkra og óvirkra (hjálparefna), sem notuð eru við lyfjagerðina, aðgengis virkra efna í lyfjaformum, geymsluþols og notagildis lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdóma, svo og aukaverkana eins og kveðið er á um í norrænum og öðrum evrópskum reglum sem ráðherra staðfestir.

Lyfjanefnd ríkisins kannar á fimm ára fresti hvort réttar forsendur séu fyrir skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá.

10. gr.

Að fengnum tillögum lyfjanefndar ríkisins gefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið út skrá, sérlyfjaskrá, er greinir skráð sérlyf eftir lyfjaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, fráþendingum, skammtastærðum, helstu aukaverkunum og hámarksverði lyfja, sbr. 40 gr.

V. KAFLI

Ávísun lyfja.**Lyfseðlar og afgreiðsla þeirra.****Merking lyfja.**

11. gr.

Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis sem hefur gilt lækningaleyfi hér á landi. Í neyðartilfellum er lyfjafræðingum heimilt að afhenda lyf í minnstu þakkingu án lyfseðils.

Útgefandi lyfseðils undirritar hann eigin hendi ásamt stöðuheiti (læknir, tannlæknir, dýralæknir) eða les hann fyrir í síma með þeim hætti að ljóst sé af símlastrinum hver hann er. Lyfseðil má senda með bréfsíma eða skjalasendingu á milli tölva á staðlaðan hátt þannig að viðtakandi geti sannreynt hver sendandi er. Útgefandi staðfestir þannig að hann hafi sjálfur ávísað hlutaðeigandi einstaklingi eða umráðamanni tilgreindu lyfi í tilteknu magni og sagt fyrir um skammta eða notkun.

Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna og afhendingu lyfjafræðinga á lyfjum í neyðartilfellum.

12. gr.

Ráðherra setur reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu. Í reglugerð þessari skal m.a. kveða á um eftirfarandi atriði:

1. gerð lyfseðla,
2. ávísun lyfja,
3. hvort lyf megi einungis afhenda gegn lyfseðli, hve mikið magn og hve oft gegn sama lyfseðli,
4. hvernig háttá skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf,
5. ávísun lyfja í síma, bréfsíma eða með tölvu,
6. ávísun ávana- og fíknilyfja,
7. ávísun lyfja til notkunar í skipum og loftförum,
8. rétt læknanema og lækna án lækningaleyfis til að ávísa lyfjum,
9. gildistíma lyfseðla,
10. merkingu lyfja.

VI. KAFLI

Auglýsing og kynning lyfja.

13. gr.

Bannaðar eru hvers konar lyfjaauglýsingar með þeim undantekningum sem um getur í kafla þessum.

14. gr.

Auglýsa má og kynna lyf, sem skráð eru hér á landi, á íslensku í tímaritum eða blöðum þeirra heilbrigðisstétta sem ávísa og dreifa lyfjum.

Í lyfjaauglýsingum skal tilgreina nafn framleiðanda, heiti lyfs, virkra efna, helstu ábendingar og fráþendingar er varða notkun hlutaðeigandi lyfja, þakkingastærðir og verð. Enn

fremur stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og aukaverkanir. Framangreindar upplýsingar skulu ætíð vera greinilegar og auðlæsar og í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrá.

15. gr.

Heimilt er að kynna lyfseðilsskyld lyf fyrir þeim heilbrigðisstéttum sem ávísa og dreifa lyfjum en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

16. gr.

Heimilt er að kynna og auglýsa lausasölulyf, þ.e. lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld, fyrir almenningi. Auglýsingar um lausasölulyf skulu vera í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins sem nánar er getið í reglugerð.

Lyfjabúðum er heimilt að auglýsa og kynna þjónustu sína, svo sem heimsendingarþjónustu, verð lausasölulyfja og almenn afsláttarkjör.

Upplýsingar í auglýsingum skulu ætíð vera greinilegar og auðlæsar og í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrá, reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu, svo og önnur fyrirmæli er að þessu líta.

17. gr.

Heimilt er að afhenda persónulega lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu og án greiðslu enda sé um að ræða nýskráð lyf til kynningar hér á markaði sem ekki teljast ávana- eða fíknilyf. Slík afhending er einungis heimil að fenginni dagsettri og undirritaðri beiðni læknis.

Önnur afhending eða póstsending lyfjasýnishorna í auglýsingaskyni er óheimil.

18. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins gætir þess að lyfjaauglýsingar séu réttar. Það getur bannað tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Það getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar á sambærilegan hátt. Lyfjaeftirlitið leitar álits lyfjanefndar ríkisins og/eða Samkeppnisstofnunar í þeim tilvikum er vafi leikur á réttmæti lyfjaauglýsingar. Auglýsendur skulu halda skrá yfir allar auglýsingar þar sem fram kemur hvar og hvenær þær voru birtar. Skrána skal geyma í tvö ár og skal hún vera aðgengileg Lyfjaeftirliti ríkisins.

19. gr.

Skráning aukaverkana og tilkynningarskylda skal vera í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og vera í höndum landlæknis í samstarfi við lyfjanefnd ríkisins.

VII. KAFLI

Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

20. gr.

Leyfi til lyfjasölu hafa þeir aðilar einir sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.

Ráðherra veitir lyfsöluleyfi þeim sem uppfyllir eftirtalin skilyrði og um slíkt leyfi sækir:

1. Er lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. lög um lyfjafræðinga.
2. Hefur starfað sem lyfjafræðingur í þrjú ár. Veita má undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.
3. Hefur verslunarleyfi eða hefur gert samning við aðila með verslunarleyfi.

Umsóknir um ný lyfsöluleyfi skal ráðherra senda viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Við mat umsóknar skal m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu nýs leyfis er ráðherra heimilt að hafna umsókninni.

Áður en starfsemi lyfjabúðar er hafin skal liggja fyrir yfirlýsing Lyfjaeftirlits ríkisins um að húsnæði, búnaður og starfslið fullnægi kröfum þess.

Ráðherra er heimilt að kveða á um vaktskyldu lyfsöluleyfishafa.

Ráðherra getur falið stjórn heilsugæslustöðvar í heilsugæsluumdæmi þar sem lyfjabúð er ekki starfrækt rekstur lyfjabúðar og skal samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins liggja fyrir áður en starfsemi hennar er hafin. Stjórn heilsugæslustöðvar, sem falinn er rekstur lyfjabúðar, er heimilt að semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa um þjónustu, þar með talinn rekstur lyfjabúðar, sbr. 35. gr.

Fyrir lyfsöluleyfi skal greiða gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

21. gr.

Hvert lyfsöluleyfi takmarkast við rekstur einnar lyfjabúðar og ber lyfsöluleyfishafi sjálfur faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar. Lyfsöluleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi til að reka útibú frá lyfjabúð sinni í sveitarfélögum þar sem lyfjabúðir eru ekki reknar. Í fjarveru leyfishafa skal fela lyfjafræðingi daglega stjórn lyfjabúðarinnar í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins.

Starfandi lækna, tannlækna og dýralækna mega ekki vera eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúða.

22. gr.

Lyfsöluleyfi fellur niður:

1. ef leyfishafi er sviptur lyfjafræðingsleyfi sínu eða verslunarleyfi,
2. í lok þess árs sem leyfishafi verður 70 ára; heimilt er að framlengja leyfi um eitt ár í senn eftir þann tíma að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins,
3. ef leyfishafi hættir störfum,
4. við andlát leyfishafa. Þó er dánarbúi heimilt að reka lyfjabúð í hálf ár, undir faglegri stjórn lyfjafræðings, að fengnu samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.

Ráðherra er heimilt að svipta leyfishafa lyfsöluleyfi ef hann brýtur gegn ákvæðum þessara laga eða annarra og brotið er þess eðlis að telja verði leyfishafa óhæfan til að annast lyfsölu. Um missi starfsréttinda fer eftir V. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

Við starfslok er leyfishafa eða dánarbúi heimilt að selja reksturinn lyfjafræðingi sem öðlast hefur lyfsöluleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara.

VIII. KAFLI

Um rekstur lyfjabúða.

23. gr.

Lyfjabúð skal auðkenna á áberandi hátt. Handhöfum lyfsöluleyfis er heimilt að nefna lyfjaverslanir sínar og þær einar lyfjabúðir eða apótek.

24. gr.

Lyfsölum er skylt að hafa á boðstólum lyf sem selja má hér á landi, hafa hæfilegar lyfjabirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði og útvega þau lyf sem ekki er að finna í birgðum þeirra svo fljótt sem auðið er. Enn fremur skulu vera til sölu í lyfjabúðum helstu gerðir lyfjagagna og hjúrunar- og sjúkragagna eftir því sem kostur er.

Lyfsölum er skylt að veita heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi, enda brjóti það ekki í bága við önnur lög.

Lyfsölum er skylt að veita neytendum og heilbrigðisstéttum upplýsingar um lyf, notkun þeirra og geymslu. Þá er þeim jafnframt skylt að kynna lyfjanotkun og lyfjafræðilega umsjá í samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir með það að markmiði að draga úr líkum á sjúkdómum og auka almennt heilbrigði.

Lyfsalar skulu tölvuskrá allar upplýsingar af lyfseðlum á formi sem samþykkt er af landlækni og tölvunefnd, sbr. lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Landlæknir getur krafist þessara upplýsinga allt að einu ári aftur í tímann.

IX. KAFLI

Vistun lyfjafræði- og lyfjatækninema. Skyldur starfsmanna lyfjabúða.

25. gr.

Lyfjabúðir vista lyfjafræði- og lyfjatækninema til verklegs náms samkvæmt samkomu-
lagi við viðkomandi menntastofnanir.

26. gr.

Lyfjafræðinemar, sem lokið hafa 4. árs námi og tveggja mánaða vistun í lyfjabúð, geta sótt um leyfi til ráðherra til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðinga tímabundið. Í slíkum tilvikum skal lyfjafræðinemi starfa með og á ábyrgð lyfjafræðings.

27. gr.

Starfsmenn lyfjabúða eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun sem þeir öðlast í starfi sínu um sjúkdóma eða önnur einkamál.

Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir ákvæðum réttarfarslaga.

X. KAFLI

Um afgreiðslu lyfja.

28. gr.

Lyfjafræðingar eða aðstoðarlyfjafræðingar skulu bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og hafa með höndum lokaeftirlit að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávisun eða eiturbeiðni.

Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt útibúi frá lyfjabúð enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af Lyfjaeftirliti ríkisins eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala. Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í útibúi frá lyfjabúð er heimilt að veita þennan sama rétt öðrum ábyrgum umboðsmanni sem lyfsali ræður til þess að fengnu samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.

XI. KAFLI

Innflutningur og heildsala lyfja.

29. gr.

Leyfi til innflutnings fullgerðra lyfja og lyfjaefna til dreifingar í heildsölu hafa þeir einir sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.

Fyrir lyfjaheildsöluleyfi skal greitt gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

30. gr.

Til að fá lyfjaheildsöluleyfi verður lyfjaheildsala að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. að henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi og ekki er handhafi lyfsöluleyfis,
2. að vera þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem að meðferð lyfja lýtur eða brjóti á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga má svipta hann leyfinu.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjapakningar. Óheimilt er að breyta áletrun á pakningum lyfja nema á ábyrgð framleiðanda og að fenginni umsögn lyfjanefndar ríkisins. Lyfjaeftirlit ríkisins fylgist með að slík breyting sé gerð á tryggilegan hátt.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum, tannlæknum og dýralæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna, tannlækna og dýralækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir rekstrarkostnað. Þóknun fyrir lyfjaafhendingu dýralækna skal ákveðin af lyfjaverðsnefnd í samráði við yfirdýralækni, sbr. 40. gr.

Lyfjaheildsölum er skylt að tölvuskra söluupplýsingar á formi sem samþykkt er af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og jafnframt að veita ráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

XII. KAFLI

Framleiðsla lyfja.

31. gr.

Leyfi til framleiðslu lyfja hafa þeir aðilar einir sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra. Fyrir lyfjaframleiðsluleyfi skal greitt gjald sem ákveðið er af fjármálaráðherra.

32. gr.

Til að fá lyfjaframleiðsluleyfi verður fyrirtæki að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. að því veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi eða annar sá sem uppfyllir eigi minni menntunarkröfur,
2. að vera þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins að það fullnægi kröfum um framleiðslu, geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem lýtur að meðferð lyfja eða brjóti á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga má svipta hann leyfinu. Lyfjaframleiðendum er skylt að veita heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

33. gr.

Lyfjabúðir skulu framleiða forskriftarlyf lækna eða útvega þau svo fljótt sem unnt er. Heimilt er að framleiða stöðluð forskriftarlyf í lyfjabúðum ef settum skilyrðum er fullnægt. Heimilt er að takmarka framleiðsluleyfi þeirra við tiltekin lyfjaform.

XIII. KAFLI

Um lyfjapjónustu á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

34. gr.

Á sjúkrahúsum er heimilt að starfrækja sérstök sjúkrahússapótek sem hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun og varðveislu lyfja og eftirliti með notkun þeirra á einstökum deildum. Rekstur sjúkrahússapóteks skal vera fjárhagslega aðskilinn frá öðrum rekstri sjúkrahússins.

Yfirlyfjafræðingur er forstöðumaður sjúkrahússapóteks og skal ráðinn af viðkomandi sjúkrahússstjórn.

Stjórn sjúkrahúss er heimilt að leita útboða um rekstur sjúkrahússapóteks sem veitir þá þjónustu sem um ræðir í þessum kafla enda uppfylli reksturinn öll önnur skilyrði laganna um starfsemi og rekstur lyfjabúða.

35. gr.

Á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum, sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samkvæmt öðrum sérlögum og ekki starfrækja sjúkrahússapótek, skal lyfjafræðingur hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra.

Hafi stofnunin ekki lyfjafræðing í þjónustu sinni skv. 1. mgr. skal stjórn stofnunarinnar semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfshafa um lyfjafræðilega þjónustu, svo sem umsjón með öflun lyfja og eftirlit með notkun þeirra. Samningurinn er háður samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.

36. gr.

Sjúkrahússapóteki er heimilt að afgreiða lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsinu og göngudeildarsjúklinga. Sjúkrahússapóteki er einungis heimilt að afgreiða lyfseðla sem merktir eru sjúkrahúsinu og gefnir eru út af læknum þess.

Um afgreiðslu lyfja samkvæmt heimild þessarar greinar fer eftir þeim almennu reglum sem gilda um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

37. gr.

Á hverju deildaskiptu sjúkrahúsi skal starfa þriggja til fimm manna lyfjanefnd sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Í slíkri lyfjanefnd skal vera a.m.k. einn starfandi lækna sjúkrahússins og einn starfandi lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins. Að jafnaði skal þess gætt þegar völ er á fleiri en einu jafngildu lyfi að velja til notkunar á sjúkrahúsi þau lyf sem ódýrari eru.

38. gr.

Stjórn sjúkrahúss ber að sjá svo um að húsnæði og búnaður sjúkrahússapóteks eða lyfjageymslu sjúkrahússins sé við hæfi og skal hlíta úrskurði Lyfjaeftirlits ríkisins þar að lútandi.

XIV. KAFLI

Lyfjaverð.

39. gr.

Verðlagning lyfja, sem seld eru án lyfseðils, er frjáls.

40. gr.

Lyfjaverðsnefnd ákvarðar hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum í heildsölu og smásölu. Nefndin ákveður jafnframt þóknun til dýralækna fyrir afhendingu dýralyfja.

Innflytjendur lyfja, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra skulu sækja um hámarksverð í heilðsölu og allar verðbreytingar á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum til lyfjaverðsnefndar.

Í nefndinni skulu eiga sæti þrír menn sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar til setu á kjörtímabili sínu, þar af einn tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Ráðherra skipar formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þegar fjallað er um hámarksverð á lyfjum í heilðsölu tekur sæti í nefndinni fulltrúi samtaka lyfjaheildsala og þegar fjallað er um hámarksverð í smásölu tekur fulltrúi samtaka lyfsala sæti í nefndinni. Þegar fjallað er um þóknun til dýralækna tekur fulltrúi samtaka dýralækna sæti í nefndinni auk þess sem nefndin skal þá leita álits yfirdýralæknis. Falli atkvæði jöfn við afgreiðslu mála hjá nefndinni sker atkvæði formanns úr.

Nefndin skal fylgjast með innkaups- og framleiðsluverði lyfja og verðlagningu lyfja í heilðsölu og smásölu og taka mið af þeim athugunum við verðákvæðanir sínar. Þá skal nefndin hafa með höndum útgáfu lyfjaverðskrár sem í er birt hámarksverð lyfseðilsskyldra lyfja.

Kostnaður við störf nefndarinnar, þar með talin laun nefndarmanna og starfslíðs, greiðist úr ríkissjóði.

41. gr.

Ráðherra ákveður að fenginni tillögu Tryggingastofnunar ríkisins þátttöku almanna-trygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðora í samræmi við lög um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni.

XV. KAFLI

Eftirlit, málarekstur og refsing.

42. gr.

Eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins.

43. gr.

Um mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

XVI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

44. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja nauðsynlegar reglugerðir með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Frá sama tíma falla úr gildi lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og lyfjalög, nr. 108/1984, með síðari breytingum, að undanskildum ákvæðum X. kafla í lyfjalögum um lyfsölusjód, 39.–48. gr., sem falla úr gildi 1. júní 1995. Skulu eignir lyfsölusjóðs þá renna að einum þriðja hluta til Íslenska lyfjafræðisafnsins við Neströð, Seltjarnarnesi, en tveir þriðju hlutar skulu renna til Lyfjafræðingafélags Íslands og vera varið til að styrkja forvarna- og upplýsingastarf um lyf í lyfjabúðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þær reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lyfjalögum, nr. 108/1984, og lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglugerðir hafa öðlast gildi enda stangist efni þeirra ekki á við lög þessi.
2. Núverandi lyfsalar halda lyfsöluleyfum sínum eftir gildistöku ákvæða VII. kafla laganna. Samvinnurekna lyfjabúðir á Akureyri og Selfossi og Lyfjabúð Háskóla Íslands hafa frest til 1. júní 1995 til að uppfylla skilyrði laga þessara. Læknar og sveitarfélög halda leyfum sínum til lyfsölu fram til 1. júní 1995 og eftir það þar til sá er uppfyllir skilyrði samkvæmt lögum þessum sækir um lyfsöluleyfið. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, getur ráðherra framlengt lyfsöluleyfi þar til ákvæði VII. kafla taka gildi.
3. Ákvæði VII. og XIV. kafla koma þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. nóvember 1995. Hið sama gildir um ákvörðun þóknunar fyrir lyfjaafhendingu dýralækna sem kveðið er á um í 30. gr.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.

LÖG**um Lífeyrissjóð sjómanna.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í lögum þessum og reglugerð um sjóðinn.

2. gr.

Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir en starfa að viðhaldi og viðgerð skips eða öðrum störfum í þágu útgerðar.

Yfirmönnum á skipum ríkissjóðs, sem við gildistöku laga þessara greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, er heimilt að vera sjóðfélagar í þeim sjóði. Um heimild þessa að öðru leyti fer skv. 4. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Sjómönnum, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hefur veitt undanþágu frá aðild að þessum sjóði, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingarskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi byggðarlags.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. fimm ár og áunnið sér a.m.k. þrjú stig.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þessum sökum. Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa íslenskum sjómönnum, sem starfa á erlendum skipum, að greiða iðgjöld til sjóðsins.

3. gr.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim ásamt eigin iðgjaldahluta. Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip ef krafa kemur fram um það frá sjóðnum.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á viðkomandi skipi án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

4. gr.

Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur og lífeyrisgreiðslur eru undanþegar fjárnámi.

5. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð sem stjórn sjóðsins semur og staðfest er af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og fjármálaráðherra.

6. gr.

Lög þessi taka gildi 1. september 1994 og frá sama tíma falla úr gildi lög um Lífeyris-sjóð sjómanna, nr. 49/1974, með síðari breytingum, enda hafi reglugerð um sjóðinn, sbr. 5. gr. laga þessara, verið staðfest með gildistöku frá sama tíma.

Ákvæði til bráðabirgða.

Áður en fjármálaráðherra staðfestir reglugerð fyrir sjóðinn, sbr. 6. gr., skal hann leita álits efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda,
nr. 64 16. desember 1943.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist: Einnig skal þar birta reglur sem opinberum stjórnvöldum og stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að gefa út.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1994.

Davíð Oddsson.

Valgerður Sverrisdóttir.
(L. S.)

Hrafn Bragason.

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um ráðstafanir til að stuðla að stækkun
atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum
í kjölfar samdráttar í þorskafli.

FORSETI ÍSLANDS

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á árinu 1994 er ríkissjóði heimilt að veita Byggðastofnun sérstakt framlag að fjárhæð allt að 300 millj. kr. til að standa straum af víkjandi lánum til sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum sem vilja sameinast og til að styðja nýjungar í atvinnulífi, sbr. 5. gr.

Framlag skv. 1. mgr. skal greitt eftir því sem víkjandi lán skv. 2. gr. eru samþykkt.

2. gr.

Þar sem sveitarfélög verða sameinuð á Vestfjörðum er Byggðastofnun heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum, sem ætla að sameinast, víkjandi lán. Sama gildir um þau sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum sem hafa sameinast á síðustu þremur árum.

3. gr.

Forsenda fyrir lánveitingu samkvæmt lögum þessum er að sérstakur starfshópur, sem forsætisráðherra skipar, hafi gert tillögu um afgreiðslu á lánsúmsóknum viðkomandi fyrirtækja. Í starfshópnum skulu vera fjórir menn, einn tilnefndur af Bygðastofnun, einn tilnefndur af fjármálaráðherra, einn tilnefndur af félagsmálaráðherra og einn skipar forsætisráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður starfshópsins. Starfshópurinn ræður sér til aðstoðar rekstrarráðgjafa. Kostnaður vegna vinnu starfshópsins og rekstrarráðgjafa greiðist af framangreindum 300 millj. kr.

Starfshópurinn skal við umfjöllun um lánsúmsóknir hafa náð samráð við eigendur fyrirtækja og stærstu kröfuhafa þeirra. Starfshópurinn skal stuðla að samkomulagi þessara aðila um nauðsynlega endurskipulagningu á rekstri hins sameinaða fyrirtækis. Að því loknu ákveður starfshópurinn hvort gera skuli tillögu til stjórnar Bygðastofnunar um lánveitingu. Stjórn Bygðastofnunar samþykkir eða synjar lánveitingar á grundvelli tillagna starfshópsins.

Samþykki stjórn Bygðastofnunar tillögu starfshópsins um lánveitingu óskar hún eftir því við fjármálaráðuneytið að fá jafnhátt framlag skv. 1. gr.

4. gr.

Víkjandi lán samkvæmt lögum þessum skulu vera verðtryggð. Lánin skulu enga vexti bera fyrstu þrjú árin. Eftir það skulu lánin bera 5% vexti.

Lánin skulu vera afborganalaus fyrstu þrjú árin. Næstu þrjú ár skal einungis greiða vexti. Á næstu 10 árum skal greiða höfuðstól, vexti og verðbætur, enda nái skuldarar að fullnægja skilyrðum sem Bygðastofnun setur um víkjandi afborganir, þar sem m.a. er kveðið á um hagnaðar- og eiginfjárkröfur. Ef fyrirtæki fullnægir ekki þessum skilyrðum færist greiðsla hvers árs eitt ár aftur fyrir lántímann.

5. gr.

Af framlagi ríkissjóðs skv. 1. gr. er Bygðastofnun heimilt að veita 15 millj. kr. til að styðja við nýjungar í atvinnumálum á Vestfjörðum sem auka fjölbreytni atvinnulífs.

6. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1993, sbr. lög nr. 115/1993.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjors ríkissjóðs 1993 verða eftirtaldar breytingar á greiðslufirliti A-hluta ríkissjóðs 1993 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1993, sbr. lög nr. 115/1993:

Greiðslufirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		1 615 000
Gjöld		-2 799 527
Gjöld umfram tekjur		-4 414 527
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-101 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	-533 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	432 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		25 000
Viðskiptareikningar		-574 000
Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs		-5 064 527
Afborganir af teknum lánum		300 000
Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs		-5 364 527
Lántökur		-3 966 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		1 398 527

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1993, sbr. 2. gr. laga nr. 115/1993, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

	Pús.kr.	Pús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	45 063	
01 Forsætisráðuneyti	45 893	
02 Menntamálaráðuneyti	735 884	
03 Utanríkisráðuneyti	93 926	
04 Landbúnaðarráðuneyti	215 931	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	61 417	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	237 584	
07 Félagsmálaráðuneyti	-21 812	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	642 604	
09 Fjármálaráðuneyti	717 711	
10 Samgönguráðuneyti	9 457	
11 Iðnaðarráðuneyti	-14 706	
12 Viðskiptaráðuneyti	11 525	
13 Hagstofa Íslands	9 817	
14 Umhverfissráðuneyti	9 233	
		<hr/>
Samtals öll ráðuneyti		2 799 527

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

301 Ríkisstjórn	447	
401 Hæstiréttur	666	
520 Opinberar heimsóknir	1 662	
Óhafnar fjárveitingar	-47.838	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-45.063

01 Forsætisráðuneyti

901 Húsameistari ríkisins	10 803	
Óhafnar fjárveitingar	-56.696	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-45.893

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands	7 149	
203 Raunvísindastofnun Háskólans	4 474	
206 Orðabók Háskólans	2 253	
208 Örnefnastofnun	58	
232 Rannsóknaráð ríkisins	97	
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	9	

302 Menntaskólinn á Akureyri	1 605
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	499
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	6 424
305 Menntaskólinn við Sund	767
350 Fjölbautaskólinn í Breiðholti	12 013
352 Flensborgarskóli, fjölbraut	1 506
354 Fjölbautaskóli Vesturlands, Akranesi	1 833
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	3 645
360 Fjölbautaskólinn í Garðabæ	1 923
422 Námsgagnastofnun	177
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	73
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	377
518 Fiskvinnsluskólinn	1 342
551 Hústjórnskólinn Hallormsstað	500
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	373
562 Leiklistarskóli Íslands	582
571 Sjómannaskólahúsið	2 309
601 Héraðsskólinn Reykholti	3 445
603 Héraðsskólinn Reykjanesi	1
604 Héraðsskólinn Reykjum	1 114
605 Alþýðuskólinn Eiðum	2 712
710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	128
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	210
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	176
718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	390
755 Dalbrautarskóli	87
798 Einholtsskóli	965
884 Jöfnun á námskostnaði	4 813
903 Þjóðskjalasafn Íslands	229
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	93
908 Kvikmyndasafn Íslands	1
972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	10 830
973 Þjóðleikhús	2 107
980 Listskreytingasjóður	188
983 Ýmis fræðistörf	6 738
984 Norræn samvinna	20
Óhafnar fjárveitingar	-820.119

Samtals ráðuneyti

-735.884

03 Utanríkisráðuneyti

102 Varnarmálaskrifstofa	3 761
103 Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar	2 086
201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	5 461
302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	9
303 Sendiráð Íslands í London	3 919
305 Sendiráð Íslands í Ósló	2 540

306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	2 577	
309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	6 267	
310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	1 272	
391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	6 075	
Óhafnar fjárveitingar	-127.893	
		-93.926
Samtals ráðuneyti		

04 Landbúnaðarráðuneyti

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	216	
231 Skógrækt ríkisins	1 617	
239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni	104	
246 Veiðimálastofnun	385	
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	228	
502 Bændaskólinn á Hólum	94	
Óhafnar fjárveitingar	-218.575	
		-215.931
Samtals ráðuneyti		

05 Sjávarútvegsráðuneyti

202 Hafrannsóknastofnun	2 128	
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	300	
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	12	
Óhafnar fjárveitingar	-63.857	
		-61.417
Samtals ráðuneyti		

06 Dóms og kirkjumálaráðuneyti

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3	
103 Lagasafn	738	
211 Héraðsdómur Reykjavíkur	94	
213 Héraðsdómur Vestfjarða	296	
214 Héraðsdómur Norðurlands vestra	148	
231 Málskostnaður í opinberum málum	6 687	
232 Opinber réttaraðstoð	1 679	
290 Dómsmál, ýmis kostnaður	5 908	
411 Sýslumaðurinn í Reykjavík	3 030	
412 Sýslumaðurinn á Akranesi	16 085	
416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði	4	
419 Sýslumaðurinn á Hólmavík	241	
420 Sýslumaðurinn á Blönduósi	526	
426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	2 004	
429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	501	
431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	48	
432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	698	
434 Sýslumaðurinn í Keflavík	1 912	

701 Biskup Íslands	837	
712 Prestssetur	911	
721 Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar	1 590	
Óhafnar fjárveitingar	-281.524	
		-237.584
Samtals ráðuneyti		

07 Félagsmálaráðuneyti

272 Byggingarsjóður verkamanna	47	
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	32	
983 Ábyrgðasjóður launa v/gjaldþrota	314 511	
Óhafnar fjárveitingar	-292.778	
		21.812
Samtals ráðuneyti		

08 Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti

277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	7 000
323 Tryggingaeftirlitið	3 479
324 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands	550
326 Sjónstöð Íslands	66
356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki	1
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2 000
367 Sjúkrahúsið Keflavík	4 400
371 Ríkisspítalar	13 050
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	490
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	434
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	292
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	770
532 Heilsugæslustöðin Ísafirði	1
533 Heilsugæslustöðin Þingeyri	899
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	562
555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri	360
556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	504
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	543
561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	640
562 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	1
565 Heilsugæslustöðin Eskifirði	397
566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	598
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	2 739
568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	576
571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	454
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	272
575 Heilsugæslustöðin Hellu	985
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	529
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði	288
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	763
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	648
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	849

584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	610	
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1 207	
Óhafnar fjárveitingar	-689.561	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-642.604

09 Fjármálaráðuneyti

104 Ríkisfjárhirsla	194	
202 Skattstofan í Reykjavík	1 987	
205 Skattstofa Norðurlands vestra	777	
206 Skattstofa Norðurlands eystra	277	
208 Skattstofa Suðurlands	462	
209 Skattstofa Vestmannaeyja	652	
251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	85 198	
381 Uppbætur á lífeyri	38 801	
402 Fasteignamat ríkisins	1	
989 Launa- og verðlagsmál	23 186	
Óhafnar fjárveitingar	-869.246	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-717.711

10 Samgönguráðuneyti

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	1 555	
332 Vitastofnun Íslands	241	
333 Hafnamál	354	
341 Siglingamálastofnun ríkisins	2 139	
471 Flugmálastjórn	3 879	
651 Ferðamálaráð	1 499	
Óhafnar fjárveitingar	-19.124	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-9.457

11 Iðnaðarráðuneyti

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	211	
298 Kostnaður v/samninga við ÍSAL	2 980	
301 Orkustofnun	333	
302 Rafmagnseftirlit ríkisins	4 787	
371 Orkusjóður	484	
399 Ýmis orkumál	25 548	
Óhafnar fjárveitingar	-19.637	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		14.706

12 Viðskiptaráðuneyti

Óhafnar fjárveitingar	-11.525	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-11.525

13 Hagstofa Íslands

Óhafnar fjárveitingar	-9.817	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-9.817

14 Umhverfissráðuneyti

210 Veiðistjóri	5 545	
401 Náttúrufræðistofnun Íslands	449	
410 Veðurstofa Íslands	2 082	
Óhafnar fjárveitingar	-17.309	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-9.233

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1994.

Davíð Oddsson.

Valgerður Sverrisdóttir.
(L. S.)

Hrafn Bragason.

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu.

Menntamálaráðherra skipar þjóðminjarád til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa, Félag íslenskra safnamanna einn, Háskóli Íslands einn, Hið íslenska kennarafélag og Kennarasamband Íslands einn sameiginlega og einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þjóðminjavörður og safnstjóri Þjóðminjasafns, ásamt einum fulltrúa tilnefndum af fóstum starfsmönnum safnsins úr þeirra röðum, eiga setu á fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Hlutverk þjóðminjaráðs er að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og þjóðminjavörsluna í heild og hafa yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Ráðið er stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands og hefur umsjón með rekstri þess. Að öðru leyti sinnir ráðið þeim verkefnum sem því eru sérstaklega falin í lögum þessum.

Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu. Hann er forstöðumaður Þjóðminjasafns Íslands og framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs. Forseti Íslands skipar þjóðminjavörð til fimm ára í senn að tillögu menntamálaráðherra sem leita skal umsagnar þjóðminjaráðs. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningar sögu og reynslu af stjórnunarstörfum.

Birta skal árlega starfsskýrslu þjóðminjaráðs og Þjóðminjasafns Íslands.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Þriggja manna fornleifanefnd fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tíma bundinna fornleifarannsókna og er Þjóðminjasafni Íslands til ráðgjafar um fornleifavörslu, fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir. Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fjögurra ára í senn. Háskóli Íslands og Félag íslenskra fornleifafræðinga tilnefna einn fulltrúa hvor og skulu þeir hafa háskólapróf í fornleifafræði sem aðalgrein. Þjóðminjaráð tilnefnir einn fulltrúa. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þjóðminjavörður, eða fulltrúi hans, situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Landinu skal skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðminjaráðs.

Á hverju minjasvæði skal starfa einn minjavörður. Hlutverk minjavarða er að hafa umsjón með menningarminjum og fornleifavörslu, skráningu og eftirliti forngripa og gamalla bygginga og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar. Minjaverðir skulu að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun á sviði menningarsögu eða fornleifafræði.

Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu. Aðra minjaverði ræður þjóðminjavörður til fimm ára í senn samkvæmt tillögu þjóðminjaráðs. Þeir eru starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands. Heimilt er þó að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal auk þjóðminjavarðar starfa safnstjóri sem stjórnar daglegri starfsemi safnsins undir yfirumsjón þjóðminjavarðar. Safnstjóri er staðgengill þjóðminjavarðar. Menntamálaráðherra ræður safnstjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og þjóðminjaráðs. Safnstjóri skal að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun í menningarsögu, góða þekkingu á rekstri safna og reynslu af stjórnunarstörfum.

Um deildaskiptingu safnsins skal mælt fyrir í reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Deildir safnsins geta verið sjálfstæðar rekstrareiningar, haft stöðu sérstakra safna eða stofnana.

Þjóðminjavörður ræður deildarstjóra og aðra sérfræðinga safnsins með samþykki þjóðminjaráðs. Deildarstjórar skulu ráðnir til fimm ára í senn. Skulu þeir að öðru jöfnu hafa sérfræðimenntun á starfssviði sínu. Þjóðminjavörður annast ráðningu annarra starfsmanna Þjóðminjasafns.

5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 7. gr. og hlotið hafa viðurkenningu Þjóðminjaráðs.

Þau söfn, sem uppfylla skilyrði Þjóðminjaráðs, geta sótt um styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar.

Byggðasöfn geta verið sjálfseignarstofnanir eða í eigu sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka. Setja skal hverju byggðasafni stofnskrá þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn safnsins, eignaraðild að því, þátttöku ríkisins í kostnaði við það og ráðningu forstöðumanns. Ríkisstyrkur til byggðasafns er háður því að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt stofnskrá þess að fenginni tillögu Þjóðminjaráðs.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um byggðasöfn að fenginni tillögu Þjóðminjaráðs.

6. gr.

5. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknnum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.

7. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Ekki má nota myndir af gripum safnanna sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi viðkomandi forstöðumanna.

8. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Á hverju minjasvæði, sbr. 4. gr., skal starfa minjaráð sem skipað er forstöðumönnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um og samhæfa starfsemi safnanna.

9. gr.

Lokamálsliður 16. gr. laganna orðast svo: Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 18. gr.

10. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.

11. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess og skal Þjóðminjasafn eiga samvinnu við skipulagsyfirvöld um það.

Þjóðminjasafn ákveður í samráði við fornleifanefnd hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega

sem unnt er á korti eða á annan hátt. Auðkenna skal friðlýstar fornleifar eða minjasvæði með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Þjóðminjasafn gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.

12. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjasafn ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifunum.

13. gr.

1. másl. 20. gr. laganna orðast svo: Nú finnst fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er.

14. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

15. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands fer með yfirstjórn og annast eftirlit rannsókna á fornleifum í landinu. Þegar fornleifanefnd veitir leyfi til stað- og tímabundinna rannsókna, sbr. 3. gr., skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá sem slíkt leyfi fær hlíta þeim reglum sem fornleifanefnd setur þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina. Rannsóknir útlendinga skulu vera undir yfirumsjón Þjóðminjasafns. Beina skal til fornleifanefndar öllum rannsóknarbeiðnum útlendinga er varða fornleifar á einhvern hátt, þar á meðal þeim sem einnig er skylt að beina til Vísindaráðs samkvæmt lögum nr. 48/1987.

16. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með grefti eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

17. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Óheimil er öðrum en starfsmönnum Þjóðminjasafns Íslands notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngrípum í jörðu nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar.

18. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Forngrípir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar forngrípir finnast sem liggja eða legið hafa í jörðu skal finnandi tilkynna Þjóðminjasafni Íslands fundinn svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki haggja við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætt á að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkómum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngrípi sker þjóðminjaráð úr.

19. gr.

Við 2. mgr. 35. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

20. gr.

49. gr. laganna orðast svo:

Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðast úr húsafriðunarsjóði.

21. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn ákvæðum 17. gr., 19.–22. gr., 24. gr., 1. mgr. 26. gr., 28. gr., 30. gr., 2. mgr. 36. gr., 39. gr., 42. gr. og 44. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggji við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

22. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Ráðið skal í allar stöður minjavarða, sbr. 4. gr., fyrir árslok 1997.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1994.

Davíð Oddsson.

Valgerður Sverrisdóttir.
(L. S.)

Hrafn Bragason.

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 94/1986,
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

VI. kafli laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 100

20. maí 1994

LÖG

um húsaleigubætur.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:*Markmið laganna.*

1. gr.

Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og að draga úr aðstoðumun á húsnæðismarkaðnum. Stefnt er að því að ná þeim markmiðum með sameiginlegri kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga sem nánar greinir í lögum þessum.

Ákvörðun sveitarstjórnar um húsaleigubætur.

2. gr.

Aðstoð sú, sem hér um ræðir, er í formi greiðslna til leigjenda sem nefnast húsaleigubætur og annast félagsmálanefndir sveitarfélaga afgreiðslu umsókna.

Til þess að íbúar sveitarfélags geti átt rétt til húsaleigubóta þarf að liggja fyrir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar um greiðslu húsaleigubóta.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. október ár hvert hvort sveitarfélagið greiði húsaleigubætur næstkomandi ár samkvæmt ákvæðum þessara laga. Þá ákvörðun skal sveitarstjórn auglýsa með tryggilegum hætti og tilkynna hana félagsmálaráðuneyti fyrir 1. nóvember sama ár ásamt áætlun um fjárhæðir bóta næstkomandi ár.

Félagsmálaráðuneytið skal sjá til þess að birt sé skrá í Lögbirtingablaði um þær sveitarstjórnir sem ákveðið hafa að greiða húsaleigubætur samkvæmt lögum þessum.

Skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga.

3. gr.

Sveitarfélög, sem greiða íbúum sínum húsaleigubætur samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu leggja út fé til greiðslu bótanna en ríkið endurgreiðir þeim 60% af útlögðum kostnaði. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga annast greiðslur frá ríki til sveitarfélaga vegna þessa.

4. gr.

Telji ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrirsjáanlegt að endurgreiðsla ríkis skv. 1. mgr. 3. gr. nemi hærrí fjárhæð en fjárlög heimila eða kveða á um skal nefndin gera um það tillögu til félagsmálaráðherra að ákvæði reglugerðar um fjárhæð húsaleigubóta verði endurskoðuð.

Almennt um rétt til húsaleigubóta.

5. gr.

Þeir leigjendur eiga rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili, enda hafi viðkomandi sveitarfélag tekið ákvörðun um slíkar bætur, sbr. 2. gr.

Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst og á þar skráð aðsetur getur viðkomandi átt rétt til húsaleigubóta þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um lögheimili í leiguíbúð. Umsókn um bætur skal send því sveitarfélagi þar sem námsmaður á lögheimili óháð aðsetri, enda hafi sveitarfélagið tekið ákvörðun um greiðslu húsaleigubóta.

Það er skilyrði húsaleigubóta að húsaleigusamningur um viðkomandi húsnæði sé til sex mánaða eða lengri tíma og að honum hafi verið þinglýst.

Um frekari skilyrði fyrir bótarétti og greiðslu bótanna fer samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga.

Meginreglur um ákvörðun húsaleigubóta.

6. gr.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um útreikning og fjárhæð bóta.

Húsaleigubætur skulu ákvarðaðar og reiknaðar út miðað við ákveðinn grunn sem miðast við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð og hvert barn á framfæri umsækjanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna.

Bætur vegna barna greiðast frá næsta mánuði eftir fæðingu barns eða lögheimilisskráningu og þar til ungmenni nær 18 ára aldri eða flytur.

Atriði sem girða fyrir rétt til húsaleigubóta.

7. gr.

Réttur til húsaleigubóta er ekki fyrir hendi:

1. ef umsækjandi eða einhver, sem í húsnæðinu býr með honum, er skyldmenni leigusala sem býr í sama húsi í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdforeldri,
2. ef umsækjandi eða einhver, sem í húsnæðinu býr með honum, nýtur réttar til vaxtabóta,
3. ef leiguíbúð er í eigu ríkissjóðs, sveitarfélags eða fyrirtækis sveitarfélags; þessi undanþága á þó ekki við um almennar kaupleiguíbúðir sveitarfélaga sem leigðar eru út,
4. ef leigusamningur er til skemmri tíma en sex mánaða.

Íbúðarhúsnæði.

8. gr.

Húsaleigubætur koma aðeins til álita vegna leigu á íbúðarhúsnæði.

Með íbúðarhúsnæði í lögum þessum er átt við venjulega og fullnægjandi heimilisaðstöðu og eru lágmarksskilyrði a.m.k. eitt svefnherbergi ásamt sér eldhúsi eða eldunaraðstöðu og sér snyrtingu og baðaðstöðu.

Húsaleigubætur greiðast ekki vegna leigu á einstaklingsherbergjum eða ef eldhús, snyrt-ing eða baðaðstaða er sameiginleg fleirum.

Þá greiðast bætur ekki þegar húsnæði til annarra nota en íbúðar er leigt til íbúðar að öllu leyti eða hluta.

Leigufjárhæð.

9. gr.

Leigufjárhæð samkvæmt lögum þessum er hin beina greiðsla fyrir leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og aðrir kostnaðarliðir, sem leigjanda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, rekstur, hússjóðsgjöld o.fl., teljast samkvæmt því ekki til leigufjárhæðar í skilningi laga þessara.

Ef leigjandi gefur upp leigufjárhæð, sem er verulega hærri en markaðsleiga fyrir sam-bærilegt leiguhúsnæði í viðkomandi sveitarfélagi eða þykir óeðlileg að öðru leyti eða ef um er að ræða íburðarmikið og óhóflegt húsnæði, er sveitarfélagi heimilt að færa niður viðmið-unarleigu sem því nemur eða til þess sem eðlilegt þykir.

Leigufjárhæð íbúða félagasamtaka, sem lögð er til grundvallar útreikningi bóta, skal aldrei vera hærri en viðmið Húsnæðisstofnunar ríkisins um leigu félagslegra íbúða.

Tekjur og eignir.

10. gr.

Með tekjum í lögum þessum er átt við samanlagðar heildartekjur allra þeirra sem lög-heimili eiga í viðkomandi leiguhúsnæði og eru þá tekjur barna 20 ára og eldri meðtaldar. Þó eru hér undanskildar tekjur barna sem stunda skólanám í sex mánuði eða lengur á árinu.

Tryggingabætur og húsaleigubætur fyrra árs teljast ekki til tekna.

Um hugtakið tekjur vísast að öðru leyti til II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum.

Ef samanlagðar eignir þeirra er 1. mgr. tilgreinir að frádregnum skuldum með vísan til 73. og 76. gr. framangreindra laga eru meiri en 3 milljónir króna skulu 25% þeirrar fjárhæð-ar sem umfram er bætast við þær tekjur sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæðir húsaleigubóta.

Umsókn um húsaleigubætur.

11. gr.

Umsóknum um húsaleigubætur skal skilað til viðkomandi sveitarfélags sem annast af-greiðslu og útborgun bóta.

Félagsmálanefnd viðkomandi sveitarfélags ákvarðar um bótarétt. Umsókn um húsaleigu-bætur skal vera skrifleg og á sérstöku þar til gerðu eyðublaði og skal beina henni til þess sveitarfélags þar sem viðkomandi leiguhúsnæði er.

Umsækjandi skal gefa allar þær upplýsingar sem krafist er á umsóknareyðublaði og nauðsynlegar eru að öðru leyti til að staðreyna megi bótarétt hans.

Sveitarfélög skulu veita allar upplýsingar um skilyrði húsaleigubóta og útreikning þeirra og önnur atriði sem máli kunna að skipta og veita umsækjendum nauðsynlegar leiðbeining-ar og aðstoð við gerð og frágang umsókna.

Um málsmeðferð einstakra mála er vísað til XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Fylgigögn með umsókn.

12. gr.

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Leigusamningur, gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur.
2. Ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra.
3. Launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölul. fyrir þrjá síðustu mánuði.
4. Önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls, aðstæður og atvik kunna að kalla á.

Ófullnægjandi umsókn og upplýsingar.

13. gr.

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn, sbr. 11. og 12. gr., eða umsækjandi gefur að öðru leyti ekki nauðsynlegar upplýsingar og skýringar, skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því. Sinni hann þeim tilmælum ekki kemur umsókn hans ekki til álita og frekari meðferðar.

Greiðsla húsaleigubóta.

14. gr.

Húsaleigubætur koma til greiðslu frá og með næsta mánuði eftir að réttur til bóta hefur verið staðreyndur.

Bæturnar greiðast til leigjanda (umsækjanda) en þó er heimilt að greiða þær til leigusala samkvæmt sérstakri skriflegri beiðni leigjanda.

Bæturnar greiðast mánaðarlega með einni greiðslu, eigi síðar en 5. dag hvers mánaðar. Samningar aðila um fyrirframgreiðslu á leigu breyta engu hér um.

Húsaleigubætur greiðast ekki mánaðarlega sé útreiknuð fjárhæð undir 500 kr. Uppgjör til þeirra aðila greiðist einu sinni á ári.

Húsaleigubætur greiðast aðeins á grundvelli eins húsaleigusamnings um sömu íbúð fyrir sama tímabil.

Upplýsingaskylda leigjanda.

15. gr.

Bótaþegi skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi þegar í stað um hverjar þær breytingar á högum sínum og heimilisaðstæðum og öðrum þeim atriðum sem áhrif geta haft á rétt hans til húsaleigubóta og á bótafjárhæð.

Brottfall réttar til húsaleigubóta.

16. gr.

Réttur til húsaleigubóta fellur niður ef skilyrðum laga þessara er ekki lengur fullnægt.

Við flutning leigjanda úr leiguhúsnæði fellur niður réttur hans til húsaleigubóta. Brottfall réttinda miðast við flutningsdag.

Við andlát leigjanda fellur réttur til húsaleigubóta niður. Brottfall réttinda miðast við lok andlátsmánaðar.

Við framsal leiguréttar, framleigu eða hvers kyns framlán fellur réttur til bóta niður að hluta eða öllu leyti.

Félagsmálanefnd sveitarfélags er heimilt að fella niður greiðslur bóta eða stöðva bótagreiðslur ef nefndin fær vitneskju um veruleg leiguvanskil leigjanda.

Sama á við ef leigjandi vanrækir upplýsinga- og tilkynningarskyldu sína skv. 15. gr. eða hefur að öðru leyti gefið rangar eða villandi upplýsingar sem máli skipta og þýðingu hafa um bótarétt hans.

Málskot.

17. gr.

Telji leigjandi (umsækjandi) á rétt sinn hallað af hálfu félagsmálanefndar við framkvæmd laga þessara, svo sem við ákvörðun um bótarétt, fjárhæð bóta, niðurfellingu þeirra eða önnur atriði sem þýðingu hafa fyrir hann, getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Um málsmeðferð fer þá samkvæmt ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Viðurlög og endurgreiðsla.

18. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Hafi bótaþegi ranglega fengið bætur eða of háar eða fyrir of langt tímabil eða yfirleitt fengið hærri greiðslur en honum bar skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með 15% álagi. Endurgreiða skal ofgreiddar bætur hvort sem um mistök var að ræða hjá sveitarfélagi eða ofgreitt var á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga bótaþega, hvort sem hann var í góðri trú eða ekki. Sveitarfélagi skal þó heimilt að fella álag niður ef ofgreitt var vegna mistaka hjá sveitarfélagi og telja má víst að bótaþegi hafi verið í góðri trú.

19. gr.

Komi í ljós að bótaþegi hafi fengið of háar bætur er sveitarfélagi heimilt að beina yfirlýsingu til þess aðila sem sér um innheimtu fyrir ríkissjóð um skuldajöfnun við inneign bótaþega á hendur ríkinu vegna endurgreiðslna barnabóta, barnabótaauka og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 75/1981 að því leyti sem greiðslur þessar koma til útborgunar, þó þannig að áður hafi verið dregin frá öll þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld í samræmi við áðurgreind lög. Hið sama á við um inneign bótaþega vegna endurgreiðslna skatta við álagningu eftir að samanburður á álagningarskrá og staðgreiðsluskrá hefur farið fram samkvæmt lögum nr. 45/1987, með áorðnum breytingum.

Komi sveitarfélag fram með yfirlýsingu um skuldajöfnuð skv. 1. mgr. er innheimtumanni ríkissjóðs skylt að verða við þeirri kröfu.

Áður en skuldajafnaðaryfirlýsingu er beitt skal sveitarstjórn tilkynna bótaþega um hana og gefa honum tækifæri á að koma að andmælum sínum. Tilkynning skal fylgja skuldajafnaðaryfirlýsingu til innheimtumanns ríkissjóðs.

Húsnæðismál sveitarfélaga.

20. gr.

Lög þessi breyta á engan hátt þeirri ábyrgð er á sveitarfélögum hvílir varðandi húsnæðismál samkvæmt ákvæðum annarra laga, sbr. einkum XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Kynning laganna.

21. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Kostnaður vegna þessa greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra getur falið öðrum aðilum þessa kynningu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Reglugerðarheimild.

22. gr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um umsókn, framkvæmd, útreikning og greiðslu húsaleigubóta auk ákvæða um upplýsingagjöf sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og um úthlutun úr sjóðnum.

Gildistaka.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skal endurskoða innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1994.

Davíð Oddsson.

Valgerður Sverrisdóttir.
(L. S.)

Hrafn Bragason.

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG**um breytingu á lögum nr. 30/1993, um neytendalán.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Nýr stafliður, c-liður, bætist við, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: Lánssamningar þar sem lán er veitt gegn lægra gjaldi en almennt gerist og stendur almenningi ekki til boða.
- b. G-liður, sem verður h-liður, orðast svo: Lánssamningar sem eru gerðir í því skyni að stofna til eða viðhalda eignarrétti yfir fasteignum eða til að endurgera eða bæta við fasteign.
- c. Ný málsgrein, 2. mgr., bætist við, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki um samninga sem gerðir eru í því skyni að halda þeim utan gildissviðs laga þessara, svo sem með skiptingu fjárhæðar á fleiri en einn lánessamning.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „heimildir til fyrirframúttektar“ í 1. mgr. kemur: yfirdráttarheimildir.
- b. Í stað orðanna „áður en gengið er frá samningnum“ í 1. mgr. kemur: í upphafi viðskipta.
- c. Í stað orðsins „ársvextir“ í b-lið kemur: vextir.
- d. D-liður orðast svo: Hvort breytingar geti orðið á vöxtum eða umsömdum gjöldum á samningstímanum. Í þeim tilvikum skal neytandi upplýstur um það með hvaða hætti breytingar verða tilkynntar honum. Slíkt má gera með því að vekja sérstaka athygli á breytingunni í reikningsyfirliti, með auglýsingum í fjölmiðlum eða á annan sambærilegan hátt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. A-liður orðast svo: Neytandi er einstaklingur sem á lánsviðskipti sem lög þessi ná til, enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.
- b. F-liður orðast svo: Eignarréttarfyrrvari er þegar við kaup á vöru er samið um að lánveitandi sé eigandi söluvöru þar til andvirði hennar er að fullu greitt samkvæmt lánessamningi og að lánveitandi geti tekið vöruna til sín ef neytandi stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Þegar lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal höfuðstóll lánsins jafngilda staðgreiðsluverði vörunnar eða þjónustunnar. Ef einungis hluti af andvirði vörunnar eða þjónustunnar er lánaður skal draga útborgunina frá höfuðstól.
- b. Í stað orðanna „Árlega nafnvexti“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: Vexti.
- c. Í stað orðsins „Lántökukostnað“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: Heildarlántökukostnað.
- d. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 9. tölul., er orðast svo: Heimild til að greiða fyrir lokagjalddaga, sbr. 16. gr.
- e. Í stað orðanna „árlegir nafnvextir“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: vextir.

5. gr.

7. gr. laganna breytist þannig að 1. másl. 1. mgr. verður 1. mgr., 2. másl. 1. mgr. verður 2. mgr. og 2. mgr. verður 3. mgr.

Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: 2. mgr.

6. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Árleg hlutfallstala kostnaðar er það vaxtaígildi sem jafnar núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánessamningi þeirra. Árlegri hlutfallstölu kostnaðar skal lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstóls lánsins. Hún skal reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkingu sem nánar skal mælt fyrir um í reglugerð er ráðherra setur.

7. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ef lánsamningur heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans.

8. gr.

1. og 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Nú eru vextir eða annar lántökukostnaður ekki tilgreindir í lánsamningi og er lánveitanda þá eigi heimilt að krefja neytanda um greiðslu þeirra. Að öðru leyti fer um vexti af neytendalánum samkvæmt ákvæðum vaxtalaga.

Lánveitanda er eigi heimilt að krefjast greiðslu frekari lántökukostnaðar en tilgreindur er í samningi skv. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. Sé árleg hlutfallstala kostnaðar, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr., of lágt reiknuð er lánveitanda eigi heimilt að krefjast heildarlántökukostnaðar sem gæfi hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar.

9. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Neytanda skal heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánsamningi fyrir þann tíma sem umsaminn er. Notfæri neytandi sér heimild þessa á hann rétt á lækkun á heildarlántökukostnaði sem nemur þeim vöxtum og öðrum gjöldum sem greiða átti eftir greiðsludag. Ekki er hægt að krefjast endurgreiðslu eða lækkunar á gjöldum sem eru óháð því hvenær greiðsla er innt af hendi.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um greiðslu sem innt er af hendi fyrir gjalddaga þegar hún tengist ekki uppgreiðslu láns fyrir umsaminn lokagjalddaga eða annarri breytingu á um-sömdum afborgunum láns.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „kröfu“ í fyrri málslíð 1. mgr. kemur: kröfurétt sinn samkvæmt láni sem veitt er samkvæmt lögum þessum.
- b. Í stað orðsins „og“ í síðari málslíð 1. mgr. kemur: eða.
- c. 3. mgr. orðast svo:

Ef neytandi á kröfu á hendur lánveitanda, sem jafnframt er seljandi, vegna kaupar, t.d. vegna galla, er framsalshafi meðábyrgur lánveitanda.

11. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Seljandi, sem veitir neytanda lán samkvæmt lögum þessum í formi viðskiptabréfs, skal taka tryggingu vegna hugsanlegrar vanefndakröfu neytanda vegna þeirra viðskipta sem að baki viðskiptabréfi standa.

Tryggingarfjárhæð innan hvers tryggingartímabils, sem er eitt ár, skal nema 5.000.000 kr. Neytandi skal gera kröfu um greiðslu tryggingarfjár innan eins árs frá afhendingu vöru eða þjónustu. Séu kröfuhafar fleiri en einn fer um rétt þeirra til tryggingarfjárins eftir röð krefjenda. Að gengnum fullnaðardómi eða að gerðri réttarsátt um vanefnd og þegar ljóst er að seljandi getur ekki efnt skyldu sína samkvæmt dóminum eða sáttinni skal neytanda greitt af tryggingarfénu.

Ráðherra skal setja nánari ákvæði um tryggingarskylduna, gildissvið tryggingarinnar, hverjir veitt geti tryggingu og skilmála í reglugerð. Í henni má einnig kveða á um lægri tryggingarfjárhæð en greinir í 2. mgr. Þegar umfang viðskipta er það takmarkað að lægri tryggingarfjárhæð veitir nægjanlega vernd.

Nú hefur seljandi ekki gilda tryggingu samkvæmt grein þessari og getur kaupandi þá borið fram mótbáurur svo sem bréfið væri ekki viðskiptabréf.

12. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

13. gr.

Í stað orðanna „fjárhæðarmörkum láns samninga sem lög þessi taka til“ í 23. gr. laganna kemur: fjárhæðum í lögum þessum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VII. kafla laganna:

a. Við bætist ný grein, 25. gr., er orðast svo:

Samkeppnisstofnun annast eftirlit með ákvæðum laga þessara. Um meðferð mála hjá samkeppnisyfirlendum fer samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga að öðru leyti en því að ákvörðunum samkeppnisráðs um dagsektir verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

b. Við bætist ný grein, 26. gr., er orðast svo:

Samkeppnisráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara. Banni má fylgja ákvörðun um dagsektir sem kemur til framkvæmda ef bannið er brotið. Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag.

Áður en til banns kemur skv. 1. mgr. getur Samkeppnisstofnun lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem bann skv. 1. mgr.

c. Núgildandi 25.–26. gr. verða 27.–28. gr.

d. Fyrirsögn kaflans verður: **Bótaskylda, eftirlit og gildistaka.**

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lögín hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 30/1993, um neytendalán, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1994.

Davíð Oddsson.

Valgerður Sverrisdóttir.
(L. S.)

Hrafn Bragason.

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 100/1992,
um vog, mál og faggildingu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við löggin bætist ákvæði til bráðabirgða, III, svohljóðandi:

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerðir um öryggi vöru sem boðin er neytendum hér á landi í atvinnuskyni eða neytendum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins af aðilum sem staðfestu hafa hér á landi að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði og að því leyti sem ekki er kveðið á um öryggi hlutaðeigandi vöru og eftirlit með því að hún uppfylli settar kröfur í öðrum lögum. Í slíkum reglugerðum skal einnig kveðið á um hvernig eftirliti með því að vara uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar skuli háttáð.

Löggildingarstofan annast eftirlit skv. 1. mgr.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. júní 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. maí 1994.***Davíð Oddsson.****Valgerður Sverrisdóttir.**
(L. S.)**Hrafn Bragason.**

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Flutningskostnaður á olíuvörum innan lands skal jafnaður eins og nánar greinir í lögum þessum.

Jöfnun á flutningskostnaði nær til flutninga á bifreiðabensíni, gasolíu, öðrum olíum og blöndum til brennslu, flugvélabensíni og flugsteinolíu (potueldsneyti) til innanlandsflugs, þó ekki á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og erlendra flugvéla.

Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til flutnings á bensíni og öðrum olíuvörum sjóleiðis frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem geta tekið við bensíni og olíuvörum með leiðslu úr tankskipi. Jafnframt nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga á bensíni og dísilolíu með tankbifreið til allra útsölastaða í byggð, þ.e. utan hálendis, frá næstu innflutningshöfn eða næstu höfn sem getur tekið við bensíni og dísilolíu frá tankskipi úr olíuleiðslu.

2. gr.

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allar olíuvörur, sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innan lands, sbr. 1. gr., og rennur gjaldið í sérstakan sjóð — flutningsjöfnunarsjóð olíuvara.

Samkeppnisstofnun, að fenginni tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara, ákveður gjald á olíuvörum skv. 1. mgr. fyrir minnst þrjá mánuði í senn og skal fjárhæð flutningsjöfnunargjalds hvers flokks, sbr. 4. gr., við það miðuð að tekjur af gjaldinu nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af framangreindum olíuvörum sem flytja þarf frá næstu innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna eða útsölastaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þeim olíuvörum sem dreift er þaðan.

3. gr.

Innflytjendur, sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, sbr. 1. gr., skulu reikna og greiða flutningsjöfnunargjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virkum degi að þremur mánuðum liðnum frá lokum sölu mánaðar.

Aðrir innflytjendur bensíns og olíu, sbr. 1. gr., skulu greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn.

Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast innheimtu gjaldsins og skulu þeir skila því til flutningsjöfnunarsjóðs.

4. gr.

Greiða skal úr flutningsjöfnunarsjóði olíuvara kostnað við flutning olíu frá innflutningshöfn eða olíuhöfn til þeirra olíuhafna og útsölustaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til samkvæmt lögum þessum.

Mynda skal innan flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara sérstaka reikninga fyrir eftirfarandi flokka: 1) bifreiðabensín, 2) gasolíu, 3) aðrar olíur og blöndur til brennslu og 4) flugsteinolíu (þotueldsneyti). Færa skal tekjur af flutningsjöfnunargjaldi hvers flokks á sérstakan reikning og sömuleiðis útgjöld vegna jöfnunar flutningskostnaðar. Stefnt skal að því að ná jafnvægi milli álagðra flutningsjöfnunargjalda og útgjalda vegna flutningsjöfnunar hvers flokks innan almanaksársins.

5. gr.

Ekki má leggja flutningsjöfnunargjald á einn flokk til að greiða flutningskostnað á öðrum flokki skv. 4. gr. Verði tekjuafgangur á reikningum flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara í árslok skal hann yfirferast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins á almanaksári hrökkva ekki fyrir útgjöldum skal greiða það sem á vantar af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

Nú hrekkur flutningsjöfnunargjald af einum flokki ekki til greiðslu á kröfum þess flokks og skulu þá innstæður á reikningum annarra flokka notaðar til greiðslu þessara krafna til bráðabirgða. Slíkar bráðabirgðagreiðslur skulu endurgreiddar af hækkuðu flutningsjöfnunargjaldi af umræddum flokki á næsta flutningsjöfnunartímabili.

6. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara skal skipuð þremur mönnum sem viðskiptaráðherra skipar til tveggja ára í senn. Einnig skal skipa varamenn. Forstjóri Samkeppnisstofnunar eða staðgengill hans er formaður stjórnarinnar, ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar en jafnframt situr í henni einn stjórnarmaður, tilnefndur sameiginlega af þeim olíufélögum, sem annast olíudreifingu í öllum landshlutum, eða meiri hluta félaganna. Þó má viðskiptaráðherra ákveða að í stað eins sameiginlegs fulltrúa sitji í stjórninni einn fulltrúi frá hverju slíku olíufélagi. Olíufélögin sameiginlega eða meiri hluti þeirra fer saman með eitt atkvæði við ákvarðanatöku í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara og Samkeppnisstofnun sjá um daglegan rekstur og greiðslur á kostnaði við flutningsjöfnun í samræmi við lög þessi, reglur og ákvarðanir stjórnar sjóðsins.

8. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara úrskurðar hvað teljast skuli flutningskostnaður. Er stjórninni skylt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli innflutningshafnar, olíuhafnar og útsölustaða skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru á hverjum tíma. Enn fremur skal stjórninni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta til eða að fullu ef stjórnin telur að um misnotkun á jöfnunarkerfinu sé að ræða.

9. gr.

Allur kostnaður af starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara greiðist af tekjum sjóðsins og skal tekið tillit til þess við ákvörðun flutningsjöfnunargjalds.

Fé það, sem á hverjum tíma er í flutningsjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

10. gr.

Að undanteknum fyrirmælum um jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum skal um verðlagningu á olíuvörum fara eftir samkeppnislögum, nr. 8 25. febrúar 1993, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

11. gr.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Þar er m.a. heimilt að fella niður flutningsjöfnunargjald af olíuvörum í sérstökum tilvikum sem byggjast á samningum um rekstur olíufrekra iðjuvera hér á landi. Flutningsjöfnunarsjóður jafnar ekki flutningskostnað í slíkum tilvikum. Það er jafnframt heimilt að ákveða að fjölga eða fækka útsölustöðum sem jöfnun flutningskostnaðar með tankbifreið nær til að fenginni tillögu þar um frá stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar að þremur mánuðum liðnum frá samþykkt þeirra. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 81 4. júlí 1985, um flutningsjöfnunarsjóð og innflutningsjöfnun olíu og bensíns.

Ákvæði til bráðabirgða.

Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara tekur frá gildistöku laga þessara við eignum og skuldbindingum flutningsjöfnunarsjóðs olíu og bensíns, sbr. lög nr. 81 4. júlí 1985.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1994.

Davíð Oddsson.

Valgerður Sverrisdóttir.
(L. S.)

Hrafn Bragason.

Jón Baldvin Hannibalsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 1994

7. júní 1994

321

Nr. 104

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 16. júní 1994 kl. 10.00.

Gjört í Reykjavík, 7. júní 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

8. júní 1994

Nr. 105

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég hefi ákveðið, samkvæmt 37. gr stjórnarskrárinnar, að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum föstudaginn 17. júní 1994.

Gjört í Reykjavík, 8. júní 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

ÞINGSÁLYKTUN

um breytingu á þingsályktun frá 2. maí 1988, um
störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis.

Alþingi ályktar að gera eftirfarandi

**Breytingu á reglum
um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis,
nr. 82/1988.**

1. gr.

Í stað orðanna „sbr. 11. gr. laga nr. 52/1985, um þingsköp Alþingis“ í 1. tölul. 3. gr. reglnanna kemur: samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „laga nr. 74/1974“ í 2. másl. komi: laga um meðferð opinberra mála.
- b. Í stað orðanna „2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974“ í 4. másl. kemur: lögum um meðferð opinberra mála.

3. gr.

1. mgr. 12. gr. reglnanna orðast svo:

Umboðsmaður skal fyrir 1. september ár hvert gefa Alþingi skýrslu um starf sitt á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega.

Samþykkt á Alþingi, 4. maí 1994.

Salome Þorkeldóttir.

Ólafur Ólafsson

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 1994

16. júní 1994

323

Nr. 107

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987,
með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 7. kafla:

Í stað orðanna „til 1. mars“ í tollskrárnúmeri 0707.0001 komi: til 15. mars.

A	E
%	%

2. Á 18. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 1806.2003 bætist við undirlið nr. 1806.20 og orðist svo:

1806 2003	--	Kakaóduft, sem inniheldur minna en 90% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	20	0
-----------	----	---	----	---

b. Undirliður nr. 1806.90 orðist svo:

	--	Annað:		
	--	Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:		
1806.9011	--	Tilreidd drykkjarvöruefni að uppistöðu úr vörum í nr. 0401 til nr. 0404, sem inniheldur 10% eða meira af kakaódufti, miðað við þyngd, sykur eða annað sætiefni, auk annarra minniháttar efnispátta og bragðefna.....	20	0
1806.9012	--	Tilreidd drykkjarvöruefni, sem ásamt kakaói innihalda prótein og/eða önnur næringarefni, einnig vítamín, steinefni, jurtatrefjar, fjölmættaðar fitusýrur og bragðefni.....	20	0
1806.9019	--	Annars	20	0
	--	Annað:		
1806.9021	--	Búðingsduft, búðingur og súpur	0	0
1806.9022	--	Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka	0	0
1806.9023	--	Páskaegg	20	0

1806.9024	---	Íssósur og ídýfur.....	20	0
1806.9025	---	Húðað eða hjúpað svo sem rúsínur, hnetur, belgt korn, lakkrís, karamellur og hlaup.....	20	0
1806.9026	---	Konfekt.....	20	0
1806.9027	---	Morgunverðarkorn.....	20	0
1806.9028	---	Kakaóduft, sem inniheldur minna en 90% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbættis sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	20	0
1806.9029	---	Annars	20	0
3.		Á 19. kafla:		
		Undirliður nr. 1901.90 skiptist og orðist svo:		
	-	Annað:		
	--	Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:		
1901.9011	---	Tilreidd drykkjarvöruefni að uppistöðu úr vörum í nr. 0401 til nr. 0404, sem ekki innihalda kakaó eða innihalda kakaó innan við 10% miðað við þyngd, viðbættan sykur eða annað sætiefni, auk annarra minniháttar efnispáttu og bragðefna.....	0	
1901.9019	---	Annars	0	
1901.9020	--	Annað	0	
4.		Á 20. kafla:		
		Undirliður nr. 2004.90 orðist svo:		
	-	Aðrar matjurtir og matjurtablöndur:		
2004.9001	--	Sykurmaís (Zea mays var saccharata).....	0	
2004.9002	--	Jarðartískokka.....	0	
2004.9003	--	Grænar eða svartar ólívur.....	0	
2004.9004	--	Grænar baunir og belgaldin	0	
2004.9005	--	Framleiðsla að meginstofni úr belgjurtamjöli	0	
2004.9009	--	Annað	0	
5.		Á 21. kafla:		
		Tvö ný tollskrárnúmer bætist við undirlið nr. 2106.90 og orðist svo:		
2106.9025	---	Tilreidd drykkjarvöruefni, sem innihalda prótein og/eða önnur næringarefni, einnig vítamín, steinefni, jurtatrefjar, fjölómattaðar fitusýrur og bragðefni.....	20	0
2106.9026	---	Tilreidd drykkjarvöruefni úr ginsengkjörnum, blönduðum öðrum efnispáttum, svo sem glúkósa eða laktósa.....	20	0
6.		Á 22. kafla:		
		Tollskrárnúmerin 2206.9001 og 2206.9009 verði: 2206.0001 og 2206.0009.		
7.		Á 29. kafla:		
a.		Í stað orðanna „í smásöluumbúðum kg eða minna“ í tollskrárnúmeri 2922.4201 komi: í smásöluumbúðum 1 kg eða minna.		
b.		Tollskrárnúmerið 2916.3300 skiptist og orðist svo:		
	--	Fenylediksýra, sölt og esterar hennar:		
2916.3310	---	Fenylediksýra og sölt hennar	0	

	2916.3390	---	Esterar fenylediksýru.....	0	
8.	Á 38. kafla:		Tollskrárnúmerið 3809.9900 verði: 3809.9300.		
9.	Á 40. kafla:		Tollskrárnúmerin 4003.1000 og 4003.9000 verði: 4003.0001 og 4003.0009.		
10.	Á 84. kafla:		Við bætist tollskrárnúmerið 8426.4102 er orðist svo:		
	8426.4102	---	Vinnuvélar búnar framlengjanlegri fastri lyftibómu fyrir útskiptanlegan vökvaknúinn búnað eins og gaffla, skóflur, griptæki o.þ.h.....	0	
11.	Á 85. kafla:				
	a.		Tollskrárnúmerið 8524.9091 verði tnr. 8524.9040 sem ásamt tollskrárnúmerunum 8524.2110, 8524.2203, 8524.2310 og 8524.9010 orðist svo: Fyrir vélar í nr. 8471, þó ekki tónlist, leikir, spil, kennsluefni o.þ.h.		
	b.		Tollskrárnúmerið 8524.9099 skiptist upp og orðist svo:		
		---	Annað:		
		----	Með íslensku efni:		
	8524.9051	-----	Með tónlist.....	10	0
	8524.9052	-----	Með leikjum	10	0
	8524.9053	-----	Með kennsluefni	10	0
	8524.9059	-----	Aðrir.....	10	0
		-----	Með erlendu efni:		
	8524.9061	-----	Með tónlist.....	10	0
	8524.9062	-----	Með leikjum	10	0
	8524.9063	-----	Með kennsluefni	10	0
	8524.9069	-----	Aðrir.....	10	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. júlí 1994 og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 16. júní 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 – 1994

Nr. 108

326

16. júní 1994

FORSETABRÉF um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, með skírskotun til samþykkis Alþingis, fresta fundum Alþingis, 117. löggjafarþings, frá 17. júní 1994 og standi sú frestun til septemberloka.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 109

24. júní 1994

AUGLÝSING um staðfesting forsetaúrskurðar um breyting á forsetaúrskurði nr. 88 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, gefið út svohljóðandi úrskurð um breyting á forsetaúrskurði nr. 88 frá 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 88 frá 14. júní 1993, um skipting starfa ráðherra, að Sighvatur Björgvinsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra fer jafnframt því embætti sínu með ráðherrastörf þau sem Guðmundi Árna Stefánssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, og Guðmundur Árni Stefánsson fer með ráðherrastörf þau sem

Jóhönnu Sigurðardóttur voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með félagsmálaráðuneytið.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 24. júní 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda laugardaginn 25. júní 1994.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 24. júní 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1994

Nr. 111

328

28. júní 1994

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 28. júní 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 112

28. júní 1994

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að við þingmeðferð lyfjalaga nr. 93/1994 hafi verið ákveðið að fresta gildistöku VII. kafla laganna um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi og XIV. kafla laganna um lyfjaverð til 1. nóvember 1995 sbr. 3. tölulið ákvæða til bráðabirgða. Á hinn bóginn láðist að framlengja gildistíma sambærilegra ákvæða í IX. kafla lyfjalaga nr. 108/1984 um verðlagningu lyfja og lyfjaverðlagsnefnd og ákvæða í II., III. og VI. kafla laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða.

Lyfjalög nr. 93/1994 öðlast gildi 1. júlí 1994. Að óbreyttum þeim lögum munu við gildistöku þeirra engin lagaákvæði gilda um lyfjaverð, stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi fram til 1. nóvember 1995.

Því ber brýna nauðsyn til að breyta 45. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 þannig að gildistími ákvæða lyfjalaga nr. 108/1984 um lyfjaverð og laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða framlengist þar til ákvæði VII. og XIV. kafla laga nr. 93/1994 koma til framkvæmda 1. nóvember 1995.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Við 2. málsg. 45. gr. laga nr. 93/1994 bætast tveir nýir málslíðir sem verða 3. og 4. málslíður svohljóðandi:

Einnig eru undanskilin ákvæði IX. kafla lyfjalaga nr. 108/1984, 32.-38. gr., ásamt 4. tl. 50. gr. er fjalla um verðlagningu lyfja og lyfjaverðlagsnefnd og ákvæði í II., III.

og VI. kafla laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, 2.-6. gr., 9.-13. gr. og 27.-34. gr. er fjalla um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða. Þessi ákvæði lyfjalaga og laga um lyfjadreifingu falla úr gildi 1. nóvember 1995, sbr. 3. tölulið ákvæða til bráðabirgða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Gjört í Reykjavík, 28. júní 1994.

Vigdís Finnbogadóttir

(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.

28. júní 1994

Nr. 113

LÖG

um eftirlaun til aldraðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 10. gr. laga nr. 80 19. desember 1991, um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989 og lög nr. 1/1992, hefi látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga ásamt áorðnum breytingum inn í lög nr. 2/1985 og gef þau út svo breytt.

I. KAFLI

Eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

1. gr.

Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum sem eru í Alþýðusambandi Íslands eftir því sem ákveðið er í þessum kafla. Sama gildir um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 96/1990, um atvinnuleysisstryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.

2. gr.

Rétt til eftirlauna samkvæmt þessum kafla eiga þeir sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

- Eru fullgildir félagar í stéttarfélagi sem 1. gr. tekur til.
- Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
- Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
- Eiga að baki a.m.k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a.m.k. 1/25 úr stigi, sbr. 6. gr.

3. gr.

Nú verður félagi, er uppfyllir skilyrði a- og b- liðar 2. gr., eftir árslok 1971 fyrir orkutapi sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt á örorkulífeyri úr lífeyrissjóði og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Nú andast maður sem öðlast hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 2. gr. eða hefði getað öðlast slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu og skal þá eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 12. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969, átt að baki a.m.k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við d-lið 2. gr.

Umsjónarnefnd samkvæmt 17. gr. er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabíl. Skilyrði fyrir

greiðslu slíks makalífeyris ér að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

4. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. c-lið 2. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar launatekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta né slysdagpeninga.

Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna meðan hann heldur áfram störfum þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. c-lið 2. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig en broti úr mánuði sleppt.

5. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hann hefur verið að störfum sem verið hefðu tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum samkomulags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 eða öðrum ákvæðum um skylduáðild að lífeyrissjóðum samkvæmt 1. gr. ef hlutaðeigandi ákvæði hefðu öðlast gildi 1. janúar 1955.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

6. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal fyrir hvert almanaksár til ársloka 1984 reikna árslaun miðað við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu grundvallarlaun vera kr. 14.100 á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Umsjónarnefnd eftirlauna ákveður, að fenginni umsögn kjararannsóknarnefndar, breytingar á grundvallarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Frá 1. janúar 1992 skal í stað grundvallarlauna miða við grundvallarfjárhæð sem tengist lánskjaravísitölu þeirri sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, með síðari breytingum. Grundvallarfjárhæð í janúar 1992 er 45.602 kr. miðað við þá lánskjaravísitölu sem gildir í þeim mánuði og tekur fjárhæðin sömu hlutfallsbreytingu í mánuði hverjum og lánskjaravísitalan. Verði gerð breyting á grundvelli eða útreikningi lánskjaravísitölu skal ráðherra, að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna, ákveða hvernig stigagrundvelli og breytingum hans skuli háttað þaðan í frá.

Laun þau, sem félagi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum, sbr. 1. málsg. 5. gr., skulu umreiknuð í stig á þann hátt að deilt skal í árslaunin með grundvallarlaunum hlutaðeigandi árs, sbr. 1. málsg. þessarar greinar. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um iðgjaldsskyldar launatekjur a.m.k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, stuðst við upplýsingar skattstjóra um framtaldar launatekjur næstu starfsár á undan. Skulu launatekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti en aldrei skal þó reikna meira en 1,1 stig fyrir einstakt almanaksár ef stuðst er við skattframtal.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú bestu árin sem upplýsingar eru um þó aldrei meira en 1,1 stig sbr. 2. málsg.

Hefjist réttindatími samkvæmt 2. málsg. 5. gr. ekki um áramót, skal reikna stig fyrsta almanaksársins í hlutfalli við réttindatíma á árinu.

Ekki skal reikna stig fyrir lengri tíma en 20 ár og ekki fyrir tíma eftir að taka eftirlauna er hafin. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til áunninna stiga fram til 75 ára aldurs hins látna og á sama hátt skal fjárhæð ellilífeyris endurskoðuð við 75 ára aldur félaga með hliðsjón af áunnum stigum eftir að taka ellilífeyris hófst.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

II. KAFLI

Almenn eftirlaun til aldraðra.

7. gr.

Aldraðir menn, sem ekki eiga rétt samkvæmt I. kafla þessara laga né II. kafla laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, eiga rétt til eftirlauna, enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

- a. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
- b. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
- c. Eiga að baki a.m.k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a.m.k. 1/25 úr stigi, sbr. 11. gr.

8. gr.

Nú verður maður, sem fæddur er árið 1914 eða fyrr, eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði án þess þó að örorkulífeyrisréttur skapist samkvæmt 3. gr. laga þessara eða 17. gr. laga nr. 50/1984 og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Nú andast maður, sem öðlast hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 7. gr. eða hefði getað öðlast slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 12. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969, átt að baki a.m.k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við c-lið 7. gr.

Umsjónarnefnd eftirlauna er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabil. Hafi hinn látni verið félagi í lífeyrissjóði er það skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

9. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. b-lið 7. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar atvinnutekjur hans lækka stórlega frá því sem þær hafa verið undanfarin ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta né slysadagpeninga.

Nú tekur maður, sem látið hefur af öflun atvinnutekna, á ný að afla slíkra tekna og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna meðan hann heldur nefndum tekjum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. b-lið 7. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig en broti úr mánuði sleppt.

10. gr.

Til réttindatíma, sbr. c-lið 7. gr., skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur haft atvinnutekjur. Atvinnutekjur teljast hvers konar laun, arður eða gróði sem sjóðfélaga hlotnast af atvinnu sinni hvort sem unnið er í þjónustu annarra eða að eigin atvinnurekstri. Hlunnindi skulu reiknuð á því verði sem þau eru metin til skatts. Til atvinnu í þessu sambandi telst ekki aðstoð við atvinnurekstur hjóna sem einvörðungu er færð sem frádráttarliður á skattframtali. Nánari ákvæði um, hvað teljast skuli til atvinnutekna, skulu sett með reglugerð.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

11. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Um grundvöll stigaútreiknings gilda ákvæði 1. málsg. 6. gr.

Atvinnutekjur, sem hlutaðeigandi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af til lífeyrissjóðs, skulu umreiknaðar í stig á þann hátt að deilt skal í atvinnutekjur hvers árs með grundvallarlaunum ársins, sbr. 1. málsg. Þó skal í þessu sambandi aldrei reikna atvinnutekjur ársins hærri en 10-föld iðgjöld, nema um sé að ræða iðgjaldagreiðslur samkvæmt bráðabirgðaákvæðum samkomulagsins frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um atvinnutekjur a.m.k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, hvort sem um er að ræða tíma fyrir eða eftir árslok 1969, stuðst við upplýsingar skattstjóra um framtaldar atvinnutekjur næstu starfsára á undan. Skulu atvinnutekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti en aldrei skal þó reikna meira en eitt stig fyrir einstakt almanaksár ef stuðst er við skattframtal. Hafi iðgjöld, sem greidd hafa verið til lífeyrissjóðs eftir árslok 1969, ekki verið reiknuð með hliðsjón af atvinnutekjum og kauplagsbreytingum er umsjónarnefnd eftirlauna heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málslíðar þessarar málsg., að leggja atvinnutekjur til grundvallar við útreikning stiga.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú bestu árin, sem upplýsingar eru um, þó aldrei meira en eitt stig, sbr. 2. málsg.

Ákvæði 4.-6. málsg. 6. gr. skulu gilda um útreikning stiga samkvæmt þessari grein.

Nú telur umsjónarnefnd eftirlauna, að störf, sem umsækjandi um ellilífeyri eða látinn maki umsækjanda um makalífeyri hefur stundað á tímabilinu 1970-1980, hafi verið tryggingarskyld samkvæmt 5. gr. laganna, en iðgjöld hafa þó ekki verið greidd af þeim til lífeyrissjóðs, og skal þá reikna hlutaðeigandi rétt samkvæmt þessum kafla er svarar til 60% þeirra tekna sem um ræðir, þó aldrei meira en 0,6 stig hvert einstakt ár.

Ákvæði 5. málsg. skulu gilda á hliðstæðan hátt ef réttindi samkvæmt I. kafla hafa glatast vegna endurgreiðslu iðgjalda sem átt hefur sér stað á tímabilinu frá 19. maí 1969 til 22. júní 1977. Telji hlutaðeigandi lífeyrissjóður að endurgreiðslan hafi komið í stað bótagreiðslu og sé hann reiðubúinn að taka á sig skuldbindingar í samræmi við iðgjaldagreiðslurnar er umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða lífeyri samkvæmt I. kafla í samræmi við þær.

Frá og með 1. janúar 1981 verði réttindi samkvæmt þessum kafla einungis áunnin með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða.

III. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

12. gr.

Eftirlaun skv. I. og II. kafla skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris í hverjum mánuði er hundraðshluti af grundvallarlaunum - frá 1. janúar 1992 grundvallarfjárhæð - eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér skv. 11. gr., margfölduðum með 1,8. Aldrei skal þó reiknað með færri stigum en 5. Til frádráttar ofangreindum stigafjölda skulu koma þau stig sem maðurinn hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóðs, reiknuðum á sama hátt og segir í 2. mgr. 11. gr.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu að auk áunninna stiga skal reikna þau stig sem ætla má að öryrkinn

hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin áður en hann varð öryrki. Sé orkutap minna en 100% greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjöla sem örorkulífeyrir miðast við.

Fjárhæð makalífeyris í hverjum mánuði er hundraðshluti af grundvallarlaunum - frá 1. janúar 1992 grundvallarfjárhæð - eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem hinum látna var reiknaður að viðbættum 5 stigum. Falli maður frá áður en hann nær 70 ára aldri skal auk áunnina stiga reikna þau stig sem ætla má að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin áður en hann féll frá. Til frádráttar ofangreindum stigafjölda skulu koma þau stig sem maðurinn hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóðs, reiknuðum á sama hátt og segir í 2. mgr. 11. gr.

Verði það þriggja ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. mgr., talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. mgr. er umsjónarnefnd eftirlauna heimilt að ákveða að í sérstökum tilvikum skuli stig, sem eftirlaunaþegi hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalds til lífeyrissjóðs, ekki dregin frá heildarstigafjölda hans eða frádráttur þeirra takmarkaður. Með sérstökum tilvikum er átt við að lífeyrissjóður sá, sem veitti iðgjaldi viðtöku, sé gjaldþrota eða gjaldþol hans svo rýrt að hann hafi gripið til skerðingar á lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga.

13. gr.

Nú á maður réttindatíma bæði samkvæmt I. og II. kafla laga þessara og skal þá taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og miðað við fjárhæð sem greidd hefði verið samkvæmt hvorum kafla fyrir sig ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma samkvæmt báðum köflum.

Ákvæði 1. málsg. skulu gilda þegar um er að ræða réttindatíma samkvæmt lögum þessum ásamt réttindatíma samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 18. gr. laga nr. 50/1984.

Hafi maður auk launatekna, sem falla undir ákvæði 6. gr. og tekna af búvöruframleiðslu sem veita rétt samkvæmt lögum nr. 50/1984, haft á einu og sama almanaksári aðrar atvinnutekjur, sbr. 10. gr., skal bæta slíkum atvinnutekjum við þegar áunnin stig eru reiknuð en þó skal slík viðbót aldrei hafa í för með sér að heildarstig á árinu fari fram úr þeim mörkum, sem tilgreind eru í 2. málsg. 6. gr. og 2. málsg. 11. gr. Réttindi skulu talin falla undir I. eða II. kafla eftir því undir hvorn kaflann meirihluti stiga ársins fellur.

Nú hafa hjón stundað búskap og það hjóna, sem ekki hefur talist bóndi samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda, hefur áunnið sér a.m.k. 2 stig samkvæmt lögum þessum án þess þó að uppfylla skilyrði laganna um lágmark réttindatíma og skal þá búskapartíminn talinn til réttindatíma eftir því sem við getur átt. Stig skulu ekki reiknuð vegna slíks búskapartíma. Fjárhæð lífeyris skal ákveðin í samræmi við 1. málsg.

14. gr.

Greiðslur eftirlauna úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum skv. 12. gr. Hafi maður eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað

sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann hefði ella átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Ef hlutaðeigandi hefur ekki getað öðlast rétt samkvæmt I. kafla skal þó miðað við úrgöngu eftir 22. júní 1977 í stað 19. maí 1969. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga nr. 18/1970, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

15. gr.

Eftirlaun samkvæmt I. kafla greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil er hlutaðeigandi sjóðstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Sama gildir um eftirlaun samkvæmt II. kafla, þó þannig að umsjónarnefnd eftirlauna kemur í stað stjórnar lífeyrissjóðs, ef lífeyrisaðild er ekki til að dreifa.

Eftirlaun skulu greidd frá 1. næsta mánaðar eftir að hlutaðeigandi öðlast rétt til þeirra og þau falla niður í lok þess mánaðar er lífeyrisþegi fellur frá. Fjárhæð eftirlauna skal reiknuð í heilum krónum á mánuði án tillits til lengdar greiðslutímabils, sbr. 1. málsg.

16. gr.

Umsjónarnefnd eftirlauna úrskurðar eftirlaun samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu eftirlauna skv. I. kafla, en umsjónarnefnd eftirlauna skv. II. kafla.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur en tvö ár, reiknuð frá lokum næsta mánaðar áður en umsókn barst umsjónarnefnd eftirlauna.

17. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá menn í umsjónarnefnd eftirlauna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnnum lífeyrissjóða, sbr. 16. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Skyld er umsækjendum, stjórnnum lífeyrissjóða og skattstjórum að veita nefndinni þær upplýsingar, er þessir aðilar hafa tök á að veita og nefndin telur mega að gagni verða við ákvörðun eftirlaunaréttinda. Hún úrskurðar og um ágreining sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Lífeyrissjóði bænda er skylt að endurgreiða eftir kröfu nefndarinnar að sínum hluta eftirlaun er að nokkru leyti miðast við réttindatíma hlutaðeigandi sem bónda. Á sama hátt skal nefndin greiða Lífeyrissjóði bænda viðbót við eftirlaun sem greidd eru úr þeim sjóði bændum sem áunnið hafa sér réttindatíma samkvæmt lögum þessum og fá að sama skapi skert réttindi hjá Lífeyrissjóði bænda.

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt á kostnaðaraðila í hlutfalli við útgjöld til greiðslu eftirlauna.

18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna.

Í reglugerð skal m.a. kveðið á um hvenær maður telst hafa látið af störfum, svo og um niðurfellingu eftirlauna, sbr. 4. og 9. gr., og heimilt er að ákveða að starf, sem ekki nær þremur mánuðum á almanaksári, skuli ekki valda niðurfellingu. Þá skal ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar skv. 12. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi.

Í reglugerð er heimilt að ákveða að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum ef um er að ræða sjóði sem krefjast iðgjalda af launum umfram þau sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sleppt skuli skiptingu útgjalda milli kafla, svo og kröfum á hendur Lífeyrissjóði bænda í einstökum málum þegar um lítinn hluta heildargreiðslunnar er að ræða.

19. gr.

Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og úrskurðum umsjónarnefndar eftirlauna, færir þau á viðskiptareikning nefndarinnar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og krefur ríkissjóð og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um útgjaldahluta þeirra.

20. gr.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1997.

IV. KAFLI

Fjárhagsákvæði.

21. gr.

Kostnaður af eftirlaunum skv. I. kafla greiðist að 3/4 hlutum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og að 1/4 hluta úr ríkissjóði.

22. gr.

Kostnaður af eftirlaunum skv. II. kafla greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að 1/4 hluta af Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hvorum um sig.

23. gr.

Þeim eftirlaunaþegum, sem njóta réttar skv. I. kafla laga þessara, skal greidd viðbót sem nemur þremur stigum umfram þann stigafjölda sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um. Viðbót þessi skal greidd úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðbót samkvæmt þessari grein skerðir ekki þann rétt sem kveðið er á um í 6. mgr. 12. gr.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laga þessara skal veita viðbót samkvæmt þessari grein í hlutfalli við þann rétt sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við endanlegt uppgjör á framlagi lífeyrissjóða til greiðslu sérstakrar uppbótar skv. I. kafla og greiðslur eftirlauna skv. II. kafla fyrir árið 1991 skal farið eftir áður gildandi reglum, sbr. lög nr. 2/1985 og 130/1989.

Gjört í Reykjavík, 28. júní 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 1994

Nr. 114

336

31. ágúst 1994

AUGLÝSING um flugmálaáætlun árin 1994–1997.

Alþingi hefur hinn 6. maí 1994 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um flugmálaáætlun fyrir árin 1994–1997.

Alþingi ályktar, skv. I. kafla laga nr. 31/1987, að árin 1994–1997 skuli framkvæmd-
um í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN (Fjárhæðir í millj. kr.)

	1994	1995	1996	1997
1.1. Markaðar tekjur:				
*1. Flugvallagjald	360	360	360	360
*2. Eldsneytisgjald	35	35	35	35
3. Lendingargjöld	55	55	55	55
4. Loftferðaeftirlitsgjöld	24	24	24	24
5. Leigugjöld	15	15	15	15
6. Aðrar tekjur	107	107	107	107
	596	596	596	596
1.2. Önnur framlög:				
1. ICAO-tekjur	340	340	340	340
2. Framlag úr ríkissjóði	532	532	532	532
Samtals	1.468	1.468	1.468	1.468

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m. kr.)

	1994	1995	1996	1997
2.1. Rekstur:				
1. Allar deildir	702	702	702	702
2. Alþjóðaflugþjónustan	371	371	371	371
	1.073	1.073	1.073	1.073
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	44	25	100	30
2. Bundið slitlag	52	73	77	124
3. Byggingar	76	77	32	24
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	12	10	10	0
5. Snjóhreinsibúnaður	10	50	52	39
6. Aðflugsbúnaður	18	19	0	0
7. Veðurmælíbúnaður	15	0	12	0
8. Ljósabúnaður	6	0	0	0
9. Ýmis búnaður	0	0	19	26
	233	254	302	243
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	0	0	10	50
2. Bundið slitlag	49	54	0	0
3. Byggingar	16	13	0	6
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	10	20
6. Aðflugsbúnaður	0	0	0	0
7. Veðurmælíbúnaður	0	0	0	0
8. Ljósabúnaður	1	4	0	0
9. Ýmis búnaður	0	0	0	10
	66	71	20	86
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	0	5	20	0
2. Bundið slitlag	0	0	0	0
3. Byggingar	1	0	0	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	5
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	0
6. Aðflugsbúnaður	0	0	0	0
7. Veðurmælíbúnaður	0	0	0	0
8. Ljósabúnaður	4	0	0	0
9. Ýmis búnaður	1	0	0	8
	6	5	20	13
2.5. Aðrir flugvellir og landingarstaðir:				
1. Óskipt	5	5	10	10
2.6. Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður:				
1. Flugstjórnarmiðstöð og annað	55	10	10	10
2. Aðflutningsbúnaður á Vestfjörðum	22	0	0	0
3. GPS-leiðréttingarst. og athuganir	0	22	5	5
	77	32	15	15
2.7. Til leiðréttinga og brýnna verkefna:	0	20	20	20
2.8. Stjórnunarkostnaður:	8	8	8	8
Samtals	1.468	1.468	1.468	1.468

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1. Áætlunarflugvellir I.

Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Húsavík, Hornafjörður og Sauðárkrúkur.

3.2. Áætlunarflugvellir II.

Patreksfjörður, Bíldudalur, Siglufjörður, Vopnafjörður, Grímsey, Norðfjörður, Flateyri, Þingeyri og Þórshöfn.

3.3. Áætlunarflugvellir III.

Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Breiðdalsvík og Borgarfjörður eystri.

3.4. Aðrir flugvellir og landingarstaðir.

A. Þjónustuvellir: Bakkafjörður, Bakki, Blönduós, Borgarnes, Djúpivogur, Flúðir, Grundarfjörður, Hella, Ingjaldssandur, Melgerðismelar, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes við Djúp, Rif, Sandskeið, Selfoss, Stóri-Kroppur, Stykkishólmur og Vík.

B. Landingarstaðir: Arngerðareyri, Álftaver, Búðardalur, Bæir, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Hrísey, Húsafell, Hvammstangi, Hveravellir, Hvolsvöllur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Króksfjarðarnes, Melanes, Narfastaðamelar, Nýidalur, Sandármelar, Skálavatn, Skógasandur, Sprengisandur, Steinasandur, Stórholt, Suðureyri, Tálknafjörður og Þórsmörk.

C. Landingarstaðir í eigu og í umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar: Auðkúluheiði, Forsæti, Gunnarsholt, Múlakot og Þórisós.

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA

(Fjárhæðir í m. kr.)

Staður/verkefni	1994	1995	1996	1997
4.1. Reykjavík				
1. Girðing	5			
2. Öryggissvæði			20	
3. Aðflugshallasendir		12		
4. Endurnýjun slitlags			8	100
5. Skýjahæðar- og skyggismælir	6			
6. Vindmælar	3			
7. Ýmis búnaður			5	5
	14	12	33	105
4.2. Akureyri				
1. Stækkun flugstöðvar	20	10		
2. Endurbætur eldri hluta flugstöðvar		25		
3. Stækkun flugvélahlaðs				20
4. Breikkun malbiks			25	
5. Nýtt malbiksyfirlag			20	10
6. Bílastæði og lóð			15	
7. Veðurmælitæki			12	
8. Endurbætur á aðflugi	2			
9. Ýmis búnaður			3	3
	22	35	75	33

Staður/verkefni	1994	1995	1996	1997
4.3. Vestmannæyjar				
1. Flugstöð, athuganir	2			
2. Tækjageymsla	20			
3. Sandgeymsla				5
4. Slökkvibúnaður	2			
5. Snjóblásari				12
6. Vörubifreið/snjótönn			15	
7. Flutningur á DME	2			
8. Ýmis búnaður			3	3
	26	0	18	20
4.4. Egilsstaðir				
1. Ný flugbraut	19			
2. Flugstöð	22	30		
3. Aðflugshallasendir	12			
4. Snjósópur	10			
5. Snjóblásari		10	7	
6. Vörubifreið/snjótönn		15		
7. Slökkvibúnaður			10	
8. Bílastæði og lóð			15	
9. Stækkun tækjageymslu		6	4	8
10. Skýjahæðar- og skyggismælir	6			
11. Ýmis búnaður			2	3
	69	61	38	11
4.5. Ísafjörður				
1. Ný tækjageymsla	5	6	1	1
2. Snjóblásari			10	7
3. Vörubifreið/snjótönn		15		
4. Endurbætur á flugstöð			12	
5. Yfirborðslokun klæðningar				14
6. Akbrautir og hlóð			15	
7. Bílastæði og lóð				10
8. Ýmis búnaður			3	3
	5	21	41	35
4.6. Hornafjörður				
1. Lenging flugbrautar	20			
2. Breikkun bundins slitlags			14	
3. Snjósópur			10	
4. Slökkvibifreið	10			
5. Aðflugsbúnaður		7		
6. Flugbrautarljós, endurnýjun	6			
7. Sandgeymsla				5
8. Ýmis búnaður			3	3
	36	7	27	8
4.7. Húsavík				
1. Búndið slitlag	52	18		
2. Öryggissvæði			15	
3. Tækjageymsla			15	
4. Snjósópur		10		
5. Snjóblásari				10
6. Bílastæði og lóð		10	5	
7. Ýmis búnaður				3
	52	38	35	13

Staður/verkefni	1994	1995	1996	1997
4.8. Sauðárkrókur				
1. Búndið slitlag		55	10	
2. Öryggissvæði			15	
3. Tækjageymsla	7			
4. Snjósópur			10	
5. Snjóblásari				10
6. Slökkvibifreið		10		
7. Bilastæði og lóð		15		
8. Endurbætur aðflugs	2			
9. Ýmis búnaður				3
	9	80	35	13
4.9. Patreksfjörður				
1. Búndið slitlag		40	10	
2. Öryggissvæði				35
3. Tækjageymsla, innréttingar				6
4. Snjósópur			10	
5. Ýmis búnaður				4
	0	40	20	45
4.10. Bíldudalur				
1. Flugstöð	2			
2. Tækjageymsla	1			
3. Búndið slitlag	16	14		
4. Lenging flugbrautar				15
5. Snjósópur				10
6. Ýmis búnaður				3
	19	14	0	28
4.11. Grímsey				
1. Ný flugstöð	3	3		
2. Flugbrautarljós á lengingu		4		
3. Aðflugshallaljós, færsla	1			
	4	7	0	0
4.12. Siglufjörður				
1. Búndið slitlag	33			
2. Snjóblásari				10
	33	0	0	10
4.13. Þórshöfn				
1. Farpegaskýli	3			
2. Tækjageymsla	3			
3. Búndið slitlag	4	16		
4. Ýmis búnaður				3
	10	16	0	3
4.14. Hólmavík				
1. Tækjageymsla	1			
2. Ýmis búnaður				5
	1	0	0	5
4.15. Gjögur				
1. Öryggissvæði			10	
2. Flugbrautarljós á lengingu	4			
3. Slökkvibifreið				5
4. Ýmis búnaður				3
	4	0	10	8

Staður/verkefni	1994	1995	1996	1997
4.16. Mývatn				
1. Lenging flugbrautar		5	10	
2. Ýmis búnaður	1			
	1	5	10	0
4.17. Vopnafjörður				
1. Bundið slitlag				5
	0	0	0	5
4.18. Aðrir flugvellir og landingarstaðir				
1. Óskipt	5	5	10	10
4.19. Flugumferðar- og leiðsögubúnaður				
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	55	10	10	10
2. Aðflugsb. á Vestfjörðum	22			
3. GPS-leiðréttingarst. og ath.		22	5	5
	77	32	15	15
4.20. Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0	14	20	20
4.20. Stjórnunarkostnaður	8	8	8	8
Samtals	395	395	395	395

Samgönguráðuneytið, 31. ágúst 1994.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

13. september 1994

Nr. 115

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar
laugardaginn 1. október 1994.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 1. október 1994.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Reykjavík, 13. september 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á reglugerð um breytingar á reglugerð nr. 90/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 12. þ.m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Við 50. gr. bætist ný 2. mgr. svohljóðandi:

Heimilt er í framhaldsnámi að gefa einkunnir í bókstöfum samkvæmt eftirfarandi: 9,0 - 10 er A; 7,25 - 8,99 er B; 6,0 - 7,24 er C og 5,0 - 5,99 er D. Lægri einkunn en 5,0 er E. Aðaleinkunn sem gefin er í bókstaf er fundin skv. 1. mgr. og rituð skv. 2. mgr.

2. gr.

1. ml., 1. mgr. 51. gr. breytist og orðist svo:

Stúdent telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5,0 eða ígildi hennar í bókstaf.

3. gr.

Við 74. gr. bætast eftirfarandi mgr.:

Læknadeild veitir kennslu og þjálfun til M.S. prófs í heilbrigðisvísindum. Próftitillinn M.S. er veittur fyrir 60 eininga framhaldsnám að afloknu viðeigandi háskólaprófi. Inngöngu í þetta nám geta fengið þeir sem lokið hafa kandidateitprófi í lyfjafræði lyfsala eða B.S. prófi í líffræði, læknisfræði, hjúkrunarfræði eða sjúkraþjálfun frá Háskóla Íslands eða öðru háskólaprófi sem læknadeild telur að feli í sér viðeigandi undirbúning til námsins.

Nefnd skipuð af læknadeild er deildarforseta til aðstoðar við að meta umsóknir um M.S. nám, fylgjast með náminu í heild og samræma það. Sérstök umsjónarnefnd skipuð af deild hefur umsjón með námi hvers stúdents í M.S. námi. Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og er ritgerð byggð á eigin rannsókn hluti námsins. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 30 námseiningar en mest 45. M.S. rannsóknarverkefni lýkur með því að stúdent leggur fram ritgerð og heldur um hana fyrirlestur. Ritgerð og fyrirlestur eru dæmd af tveimur sérfræðingum sem umsjónarnefnd tilnefnir til starfans. Aðrar námseiningar til M.S. prófs öðlast stúdent með þátttöku í námskeiðum. Lágmarkseinkunn fyrir námskeið, sem tekin eru sem hluti af námi til M.S. prófs, er 6,0.

Læknadeild setur nánari reglur um M.S. nám.

4. gr.

1. mgr. 92. gr. breytist og í stað hennar kemur eftirfarandi:

Prófgreinar í fyrri hluta náms í viðskiptafræðum fyrir aðra nemendur en þá sem velja tungumálasvið eru stærðfræði (3e), reikningshald (9e), tölfræði (6e), upplýsingatækni (3e), íslensk haglýsing (3e), aðferðafræði (3e), lögfræði (6e), þjóðhagfræði (6e), rekstrarhagfræði (9e), markaðsfræði (3e), framleiðsla (3e), tjáning og samskipti (3e) og skattaréttur og skattskil I (3e).

Prófgreinar í fyrri hluta náms í viðskiptafræðum fyrir nemendur sem velja tungumálasvið eru stærðfræði (3e), reikningshald (9e), tölfræði (6e), upplýsingatækni (3e), íslensk haglýsing (3e), aðferðafræði (3e), lögfræði (6e), þjóðhagfræði (3e), rekstrarhagfræði (9e), markaðsfræði (3e), framleiðsla (3e), tjáning og samskipti (3e) og tungumál (6e).

5. gr.

2. mgr. 93. gr. breytist og í stað hennar kemur eftirfarandi:

Prófgreinar í viðskiptakjarna fyrir aðra nemendur en þá sem velja tungumálasvið eru stjórnun (6e), fjármál fyrirtækja (6e), markaðsfræði (3e), framleiðsla (3e), aðgerðarannsóknir (3e), upplýsingatækni (3e) og aðrar greinar (6e) samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar.

Prófgreinar í viðskiptakjarna fyrir nemendur sem velja tungumálasvið eru stjórnun (6e), fjármál fyrirtækja (6e), markaðsfræði (3e), framleiðsla (3e), aðgerðarannsóknir (3e), upplýsingatækni (3e), þjóðhagfræði (3e) og skattaréttur og skattskil I (3e).

6. gr.

Í stað 2. og 3. ml. í 3. mgr. 94. gr. kemur eftirfarandi:

Ritgerð vegur 6 einingar nema á reikningshalds- og endurskoðunarsviði þar sem hún vegur 3 einingar.

7. gr.

Við 95. gr. bætist ný mgr. sem verður 6. mgr. svohljóðandi:

Til þess að standast fullnaðarpróf í framhaldsnámi í hagfræði þarf stúdent að ljúka námi með eigi lægri aðaleinkunn en C.

8. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í XII. kafla orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða I.

Nemendur sem hefja nám á 3. og 4. ári í viðskiptaskor haustið 1994 eiga rétt á að ljúka námi sínu í samræmi við fyrri reglugerðaákvæði þó þannig að ákvæði reglugerðar um vægi ritgerðar gilda.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Nemendur sem hefja nám á 2. ári í viðskiptaskor haustið 1994 eiga rétt á að ljúka námi sínu í samræmi við fyrri reglugerðaákvæði þó þannig að íslensk haglýsing vegur 3 einingar og markaðsfræði I er kennd á haustmisseri 2. árs og telst þá til fyrri hluta. Einnig gilda ákvæði reglugerðar um vægi ritgerðar.

Ákvæði til bráðabirgða III.

Nemendur sem hefja nám á 2. ári í viðskiptaskor haustið 1994 geta valið tungumálasvið. Þeir taka á 2. ári eftirtalin námskeið: Tungumál (6e), reikningshald II (3e), reikningshald III (3e), lögfræði B (3e), tölfraði A (3e) og B (3e), íslenska haglýsingu (3e), þjóðhagfræði II fyrir viðskiptafræðinga (3e) og rekstrarhagfræði II fyrir viðskiptafræðinga (3e). Á 3. ári taka þessir nemendur eftirtalin námskeið: Tungumál (12e), skattaréttur og skattskil I (3e), markaðsfræði I (3e) og II (3e), framleiðsla I (3e) og II (3e), stjórnun I (3e) og II (3e). Á 4. ári taka þessir nemendur auk tungumála (12e), fjármál I (3e) og II (3e), upplýsingatækni II (3e), aðgerðarannsóknir (3e) og skrifa ritgerð (6e).

Ákvæði til bráðabirgða IV.

Nemendur sem hefja nám á 3. ári í viðskiptaskor haustið 1994 og luku með árangri framhaldsnámskeiði í frönsku á vormisseri 1994 geta valið tungumálasvið. Þessir nemendur taka á 3. ári eftirtalin námskeið: Tungumál (12e), markaðsfræði I (3e) og II (3e), framleiðslu I (3e) og II (3e), stjórnun I (3e) og II (3e). Á 4. ári taka þessir nemendur auk tungumála (12e), fjármál I (3e) og II (3e), upplýsingatækni II (3e) og aðgerðarannsóknir (3e) og skrifa ritgerð (6e).

9. gr.

Við 96. gr. bætist ný mgr. sem verður 2. mgr. svohljóðandi:
Forseti og varaforseti deildarinnar skulu ekki vera úr sömu skor.

10. gr.

98. gr. breytist á eftirfarandi hátt:

Í staflíð a) bætist við orðið ítalska á eftir orðinu íslenska.

Staðliður b) verði svohljóðandi: Til M.Paed. prófs: Danska, enska, íslenska. Heimilt er með samþykki deildar að taka þetta nám upp í öðrum greinum deildarinnar.

Í stað 20e í 2. ml., 4. mgr. III. liðar 100. gr. komi 30e.

11. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga, um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 14. júlí 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

LÖG

um skipulag ferðamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: að ég samkvæmt III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 81 19. maí 1994, um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, sbr. lög nr. 59/1988, 20. tölul. 136. gr. laga nr. 20/1991, 21. gr. laga nr. 23/1991, 4. gr. laga nr. 48/1992 og 9. gr. laga nr. 62/1993 hefi látið fella meginmál hinna fyrstnefndu laga, ásamt áorðnum breytingum, inn í lög nr. 79/1985 og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra sem lög þessi taka til.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag ferðamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

II. KAFLI

Ferðamálaráð Íslands.

3. gr.

Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

Halda skal fund í ráðinu í janúarmánuði og afgreiða á þeim fundi fjárhagsáætlun ráðsins fyrir það ár, sbr. 8. gr. Aðrir fundir skulu haldnir samkvæmt ákvörðun ráðsins eða framkvæmdastjórnar.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn. Skulu fimm skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.

Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Félag hópferðaleyfishafa.
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
3. Félag leiðsögumanna.
4. Félag sérleyfishafa.
5. Ferðafélag Íslands.
6. Flugleiðir hf.
7. Náttúruverndarráð.
8. Samband veitinga- og gistihúsa.
9. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.
10. Ferðaþjónusta bænda.
11. Reykjavíkurborg.
12. Ferðamálasamtök Vesturlands.
13. Ferðamálasamtök Vestfjarða.
14. Ferðamálasamtök Norðurlands vestra.
15. Ferðamálasamtök Norðurlands eystra.
16. Ferðamálasamtök Austurlands.
17. Ferðamálasamtök Suðurlands.
18. Ferðamálasamtök Suðurnesja.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum sem hafa tilnefnt þá.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar sjö manna framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs og skulu allir stjórnarmenn eiga sæti í Ferðamálaráði.

Einn er formaður Ferðamálaráðs og skal hann vera formaður framkvæmdastjórnar. Annar er varaformaður Ferðamálaráðs og skal hann vera varaformaður framkvæmdastjórnar. Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna einn mann hver: Ferðamálasamtök landshluta sem tilgreind eru í 12.-18. tölul. 2. mgr. 4. gr. sameiginlega, Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Flugleiðir hf., Reykjavíkurborg og Samband veitinga- og gistihúsa. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Framkvæmdastjórn fer með yfirstjórn á starfsemi Ferðamálaráðs á milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess. Ferðamálaráði og framkvæmdastjórn er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum. Heimilt er að skipa í undirnefndir menn er ekki eiga sæti í Ferðamálaráði.

6. gr.

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs samkvæmt því sem ráðið ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera fjögur ár í senn.

Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs og framkvæmdastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Verkefni Ferðamálaráðs eru þessi:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.
2. Landkynning og markaðsmál.
3. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
4. Ráðgjöf og aðstoð við aðila ferðaþjónustunnar og samræming á starfsemi þeirra.
5. Skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn samkvæmt sérstakri reglugerð þar að lútandi.
6. Skipulagning námskeiða fyrir aðila ferðaþjónustunnar um samskipti og þjónustu við ferðamenn.
7. Forganga um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.
8. Starfræksla sameiginlegrar bókunarmiðstöðvar í samvinnu við aðila ferðaþjónustunnar.
9. Samstarf við Náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri sem lög þessi taka til.
10. Framkvæði að fegrun umhverfis og góðri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks. Samstarf við einkaaðila og opinbera aðila um snyrtilega umgengni lands í byggðum sem óbyggðum.
11. Könnun á réttmæti kvartana um misbrest í þjónustu við ferðamenn.
12. Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál.
13. Önnur þau verkefni sem Ferðamálaráð ákveður eða því eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

8. gr.

Fríhöfnin í Keflavík skal greiða til Ferðamálaráðs gjald er nemur 10% af árlegri vörusölu. Fríhöfnin skal greiða gjald þetta beint til Ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og fellur það í gjalddaga eigi síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins. Skal þessu fjármagni varið á eftirfarandi hátt:

- a. Til að veita einkaaðilum og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn.
- b. Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.
- c. Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 20. gr.

Ferðamálaráð gerir fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn sem skal lögð fyrir samgönguráðherra en hann tekur endanlega ákvörðun.

Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

III. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

9. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

- a. Upplýsingar um ferðir innanlands eða erlendis.
- b. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
- c. Útvegum gistihúsnæðis.
- d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og móttöku erlendra ferðamanna.
- e. Starfrækslu bókunarþjónustu fyrir ferðir og gistingu, sbr. b-, c- og d-liði og afþreyingu, þar með talinnar tölvubókunarþjónustu.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hverjum hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.

Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a- til d-lið hér að framan, svo og um það hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

10. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau er greind eru í 9. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

11. gr.

Hver sá sem vill reka ferðaskrifstofu skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skal veita í fyrsta sinn til tveggja ára en síðan til fimm ára í senn. Ráðherra er heimilt að ákveða að leyfum til reksturs ferðaskrifstofu sé skipt í flokka eftir starfsvettvangi og skal nánar kveðið á um flokkun ferðaskrifstofa í reglugerð.

Samgönguráðuneytið skal ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.

12. gr.

Við útgáfu atvinnuleyfis skal afhenda útlendingi, eða umboðsmanni hans, skírteini þar sem fram koma upplýsingar um réttindi hans til að stunda vinnu á Íslandi. Í skírteininu skulu vera nauðsynlegar persónuupplýsingar. Útlendingur skal hafa skírteinið tiltækt og framvísa því ef löggæslumaður óskar þess. Heimilt er að krefja umsækjanda um atvinnuleyfi um endurgjald fyrir skírteinið. Endurgjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu þess.

20. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal árlega leita álits helstu samtaka atvinnurekanda og launafólks á stefnu sem fylgt er við veitingu atvinnuleyfa til ráðningar á útlendingum til starfa á Íslandi.

Ráðuneytið útbýr og dreifir prentuðum upplýsingum til sendiráða Íslands og annarra er þess óska. Greint skal frá reglum um dvalarleyfi, almennum launakjörum, vinnutíma, aðbúnaði við vinnu hér á landi, sköttum og opinberum gjöldum, rétti til yfirfærslu fjármuna, réttindum og skyldum sem erlent starfsfólk tekst á hendur við ráðningu í vinnu. Það skal enn fremur gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna umsókna um atvinnuleyfi.

21. gr.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26/1982, með síðari breytingum, um atvinnuréttindi útlendinga.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 25. nóvember 1994.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

LÖG

**um breyting á lögum um hópuppsagnir,
nr. 95/1992.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning á fjölda þeirra sem er sagt upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningarsamnings einstakra starfsmanna sem jafngilda uppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Áformi atvinnurekandi uppsagnir skv. 1. gr. skal hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa sem þeir hafa til þess valið svo fljótt sem auðið er með það fyrir augum að ná samkomulagi.

Með samráðinu skal að minnsta kosti leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða og draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda tilfærslur í starfi eða endurhæfingu starfsmanna sem sagt hefur verið upp.

Trúnaðarmenn eða aðrir fulltrúar starfsmanna skulu eiga rétt á að fá allar upplýsingar frá atvinnurekanda, sem máli skipta, um fyrirhugaðar uppsagnir. Tilgreina skal skriflega ástæður uppsagna, fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp, hve margir eru að jafnaði í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að koma til framkvæmda.

Atvinnurekandi skal veita skriflega upplýsingar um viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp og aðferðir við útreikninga á greiðslum vegna uppsagna.

Atvinnurekandi skal enn fremur senda afrit af öllum skriflegum upplýsingum, sem um getur í 3. mgr., til stjórnar vinnumiðlunarinnar í umdæminu. Sé vinnumiðlun ekki í sveitarfélaginu skulu gögn send viðkomandi sveitarstjórn.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar, samráð og tilkynningar samkvæmt þessum lögum getur atvinnurekandi ekki borið því við að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um hópuppsagnir var tekin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við störfum sínum.

Forsætisráðuneytið, 7. desember 1994.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978,
um hlutafélög, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Í hlutafélagi skal vera hlutafé sem skipt er í tvo eða fleiri hluti. Hlutaféð skal minnst vera fjórar milljónir króna. Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evrópskra mynteininga (ECU). Fjárhæðin skal þó jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Breyting á fjárhæðinni skal að jafnaði öðlast gildi við upphafs árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum hlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi sínu. Ef heiti hlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félags-slitameðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í 1. og 3. mgr. falla niður orðin „í öðru hlutafélagi“ en í staðinn komi: í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi.

b. Í 2. mgr. falla niður orðin „í öðru félagi“ en í staðinn komi: í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi.

c. 4. mgr. orðast svo:

Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Stofnendur hlutafélags skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning (stofnskrá).

b. 2. mgr. orðast svo:

Stofnendur hlutafélags skulu vera tveir hið fæsta. Meiri hluti stofnenda skal hafa heimilisfesti hér á landi, eða helmingur sé tala stofnenda jöfn, nema ráðherra veiti undanþágu þar frá. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

c. Við 3. mgr. bætast nýir málsliðir er verða 2.–4. másl. og orðast svo: Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum þessarar málsgreinar. Fyrrgreind félög og stofnanir, sem eru heimilisföst í EES-ríki, geta þó verið stofnendur án undanþágu. Sanna þarf heimilisfesti í slíkum tilvikum.

d. 4. mgr. orðast svo:

Stofnandi má hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðslustöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum. Ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Í stofnsamningi skal ávallt greina:

1. Nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda.
2. Hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut.
3. Frestir til áskriftar fyrir hlut og til greiðslu hlutafjár.
4. Innan hvaða tíma stofnfund skuli halda, svo og hvernig til hans skuli boðað, nema það leiði af ákvæðum 9. gr. að fundur þessi verði haldinn án sérstakrar boðunar.
5. Ef hlutafélagið skal bera kostnað af stofnun og, ef svo er, áætlaðan kostnað.

Í fyrstu skýrslu stjórnar skal tilgreina raunverulegan kostnað við stofnunina, sbr. 5. tölul. 1. mgr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. 3. tölul. 1. mgr. fellur niður.
- b. 4. tölul. verður 3. tölul.
- c. A-liður 2. mgr. fellur niður en 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Í því sambandi skal m.a. greina nöfn, kennitölu og heimilisföng þeirra aðila er hér um ræðir.
- d. B-liður 2. mgr. fellur niður.
- e. C-liður 2. mgr. fellur niður.
- f. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé skal hafa fjárhagslegt gildi. Greiðslan má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu. Kröfur á hendur stofnendum eða þeim sem hafa skráð sig fyrir hlutum geta talist greiðsla.
- g. 3. mgr. fellur niður.
- h. Í stað orðanna „Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja“ í upphafi 4. mgr. kemur: Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja og önnur atriði.

6. gr.

Á eftir 5. gr. laganna bætist við ný grein, 5. gr. a, er orðast svo:

Eigi hlutafélag að taka við verðmætum skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. frá stofnendum eða öðrum skal sérfræðiskýrsla fylgja stofnsamningi. Skýrslan skal geyma:

1. Lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við.
2. Upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið.
3. Tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við.
4. Yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Ef hlutafélag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri skal við undirritun stofnsamnings liggja frammi efnahgs- og rekstrarreikningur þess fyrirtækis tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun þess ef það er síðar. Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahgsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagar fyrirtækis þess sem félagið yfirtækur hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal

miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Teljast reikningar þessir hluti sérfræðiskýrslunnar og skulu þeir gerðir í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.

Skýrslan skal gerð rétt fyrir stofnfund.

7. gr.

Á eftir 5. gr. a laganna bætist við ný grein, 5. gr. b, er orðast svo:

Sérfræðiskýrslan skal unnin af einum eða fleiri óháðum, sérfróðum mönnum, annaðhvort löggiltum endurskoðendum eða lögmönnum ellegar öðrum sérfróðum mönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarpingi félagsins.

Lagaákvæði um löggilta endurskoðendur gilda um sérfræðinga þá er skýrsluna semja eftir því sem við á.

Sérfræðingarnir hafa rétt til að framkvæma þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar og geta krafist þeirra upplýsinga og aðstoðar af stofnendum eða félaginu sem þeir telja þörf á til að geta rækt starf sitt.

8. gr.

Á eftir 5. gr. b laganna bætist við ný grein, 5. gr. c, er orðast svo:

Nú aflar félagið annarra fjárhagsverðmæta en þeirra sem greinir í 5. gr. a frá stofnanda eða hluthafa og þarf þá samþykki hluthafafundar ef:

1. Öflun verðmætanna fer fram á tímabilinu frá stofnsamningsdegi þar til liðið er eitt ár frá skráningu félagsins.
2. Endurgjaldið nemur a.m.k. ¼ hlutfjárins.

Til afnota fyrir hluthafafund skal útbúin sérfræðiskýrsla í samræmi við ákvæði 5. gr. a. Stjórnin skal einnig láta taka saman skriflega greinargerð um öflun verðmætanna.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um öflun verðmæta sem lið í venjulegum viðskiptaráðstöfunum félagsins, öflun þeirra á verðbréfaþingi ellegar öflun þeirra fyrir tilstilli eða undir eftirliti handhafa framkvæmdarvalds eða dómsvalds.

Greinargerðina um öflun verðmætanna og sérfræðiskýrsluna skal leggja fram og senda hluthöfum samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 71. gr. Skjölín skal einnig leggja fram á hluthafafundinum.

Eigi síðar en einum mánuði eftir að hluthafafundurinn hefur samþykkt öflun verðmætanna skal senda hlutafélagaskrá sérfræðiskýrsluna með áritun fundarstjóra á hluthafafundinum um það hvenær ráðstöfunin var samþykkt.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í 6. tölul. kemur: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
- b. Við bætist nýr tölulíður, 13. tölul., er orðast svo: Ákvæði um fjölda framkvæmdastjóra séu þeir fleiri en þrír.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. 7. gr. orðast svo: Gögn þau, sem um ræðir í 5. gr. a, skulu einnig fylgja áskriftarskrá.
- b. Í stað „ráðherra“ í 3. másl. 1. mgr. og 2. másl. 2. mgr. standi: hlutafélagaskrá.

11. gr.

Í stað orðanna „sem um ræðir í stofnsamningi“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: sem fylgja stofnsamningi.

12. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Í 1. mgr. standi: er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru hæstir þar sem félagið á heimili“.
- b. Í 3. másl. 2. mgr. standi: beinni aðfarargerð án undangengins dóms eða sáttar, í staðinn fyrir „aðfarargerð án undangengins dóms eða sáttar“.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. 1. másl. orðast svo: Hluti, sem aðili hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags, skal greiða að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá því að félagið var skráð.
- b. Í stað „ráðherra“ í 2. og 3. másl. kemur: hlutafélagaskrá.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. 1. másl. orðast svo: Við hækkun hlutafjár skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi einu ári eftir að hækkunin hefur verið tilkynnt til hlutafélagaskrár.
- b. Í 2. og 3. másl. standi: hlutafélagaskrá, í stað „ráðherra“.

16. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í lok 1. mgr. standi: 115. gr., í staðinn fyrir „114. gr.“
- b. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Í samþykktum má þó ákveða að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka, m.a. flokk án atkvæðisréttar.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Í 2. másl. standi: hluti, í staðinn fyrir „hlutabréf“.
- b. Í 3. másl. standi: almenna hluti, í staðinn fyrir „almenn hlutabréf“, milli aðila, í staðinn fyrir „milli íslenskra aðila“.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. Í 1. másl. 1. mgr. koma orðin: eigendaskipti að hlut, í staðinn fyrir „eigendaskipti að hlutabréfi“.
- b. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta er það ógilt ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina eða skilmálar eru bersýnilega ósanngjarnir að öðru leyti.

19. gr.

20. gr. a laganna orðast svo:

Ef hluthafi á meira en 1/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli

sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar eftir því sem við á þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna.

Skilmála fyrir innlausn og matsgrundvöll innlausnarverðs skal greina í tilkynningunni. Ef ekki næst samkomulag um verðið skal enn fremur tilgreina að það verði ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins. Ákvæði 4. mgr. 19. gr. gilda. Loks skal í tilkynningunni gefa upplýsingar um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Ef ákvörðun matsmanna leiðir til herra innlausnarverðs en hluthafinn bauð gildir það einnig fyrir þá hluthafa í sama flokki sem hafa ekki beðið um mat. Kostnað við ákvörðun verðsins greiðir hluthafinn nema dómstóll telji vegna sérstakra ástæðna að viðkomandi minni hluti hluthafa skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

20. gr.

20. gr. b laganna orðast svo:

Sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 20. gr. a skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutabréf fyrri eiganda ógild. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

21. gr.

20. gr. c laganna orðast svo:

Ef hluthafi á meira en %₀ hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá hluthafanum. Ákvæði 4. mgr. 19. gr. og 2. másl. 3. mgr. 20. gr. a gilda eftir því sem við á.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 1. tölul. 3. mgr. orðast svo:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang félags.

b. Í 4. mgr. bætist við nýr töluliður, 5. tölul., er orðast svo:

5. Heimild til að ógilda hlutabréf án dóms.

c. 2. másl. 5. mgr. orðast svo: Nöfn má rita með vélrænum hætti.

d. Á eftir 6. mgr. bætist við ný málsgrein, 7. mgr., er orðast svo:

Í hlutabréfunum skal vera fyrirvari um að eftir útgáfu bréfanna megi taka ákvarðanir um atriði sem greinir í 3.–5. mgr. og breyta réttarstöðu hluthafans. Verði slíkar breytingar gerðar skal stjórn félags, eftir því sem unnt er, sjá um að áritun um breytingarnar verði færð á hlutabréfin eða skipt verði á þeim og nýjum hlutabréfum.

e. Á eftir 7. mgr. kemur síðan ný málsgrein er verður 8. mgr. og orðast svo:

Glatist hlutabréf, sem gefið hefur verið út, getur stjórn félags stefnt handhafa þess til sín með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal tvisvar í Lögbirtingablaði. Gefi enginn sig fram áður en fresturinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt hlutabréfinu. Skal stjórn félagsins þá að ósk upphaflegs eiganda bréfsins gefa út nýtt bréf honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila. Skal nýja bréfið vera með sömu skilmálum og hið fyrra. Gefi réttur eigandi sig fram síðar skal ágreiningur úrskurðaður með dómi. Sömu reglur og um hlutabréf gilda um bráðabirgðaskírteini og áskriftarvottorð eftir því sem við á.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar hlutafélag hefur verið stofnað skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi eða tölvuskra hana.

b. Í 2. mgr. koma í stað orðanna „nafn eiganda, heimilisfang og nafnúmer, kennitölu eða skráningarnúmer“ orðin: nafn eiganda, kennitölu og heimilisfang.

c. 5. mgr. orðast svo:

Verði eigendaskipti að hlut og ákvæði 19. og 20. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og færir sönnur á þau. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags.

24. gr.

Í 1. másl. 25. gr. laganna standi: hlut, í staðinn fyrir „hlutabréf“.

25. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Hækkun hlutafjár og áskriftarréttindi.**

26. gr.

2. másl. 3. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa skal gera grein fyrir ástæðum, svo og rökstyðja tillögur um áskriftargengi.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í 2. másl. 1. mgr. koma: hlutabréf milli aðila, í staðinn fyrir „hlutabréf milli íslenskra aðila“, svo og: öðrum aðilum, í staðinn fyrir „öðrum íslenskum aðilum“.

b. 2. mgr. fellur niður.

c. 3. mgr. verður 2. mgr. og orðast svo:

Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk þar sem atkvæðisréttur ellegar réttur til arðs eða úthlutunar af eignum félagsins er mismunandi er unnt í samþykktum félagsins að veita hluthöfum í þessum flokkum forgangsrétt til að skrá sig fyrir hlutum í sínum eigin flokkum. Í slíkum tilvikum geta hluthafar í öðrum flokkum fyrst nýtt sér forgangsrétt til áskriftar skv. 1. mgr. að þeim hluthöfum frágengnum er þar greinir frá.

d. 4. mgr. verður 3. mgr.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo:

4. Frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn eigi vera skemmri en tvær vikur frá tilkynningu til hluthafa um ákvörðun um hækkun hlutafjár, sbr. 2. mgr. 32. gr.

b. Í 6. tölul. 1. mgr. standi: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi“.

c. Í lok 1. mgr. kemur nýr töluliður er verður 7. tölul. og orðast svo:

7. Áætlaðan kostnað félagsins vegna hækkunar hlutafjárins.

d. Ný málsgrein bætist við er verður 4. mgr. og orðast svo:

Í næstu skýrslu stjórnar skal tilgreina raunverulegan kostnað við hlutafjárhækkunina, sbr. 7. tölul. 1. mgr.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

- a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ákvæði 5. gr. og 5. gr. a–c skulu gilda um þetta eftir því sem við á.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um hlutafjárhækkun sem á sér stað við samruna hlutafélaga skv. XV. kafla.

30. gr.

Í 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi“.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

- a. Í 2. mgr. falla niður orðin: að viðbættum minnst fjórðungi þess sem greiða á umfram nafnverð, en í staðinn kemur: að viðbættu því sem greiða á umfram nafnverð.
- b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Ef áskrift hluta er gerð á grundvelli verðbréfa sem gefa rétt til áskriftar að hlutum (áskriftarréttindi), frestur til áskriftarinnar samkvæmt áskriftarskrá er lengri en eitt ár, áskrift hefur fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárhækkunarinnar og minnst fjórðungur hennar verið greiddur, að viðbættu því sem greiða á umfram nafnverð, skal félagsstjórn innan mánaðar frá lokum hvers reikningsárs tilkynna hlutafélagaskrá hversu mikil hlutafjárhækkun hefur farið fram á árinu. Ef tilkynning hefur ekki verið gerð innan mánaðar frá lokum áskriftarfrests eða skráningar er synjað eiga reglur 1. mgr. við eftir því sem við á. Stjórnin getur gert nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins vegna hlutafjárhækkunarinnar. Þegar skráning hefur farið fram telst hlutaféð hækkað sem samsvarar innborguðu hlutafé.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. Í 3. mgr. standi: gengi, í staðinn fyrir „útboðsgengi“.
- b. Í 3. mgr. fellur niður „sbr. 4.–6. tölul. 1. mgr. 30. gr.“, en í staðinn kemur: sbr. 4.–7. tölul. 1. mgr. og 4. mgr. 30. gr.

33. gr.

Í 1. mgr. 37. gr. laganna koma orðin: endurmatsreikning samkvæmt lögum um ársreikninga, í staðinn fyrir „endurmatsreikning skv. 4. mgr. 97. gr.“

34. gr.

Í 38. gr. laganna koma í stað orðanna „getur stjórnin selt bréfin á kaupþingi eða opinberu uppboði“: getur stjórnin selt bréfin fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slík bréf.

35. gr.

Á eftir 38. gr. laganna bætist við ný grein, 38. gr. a, er orðast svo:

Hluthafafundur getur ákveðið útgáfu áskriftarréttinda enda ákveði hann samtímis í samræmi við 27.–31. gr. nauðsynlega hlutafjárhækkun.

Í ákvörðun hluthafafundar skal setja nánari skilyrði fyrir útgáfu áskriftarréttindanna, m.a. ákveða hámark þeirrar hlutafjárhækkunar sem skrifa má sig fyrir á grundvelli áskriftar-

réttindanna og í hvaða hlutflokki nýju hlutirnir skuli vera. Enn fremur skal tekið fram í ákvörðun hluthafafundarins hvernig háttað sé nýtingu áskriftarréttindanna og hver staða rétthafa sé ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út breytanleg skuldabréf eða ný áskriftarréttindi eða félagsslit verða, þar á meðal með samruna eða skiptingu, áður en unnt er að neyta áskriftarréttarins. Að því er varðar ákvörðun um útgáfu áskriftarréttinda og rétt til áskriftar að þeim gilda ákvæði 27. og 28. gr., fyrri hluti 3. tölul. og 4.–7. tölul. 1. mgr., svo og 4. mgr., 30. gr., auk 32. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun hluthafafundar skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til áskriftar að hlutfjárhækkun er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

36. gr.

Á eftir 38. gr. a laganna kemur ný grein, 38. gr. b, er orðast svo:

Hluthafafundur getur heimilað félagsstjórn að ákveða útgáfu áskriftarréttinda enda ákveði hann samtímis í samræmi við 35. gr. að heimila félagsstjórn að framkvæma nauðsynlega hlutfjárhækkun. Heimild má veita einu sinni eða oft, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn, og má fjárhæðin eigi vera hærri en nemur helmingi hlutfjár á ákvörðunardegi. Heimildina skal taka upp í samþykktir félagsins.

Í samþykktunum skal greina lokadag tímabilsins skv. 1. mgr., hámark hlutfjárhækkunar á grundvelli áskriftarréttindanna og þann hlutflokk sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra. Þar eð ákvæði 28. gr. gilda eftir því sem við á skal enn fremur greina frá ákvörðun hluthafafundar um hugsanleg frávík frá rétti eldri hluthafa til að skrifa sig fyrir áskriftarréttindum.

Ef félagsstjórn notar heimild sína skal hún setja nánari skilyrði fyrir útgáfu áskriftarréttinda, m.a. ákveða hámark hlutfjárhækkunar á grundvelli áskriftarréttindanna og í hvaða hlutflokki nýju hlutirnir skuli vera. Að því er varðar ákvörðun félagsstjórnar um útgáfu áskriftarréttinda gilda ákvæði 4.–7. tölul. 1. mgr., svo og 4. mgr., 30. gr., 32. gr. og 2. másl. 2. mgr. 38. gr. a eftir því sem við á.

Ákvörðun félagsstjórnar skal taka upp í samþykktir félags. Getur stjórnin gert þær breytingar á samþykktunum sem nauðsynlegar eru skv. 3. mgr.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. fellur niður.
- b. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða áskriftarréttindi eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna eða skiptingu, áður en kröfunni er breytt í hluti.
- c. Í 3. másl. 2. mgr. falla niður orðin „og 31. gr.“ en í staðinn kemur: og 31.–32. gr.
- d. 2. másl. 3. mgr. fellur niður, en í staðinn kemur 2.–3. másl. er orðast svo: Samþykkt hluthafafundar skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til lántöku er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

38. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein er verður 39. gr. a og orðast svo:

Hluthafafundur getur heimilað félagsstjórn að taka skuldabréfalán er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því enda ákveði hann samtímis í samræmi við 35. gr. að heimila félagsstjórn að framkvæma nauðsynlega hlutfjárhækkun. Heimild má veita einu sinni eða oft, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn, og má fjárhæðin eigi vera hærri en nemur helmingi hlutfjár á ákvörðunardegi. Heimildina skal taka upp í samþykktir félagsins.

Í samþykktum skal greina lokadag tímabilsins skv. 1. mgr., hámarksfjárhæð lánsins og með hliðsjón af beitingu 30. gr. eftir því sem við á hugsanleg frávik frá forgangsrétti fyrir hluthafa til áskriftar vegna lánsins. Sé unnt að greiða lán með öðrum hætti en í reiðufé skal taka það fram í samþykktunum.

Um samþykkt félagsstjórnar til töku lánsins gilda ákvæði 1.–5. tölul. 1. mgr., svo og 2.–3. mgr., 30. gr., 31.–32. gr. og 1. og 2. másl. 2. mgr. 39. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun félagsstjórnar skal taka upp í samþykktir félagsins og getur stjórnin breytt þeim.

Um breytingu skuldabréfs í hluti gildir 4. mgr. 39. gr. eftir því sem við á.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

- a. Í 1. mgr. fellur niður „39. gr.“, en í staðinn kemur: 39. gr. og 39. gr. a.
- b. 3. másl. 2. mgr. orðast svo: Þegar tilkynning um breytinguna hefur verið skráð telst hlutaféð hækkað um fjárhæð er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

40. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimild til handa félagsstjórn má veita einu sinni eða oftár, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- a. Í 1. másl. standi: eftir reglum 45. gr., í staðinn fyrir „eftir reglum 16. og 45. gr.“
- b. Við 1. mgr. bætist nýr máslíður er verður 3. másl. og orðast svo: Í fundarboði skal m.a. greina frá ástæðum til lækkunarinnar og hvernig hún á að fara fram.
- c. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Ákvæði 2. mgr. 27. gr. gilda, eftir því sem við á, um ákvarðanir varðandi lækkun hlutfjár.
- d. 2. másl. 5. mgr. orðast svo: Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, sbr. 1. mgr. 147. gr., fellur ákvörðunin úr gildi.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

- a. Í 3. másl. 1. mgr. standi: Hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „Ráðherra“.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er hlutafélagaskrá heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 1. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki af því tjón.

43. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Í samþykktir félags má taka ákvæði um lækkun hlutfjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum. Slíka lækkun getur félagsstjórn framkvæmt að því er snertir hluti sem áskrift hefur fengist að eftir að ákvæðin um lækkun voru tekin í samþykktirnar. Stjórnin getur samþykkt nauðsynlegar breytingar á samþykktunum af þessu tilefni.

Að lokinni hlutfjár-lækkun skal vera fyrir hendi fjármagn er svari a.m.k. til hlutfjárins og þess fjár er lagt hefur verið í lög mæltá varasjóði.

Lækkun hlutfjár getur átt sér stað án innköllunar skv. 44. gr. ef:

1. Lækkunin á sér stað með ógildingu hluta sem eru að fullu greiddir.
 2. Hlutanna hefur verið aflað án greiðslu eða með greiðslu sem nemur eigi hærri fjárhæð en svo að ráðstafa megi henni sem arði.
 3. Fjárhæð, sem svarar til nafnverðs ógiltra hluta, er lögð í sérstakan varasjóð.
- Ákvæði 5. mgr. 42. gr. og 3.–4. mgr. 44. gr. gilda um þessa innlausn hluta eftir því sem við á.

44. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla laganna verður **Eigin hlutir**, og 46. gr. þeirra orðast svo:

Hlutfélag má ekki gegn endurgjaldi eignast eigin hluti með kaupum eða fá þá að veði ef nafnverð samanlagðra hluta, sem félagið og dótturfélög þess eiga í félaginu, er meira en eða mun verða meira en 10% af hlutfénu. Með skal telja hluti sem þriðji aðili hefur eignast í eigin nafni en fyrir reikning félagsins.

Hluti getur félag aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimildin verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en átján mánaða.

Í heimildinni skal greina hámark hluta á nafnverði sem félagið má eignast og lægstu og hæstu fjárhæð sem félagið má reiða fram sem endurgjald fyrir hlutina.

Félagið getur aðeins eignast hluti svo framarlega sem eigið fé þess fer fram úr þeirri fjárhæð sem óheimilt er að ráðstafa til úthlutunar á arði. Þegar eigin hlutir hafa verið dregnir frá eftir að félagið hefur eignast hluti má hlutféð ekki nema lægri fjárhæð en fjórum milljónum króna.

Aðeins má afla þeirra hluta sem eru að fullu greiddir.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda eftir því sem við á þegar dótturfélag eignast eða tekur að veði hluti í móðurfélagi gegn endurgjaldi.

45. gr.

46. gr. a laganna orðast svo:

Hlutfélag getur eignast eigin hluti skv. 46. gr. án heimildar hluthafafundar ef slíkt reynist nauðsynlegt til að afstýra verulegu og yfirvofandi tjóni hjá félaginu.

Í slíku tilviki skal stjórn greina næsta hluthafafundi frá:

1. Ástæðunum fyrir og markmiðum með öflun hlutanna.
2. Fjölda og nafnverði þeirra hluta sem félagið eignaðist.
3. Hlutfalli hlutanna af hlutfénu.
4. Endurgjaldi fyrir hlutina sem félagið eignaðist.

46. gr.

46. gr. b laganna orðast svo:

Ákvæði 46. gr. standa því ekki í vegi að hlutfélag geti eignast eigin hluti:

1. Sem þátt í að lækka hlutfé skv. VII. kafla.
2. Á grundvelli lagaskyldu eða dómsúrskurðar til að vernda minni hluta hluthafa.
3. Til að uppfylla lögmaelta innlausnarskyldu sem hvílir á félaginu.
4. Við kaup á nauðungarsölu á hlutum, sem eru að fullu greiddir, til að fullnægja kröfu sem félagið á.

47. gr.

46. gr. c laganna orðast svo:

Hlutfélag má því aðeins eignast eigin hluti án endurgjalds að þeir séu að fullu greiddir.

Ákvæði 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, um hluti sem dótturfélag eignast án endurgjalds í móðurfélaginu.

48. gr.

46. gr. d laganna orðast svo:

Hluti, sem félag hefur eignast í samræmi við reglur 2.–4. tölul. 46. gr. b eða 46. gr. c, skal það láta af hendi þegar unnt er að gera það án tjóns fyrir félagið og í síðasta lagi þremur árum eftir öflun þeirra nema samanlagt nafnverð félagsins og dótturfélaga þess á hlutum í félaginu fari ekki yfir 10% af hlutafénu.

49. gr.

46. gr. e laganna orðast svo:

Hluti, sem félag hefur eignast andstætt ákvæðum 46. gr.–46. gr. c, skal það láta af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að það eignaðist þá. Hafi félagið með sama hætti tekið hlutina að veði skal veðsetningunni aflétt innan loka sama frests.

50. gr.

46. gr. f laganna orðast svo:

Ef hlutir eru ekki látnir af hendi á réttum tíma skv. 46. gr. d og e ber stjórninni að hlutast til um að lækka hlutaféð sem nemur nafnverði þessara hluta, sbr. VII. kafla.

51. gr.

46. gr. g laganna orðast svo:

Hlutafélag má ekki skrá sig fyrir eigin hlutum.

Hlutir, sem þriðji aðili hefur skráð sig fyrir í eigin nafni en fyrir reikning félagsins, teljast skráðir fyrir reikning áskriftaraðilans.

Þar sem áskrift er andstæð 1. mgr. teljast stofnendur hafa skráð sig fyrir hlutum fyrir eigin reikning og skulu þeir bera óskipta ábyrgð á kaupverðinu. Sama á við um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra þegar um hækkun hlutafjár er að ræða. Ákvæði 1. og 2. málsl. gilda þó ekki um stofnendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem sýna fram á að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita að áskriftin að hlutunum var ólögleg.

Ákvæði 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, um áskrift dótturfélags að hlutum í móðurfélaginu. Stjórn og framkvæmdastjórnar dótturfélagsins teljast hafa skráð sig fyrir umræddum hlutum á sama hátt og greinir í 3. mgr.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn.

b. Í 2. mgr. bætist við nýr málslíður er verður 4. málsl. og orðast svo: Þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, skulu allir kosnir á sama fundi.

c. Í stað 3. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við kjör stjórnar má beita meirihlutakosningu, hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu og skal kosið á milli einstaklinga eða lista með nöfnum eins eða fleiri einstaklinga.

Ákveða má í samþykktum hvernig stjórnarmenn skulu kjörnir og framkvæmd kosninganna.

Ef samþykktir kveða ekki á um kosningafyrirkomulag skal kosningin framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga.

Hafi samþykktir ekki að geyma fyrirmæli um framkvæmd kosninga skulu þær framkvæmdar þannig:

- a. *Meirihlutakosning*. Sé kosið á milli einstaklinga má nota hvert atkvæði jafnoft og þeir menn eru margir sem kjósa skal. Séu boðnir fram listar hlýtur sá listi, sem fær flest atkvæði, sína menn kjörna.
- b. *Hlutfallskosning*. Kjósa má milli lista eða einstaklinga. Sé kosið á milli lista skal til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skrifa atkvæðatölur listanna, hverja fyrir neðan auðkenni hvers lista, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o.s.frv. eftir því hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á stjórnarmenn, og fær hver listi jafnmarga menn kosna sem hann á af tölum þessum. Séu of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun stjórnarsæta til hans skal gengið fram hjá þeim lista og úthluta til annarra lista eftir sömu reglum og hér hefur verið lýst. Sé kosið á milli einstaklinga má hluthafi skipta atkvæðum sínum í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.
- c. *Margfeldskosning*. Kosið skal á milli einstaklinga. Gildi hvers atkvæðis skal margfaldað með fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal og má hluthafi skipta atkvæðamagni sínu, þannig reiknuðu, í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.
- d. 4. mgr. verður 7. mgr.

53. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

- a. Í lok 1. mgr. bætist við nýr málslíður er verður 4. málsl. og orðast svo: Gæta verður þó ákvæða 3.–7. mgr. 47. gr. ef hlutfalls- eða margfeldskosning hefur farið fram þannig að til brottvikningar þurfi meira en $\frac{3}{4}$ atkvæða í þriggja manna stjórn, meira en $\frac{4}{5}$ í fjögurra manna stjórn, meira en $\frac{5}{6}$ í fimm manna stjórn, meira en $\frac{6}{7}$ í sex manna stjórn, meira en $\frac{7}{8}$ í sjö manna stjórn, meira en $\frac{8}{9}$ í átta manna stjórn, meira en $\frac{9}{10}$ í níu manna stjórn o.s.frv. Hluthafafundur getur ávallt vikið frá öllum þeim stjórnarmönnum sem hann kaus og látið stjórnarkjör fara fram að nýju.
- b. Í lok 1. málsl. 2. mgr. standi í staðinn fyrir „efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri“: efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtíma hins fyrri, eða óska eftir tilnefningu.
- c. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Verði félag án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

54. gr.

49. gr. laganna orðast svo:

Stjórn skal ráða einn til þrjá framkvæmdastjóra nema kveðið sé á um fleiri framkvæmdastjóra í samþykktum félags.

Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu.

55. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan

vernað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi nema ráðherra veiti undanþágu frá því. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

56. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup og sölu sína á slíkum hlutum.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins.

b. 2. másl. 3. mgr. orðast svo: Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

58. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Móðurfélag skal gefa stjórn dótturfélags upplýsingar um málefni sem skipta dótturfélagið máli. Tilkynna skal stjórn dótturfélags fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfélagið máli áður en endanleg ákvarðanatataka fer fram.

59. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Þó skal gæta ákvæða 3.–7. mgr. 47. gr. um hlutfalls- og margfeldiskosningu. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því.

b. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra.

c. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar.

60. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 58.–59. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum,
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 149. gr. um tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr. greinar þessarar.

61. gr.

Á eftir 61. gr. laganna kemur ný grein er verður 61. gr. a og orðast svo:

Eftir að kjör eða tilnefning stjórnarmanna eða ráðning framkvæmdastjóra hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 149. gr. getur félagið ekki borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila ágalla við kjörið, tilnefninguna eða ráðninguna nema félagið sýni fram á að hann hafi vitað um ágallann.

62. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 65. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Í félagssamþykktum má ákveða að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi og hlutir megi jafnvel vera án atkvæðisréttar.
- b. 3. mgr. fellur niður og tala eftirfarandi málsgreina breytist samkvæmt því.

63. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
 - a. Í stað orðsins „níu“ í 1. másl. kemur: átta.
 - b. Í stað orðsins „endurskoðenda“ í 2. másl. kemur: endurskoðenda eða skoðunarmanna.
 - c. Við bætist nýr málsliður er orðast svo: Í móðurfélagi skal enn fremur leggja fram samstæðureikning.
- b. Í 3. mgr. kemur: $\frac{1}{3}$, í staðinn fyrir „ $\frac{1}{2}$ “, og niður falla orðin „eða varða lausn undan ábyrgð“.
- c. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutfé þess. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og ef þörf krefur leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

- a. Í 1. og 2. másl. 2. mgr. standi: hlutfélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“. Þá standi í 1. másl.: enga starfandi stjórn, í staðinn fyrir „enga stjórn“, og: endurskoðandi, skoðunarmaður eða hluthafi, í staðinn fyrir „endurskoðandi eða hluthafi“.
- b. Í stað 3. másl. 2. mgr. kemur ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Ríkissjóður greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins. Heimilt er þó að setja það skilyrði að sá er biður um boðun til fundar setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar fundarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.

65. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

- a. Í 2. mgr. bætist við nýr málslíður er verður 3. másl. og orðast svo: Boðun skv. 2. mgr. 32. gr. skal þó alltaf vera skrifleg.
- b. Í 4. mgr. fellur niður „ársreikningur“ en í staðinn kemur: ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur). Í 4. mgr. falla niður orðin „ársreikningur, ársskýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda“ en í staðinn kemur: ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna.

66. gr.

1. másl. 72. gr. laganna orðast svo: Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

67. gr.

Í 3. mgr. 73. gr. laganna standi: ákveður umboðsmaður hlutafélagaskrár fundarstjóra, í staðinn fyrir „ákveður umboðsmaður ráðherra fundarstjóra“.

68. gr.

1. másl. 1. mgr. 76. gr. laganna orðast svo: Ákvörðun um breytingu félagssamþykkt á öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 16., 34., 36., 37., 38. gr. a og b, 40., 45. og 126. gr. e skal tekin á hluthafafundi.

69. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

- a. Í 1. og 3. mgr. kemur alls staðar „hlutafélagaskrár“ í staðinn fyrir „ráðherra“ og „hún“ í staðinn fyrir „hann“.
- b. 2. mgr. verður svohljóðandi:
Ákvæði laga um ársreikninga um hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

70. gr.

Í 1. mgr. 107. gr. laganna standi: hæstu vaxta á almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „vaxta á almennum sparisjóðsbókum“.

71. gr.

Í 1. mgr. 110. gr. standi: almennum sparisjóðsreikningum, í staðinn fyrir „almennum sparisjóðsbókum“.

72. gr.

112. gr. laganna orðast svo:

Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórn félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila skv. 1. másl. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutadeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

Hlutfélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutfélag eða einkahlutfélag. Hlutfélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup.

Trygging félagsins, sem sett er fyrir áður nefnda aðila í bága við ákvæði 1. og 2. mgr., er þó bindandi nema viðsejandi hafi vitað eða mátt vita að tryggingin hafi verið sett andstætt þessum ákvæðum.

Ef félagið hefur innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir sem eru andstæðar 1. og 2. mgr. skal endurgreiða þær með dráttarvöxtum.

Ef ekki er unnt að endurgreiða féð eða afturkalla tryggingu eru þeir sem gerðu eða framkvæmdu síðar ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. ábyrgir fyrir tapi félagsins.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um lán eða framlag til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir.

Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers láns, framlags og tryggingar samkvæmt þessari grein.

73. gr.

Í 1. mgr. 113. gr. laganna standi orðin: laga um gjaldþrotaskipti o.fl., í staðinn fyrir „laga um gjaldþrotaskipti“.

74. gr.

Í 2. mgr. 114. gr. laganna standi: hluti, í staðinn fyrir „hlutabréf“.

75. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 115. gr. laganna:

- Í upphafi 1. mgr. og í 5. tölul. sömu málsgreinar standi: hlutfélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.
- Í 3. tölul. 1. mgr. standi: eða hefur ekki framkvæmdastjóra, sbr. 49. gr., í staðinn fyrir „eða hefur ekki framkvæmdastjóra sé þess krafist í lögum“.
- Í 4. tölul. 1. mgr. falla niður orðin „ársreikningar þeirra hlutfélaga, sem skila skulu ársreikningum“, en í staðinn kemur: ársreikningar. Í staðinn fyrir „reikningsár“ kemur: reikningsár, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.

76. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein er verður 115. gr. a, svohljóðandi:

Ef hlutfélagaskrá telur að hlutfélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðasta skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afskráð úr hlutfélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal aðvörun um afskráningu til fyrirsvarsmanna félagsins og annarra, sem hagsmuna eiga að gæta, birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist ekki fullnægjandi svar eða athugasemdir innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu hlutfélagsins niður.

Innan árs frá afskráningu geta hluthafar eða lánardrottinnar gert þá kröfu að bú hlutfélagsins verði tekið til skipta í samræmi við 116. gr. Jafnframt má hlutfélagaskrá breyta

skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar að lútandi innan árs frá afskráningu samkvæmt þessari grein og sérstakar aðstæður réttlæti endurskráninguna. Ekki má ráðstafa heiti félagsins á þessum tíma.

Þótt hlutafélag hafi verið fellt niður af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 116. gr. laganna:

- a. Í staðinn fyrir „2. mgr. 115. gr.“ standi: 2. mgr. 115. gr. eða 115. gr. a.
- b. Í staðinn fyrir orðin „laga um gjaldþrotaskipti“ standi: laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

78. gr.

Í 118. gr. laganna standi alls staðar: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“, svo og orðið: skráin, í staðinn fyrir „hann“ í 6. mgr.

79. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 120. gr. laganna:

- a. Í 1. mgr. falla burt orðin „viðurkenna skuli hverja kröfu“ og „viðurkenna kröfu“, en í staðinn kemur: viðurkenna skuli hverja kröfulýsingu eða kröfu, og: viðurkenna kröfulýsingu eða kröfu.
- b. Í 3. mgr. falla niður orðin „afstöðu skilanefndar til viðurkenningar kröfu sinnar“, en í staðinn kemur: afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á kröfulýsingu eða kröfu sinni.
- c. 4. mgr. orðast svo:
Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.
- d. Í 6. mgr. kemur: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

80. gr.

Í 1. mgr. 122. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

81. gr.

Í 1. mgr. 123. gr. laganna falla niður orðin „geymslureikning við viðskiptabanka“ en í staðinn kemur: geymslureikning í innlánsstofnun sem heimild hefur til að taka við geymslufé.

82. gr.

Í 2. mgr. 125 gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

83. gr.

Fyrirsögn XV. kafla laganna orðast svo: **Samruni, breyting hlutafélags í einkahlutafélag og skipting.**

Síðan kemur undirfyrirsögnin: *Samruni.*

84. gr.

126. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessa kafla um samruna gilda þegar hlutafélagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félagið er algerlega sameinað öðru hlutafélagi með yfirtöku eigna og skulda

(samruni með yfirtöku) og þegar tvö eða fleiri hlutafélög renna saman í nýtt hlutafélag (samruni með stofnun nýs félags).

Ef einkahlutafélag er yfirtekið við samruna gilda ákvæði XIV. kafla laga um einkahlutafélög um slit þess félags.

85. gr.

126. gr. a laganna orðast svo:

Félagsstjórnir samrunafélaganna skulu gera og undirrita í sameiningu samrunaáætlun sem skal geyma upplýsingar og ákvæði um:

1. Heiti og form félaganna, þar á meðal hvort heiti eða hugsanlegt aukheiti eigi að haldast sem aukheiti í yfirtökufélaginu.
2. Heimilisfang félaganna.
3. Endurgjald fyrir hlutina í yfirtekna félaginu.
4. Frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs.
5. Hvaða réttindi hugsanlegir eigendur hluta og skuldabréfa með sérstökum réttindum í yfirtekna félaginu fá í yfirtökufélaginu.
6. Aðrar hugsanlegar ráðstafanir til hagsbóta eigendum þeirra hluta og skuldabréfa sem um ræðir í 5. tölul.
7. Afhendingu hlutabréfa fyrir hluti sem látnir eru í té sem greiðsla.
8. Frá hvaða tímamarki réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skuli reikningslega teljast lokið, sbr. 2. mgr. 126. gr. b.
9. Einhver sérstök hlunnindi sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og fulltrúanefndarmenn, matsmenn skv. 126. gr. c og eftirlitsaðilar félaganna njóta.
10. Drög að samþykktum ef mynda á nýtt félag við samrunann.

86. gr.

126. gr. b laganna orðast svo:

Félagsstjórn í hverju félaganna um sig skal semja greinargerð þar sem samrunaáætlunin er skýrð og rökstudd. Í greinargerðinni skal fjalla um ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur sem sýnir allar eignir og skuldir í hverju félaganna um sig, þær breytingar sem álitid er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins. Ákvæði laga um ársreikninga gilda, eftir því sem við á, um upphafsreikninginn og skýringar í honum. Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag sem má ekki vera meira en sex mánuði fyrir undirritun samrunaáætlunarinnar.

87. gr.

126. gr. c laganna orðast svo:

Í hverju samrunafélaganna um sig skulu einn eða fleiri óháðir, sérfróðir matsmenn, sbr. 1. mgr. 5. gr. b, gera skýrslu um samrunaáætlunina. Félögin geta haft einn eða fleiri sameiginlega matsmenn.

Eftir því sem við á gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. b um samband matsmannanna við viðkomandi félög.

Skýrslan skal geyma yfirlýsingu um að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim að-

ferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins. Í yfirlýsingunni skal enn fremur greina það verð sem aðferðirnar leiða hver um sig til, svo og hvaða innbyrðis þýðingu leggja skal í aðferðir við verðákvörðun. Hafi verðákvörðunin verið sérstökum erfiðleikum bundin skal gera grein fyrir þeim í yfirlýsingunni.

Matsmennirnir skulu enn fremur gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunní að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

88. gr.

126. gr. d laganna orðast svo:

Í síðasta lagi einum mánuði eftir undirritun samrunaáætlunarinnar skal hvert samrunafélaganna senda hlutafélagaskrá endurrit af samrunaáætluninni, staðfest af félagsstjórn. Einnig skal þá eða síðar senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 126. gr. c, sbr. 126. gr. e.

Upplýsingar um móttöku skjala, sem um ræðir í 1. mgr., skal birta skv. 1. mgr. 149. gr. Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 126. gr. c að samruninn kunní að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 126. gr. c og 126. gr. g.

89. gr.

126. gr. e laganna orðast svo:

Ákvörðun um samruna í yfirteknu félagi tekur hluthafafundur í samræmi við ákvæði 76. gr. og nánari reglur sem félagssamþykktir kunna að geyma um félagsslit eða samruna, sbr. þó 126. gr. j. Ef félag er til félagsslitameðferðar má því aðeins ákveða samruna að úthlutun til hluthafa sé ekki hafin og hluthafafundurinn ákveði samtímis að starfi skilaneftndar skuli lokið.

Ákvörðun um samruna í yfirtökufélagi tekur félagsstjórn nema hluthafafundur þurfi að gera breytingar á samþykktunum að öðru leyti en snertir heiti yfirtökufélagsins. Hluthafafundur tekur enn fremur ákvörðun ef hluthafar, sem eiga 5% af hlutafénu eða meira, sbr. þó 3. mgr., krefjast þess skriflega innan tveggja vikna frá því að móttaka á samrunaáætlun hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 149. gr. Ákvörðun skal í slíku tilviki tekin með þeim meiri hluta er greinir í 76. gr. Félagstjórn boðar til hluthafafundar innan tveggja vikna frá móttöku kröfunnar.

Í yfirtökufélaginu tekur hluthafafundur enn fremur ákvörðun um samruna ef þeir hluthafar, sem geta samkvæmt samþykktum félagsins og í samræmi við 68. gr. krafist hluthafafundar, fara fram á það. Ákvæði 3. og 4. másl. 2. mgr. gilda eftir því sem við á.

Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 126. gr. d og yfirlýsingu matsmannanna skv. 4. mgr. 126. gr. c. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar telst tillagan fallin.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundinn skulu eftirfarandi skjöl lögð fram til skoðunar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig og enn fremur látin hverjum skráðum hluthafa í té án endurgjalds samkvæmt beiðni:

1. Áætlun um samruna.
2. Ársreikningar allra samrunafélaganna síðustu þrjú árin eða styttri tíma hafi félag starfað skemur.
3. Efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs áður en upphafsefnahagsreikningur, sem getið er í 2. mgr. 126. gr. b, er gerður fyrir yfirtökufélagið.

4. Greinargerð stjórnar, þar á meðal sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsefnahagsreikningur, sbr. 2. mgr. 126. gr. b.

5. Skýrsla matsmanna og yfirlýsing skv. 126. gr. c.

Lánardrottinn, sem þess óska, skulu fá upplýsingar um ákvörðunartökudag skv. 1.–3. mgr.

90. gr.

126. gr. f laganna orðast svo:

Hluthafar í einu eða fleiri yfirteknum félögum geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á hluthafafundinum enda sé endurgjald fyrir hlutina hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt, sbr. 3. mgr. 126. gr. c. Mál skal í þessu tilviki höfðað í síðasta lagi tveimur vikum eftir að samruni hefur verið ákveðinn í öllum samrunafélögum.

91. gr.

126. gr. g laganna orðast svo:

Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 126. gr. c að möguleikar lánardrottinn til fullnustu versni við samruna geta lánardrottinn að kröfum, sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlunina skv. 126. gr. d og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir, lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögum.

Krefjast má greiðslu á lýstum kröfum sem eru gjaldfallnar og jafnframt má krefjast þess að sett verði fullnægjandi trygging fyrir lýstum, ógjaldföllnum kröfum.

Sé ekki sýnt fram á hið gagnstæða telst ekki nauðsynlegt að setja tryggingu skv. 2. mgr. ef innlausn krafanna er tryggð á grundvelli ákvæða sérлага um samrunafélögin.

Rísi ágreiningur milli félags og lánardrottna, sem kröfum hafa lýst, um það hvort setja beri tryggingu eða framboðin trygging sé nægileg geta báðir aðilar innan tveggja vikna frá kröfulýsingu lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lánardrottinn er óheimilt að afsala sér á bindandi hátt rétti til að krefjast tryggingar skv. 2. mgr. í samningi þeim sem liggur til grundvallar kröfunni.

92. gr.

126. gr. h laganna orðast svo:

Yfirteknu félagi telst slitið, og réttindi þess og skyldur teljast runnar í heild sinni til yfirtökufélags, þegar:

1. Samruninn hefur verið samþykktur í öllum samrunafélögum.
2. Skilyrðum 5. mgr. er fullnægt.
3. Kröfur skv. 126. gr. f hafa verið útkljáðar nema sett sé fullnægjandi trygging fyrir þeim.
4. Kröfur skv. 126. gr. g hafa verið útkljáðar.

Um leið og skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt verða þeir hluthafar í yfirteknu félagi, er fá greiðslu í hlutum, hluthafar í yfirtökufélagi.

Eigi samrunafélögin hluti í yfirteknu félagi er ekki unnt að skipta þeim í hluti í yfirtökufélaginu.

Ákvæði 32. gr. gilda ekki um hlutfjárhækkun í yfirtökufélaginu á grundvelli eigna og skulda í yfirtekna félaginu.

Ef myndað er nýtt félag við samruna, en það skal skrá sérstaklega, og félagsstjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn eru ekki kosnir strax eftir að hluthafafundur hefur samþykkt samrunann skal halda hluthafafund í nýja félaginu innan tveggja vikna til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn.

93. gr.

126. gr. i laganna orðast svo:

Stjórn hvers samrunafélags skal tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um samruna innan tveggja vikna eftir að réttaráhrif samrunans koma til skv. 1. mgr. 126. gr. h. Yfirtökufélagið getur tilkynnt samrunann fyrir hönd félaganna. Með tilkynningunni skulu fylgja þau gögn, sem greinir í 3.–5. tölul. 5. mgr. 126. gr. e, í frumriti eða endurriti, staðfestu af félagsstjórn, ásamt fundargerðum þeirra hluthafafunda sem ákveðið hafa samrunann.

94. gr.

126. gr. j laganna orðast svo:

Ef hlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu getur stjórn í yfirtekna félaginu tekið ákvörðun um samruna. Að öðru leyti gilda, eftir því sem við á, ákvæði 1.–2., 5.–6. og 8.–10. tölul. 1. mgr. 126. gr. a; 1. másl. 1. mgr. 126. gr. b; 126. gr. d; 2. másl. 1. mgr. og 2.–6. mgr. 126. gr. e; 126. gr. g; 126. gr. h og 126. gr. i.

Frest skv. 5. mgr. 126. gr. e skal, ef svo ber undir, reikna frá ákvörðun félagsstjórnar um samruna. Einnig skal gera endurskoðaðan sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning skv. 2. mgr. 126. gr. b.

Einn eða fleiri matsmenn, sbr. 1. mgr. 126. gr. c, skulu semja yfirlýsingu í samræmi við 4. mgr. 126. gr. c.

95. gr.

126. gr. k laganna orðast svo:

Ef hlutafélagi er slitið án skuldaskila með yfirtöku íslenska ríkisins eða íslensks sveitarfélags á öllum eignum og skuldum félagsins skal, eftir því sem við á, beita ákvæðum 126. gr. a; 1. mgr. 126. gr. b; 1.–3. mgr. 126. gr. c; 1. másl. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 126. gr. d; 1., 4. og 5. mgr. 126. gr. e; 126. gr. f; 1. tölul. 1. mgr. 126. gr. h og 126. gr. i.

96. gr.

Á eftir 126. gr. k kemur 128. gr. laganna er verður 127. gr.

97. gr.

Á eftir 127. gr. laganna samkvæmt framansögðu kemur undirfyrirsögnin: *Breyting hlutafélags í einkahlutafélag.*

98. gr.

128. gr. laganna samkvæmt framansögðu orðast svo:

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum, samþykkt að breyta hlutafélagi í einkahlutafélag. Tilkynningu um samþykktina skal senda hverjum skráðum hluthafa innan tveggja vikna.

Breyting hlutafélags í einkahlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að þær fullnægi kröfum laga um einkahlutafélög enda hafi breytingar á samþykktunum verið skráðar og tilkynning þar að lútandi birt í Lögbirtingablaði.

Þegar breytingin hefur átt sér stað teljast hlutabréfin, sem félagið gaf út, ógilt.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi tilkynnt sig til skráningar á hlutaskrá í einkahlutafélaginu getur stjórn einkahlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að senda slíka tilkynningu innan sex mánaða. Þegar frest-

urinn er liðinn án þess að tilkynning hafi borist getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutina í einkahlutafélaginu fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slíka hluti. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og sölu. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

99. gr.

Á eftir 128. gr. laganna samkvæmt framansögðu kemur undirfyrirsögnin: *Skipting*.

100. gr.

129. gr. laganna orðast svo:

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum hlutafélagsins, tekið ákvörðun um skiptingu félagsins. Við skiptinguna taka fleiri en eitt hlutafélag eða einkahlutafélag við öllum eignum og skuldum gegn endurgjaldi til hluthafa félagsins sem skipt er. Hluthafafundur getur með sama meiri hluta ákveðið skiptingu þannig að eitt eða fleiri félög taki við hluta af eignum og skuldum þess. Viðtaka eigna og skulda getur farið fram án samþykkis lánardrottna.

Ákvæði 5. gr. a–c, 1. mgr. 31. gr. og 126.–126 gr. i gilda um skiptinguna eftir því sem við á.

Ef kröfuhafi í félagi, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu ber hvert hinna þáttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar en þó ekki með hærri fjárhæð en svarar til nettóverðmætis þess sem við bættist eða er eftir í viðkomandi félagi á þeim tíma.

101. gr.

130.–131. gr. laganna falla niður.

102. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 132. gr. laganna:

- a. Í upphafi 1. mgr. standi: Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta, í staðinn fyrir „Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur hlutafélags eru skyldir að bæta“.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.
- c. 2. mgr. verður 3. mgr.

103. gr.

Í 3. mgr. 133. gr. laganna standi: frest dagur hefst, í staðinn fyrir „gjaldþrotaskipti hefjast“.

104. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 134. gr. laganna:

- a. Í upphafi 1. mgr. sé tilvísun í 1.–2. mgr. 133. gr. og í a- og b-liðum sé frestur: innan tveggja ára.
- b. Í b-lið 1. mgr. standi: Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, svo og matsmönnum og rannsóknarmönnum, í staðinn fyrir „Gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum“.

- c. Í c-lið 1. mgr. standi í upphafi: *Gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum, í staðinn fyrir „Gegn endurskoðendum“.*

105. gr.

Fyrirsögn XVII. kafla verður: **Útibú erlendra hlutafélaga.**

106. gr.

135. gr. laganna orðast svo:

Erlend hlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Önnur erlend hlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi ef það er heimilað í alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að eða ráðherra telur rétt að heimila slíkt. Ráðherra getur sett reglur um þessi atriði.

107. gr.

Í 136. gr. laganna fellur niður „starfsemi erlends félags“ en í staðinn kemur: starfsemi útibús erlends félags.

108. gr.

137. gr. laganna orðast svo:

Í heiti útibús erlends hlutafélags skal greina nafn hins erlenda félags, svo og að um útibú sé að ræða.

109. gr.

1. mgr. 138. gr. laganna orðast svo:

Útibússtjóri, einn eða fleiri, skal veita útibúi forstöðu. Útibússtjóri skal vera lögráða og fjár síns ráðandi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara varðandi framkvæmdastjóra um heimilisfesti o.fl. eftir því sem við á.

110. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 139. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends hlutafélags. Tilkynning skal gerð samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Ákvæði XVIII. kafla um skráningu hlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á.

b. 2. og 3. mgr. falla niður en 4. mgr. verður 2. mgr.

c. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Útibú má ekki hefja starfsemi fyrir en það hefur verið skráð.

111. gr.

141. gr. laganna orðast svo:

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það. Gæta skal ákvæða 5. mgr. 1. gr.

112. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 142. gr. laganna:

- a. Við 2. tölul. bætist nýr málslíður er verður 2. másl. og orðast svo: Þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu.
- b. Í 2. másl. 3. tölul. standi: Hlutfélagaskrá, í stað „Ráðherra“.
- c. 4. tölul. orðast svo: Ef hið erlenda félag hefur verið afmáð úr hlutfélagaskrá erlendis.
- d. Við bætist nýr töluliður er verður 5. tölul. og orðast svo: Ef útibúið fullnægir ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.

113. gr.

Í 1. mgr. 143. gr. laganna standi: lánardrottna, í stað „hérlendra lánardrottna“.

114. gr.

Í 144. gr. laganna falla niður orðin „fyrir hönd útibús, eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins“ en í staðinn kemur: fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess, svo og eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot félagsins.

115. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 145. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Hlutfélagaskrá annast skráningu allra íslenskra hlutfélaga og útibúa erlendra hlutfélaga.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutfélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Veita skal almennan aðgang að skránni, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum og aðgang að þeim.

116. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 146. gr. laganna:

- a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og allra þeirra er hafa heimild til að rita félagið, svo og nöfn, kennitölu og heimilisföng endurskoðenda eða skoðunarmanna. Sama gildir um varamenn.
- b. Í 2. mgr. falla niður orðin „undirskriftir staðfestar af notarius publicus eða tveimur vottum“ en í staðinn kemur: undirskriftir staðfestar af lögþóknanda, lögmanni, löggiltum endurskoðanda eða tveimur vottum.
- c. Í 1. tölul. 3. mgr. fellur niður tilvísun í „3. mgr. 5. gr.“ en í staðinn kemur tilvísun í: 2. mgr. 5. gr. a. Jafnframt falla niður í 3. tölul. 3. mgr. orðin „endurskoðendur skilyrði þau er getur í 81. gr.“ en í staðinn komi: endurskoðendur eða skoðunarmenn þau hæfis-skilyrði er getur í lögum um ársreikninga.
- d. Í 1. másl. 4. mgr. standi: Hlutfélagaskrá, í staðinn fyrir „Ráðherra“, og í 2. másl. sömu málsgreinari standi: hún, í staðinn fyrir „hann“.

117. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga.
- b. Í 2. mgr. falla niður orðin „stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, þeirra sem hafa heimild til að rita firma félagsins og prókúruhafa“, en í stað þeirra komi:

stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda eða skoðunarmanna og prókúruhafa.

c. Í lok 2. mgr. standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“.

118. gr.

Í 4. mgr. 148. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í stað „ráðherra“.

119. gr.

1. mgr. 149. gr. laganna orðast svo:

Hlutafélagaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun nýrra hlutafélaga og tilvísun í aðalefni aukatilkynninga, t.d. varðandi móttöku sérfræðiskýrslu um öflun fjárhagsverðmæta skv. 5. gr. c og yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 126. gr. c um rýrari möguleika lánardrottna á fullnustu vegna samrunaáætlunar á grundvelli 126. gr. d. Ef vísað er í framangreinda yfirlýsingu matsmanna skal athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra til tryggingar skv. 126. gr. g. Þá getur hlutafélagaskrá í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatilkynninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

120. gr.

Í 150. gr. laganna standi: hlutafélagaskrá, í staðinn fyrir „ráðherra“. Þá bætast orðin: og aðrir, við á eftir orðunum „erlends hlutafélags“. Í staðinn fyrir „endurskoðendur“ kemur: endurskoðendur eða skoðunarmenn.

121. gr.

2. tölul. 151. gr. laganna orðast svo: Að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um öflun vissra fjárhagsverðmæta (1., 2. og 5. mgr. 5. gr. c), greiðslu hlutafjár, útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, hlutaskrá, eigin hluti (1. og 2. mgr. 46. gr. og 46. gr. c–f), skyldu formanns varðandi boðun til stjórnarfunda (2. mgr. 54. gr.), boðun til hluthafafundar ef eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess (4. mgr. 67. gr.), tillög í varasjóð, úthlutun arðs, endurgreiðslu á hlutafjárframlögum, lán eða tryggingu til handa hluthöfum o.fl. (112. gr.) og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess (139. gr.).

122. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma þá til framkvæmda nema að því leyti sem segir í ákvæðum til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi 80.–91. gr. laga þessara eins og þeim hefur verið breytt. Fyrirsögn XI. kafla verður: **Sérstakar rannsóknir**. Þá fellur einnig úr gildi XII. kafla laganna eins og honum hefur verið breytt.

123. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og laga nr. 69/1989, 12/1990, 21/1991, 23/1991, 90/1991 og 92/1991, allra um breytingu á lögum um hlutafélög, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Þau hlutafélög, sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara, skulu, ef þau óska skráningar samkvæmt lögnum, færa sönnur á það fyrir hlutafélagaskrá í síðasta lagi 1. október 1995 að þau fullnægi þeim skilyrðum sem lögin setja og hafi breytt samþykktum sínum til samræmis við þau. Reglur laganna um stofnun hlutafélaga gilda þó ekki um þau félög sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku þeirra nema hvað öll hlutafélög þurfa að uppfylla kröfuna um lágmark hlutafjár skv. 3. mgr. 1. gr.

Berist ekki ósk um skráningu sem fullnægir skilyrðum skv. 1. mgr. skal hlutafélagaskrá gera viðkomandi skráðum félögum viðvart um að félögin verði skráð sem einkahlutafélög verði ekki úr bætt í síðasta lagi 31. desember 1995.

Hlutafélög, sem hafa ekki fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. í síðasta lagi 31. desember 1995, skulu skráð sem einkahlutafélög.

Hlutafélög, sem skráð hafa verið samkvæmt lögum þessum, skulu fylgja fyrirmælum þeirra.

Ekki skal innheimta skráningargjöld vegna skráningar eldri hlutafélaga sem hlutafélaga samkvæmt þessu ákvæði eða umskráningar þeirra sem einkahlutafélaga.

II.

Þau hlutafélög, sem eru löglega skráð við gildistöku laga þessara, má samkvæmt ósk þeirra til 31. desember 1995 umskrá sem einkahlutafélög og ber þeim við umskráninguna að hafa orðið einkahlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ehf. Ber þeim að fullnægja fyrirmælum laga um einkahlutafélög og breyta samþykktum sínum til samræmis við þau. Þau þurfa þó ekki að hækka hlutafé sitt.

Hlutafélögum, sem umskráð eru sem einkahlutafélög í samræmi við ákvæði 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, ber að fara eftir ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar. Telji hlutafélagaskrá við umskráninguna eða síðar að félagið fullnægi ekki skilyrðum laga um einkahlutafélög í þeim mæli að það standi í vegi fyrir skráningu skal skráin gefa stjórn félagsins hæfilegan frest til að bæta úr göllum. Sé ekki úr bætt innan frestsins má slíta félaginu samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 115. gr.

Ekki skal innheimta skráningargjöld vegna umskráningar eldri hlutafélaga sem einkahlutafélaga skv. 1. mgr.

Um umskráningu hlutafélaga, sem eru löglega skráð sem hlutafélög eftir gildistöku laga þessara, fer eftir 128. gr. laganna.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson

LÖG

um einkahlutafélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Einkahlutafélag merkir félag samkvæmt lögum þessum þar sem enginn félagsmanni ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

Hlutafé í einkahlutafélagi skal minnst vera 500.000 krónur og skiptist það í einn eða fleiri hluti. Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evrópskra mynteininga (ECU). Fjárhæðin skal þó jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Breyting á fjárhæðinni skal öðlast gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Nú uppfyllir einkahlutafélag kröfu um lágmarkshlutafé þegar það er stofnað og er því þá ekki skylt að hækka hlutafé sitt þótt endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari málsgrein leiði til þess að hlutafé félagsins nái ekki lengur þeirri lágmarksfjárhæð hlutafjár sem þarf til þess að einkahlutafélag verði stofnað.

Einkahlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið einkahlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ehf. Að öðru leyti fer um heiti félaganna eftir ákvæðum firmalaga.

Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum einkahlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi sínu. Ef heiti einkahlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Nú á einkahlutafélag svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru einkahlutafélagi eða hlutafélagi að það fer með meiri hluta atkvæða í félaginu og telst þá fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag.

Nú á dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum eða fleiri en eitt dótturfélag í sameiningu svo mikið hlutafé í öðru einkahlutafélagi eða hlutafélagi sem um ræðir í 1. mgr. og telst þá síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins.

Ef einkahlutafélag hefur annars, vegna hlutafjáreignar eða samninga, yferráð í öðru einkahlutafélagi eða hlutafélagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag.

Móður- og dótturfélög eru í sameiningu samstæða.

II. KAFLI

Stofnun einkahlutafélags.

3. gr.

Stofnendur einkahlutafélags, einn eða fleiri, skulu gera og undirrita skriflegan stofnsamning (stofnskrá), svo og skrá sig fyrir hlutum. Stofnendur skulu einir vera áskrifendur hluta. Í stofnsamningi skulu vera drög að samþykktum félagsins og ákvarðanir um þau efni sem 4. gr. fjallar um.

Stofnandi, ef hann er einn, en a.m.k. einn stofnenda ef fleiri eru, skal hafa heimilisfesti hér á landi nema ráðherra veiti undanþágu þar frá. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutafélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum þessarar málsgreinar. Fyrirgreind félög og stofnanir, sem eru heimilisföst í EES-ríki, geta þó verið stofnendur án undanþágu. Sanna þarf heimilisfesti í slíkum tilvikum.

Stofnandi má hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðslustöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum. Ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða.

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þeirra hluta sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

4. gr.

Í stofnsamningi skal ávallt greina:

1. nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda;
2. hvernig hlutir skiptist milli stofnenda;
3. hvaða fjárhæð skuli greiða fyrir hvern hlut;
4. ef félagið skal bera kostnað af stofnun og, ef svo er, áætlaðan kostnað.

Í fyrstu skýrslu stjórnar skal tilgreina raunverulegan kostnað við stofnunina, sbr. 4. tölul. 1. mgr.

5. gr.

Í stofnsamningi skulu vera sérstök ákvæði:

1. ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé;
2. ef félagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum;
3. ef einhverjir stofnendur eða aðrir skulu njóta sérstakra réttinda í félaginu.

Að því er varðar 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal stofnsamningi fylgja skýrsla sem hefur að geyma:

1. nöfn, kennitölu og heimilisföng þeirra aðila er hér um ræðir;
2. lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við;
3. upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið;
4. tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við og
5. yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út, að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs; endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé skal hafa fjárhagslegt gildi. Kröfur á hendur stofnendum geta talist greiðsla. Greiðslan má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu.

Skjöl, sem eru ekki að meginefni til tekin upp í stofnsamningi en vísað er til þar, skulu fylgja honum.

Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja og önnur atriði í sambandi við stofnun félags, sem er ekki getið í stofnsamningi, eru ekki gildir gagnvart félaginu.

6. gr.

Stofnsamningi skal fylgja yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns um að skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. sé rétt.

Ef félag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins, staðfestur af löggiltum endurskoðanda. Reikninginn skal semja í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og skal hann áritaður af endurskoðanda án fyrirvara og honum fylgja vottorð endurskoðanda um að hagur fyrirtækisins hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun félagsins.

Endurskoðandi eða lögmaður hefur rétt til að framkvæma þær athuganir, sem hann telur nauðsynlegar, og getur krafist þeirra upplýsinga og aðstoðar af stofnendum eða félaginu sem hann telur þörf á til að geta rækt starf sitt.

7. gr.

Stofnendur skulu gera tillögur að samþykktum einkahlutafélags.

Í samþykktum einkahlutafélags skal greina eftirtalin atriði:

1. heiti félagsins;
2. heimilisfang félagsins;
3. tilgang félagsins;
4. hlutaféð;
5. hvort hlutafé skiptist í hluti og, ef svo er, fjárhæð hlutanna (nafnverð) og atkvæðisrétt hluthafa;
6. fjölda eða lágmarks- og hámarksfjölda stjórnarmanna og hugsanlegra varastjórnarmanna, kjörtímabil stjórnarmanna, fjölda endurskoðenda eða skoðunarmanna og kjörtímabil þeirra;
7. hvernig boða skuli til hluthafafunda;
8. hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund og
9. hvert skuli vera reikningsár félagsins.

Í samþykktum skal einnig greina eftirtalin atriði sem afstaða kann að hafa verið tekin til:

1. hvort hluthafar skuli að nokkru eða öllu leyti sæta innlausn af hálfu félagsins eða annarra á hlutum sínum og eftir hvaða reglum;
2. hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum, sbr. 14. og 15. gr., og þá hverjar eða
3. hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi, sbr. 12. gr.

Að því marki sem tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings skal í félagssamþykktum greint hvernig ráðstafa skuli hagnaði og hvernig fara skuli með eignir félagsins við félagsslit.

8. gr.

Ákvörðun um stofnun félags skal tekin á stofnfundi. Þar skal leggja fram undirritaðan stofnsamning, tillögur að samþykktum og önnur skjöl sem nauðsynleg eru. Félagið telst stofnað ef stofnendur eru einhuga um það og þann grundvöll sem félagið er byggt á.

Eftir að ákveðið hefur verið að stofna félagið skal kjósa stjórn þess og endurskoðendur eða skoðunarmenn.

9. gr.

Stjórn félags skal tilkynna það til skráningar innan tveggja mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé sé greitt. Sama gildir um það sem greiða á umfram nafnverð í samræmi við stofnsamning.

Ef tilkynning um stofnun einkahlutafélags berst ekki hlutafélagaskrá innan þess frests sem um ræðir í 1. mgr. skal synja skráningar. Fari svo falla burtu skuldbindingar þeirra er hafa skráð sig fyrir hlutafé. Sama gildir ef skráningar er synjað af öðrum ástæðum.

10. gr.

Óskráð félag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Það getur heldur ekki verið aðili í dómsmálum.

Nú er löggerningur gerður fyrir hönd félags áður en það er skráð og bera þeir sem tekið hafa þátt í gerningnum eða ákvörðunum um hann óskipta persónulega ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum sem leiðir af stofnsamningi eða félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

Ef gerður er löggerningur áður en félag er skráð og viðsemjandinn vissi að félagið var ekki skráð getur hann, nema um annað sé um samið, riftað gerningnum svo framarlega sem tilkynning til hlutafélagaskrár er ekki gerð innan þess frests er um ræðir í 9. gr. eða skráningar hefur verið synjað. Vissi viðsemjandinn ekki að félagið var óskráð getur hann riftað löggerningnum meðan félagið er ekki skráð.

III. KAFLI

Greiðsla hlutafjár.

11. gr.

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans og skal hún innt af hendi fyrir skráningu, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Skilyrði, sem hluthafi setur í tengslum við stofnun einkahlutafélags og ekki samrýmast lögum þessum eða stofnsamningi, hafa ekkert gildi.

EKKI MÁ SKULDJAFNA KRÖFU, SEM RISIN ER AF ÁSKRIFT, GEGN KRÖFU ER HLUTHAFI KANN AÐ EIGA Á HENDUR FÉLAGINU NEMA STJÓRN ÞESS SAMÞYKKI. Slíkt samþykki má stjórnin þó ekki gefa ef skuldajöfnuðurinn getur orðið félaginu eða lánardrottnum þess til tjóns.

IV. KAFLI

Hlutir og hlutaskrá.

12. gr.

Í einkahlutafélagi eru einn eða fleiri hlutir í eigu eins eða fleiri hluthafa. Séu hlutir fleiri en einn skulu allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð nema annað sé ákveðið í samþykktum félagsins. Má þar m.a. kveða á um hlutaflokka án atkvæðisréttar.

13. gr.

Hluti má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum eða sé boðið í samþykktum félagsins. Í samþykktum má ákveða viðskiptahömlur um hluti í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. eða sérstakra laga.

14. gr.

Í samþykktum má ákveða að við eigendaskipti að hlut, önnur en við erfð eða búskipti, skuli hluthafar eða aðrir hafa forkaupsrétt. Í samþykktum skulu þá vera nánari reglur um þetta efni og skal þar m.a. greina:

- a. röð forkaupsréttarhafa;
- b. ákvæði um frest er forkaupsréttarhafi hefur til að beita forkaupsrétti sínum sem lengstur má vera tveir mánuðir og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð og
- c. ákvæði um frest til greiðslu kaupverðs sem þó má eigi vera lengri en þrjú mánuðir frá því að kaup voru ákveðin; ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.

Taki tilboð til margra hluta eins eða fleiri hluthafa er eigi unnt að neyta forkaupsréttar að því er varðar nokkra þeirra nema slíkt sé sérstaklega heimilað í samþykktum. Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta er ákvæðið ógilt ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina eða skilmálar eru bersýnilega ósanngjarnir að öðru leyti.

Stjórn félags skal þegar í stað greina forkaupsréttarhöfum skriflega frá tilkynningu um tilboð.

Ef í samþykktum er ekki ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs og ekki næst samkomulag um það skal kaupverðið ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Nú vill annar hvor aðila eigi hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

15. gr.

Ákveða má í samþykktum að veðsetning, sala eða annað framsal á hlutum megi einungis fara fram með samþykki félagsins.

Stjórn félags tekur ákvörðun um hvort samþykki skuli veitt nema annað sé ákveðið í samþykktum. Ákvörðun um, hvort veita skuli samþykki, skal tekin án tafar og aldrei síðar en tveimur mánuðum eftir að samþykkis er óskað. Ákvörðun stjórnar um þetta efni skal þegar í stað tilkynnt þeim er samþykkis hefur leitað. Hafi samþykki eigi borist innan tveggja mánaða frá skriflegri beiðni um það skal svo litið á að samþykki hafi verið veitt.

Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum getur hluthafinn krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið innan þriggja mánaða af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Félagið ber kostnað af matinu. Nú vill annar hvor aðila ekki hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

16. gr.

Ef hluthafi á meira en 1/10 hlutfjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu, með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar eftir því sem við á, þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna.

Skilmála fyrir innlausn og matsgrundvöll innlausnarverðs skal greina í tilkynningunni. Ef ekki næst samkomulag um verðið skal enn fremur tilgreina að það verði ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins. Ákvæði 4. mgr. 14. gr. gilda. Loks skal í tilkynningunni gefa upplýsingar um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Ef ákvörðun matsmanna leiðir til herra innlausnarverðs en hluthafinn bauð gildir það einnig fyrir þá hluthafa í sama flokki sem hafa ekki beðið um mat. Kostnað við ákvörðun verðsins greiðir hluthafinn nema dómstóll telji vegna sérstakra ástæðna að viðkomandi minni hluti hluthafa í félagi því sem um ræðir skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

17. gr.

Sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 16. gr. skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn réttshafa. Frá þeim tíma telst hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutir fyrri eiganda ógildir. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

18. gr.

Ef hluthafi á meira en %₀ hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá hluthafanum. Ákvæði 4. mgr. 14. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. gilda eftir því sem við á.

19. gr.

Þegar einkahlutafélag hefur verið stofnað skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi eða tölvuskrá hana.

Í hlutaskrá skulu hlutir skráðir í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut greint frá nafni eiganda, kennitölu og heimilisfangi.

Gefa má út hlutaskírteini í einkahlutafélögum.

Verði eigendaskipti að hlut og ákvæði 14. og 15. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Sá sem eignast hefur hlut getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutunum.

Ef þess er krafist af hluthafa eða veðhafa skal félagið gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskrána.

Hlutaskrá skal ætíð geymd á skrifstofu félags og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

20. gr.

Framsal hluta til eignar eða veðsetning þeirra hefur ekki gildi gagnvart lánardrottnum framseljanda eða veðsala nema félagið hafi fengið tilkynningu þar að lútandi frá framseljandanum eða veðsalanum.

Ef hluthafi hefur framselt eða veðsett sömu hluti fleiri en einum aðila gengur réttur síðari framsalshafa eða veðhafa fyrir ef félagið fær fyrst tilkynningu um framsal til hans eða veðsetningu honum til handa og síðari aðilinn var í góðri trú þegar tilkynningin barst félaginu.

21. gr.

Nú eiga margir hlut saman og geta þeir þá aðeins beitt réttindum sínum í félaginu með sameiginlegum umboðsmanni.

22. gr.

Ef einkahlutafélag, sem er skráð í eigu fleiri en eins aðila, kemst á hendur eins aðila skal tilkynna hlutafélagaskrá það.

V. KAFLI Hækkun hlutafjár.

23. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið hækkun hlutafjár hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, sbr. þó 30. gr. Hækkun hlutafjár má ekki ákveða fyrir en félagið hefur verið skráð.

Tillaga um hlutafjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa og send þeim eftir þeim reglum sem greinir í 4. mgr. 63. gr. Tillagan skal enn fremur lögð fram á hluthafafundi. Ef reikninga síðasta reikningsárs á ekki að ræða á sama hluthafafundi skal einnig leggja fram eftirtalin gögn:

- a. eftirrit reikninga síðasta reikningsárs með áritun um afgreiðslu aðalfundar og eftirrit endurskoðunarskýrslu varðandi þessa reikninga;
- b. skýrslu stjórnar þar sem gefnar eru upplýsingar um þau atriði sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum hafa tekið eftir að reikningar voru gerðir og
- c. yfirlýsingu endurskoðenda eða skoðunarmanna um fyrrgreinda skýrslu stjórnar.

Í fundarboði til hluthafafundar, þar sem taka skal ákvörðun um hækkun hlutafjár, skulu vera upplýsingar um áskriftarrétt hluthafa eða annarra, sbr. 24. gr., ásamt upplýsingum um hvernig þeir er áskriftarrétt hafa skuli bera sig að ef þeir vilja notfæra sér þennan rétt. Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa skal gera grein fyrir ástæðum.

24. gr.

Við hækkun hlutafjár eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína nema annað sé ákveðið í samþykktum. Nú notar eða framselur einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.

Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk þar sem atkvæðisréttur ellegar réttur til arðs eða úthlutunar af eignum félagsins er mismunandi er unnt í samþykktum félagsins að veita hluthöfum í þessum flokkum forgangsrétt til að skrá sig fyrir hlutum í sínum eigin flokkum. Í slíkum tilvikum geta hluthafar í öðrum flokkum fyrst nýtt sér forgangsrétt til áskriftar skv. 1. mgr. að þeim hluthöfum frágengnum er þar greinir frá.

Hluthafafundur getur með því atkvæðamagni, sem kveðið er á um í 68. gr., ákveðið að víkja frá þeirri reglu er greinir í 1. mgr., enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað. Án samþykkis þeirra hluthafa, er sæta skerðingu áskriftarréttar síns, getur hluthafafundur þó ekki ákveðið meira frávik frá áskriftarrétti hluthafa en greint er í fundarboði.

25. gr.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal taka fram:

1. hve mikið hækka skal hlutaféð og má setja hámark og lágmark fyrir hækkuninni;
2. þann hlutaflokk sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra ef í félaginu eru eða skulu vera hlutaflokkar;
3. forgangsrétt hluthafa eða annarra til áskriftar að hlutum eða hverjir geti ella skrifað sig fyrir hlutum;
4. frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn eigi vera skemmri en tvær vikur frá tilkynningu til hluthafa um ákvörðun um hækkun hlutafjár sem skal send strax í kjölfar ákvörðunarinnar;
5. frest til greiðslu hluta, sem þó má ekki vera lengri en til skráningar hækkunar, ásamt reglum um hvernig skipta skuli hlutum ef þeir sem eiga ekki forgangsrétt hafa skráð sig fyrir meira hlutafé en gefinn er kostur á enda sé skiptingin ekki falin stjórninni;

6. nafnverð hluta og gengi þeirra;
7. áætlaðan kostnað félagsins vegna hækkunar hlutafjárins.

Eigi að vera hömlur á viðskiptum með hina nýju hluti eða hinir nýju hluthafar skulu skyldir til að sæta innlausn hluta sinna skal það tekið fram í ákvörðuninni.

Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar enda sé ekki annað ákveðið í samþykkt hluthafafundar um hækkunina.

Í næstu skýrslu stjórnar með ársreikningi skal tilgreina raunverulegan kostnað við hlutafjárhækkunina.

26. gr.

Ef hina nýju hluti má greiða með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé skulu reglur settar um það í ákvörðun hluthafafundar um hlutafjárhækkunina. Ákvæði 5.–6. gr. skulu gilda um þetta eftir því sem við á. Stjórn félagsins skal leggja fram skýrslu skv. 2. mgr. 5. gr.

Skýrsla stjórnar og yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns, er þetta varða, skulu hafa legið frammi á skrifstofu félagsins til athugunar fyrir hluthafa minnst eina viku áður en hluthafafundur er haldinn og einnig vera lögð fram á fundinum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um hlutafjárhækkun sem á sér stað við samruna á grundvelli XIV. kafla laga um hlutafélög eða XIV. kafla laga þessara.

27. gr.

Áskrift nýrra hluta gerist með skráningu í gerðabók.

Hafi áskrift verið gerð með fyrirvara skal beita reglum 2. mgr. 11. gr. eftir því sem við á.

28. gr.

Tilkynning um hækkun hlutafjár verður ekki skráð í hlutafélagaskrá fyrr en heildarhlutaféð hefur verið greitt, svo og það sem greiða kann að eiga umfram nafnverð. Ef tilkynning hefur ekki verið send innan árs frá því að ákvörðun var tekin eða skráningar er synjað fellur niður ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og skuldbindingar þeirra hluthafa er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum. Fjárhæðir, sem greiddar hafa verið, skal endurgreiða áskrifendum án tafar.

29. gr.

Hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta getur farið fram á þann hátt að yfirfærðar séu fjárhæðir sem skv. 74. gr. má greiða sem arð eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreikning samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga eða við yfirfærslu úr lögmaeltum varasjóði skv. 3. mgr. 75. gr.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhluta skal greina hve mikið hlutafé skal hækka. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr., 2. og 3. mgr. 25. gr. gilda um ákvörðunina.

Hlutafjárhækkun þessi er ekki gild fyrr en ákvörðun hefur verið skráð.

30. gr.

Með ákvæðum í samþykktum félags má heimila stjórninni að hækka hlutaféð með áskrift nýrra hluta.

Hluthafafundur getur veitt stjórn félags heimild til þess að ákveða útgáfu jöfnunarhluta á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð sem nemur allt að tilteknu hámarki. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr., 2. og 3. mgr. 25. gr. gilda um ákvörðunina.

Stjórnin getur samþykkt nauðsynlegar breytingar á samþykktum á grundvelli 1. og 2. mgr.

VI. KAFLI

Lántaka með sérstökum skilyrðum.

31. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið með þeim meiri hluta atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum að félagið taki skuldabréfalán er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því.

Í samþykkt hluthafafundar skv. 1. mgr. skal taka fram um lánskjör og reglur um breytingu kröfunnar í hluti í félaginu. Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna, áður en kröfunni er breytt í hluti. Um ákvörðunina og forgangsrétt til áskriftar gilda ákvæði 23.–24. gr., 1.–5. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 25. gr. og 26.–27. gr.

Í samþykkt skv. 1. mgr. skal hluthafafundur veita stjórn félags heimild til þess að hækka hlutafé um þá fjárhæð sem leiðir af breytingu skuldabréfanna í hluti. Samþykkt hluthafafundarins skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til lántöku er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

Ef fjárhæð sú sem greidd er fyrir skuldabréf er lægri en nafnverð þess hlutar eða hluta sem breyta má skuldabréfinu í samkvæmt lánskjörum má breytingin því aðeins fara fram að mismunurinn sé greiddur félaginu eða jafnaður með frjálssu eigin fé þess.

32. gr.

Samþykkt skv. 31. gr. skal tilkynna innan tveggja vikna til hlutafélagaskrár. Í tilkynningu skal greina fjárhæð þá sem hækka má hlutaféð um og innan hvaða frests breyta verður skuldabréfi í hluti.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn skal stjórn félagsins þegar í stað tilkynna hlutafélagaskránni hversu mörgum skuldabréfum hefur verið breytt í hluti. Ef fresturinn er lengri en eitt ár skal stjórnin eigi síðar en mánuði eftir lok hvers reikningsárs tilkynna hversu mörgum skuldabréfum hafi verið breytt í hluti á árinu. Þegar tilkynning um breytinguna hefur verið skráð telst hlutaféð hækkað um fjárhæð er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

Breytingar á samþykktum, sem leiðir af hlutafjárhækkuninni, má félagsstjórn gera.

33. gr.

Hluthafafundur eða félagsstjórn að fenginni heimild hluthafafundar getur ákveðið að taka lán gegn skuldabréfum með vöxtum sem miðast að öllu leyti eða hluta við þann arð sem greiddur er hluthöfum eða við árhagnað enda sé gætt ákvæða laga og fyrir mæla um vaxtaákvæðanir.

VII. KAFLI

Lækkun hlutafjár.

34. gr.

Þegar frá er skilin hlutafjárþækkun eftir reglum 37. gr. og 4. mgr. 38. gr. má aðeins hluthafafundur taka ákvörðun um lækkun hlutafjár. Slíka ákvörðun má ekki taka fyrr en félagið hefur verið skráð. Í fundarboði skal m.a. greina frá ástæðum til lækkunarinnar skv. 2. mgr. þessarar greinar og hvernig hún á að fara fram.

Ákvæði 2. mgr. 23. gr. gilda, eftir því sem við á, um ákvæðanir varðandi lækkun hlutafjár. Í ákvörðun skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal hlutafé um, ásamt upplýsingum um hvernig ráðstafa skuli lækkunarfénu en því má ráðstafa þannig:

1. til jöfnunar taps sem verður ekki jafnað á annan hátt;
2. til greiðslu til hluthafa;

3. til afskriftar á greiðsluskyldu hluthafa eða

4. til að leggja í sérstakan sjóð sem aðeins má nota samkvæmt ákvörðun hluthafafundar.

Hluthafafundur getur því aðeins tekið ákvörðun um lækkun hlutafjár í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. að stjórnin beri fram slíka tillögu eða samþykki slíka tillögu. Eftir hlutafjárلækkunina skulu vera fyrir hendi eignir er svara a.m.k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

Ef greiða á af eignum félagsins hærri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni skal þess getið bæði í ákvörðuninni og áskorun skv. 36. gr. ásamt þeirri fjárhæð sem umfram er.

Ákvörðun um lækkun hlutafjár skal tilkynnt til hlutafélagaskrár í samræmi við reglur XVII. kafla. Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, sbr. 1. mgr. 123. gr., fellur ákvörðunin úr gildi.

35. gr.

Ef ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi skal strax tilkynnt að hlutafjárلækkun hafi farið fram.

36. gr.

Ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru eða öllu leyti í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. 34. gr. skal, nema hlutaféð hækki um leið um samsvarandi fjárhæð, birta tvisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Svo framarlega sem tilkynntar gjaldfallnar kröfur eru ekki greiddar og fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna má ekki framkvæma hlutafjárلækkunina. Hlutafélagaskrá getur úrskurðað eftir ósk aðila hvort framboðin trygging sé nægileg.

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er hlutafélagaskrá heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 1. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki af því tjón.

Með tilkynningu um lækkun hlutafjár skal auk nauðsynlegra sönnunargagna fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðendum, um að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu að hlutafjárلækkun geti farið fram.

Ef tilkynning um framkvæmd lækkunar hlutafjár hefur ekki borist innan árs frá því að ákvörðunin var skráð missir hún gildi sitt og tilkynning sú sem gerð var skv. 5. mgr. 34. gr. skal afmáð úr hlutafélagaskrá.

37. gr.

Lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum getur farið fram samkvæmt ákvörðun stjórnar félags án áskorunar skv. 36. gr. þegar ákvæðin um innlausn ásamt nánari reglum um framkvæmd hennar hafa verið sett í samþykktir félags við stofnun þess eða, sé um að ræða útgefna hluti vegna hlutafjárhækkunar, í ákvörðun hluthafafundar um hækkunina.

Hlutafjárلækkun skv. 1. mgr. má því aðeins framkvæma að félagið eigi eftir lækkunina eignir sem svara a.m.k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

VIII. KAFLI

Eigin hlutir.

38. gr.

Einkahlutafélag má aldrei sjálf t eiga meira en 10% af eigin hlutafé lengur en sex mánuði. Eignist félagið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal

það hafa selt hluti þannig að lögmæltu marki sé náð innan sex mánaða. Kaup eigin hluta má aðeins fjármagna úr frjálsum sjóðum félagsins.

Nú eignast dótturfélag eða tekur að veði hluti í móðurfélagi þess og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Einkahlutafélagi er óheimilt að taka eigin hluti að veði til tryggingar lánnum til hluthafa, sbr. 79. gr.

Ef hlutir eru ekki seldir á réttum tíma skv. 1. mgr. ber stjórninni að hlutast til um að lækka hlutaféð sem nemur nafnverði þessara hluta, sbr. VII. kafla.

IX. KAFLI

Um félagsstjórn og framkvæmdastjóra.

39. gr.

Í stjórn einkahlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum eða tveim mönnum skal valinn a.m.k. einn varamaður.

Hluthafafundur kýs stjórn. Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Meiri hluti stjórnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi. Þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, skulu allir kosnir á sama fundi.

Við kjör stjórnar má beita meirihlutakosningu eða hlutfallskosningu og skal kosið á milli einstaklinga eða lista með nöfnum eins eða fleiri einstaklinga.

Ákveða má í samþykktum hvernig stjórnarmenn skulu kjörnir og framkvæmd kosninganna.

Ef samþykktir kveða ekki á um kosningafyrirkomulag skal kosningin framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga.

Hafi samþykktir ekki að geyma fyrirmæli um framkvæmd kosninga skulu þær framkvæmdar þannig:

- Meirihlutakosning.* Sé kosið á milli einstaklinga má nota hvert atkvæði jafnoft og þeir menn eru margir sem kjósa skal. Séu boðnir fram listar hlýtur sá listi, sem fær flest atkvæði, sína menn kjörna.
- Hlutfallskosning.* Kjósa má milli lista eða einstaklinga. Sé kosið á milli lista skal til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skrifa atkvæðatölur listanna hverja fyrir neðan auðkenni hvers lista, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o.s.frv. eftir því hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á stjórnarmenn, og fær hver listi jafnmarga menn kosna sem hann á af tölum þessum. Séu of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun stjórnarsæta til hans skal gengið fram hjá þeim lista og úthluta til annarra lista eftir sömu reglum og hér hefur verið lýst. Sé kosið á milli einstaklinga má hluthafi skipta atkvæðum sínum í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst $\frac{1}{3}$ hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal ljúka við lok aðalfundar, í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga við um varamenn þeirra.

40. gr.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Tilkyningu þar um skal hann senda stjórn félagsins og einnig þeim sem tilnefnt hefur hann hafi hann ekki verið kjörinn á hluthafafundi. Sá sem hefur kjörið eða tilnefnt stjórnarmann getur vikið honum frá störfum. Gæta verður þó ákvæða 39. gr. ef hlutfallskosning hefur farið fram þannig að til brottvikningar þurfi meira en $\frac{2}{3}$ í tveggja manna stjórn, meira en $\frac{3}{4}$ í þriggja manna stjórn, meira en $\frac{4}{5}$ í fjögurra manna stjórn, meira en $\frac{5}{6}$ í fimm manna stjórn, meira en $\frac{6}{7}$ í sex manna stjórn, meira en $\frac{7}{8}$ í sjö manna stjórn, meira en $\frac{8}{9}$ í átta manna stjórn, meira en $\frac{9}{10}$ í níu manna stjórn o.s.frv. Hluthafafundur getur ávallt vikið frá öllum þeim stjórnarmönnum sem hann kaus og látið stjórnarkjör fara fram að nýju.

Ef starfi stjórnarmanns lýkur áður en kjörtímabili er lokið eða hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 42. gr. til þess að geta verið í stjórn og enginn varamaður er til þess að koma í hans stað hvílir sú skylda á hinum stjórnarmönnum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtíma hins fyrri eða óska eftir tilnefningu. Ef kjörið heyrir undir hluthafafund er þó unnt að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta aðalfundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram svo framarlega sem stjórnin er ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.

Verði félag án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

41. gr.

Stjórn félags getur ráðið einn eða fleiri framkvæmdastjóra.

Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu.

Skipi einn maður stjórnina má hann jafnframt vera framkvæmdastjóri. Í tveggja manna stjórn má annar vera framkvæmdastjóri.

42. gr.

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélag, einkahlutafélag, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi. Sé stjórnarmaður einn gildir búsetuskilyrðið um hann og jafnframt gildir það um annan tveggja stjórnarmanna. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðinu. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

43. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup og sölu sína á slíkum hlutum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.

44. gr.

Félagsstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins, sbr. 2. mgr. 41. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri skal hann sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

45. gr.

Þegar samstæða félaga er mynduð skal stjórn móðurfélags tilkynna það stjórn dótturfélagsins. Stjórn dótturfélags skal gefa móðurfélaginu allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru varðandi mat á fjárhagsstöðu samstæðunnar og starfsemi hennar.

Móðurfélag skal gefa stjórn dótturfélags upplýsingar um málefni sem skipta dótturfélagið máli. Tilkynna skal stjórn dótturfélags fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfélagið máli áður en endanleg ákvarðanataka fer fram.

46. gr.

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Þó skal gæta ákvæða 3.–7. mgr. 39. gr. um hlutfallskosningu. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því.

Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Fund skal jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar þótt hann sé ekki stjórnarmaður og hefur þar málfrelsi og tillögurétt nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki ef stjórn félags er aðeins skipuð einum manni. Hann skal að jafnaði taka mikilvægar ákvarðanir í málefnum félagsins að höfðu samráði við framkvæmdastjóra og skráir þær í gerðabók félagsins, svo og dagsetningar og annað sem máli skiptir.

47. gr.

Fjölskipuð félagsstjórn er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir fund svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum félags. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o.þ.h. og valinn hefur verið varamaður skal honum veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföllin vara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

48. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og hans, um málshöfðun gegn honum eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef hann hefur þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

49. gr.

Félagsstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félags og ritar firma þess.

Félagsstjórn getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum þess. Ákvæði 42. og 48. gr. eiga við um þá er heimild hafa til ritunar firma og ekki eru stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

Félagsstjórn getur hvenær sem er afturkallað heimild sem hún hefur veitt til að rita firma félagsins.

50. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 44. gr.

51. gr.

Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera nokkrar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.

Sé aðeins einn hluthafi í einkahlutafélagi skulu samningar milli hans og félagsins færðir í gerðabók eða gerðir skriflega með öðrum hætti nema um sé að ræða samninga sem eru liður í daglegum viðskiptum og með venjulegum kjörum.

52. gr.

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 49.–50. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum;
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 125. gr. um tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr. greinar þessarar.

53. gr.

Eftir að kjör eða tilnefning stjórnarmanna eða ráðning framkvæmdastjóra hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 125. gr. getur félagið ekki borið fyrir sig gagnvart

þriðja aðila ágalla við kjörið, tilnefninguna eða ráðninguna nema félagið sýni fram á að hann hafi vitað um ágallann.

54. gr.

Aðalfundur ákveður árlega laun stjórnarmanna.
Félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

X. KAFLI

Hluthafafundir.

55. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum einkahlutafélags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða.

Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum. Þetta á þó ekki við um einkahlutafélag eins aðila. Þar kemur hluthafi í stað hluthafafundar, tekur sjálfur ákvarðanir fyrir hönd félagsins og skráir þær í gerðabók.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls.

56. gr.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en fimm ár frá dagsetningu þess. Það má afturkalla hvenær sem er.

57. gr.

Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Í félagssamþykktum má ákveða að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi og hlutir megi jafnvel vera án atkvæðisréttar.

Í félagssamþykktum má ákveða að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Eigin hlutir félags og hlutir sem dótturfélag á í móðurfélagi njóta ekki atkvæðisréttar. Slíkir hlutir skulu ekki taldir með þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meiri hluta alls hlutafjár eða þess sem farið er með á hluthafafundi.

Óheimilt er hluthafa sjálfum, með umboðsmanni eða sem umboðsmaður fyrir aðra, að taka þátt í atkvæðagreiðslu á hluthafafundi um málsókn gegn sjálfum sér eða um ábyrgð sína gagnvart félaginu. Sama á við um málsókn gegn öðrum eða um ábyrgð annarra ef hluthafi hefur þar verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að vera andstæðir hagsmunum félagsins.

58. gr.

Hluthafafund skal halda á heimili félags nema félagssamþykktir kveði svo á að fund skuli eða megi halda á öðrum stað. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar ef slíkt er nauðsynlegt af sérstökum ástæðum.

59. gr.

Aðalfund skal halda eftir því sem félagssamþykktir ákveða, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan átta mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna. Í móðurfélagi skal enn fremur leggja fram samstæðureikning.

Á aðalfundi skal taka ákvörðun um:

- a. staðfestingu ársreiknings;
- b. hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og
- c. önnur þau mál er heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst $\frac{1}{3}$ hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau sem greinir í a- og b-liðum 2. mgr. til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Sé hluthafi einn skal hann taka ákvarðanir samkvæmt þessari grein.

60. gr.

Aukafund skal halda þegar félagsstjórn telur þess þörf. Boða skal til aukafundar innan fjórtán daga ef hluthafar, sem ráða yfir minnst $\frac{1}{10}$ hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni enda sé lægra mark ekki ákveðið í félagssamþykktum.

61. gr.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

62. gr.

Félagsstjórn annast boðun til hluthafafunda.

Ef félagið hefur enga starfandi stjórn eða félagsstjórn lætur hjá líða að boða til hluthafafundar sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar skal hlutafélagaskrá láta boða til fundarins ef stjórnarmaður, framkvæmdastjóri, endurskoðandi, skoðunarmaður eða hluthafi krefst þess. Umboðsmaður hlutafélagaskrár skal stýra hluthafafundum sem skráin hefur látið boða til, sbr. 3. mgr. 65. gr., og er félagsstjórn skylt að afhenda honum hlutaskrá, fundargerðabók og endurskoðunarbók félagsins.

Ríkissjóður greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins. Heimilt er þó að setja það skilyrði að sá er biður um boðun til fundar setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar fundarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.

63. gr.

Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og, sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, skemmst viku fyrir fund. Sé samþykkt að fresta hluthafafundi um meira en fjórar vikur skal boða til framhaldsfundarins. Ef gildi ákvörðunar hluthafafundar er samkvæmt félagssamþykktum háð samþykki tveggja funda skal boðun til síðari fundarins ekki fara fram fyrr en fyrri fundurinn hefur verið haldinn. Í því fundarboði skal greina ákvörðun fyrri fundarins.

Boða skal til funda með þeim hætti sem félagssamþykktir ákveða. Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félags skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skulu dagskrá og endanlegar tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endur-

skoðenda eða skoðunarmanna sé um aðalfund að ræða, lagðar fram skráðum hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis sendar sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.

Falla má frá formreglum 1.–4. mgr. ef allir hluthafar sækja hluthafafund og eru sammála um það.

64. gr.

Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt mála hafi ekki verið getið í dagskrá er það því ekki til fyrirstöðu að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um þau auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

65. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra nema félagssamþykktir kveði á um annað.

Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Sé boðað til hluthafafundar skv. 2. mgr. 62. gr. ákveður umboðsmaður hlutafélagaskrár fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa er fund sækja til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir sem fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

66. gr.

Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi skulu hluthafar innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum er þess hafa óskað.

67. gr.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

68. gr.

Ákvörðun um breytingu félagssamþykktá skal tekin á hluthafafundi nema stjórn hafi heimild til að breyta samþykktum samkvæmt lögum þessum. Ákvörðunin verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 69. gr.

Samþykkt um breytingu á samþykktum einkahlutafélags skal tilkynnt hlutafélagaskrá þegar í stað og eigi öðlast breytingin gildi fyrir en hún hefur verið skráð.

69. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á félagssamþykktum verði gildar:

1. að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta;
2. að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu;
3. að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 14. og 15. gr. eða skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða.

Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum, sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félagsins án þess þó að 1. tölul. 1. mgr. eigi við, er því aðeins gild að hluthafar, sem ráða yfir meira en $\frac{1}{2}$ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði.

Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði. Nú eru fleiri en einn hlutflokkur í félaginu og er þá unnt að gera breytingu á félagssamþykktum sem veldur röskun á réttarsambandinu milli hlutflokkanna ef hluthafar, sem eiga meira en $\frac{1}{2}$ hluta hlutafjár þess hlutflokks er sæta skal skerðingu og farið er með atkvæði fyrir á fundi og meira en helming þess hlutflokks í heild, gjalda breytingunni jákvæði.

70. gr.

Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

71. gr.

Hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar sem hefur verið tekin með ólögætum hætti eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins.

Mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin, ella telst hún gild. Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við:

- a. þegar ákvörðunin er ólögleg, jafnvel með samþykki allra hluthafa;
- b. þegar krafist er samþykkis allra eða tiltekinna hluthafa, til þess að ákvörðun öðlist gildi, og slíkt samþykki er ekki fengið;
- c. þegar boðun til hluthafafundar hefur ekki farið fram eða reglana þeirra sem um fundarboðun gilda hefur í verulegum atriðum ekki verið gætt;
- d. þegar sá hluthafi, sem höfðað hefur mál eftir að frestur sá sem tiltekinn er í 2. mgr. er útrunninn en þó innan tveggja ára eftir að ákvörðun var tekin, hefur haft frambærilega ástæðu til að draga málshöfðun og beiting ákvæða 2. mgr. yrði bersýnilega ósanngjörn.

Nú verða úrslit í dómsmáli þau að ákvörðun hluthafafundar telst ógild og skal þá ómerkja ákvörðunina eða breyta henni. Breyting á ákvörðun hluthafafundar er þó einungis unnt að gera að þess sé krafist og það sé á færi dómsins að ákveða hvers efnis ákvörðunin hefði réttilega átt að vera. Dómur í slíku máli bindur einnig þá hluthafa er ekki hafa staðið að málshöfðum. Endurrit dóma í slíkum málum skal senda hlutafélagaskrá og þar skráð niðurstaða þeirra ef ástæða þykir til.

XI. KAFLI

Sérstakar rannsóknir.

72. gr.

Hluthafi getur á aðalfundi eða öðrum hluthafafundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan fylgi hluthafahóps sem ræður yfir minnst $\frac{1}{4}$ hlutafjárins getur hluthafi í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins farið þess á leit við hlutafélagaskrá að hún tilnefni rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina svo framarlega sem hlutafélagaskrá telur nægilegar ástæður til þeirra. Hlutafélagaskrá skal gefa stjórn félagsins og endurskoðendum þess og, þegar við á, þeim sem málið varðar tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna áður en hún tekur ákvörðun sína. Hlutafélagaskrá ákveður fjölda rannsóknarmanna en meðal þeirra skulu vera bæði löggiltur endurskoðandi og lögfræðingur.

Ákvæði laga um ársreikninga um hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

Rannsóknarmennirnir skulu gefa skriflega skýrslu til hluthafafunda. Þeir skulu fá greidda þóknun frá félaginu og skal hún ákveðin af hlutafélagaskrá.

Skýrsla rannsóknarmanna skal liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins í skemmsta lagi viku fyrir hluthafafund.

XII. KAFLI

Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.

73. gr.

Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita.

74. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félags-samþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Nú nemur varasjóður ekki $\frac{1}{10}$ hlutafjárins og má þá ekki greiða hærri arð en sem nemur þeim hundraðshluta af greiddu hlutafé sem svarar til hæstu vaxta á almennum sparisjóðsreikningum.

Í móðurfélagi er óheimilt að úthluta það miklum arði að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil.

75. gr.

Minnst tíu hundraðshluta þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, skal leggja í varasjóð uns hann nemur tíu

hundraðshlutum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur $\frac{1}{4}$ hlutafjárins. Í félagssamþykktum er unnt að mæla fyrir um skyldu til hærri framlaga.

Ef félagi hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað skal fé það sem greitt var umfram nafnverð lagt í varasjóð, að frádregnum kostnaði af stofnun félagsins eða hækkun hlutafjárins. Einnig skal lagt í varasjóð það fé sem félagið hefur fengið vegna sölu jöfnunarhluta sem er ekki vitjað.

Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Nú nemur varasjóður meiru en $\frac{1}{4}$ hlutafjárins og er þá heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrirmæla 36. gr. gætt, til annarra þarfa.

76. gr.

Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

Hluthafar, sem eiga samtals minnst $\frac{1}{10}$ hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess, sé krafan tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 61. gr., að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð sem nemur allt að fjórðungi þess sem eftir stendur af árhagnaði þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess að meira sé úthlutað en sem nemur tveim hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

Gjalddagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

77. gr.

Ef greiðsla til hluthafa hefur farið fram andstætt ákvæðum laga þessara skal hann endurgreiða það sem hann hefur tekið við með vöxtum er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum. Þetta gildir þó ekki um úthlutun arðs ef hluthafinn hvorki vissi né mátti vita að greiðslan var ólögmat.

Nú kemur í ljós að féð fæst ekki endurgreitt og skulu þá þeir sem átt hafa þátt í ákvörðun um greiðsluna og framkvæmd hennar eða í gerð eða samþykkt hinna röngu reikningsskila bera ábyrgð eftir ákvæðum 108.–110. gr.

78. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið að gefa af fjármunum félagsins til almenningsheilla, mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi að svo miklu leyti sem slíkt telst hæfilegt með hliðsjón af tilganginum með gjöfinni, fjárhagsstöðu félagsins og atvikum að öðru leyti.

Félagsstjórn er heimilt að verja smávægilegum fjárhæðum miðað við fjárhagsstöðu félagsins í sama skyni sem um getur í 1. mgr.

79. gr.

Einkahlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila skv. 1. málsl. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stend-

ur hlutadeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

Einkahlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er einkahlutafélag eða hlutafélag. Einkahlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup.

Trygging félagsins, sem sett er fyrir áður nefnda aðila í bága við ákvæði 1. og 2. mgr., er þó bindandi nema viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita að tryggingin hafi verið sett andstætt þessum ákvæðum.

Ef félagið hefur innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir sem eru andstæðar 1. og 2. mgr. skal endurgreiða þær með dráttarvöxtum.

Ef ekki er unnt að endurgreiða féð eða afturkalla tryggingu eru þeir sem gerðu eða framkvæmdu síðar ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. ábyrgir fyrir tapi félagsins.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um lán og framlag til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir.

Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers láns, framlags og tryggingar samkvæmt þessari grein.

XIII. KAFLI

Félagsslit.

80. gr.

Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta eftir því sem mælt er fyrir í ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna skal skipta þeim milli hluthafa í hlutfalli við hlutfjáreign þeirra nema samþykktir félags kveði á um aðra skipan. Lögmætur hluthafafundur getur þó ákveðið að halda starfsemi félagsins áfram að fullnægðum lögmæltum skilyrðum til þess.

81. gr.

Hluthafar, sem ráða yfir minnst $\frac{1}{3}$ hlutfjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Sé þess krafist fyrir dómi af hálfu félagsins má í dómi ákveða að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið er í dómnum, leyst til sín hluti þeirra hluthafa sem félagsslita hafa krafist skv. 1. mgr.

82. gr.

Bú einkahlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu hlutafélagaskrár:

1. þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit;
2. ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan árs frá lokum lögmæltis frests til þess;
3. þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga varðandi skil á ársreikningum;
4. ef hlutafélagaskrá neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilaneftar skv. 4.–6. mgr.

86. gr.

Bú einkahlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu hluthafa:

1. þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit;
2. hafi krafa skv. 1. mgr. 81. gr. verið tekin til greina með dómi.

Bú einkahlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu félagsstjórnar hafi hluthafar, er ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ heildarhlutafjár félagsins, samþykkt að slíta félaginu á þennan hátt eða skilyrðum 2. mgr. 85. gr. fyrir skipun skilanevndar er ekki fullnægt.

Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en skráð hlutafé þess. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og, ef þörf krefur, leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.

83. gr.

Ef hlutafélagaskrá telur að einkahlutafélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðast skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afskráð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal aðvörun um afskráningu til fyrirsvarsmanna félagsins og annarra, sem hagsmuna eiga að gæta, birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist ekki fullnægjandi svar eða athugasemdir innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu einkahlutafélagsins niður.

Innan árs frá afskráningu geta hluthafar eða lánardrottinn gert þá kröfu að bú einkahlutafélagsins verði tekið til skipta í samræmi við 84. gr. Jafnframt má hlutafélagaskrá breyta skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar að lútandi innan árs frá afskráningu samkvæmt þessari grein og sérstakar aðstæður réttlæti endurskráninguna. Ekki má ráðstafa heiti félagsins á þessum tíma.

Þótt einkahlutafélag hafi verið fellt niður af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

84. gr.

Þegar héraðsdómara hefur borist krafa um skipti skv. 1. eða 2. mgr. 82. gr. eða 83. gr. skal hann fara með hana eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um meðferð kröfu lánardrottins um að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Héraðsdómari skal kveða upp úrskurð um hvort orðið verði við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal farið með búið eftir fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum hins látna, að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrr en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

85. gr.

Hafi hluthafar, er ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ heildarhlutafjár félags, tekið um það ákvörðun á hluthafafundi að félaginu skuli slitið og æskja þess ekki að skipti fari að hætti 3. mgr. 82. gr. skal félagsstjórn þegar láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið. Reikningi þessum skal fylgja álitserð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Innan mánaðar frá því að hluthafafundur hefur tekið ákvörðun um félagsslit skv. 1. mgr. skal haldinn nýr hluthafafundur þar sem reikningar skv. 1. mgr. skulu lagðir fram. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum skal á fundinum kosin skilanefnd. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins skv. 3. mgr. 82. gr. Eins skal með fara í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. 82. gr.

86. gr.

Í skilanefnd skulu kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir en hið mesta fimm menn. Hluthafahópi, er ræður yfir minnst $\frac{1}{3}$ heildarhlutafjár, er rétt að ráða vali eins skilanefndarmanns.

Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

Þegar kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu hlutafélagaskrár á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

Hlutafélagaskrá er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirbyggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu eða andist skilanefndarmaður áður en hún hefur lokið störfum skal skilanefnd tafarlaust tilkynna það hlutafélagaskrá og boða innan eins mánaðar til hluthafafundar til að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er hlutafélagaskrá heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Telji hlutafélagaskrá að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða hún hafi á annan hátt brotið skyldur sínar skal skráin veita nefndinni áminningu og frest til úrbóta. Sé málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er hlutafélagaskrá heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn hluthöfum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

87. gr.

Þegar er skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrri sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi einkahlutafélags.

Í auglýsingu skv. 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags og hluthöfum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfuglýsingarfrests.

Löggilding skilanefndar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði XV. og XVI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.

88. gr.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilanefnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hve miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfulýsingu eða kröfu. Telji skilanefnd ekki unnt að viðurkenna kröfulýsingu eða kröfu að öllu leyti eins og henni hefur verið lýst skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

Komi ekki andmæli fram gegn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi sem haldinn er til umfjöllunar um lýstar kröfur skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Andmæli lánardrottinn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á kröfulýsingu eða kröfu sinni eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða hluthafa og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilanefnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar héraðsdómara á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann.

Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.

Telji skilanefnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta. Skal þá auglýst tvívegis í Lögbirtingablaði að búð hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta en innköllun skilanefndar og kröfulýsingarfrestur skv. 1. mgr. 87. gr. skal vera endanlegur við gjaldþrotaskiptin. Að öðru leyti gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um skiptin.

Sé bú einkahlutafélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsméðferð telja frest dag þann dag sem hluthafafundur hefur ákveðið félagsslit skv. 1. mgr. 85. gr., en úrskurðardag eða upphafs dag skipta þann dag er skilanefnd hefur hlotið löggildingu hlutafélagaskrár.

89. gr.

Þegar að loknum fundi skv. 88. gr. og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð skal skilanefnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeilda krafna.

Skilanefnd skal eftir þörfum boða hluthafa til fundar um tilhögun á slitum félagsins.

Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeilda krafna skv. 1. mgr. og þegar fram er komin afstaða hluthafa til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til hluthafa og lokareikninga félagsins. Greiðslur til hluthafa skulu vera í réttu hlutfalli við hlutfjáreign þeirra nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins.

Skilanefnd skal boða til hluthafafundar til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilanefnd greiða hluthöfum eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.

90. gr.

Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera hlutafélagaskrá skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem farið yrði með við gjaldþrotaskipti eftir sérreglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal skilanefnd tafarlaust beina ágreiningsefninu til héraðsdómara sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

91. gr.

Ef lánardrottinn eða hluthafi vitjar ekki fjár sem í hlut hans á að koma við félagsslitin, eða ágreiningur um réttmæti kröfu skv. 3. mgr. 88. gr. er óleystur við úthlutun skilaneftndar skal skilaneftnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning í innlánsstofnun sem heimild hefur til að taka við geymslufé. Sé fjárins ekki vitjað innan tíu ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

Þegar skilaneftnd hefur lokið úthlutun til hluthafa eða lagt fé á geymslureikninga skv. 1. mgr. skal hún tilkynna hlutafélagaskrá lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra er við greiðslum hafa tekið og skilríki fyrir geymslureikningum, svo og öll skjöl og bækur félagsins.

Skilaneftnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.

92. gr.

Þegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeildra krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur hluthafafundur ákveðið að starfi skilaneftndar skuli lokið og félagið taki upp starfsemi á ný ef hluthafar, sem ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ heildarhlutafjár, eru því samþykkir. Skal tilkynna hlutafélagaskrá samþykktina en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrir en samþykktin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

93. gr.

Komi fram eignir félags eftir að skilaneftnd hefur lokið störfum eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar skal skilaneftnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlutunargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 91. gr.

Sé þess ekki kostur að skilaneftnd annist um framhaldsskipti skv. 1. mgr. skal hlutafélagaskrá löggilda án tilnefningar einn eða fleiri menn í sérstaka skilaneftnd til að annast framhaldsskiptin.

XIV. KAFLI.

Samruni og breyting einkahlutafélags í hlutafélag.*Samruni.*

94. gr.

Ákvæði þessa kafla um samruna gilda þegar einkahlutafélagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félagið er algerlega sameinað öðru einkahlutafélagi með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) og þegar tvö eða fleiri einkahlutafélög renna saman í nýtt einkahlutafélag (samruni með stofnun nýs félags).

Ef hlutafélag er yfirtekið við samruna gilda ákvæði XIV. kafla laga um hlutafélög um slit þess félags.

95. gr.

Félagsstjórnir samrunafélaganna skulu gera og undirrita í sameiningu samrunaáætlun sem skal geyma upplýsingar og ákvæði um:

1. heiti og form félaganna, þar á meðal hvort heiti eða hugsanlegt aukheiti eigi að haldast sem aukheiti í yfirtökufélaginu;
2. heimilisfang félaganna;

3. endurgjald fyrir hlutina í yfirtekna félaginu;
4. frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs;
5. hvaða réttindi hugsanlegir eigendur hluta og skuldabréfa með sérstökum réttindum í yfirtekna félaginu fá í yfirtökufélaginu;
6. aðrar hugsanlegar ráðstafanir til hagsbóta eigendum þeirra hluta og skuldabréfa sem um ræðir í 5. tölul.;
7. frá hvaða tímamarki réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skuli reikningslega teljast lokið, sbr. 2. mgr. 96. gr.;
8. einhver sérstök hlunnindi sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórnar svo og endurskoðendur og skoðunarmenn skv. 97. gr. njóta;
9. drög að samþykktum ef mynda á nýtt félag við samrunann.

96. gr.

Félagsstjórn í hverju félaganna um sig skal semja greinargerð þar sem samrunaáætlunin er skýrð og rökstudd. Í greinargerðinni skal fjalla um ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur sem sýnir allar eignir og skuldir í hverju félaganna um sig, þær breytingar sem álitid er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins. Ákvæði laga um ársreikninga gilda, eftir því sem við á, um upphafsreikninginn og skýringar í honum. Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag sem má ekki vera meira en sex mánuðum fyrir undirritun samrunaáætlunarinnar.

97. gr.

Í hverju samrunafélaganna um sig skal endurskoðandi eða skoðunarmaður gera skýrslu um samrunaáætlunina. Félögin geta haft einn eða fleiri sameiginlega endurskoðendur eða skoðunarmenn.

Eftir því sem við á gilda ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Skýrslan skal geyma yfirlýsingu um að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins. Í yfirlýsingunni skal enn fremur greina það verð sem aðferðirnar leiða hver um sig til, svo og hvaða innbyrðis þýðingu leggja skal í aðferðir við verðákvörðun. Hafi verðákvörðunin verið sérstökum erfiðleikum bundin skal gera grein fyrir þeim í yfirlýsingunni.

Endurskoðandi eða skoðunarmaður skal enn fremur gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

98. gr.

Í síðasta lagi einum mánuði eftir undirritun samrunaáætlunarinnar skal hvert samrunafélaganna senda hlutafélagaskrá endurrit af samrunaáætluninni, staðfest af félagsstjórn. Einnig skal þá eða síðar senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 4. mgr. 97. gr., sbr. 99. gr.

Upplýsingar um móttöku skjala, sem um ræðir í 1. mgr., skal birta skv. 1. mgr. 125. gr. Ef endurskoðandi eða skoðunarmaður telur í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 97. gr. að samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 97. gr. og 101. gr.

99. gr.

Ákvörðun um samruna í yfirteknu félagi tekur hluthafafundur, sbr. þó 2. mgr. 55. gr., í samræmi við ákvæði 68. gr. og nánari reglur sem félagssamþykktir kunna að geyma um félagsslit eða samruna, sbr. þó 104. gr. Ef félag er til skilanevndarmeðferðar má því aðeins ákveða samruna að úthlutun til hluthafa sé ekki hafin og hluthafafundurinn ákveði samtímis að starfi skilanevndar skuli lokið.

Ákvörðun um samruna í yfirtökufélagi tekur félagsstjórn nema hluthafafundur þurfi að gera breytingar á samþykktunum að öðru leyti en snertir heiti yfirtökufélagsins. Hluthafafundur tekur enn fremur ákvörðun ef hluthafar, sem eiga 25% af hlutafénu eða meira, sbr. þó 3. mgr., krefjast þess skriflega innan tveggja vikna frá því að móttaka á samrunaáætlun hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 125. gr. Ákvörðun skal í slíku tilviki tekin með þeim meiri hluta er greinir í 68. gr. Félagisstjórn boðar til hluthafafundar innan tveggja vikna frá móttöku kröfunnar.

Í yfirtökufélaginu tekur hluthafafundur enn fremur ákvörðun um samruna ef þeir hluthafar, sem geta samkvæmt samþykktum félagsins og í samræmi við 60. gr. krafist hluthafafundar, fara fram á það. Ákvæði 3. og 4. másl. 2. mgr. gilda eftir því sem við á.

Hluthafafundur má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 98. gr. og yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 4. mgr. 97. gr. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar telst tillagan fallin.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundinn skulu eftirfarandi skjöl lögð fram til skoðunar eða afhendingar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig:

1. áætlun um samruna;
2. ársreikningar allra samrunafélaganna síðustu þrjú árin eða styttri tíma hafi félag starfað skemur;
3. efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs áður en upphafsefnahagsreikningur, sem getið er í 2. mgr. 96. gr., er gerður fyrir yfirtökufélagið;
4. greinargerð stjórnar, þar á meðal sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsefnahagsreikningur, sbr. 2. mgr. 96. gr., og
5. skýrsla endurskoðanda eða skoðunarmanns og yfirlýsing skv. 97. gr.

Lánardrottinnar, sem þess óska, skulu fá upplýsingar um ákvörðunartökudag skv. 1.–3. mgr.

100. gr.

Hluthafar í einu eða fleiri yfirteknum félögum geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á hluthafafundinum enda sé endurgjald fyrir hlutina hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt, sbr. 3. mgr. 97. gr. Mál skal í þessu tilviki höfða í síðasta lagi tveimur vikum eftir að samruni hefur verið ákveðinn í öllum samrunafélögum.

101. gr.

Ef endurskoðandi eða skoðunarmaður telur í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 97. gr. að möguleikar lánardrottinnar til fullnustu versni við samruna geta lánardrottinnar að kröfum sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlunina skv. 98. gr. og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögum.

Krefjast má greiðslu á lýstum kröfum sem eru gjaldfallnar og jafnframt má krefjast þess að sett verði fullnægjandi trygging fyrir lýstum, ógjaldföllnum kröfum.

Sé ekki sýnt fram á hið gagnstæða telst ekki nauðsynlegt að setja tryggingu skv. 2. mgr. ef innlausn krafanna er tryggð á grundvelli ákvæða sérlega um samrunafélögin.

Rísi ágreiningur milli félags og lánardrottna, sem kröfum hafa lýst, um það hvort setja beri tryggingu eða framboðin trygging sé nægileg geta báðir aðilar innan tveggja vikna frá kröfulýsingu lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lánardrottnum er óheimilt að afsala sér á bindandi hátt rétti til að krefjast tryggingar skv. 2. mgr. í samningi þeim sem liggur til grundvallar kröfunni.

102. gr.

Yfirteknu félagi telst slitið og réttindi þess og skyldur teljast runnar í heild sinni til yfirtökufélags, þegar:

1. samruninn hefur verið samþykktur í öllum samrunafélögunum;
2. skilyrðum 5. mgr. er fullnægt;
3. kröfur skv. 100. gr. hafa verið útkljáðar nema sett sé fullnægjandi trygging fyrir þeim;
4. kröfur skv. 101. gr. hafa verið útkljáðar.

Um leið og skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt verða þeir hluthafar í yfirteknu félagi, er fá greiðslu í hlutum, hluthafar í yfirtökufélagi.

Eigi samrunafélagin hluti í yfirteknu félagi er ekki unnt að skipta þeim í hluti í yfirtökufélaginu.

Ákvæði 27. gr. gilda ekki um hlutafjárhækkun í yfirtökufélaginu á grundvelli eigna og skulda í yfirtekna félaginu.

Ef myndað er nýtt félag við samruna, en það skal skrá sérstaklega, og kjör félagsstjórnar og endurskoðenda eða skoðunarmanna fer ekki fram strax eftir að hluthafafundur hefur samþykkt samrunann skal halda hluthafafund í nýja félaginu innan tveggja vikna til þess að kjósa félagsstjórn og endurskoðendur eða skoðunarmenn.

103. gr.

Stjórn hvers samrunafélags skal tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um samruna innan tveggja vikna eftir að réttaráhrif samrunans koma til skv. 1. mgr. 102. gr. Yfirtökufélagið getur tilkynnt samrunann fyrir hönd félaganna. Með tilkynningunni skulu fylgja þau skjöl, sem greinir í 3.–5. tölul. 5. mgr. 99. gr., í frumriti eða endurriti, staðfestu af félagsstjórn, ásamt fundargerðum þeirra hluthafafunda sem ákveðið hafa samrunann.

104. gr.

Ef einkahlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru einkahlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu getur stjórn í yfirtekna félaginu tekið ákvörðun um samruna. Að öðru leyti gilda, eftir því sem við á, ákvæði 1.–2., 5.–6. og 8.–9. tölul. 1. mgr. 95. gr.; 1. másl. 1. mgr. 96. gr.; 98. gr.; 2. másl. 1. mgr. og 2.–6. mgr. 99. gr.; 101. gr.; 102. gr. og 103. gr.

Frest skv. 5. mgr. 99. gr. skal, ef svo ber undir, reikna frá ákvörðun félagsstjórnar um samruna. Einnig skal gera endurskoðaðan sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning skv. 2. mgr. 96. gr.

Einn eða fleiri endurskoðendur eða skoðunarmenn, sbr. 1. mgr. 97. gr., skulu semja yfirlýsingu í samræmi við 4. mgr. 97. gr.

105. gr.

Ef einkahlutafélagi er slitið án skuldaskila með yfirtöku íslenska ríkisins eða íslensks sveitarfélags á öllum eignum og skuldum félagsins skal, eftir því sem við á, beita ákvæðum

95. gr.; 1. mgr. 96. gr.; 1.–3. mgr. 97. gr.; 1. másl. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 98. gr.; 1., 4. og 5. mgr. 99. gr.; 100. gr.; 1. tölul. 1. mgr. 102. gr. og 103. gr.

106. gr.

Hluthafar í því félagi eða félögum sem sameinuð eru öðrum, er hafa greitt atkvæði gegn samruna eða sameiningu í nýtt félag, eiga kröfu á því að hlutir þeirra verði innleystir ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að hluthafafundurinn var haldinn. Nú hefur þess verið farið á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu að þeir sem nota vilja innlausnarréttinn gefi til kynna vilja sinn í því efni og er innlausnarrétturinn þá bundinn því skilyrði að hlutadeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á hluthafafundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði sem svarar til verðmætis hlutanna og ákveðið skal, sé ekki um samkomulag að ræða, af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða frá því að mat hefur farið fram.

Breyting einkahlutafélags í hlutafélag.

107. gr.

Hluthafafundur getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum, samþykkt að breyta einkahlutafélagi í hlutafélag. Ákvæði 5. gr. a–c í lögum um hlutafélög gilda eftir því sem við á. Framlagning skýrslu og útsending hennar fer þó eftir 4. mgr. 63. gr. laga þessara. Tilkynningu um samþykktina skal innan tveggja vikna senda öllum skráðum hluthöfum sem sóttu ekki hluthafafundinn.

Breyting einkahlutafélags í hlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að þær fullnægi kröfum laga um hlutafélög og félagið hefur verið skráð sem hlutafélag í hlutafélagaskrá.

Gefa skal út hlutabréf í hlutafélagi áður en ár er liðið frá breytingunni. Óheimilt er að gefa þau út fyrir breytinguna.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi sett fram beiðni um að fá hlutabréf sín í hlutafélaginu afhent getur stjórn hlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að vitja hlutabréfanna innan sex mánaða. Þegar fresturinn er liðinn og enginn hefur gefið sig fram getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutabréfin í hlutafélaginu fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slík bréf. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og sölu. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

XV. KAFLI

Skaðabætur o.fl.

108. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn einkahlutafélags, svo og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta félaginu það tjón er þeir hafa valdið því í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

109. gr.

Ákvörðun um að félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu, sbr. 108. gr., skal tekin á hluthafafundi.

Hafi hluthafafundur gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða felld tillögur um að beita fébótaábyrgð geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst 1/3 af heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfuna vegna félagsins og í nafni þess. Kostnaður af slíku máli er félaginu óviðkomandi. Þó geta málshefjendur krafist að kostnaðurinn sé greiddur af félaginu, allt að þeirri fjárhæð sem félagið fengi greidda í skaðabætur.

Ákvörðun hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð er ekki bindandi fyrir þrotabú félagsins ef félagið telst hafa verið ógjaldfært þegar ákvörðun var tekin eða frestdagur hefst innan árs frá ákvörðuninni.

110. gr.

Skaðabótamál þau sem um ræðir í 1.–2. mgr. 109. gr. skal höfða nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

- a. gegn stofnendum innan tveggja ára frá því að ákvörðun um stofnun félags var tekin;
- b. gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, svo og rannsóknarmönnum, innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð;
- c. gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum innan tveggja ára frá því að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing var lögð fram.

Mál skv. 3. mgr. 109. gr. skal höfða í síðasta lagi þrem mánuðum eftir að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.

XVI. KAFLI

Útibú erlendra einkahlutafélaga.

111. gr.

Erlend einkahlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Önnur erlend einkahlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi geta stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi ef það er heimilað í alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að eða ráðherra telur rétt að heimila slíkt. Ráðherra getur sett reglur um þessi atriði.

112. gr.

Öll lögskipti, sem leiðir af starfsemi útibús erlends félags hér á landi, skulu lúta íslenskum lögum og lögsögu.

113. gr.

Í heiti útibús erlends einkahlutafélags skal greina nafn hins erlenda félags, svo og að um útibú sé að ræða.

114. gr.

Útibússtjóri, einn eða fleiri, skal veita útibúi forstöðu. Útibússtjóri skal vera lögráða og fjár síns ráðandi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara varðandi framkvæmdastjóra um heimilisfesti o.fl. eftir því sem við á.

Útibússtjóri undirritar skuldbindingar útibúsins og ber ábyrgð á að gætt sé íslenskra laga um rekstur þess. Félagisstjórn getur þó veitt prókúrumboð fyrir útibúið enda fullnægi prókúruhafi skilyrðum 1. mgr. um útibússtjóra.

115. gr.

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends einkahlutafélags. Tilkynning skal gerð samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Ákvæði XVII. kafla um skráningu einkahlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á.

Útibússtjóri undirritar tilkynningu og ber ábyrgð á efni hennar og fylgiskjala. Útibú má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð.

116. gr.

Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því sem skráð er, sbr. 123. gr.

Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokum reikningsárs.

117. gr.

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það. Gæta skal ákvæða 4. mgr. 1. gr.

118. gr.

Útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá:

1. ef hið erlenda einkahlutafélag ákveður að leggja útibúið niður;
2. ef þess er krafist af lánardrottni sem sannað hefur með árangurslausri aðför eða lög-haldsgerð eða með játningu útibússtjóra að eignir félagsins hér á landi nægi ekki til greiðslu á kröfu hans; þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu;
3. ef útibússtjóri fullnægir ekki lengur skilyrðum 114. gr. eða hverfur úr starfi; hlutafélagaskrá getur þó veitt félagi hæfilegan frest til að koma málum í rétt horf að þessu leyti;
4. ef hið erlenda félag hefur verið afmáð úr hlutafélagaskrá erlendis;
5. ef útibúið fullnægir ekki ákvæðum íslenskrar atvinnulöggjafar um starfsemi sína hér.

119. gr.

Nú ber að afmá útibú úr hlutafélagaskrá og falla þá í gjalddaga þær kröfur lánardrottna sem stofnast hafa vegna starfsemi útibúsins.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda að milliríkjasamningar standi því ekki í vegi.

120. gr.

Útibússtjóri ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann stofnar til fyrir hönd útibús fyrir skrásetningu þess, svo og eftir að honum er kunnugt um gjaldþrot hins erlenda félags, sbr. 117. gr., eða um atvik sem valda því að útibú skal afmá úr hlutafélagaskrá, sbr. 118. gr.

XVII. KAFLI

Skráning einkahlutafélaga.

121. gr.

Hlutafélagaskrá annast skráningu allra íslenskra einkahlutafélaga og útibúa erlendra einkahlutafélaga.

Ráðherra setur nánari reglur um skipulag hlutafélagaskrár og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglunum. Veita skal almennan aðgang að skránni. Um skil á ársreikningum og aðgang að þeim gilda ákvæði laga um ársreikninga.

Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár eða sýslumanns í því lögsagnarumdæmi þar sem tilkynnandi á heimili. Sé tilkynning afhent sýslumanni skal hann þegar framsenda hana til hlutafélagaskrárinnar enda öðlast tilkynning ekki gildi fyrr en við skráningu þar.

122. gr.

Tilkynning um stofnun einkahlutafélags skal greina:

1. ákvæði samþykktu félagsins um það efni er greinir í 1.–3., 5. og 9. tölul. 1. mgr. og 1.–3. tölul. 2. mgr. 7. gr.;
2. upphæð hlutafjár og á hvern hátt greiðsla hefur farið fram;
3. nöfn, kennitölu og heimilisföng stofnenda félagsins, stjórnarmanna og varamanna þeirra, framkvæmdastjóra og allra þeirra er hafa heimild til að rita félagið, svo og endurskoðanda eða skoðunarmanna;
4. hvort hluthafar séu einn eða fleiri; sé hluthafi einn eða verði einn skal skrá deili á honum.

Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum félags og skulu undirskriftir staðfestar af lögbókanda, lögmanni, löggiltum endurskoðanda eða tveimur vottum.

Tilkynningu skal fylgja:

1. stofnsamningur, reikningsgögn þau sem um ræðir í 2. mgr. 6. gr. og önnur gögn og skjöl í sambandi við stofnun félagsins;
2. staðfest endurrit af fundargerð stofnfundar;
3. sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þau skilyrði sem um getur í 42. gr. og endurskoðendur eða skoðunarmenn þau hæfisskilyrði er getur í lögum um ársreikninga ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.

Hlutafélagaskrá getur auk þessa krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að taka afstöðu til þess hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum félagsins. M.a. getur hún krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun einkahlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.

123. gr.

Breytingar á félagssamþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skal tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Krefjast má sannana fyrir lögmati breytinga. Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa. Ákvæði 4. mgr. 122. gr. gilda eftir því sem við á.

Auk tilkynninga skv. 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng einkahlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða skoðunarmanna og prókúruhafa miðað við 1. júní nema hlutafélagaskrá ákveði að tilkynningar skuli miðast við annan dag.

124. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum laga þessara eða samþykktu einkahlutafélags eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem ákveðið er í lögum eða samþykktum skal synja skráningar.

Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með ákvörðun hluthafafundar eða samþykkt stjórnar og skal þá gefa félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflaga frá synjun og um ástæður hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal hlutafélagaskrá gera þeim aðila viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla enda sé mál höfðað innan sex mánaða frá því að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan skv. 125. gr.

125. gr.

Hlutafélagaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun nýrra einkahlutafélaga og tilvísun í aðalefni aukatilkyninga. Þá getur hlutafélagaskrá í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatilkyninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

Það sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði skal telja manni kunnugt nema atvik séu svo vaxin að telja megí hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

XVIII. KAFLI

Refsingar o.fl.

126. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, framkvæmdastjóri, endurskoðendur, skoðunarmenn, skilanevndarmenn eða útibússtjóri erlends einkahlutafélags eða aðrir skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, félagssamþykktum eða ályktunum hluthafafundar og getur þá hlutafélagaskrá boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmati úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

127. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum einkahlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða tilkynningum til hlutafélagaskrár;
2. að brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um greiðslu hlutfjár, hlutaskrá, eigin hluti, skyldu formanns varðandi boðun til stjórnarfunda (2. mgr. 46. gr.), tillög í varasjóð, úthlutun arðs, endurgreiðslu á hlutfjárframlögum, lán eða tryggingu til handa hluthöfum o.fl. (79. gr.) og tilkynningu um stofnun útibús og upphaf starfsemi þess (115. gr.).

128. gr.

Hver sá sem vísvitandi ber út rangar frásagnir eða með öðrum samsvarandi hætti skapar rangar hugmyndir um hag einkahlutafélags eða annað er það varðar þannig að áhrif geti haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ef sá sem stjórnar einkahlutafélagi eða kemur að öðru leyti fram fyrir hönd þess greinir vísitandi rangt eða villandi frá efnahag félags eða eignum í skjölum, bréfum til viðskiptamanna, umburðarbréfum ellegar tilkynningum eða skýrslum til opinberra aðila varðar það sektum eða varðhaldi enda taki ákvæði 127. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar ekki þar til.

129. gr.

Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum sem gerist sekur um eftirgreindar athafnir að því er varðar atkvæðagreiðslu á hluthafafundi:

1. aflar sér eða öðrum ólöglegs færís á að taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ruglar atkvæðagreiðslu með öðrum hætti;
2. leitast við með ólögmati nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá hluthafa eða umboðsmann hans til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði;
3. kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli að hluthafi eða umboðsmaður hans greiði ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hafi önnur áhrif en til var ætlast;
4. greiðir, lofar að greiða eða býður hluthafa eða umboðsmanni hans fé eða annan hagnað til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag eða
5. tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér eða öðrum hagnaði til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða til að greiða atkvæði félaginu í óhag.

130. gr.

Sá sem vanrækir tilkynningar til hlutafélagaskrár samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða varðhaldi.

131. gr.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum, sem komið hefur fram fyrir hönd þess, verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsisdómi um ábyrgð félagsins verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

XIX. KAFLI

Gildistaka laganna o.fl.

132. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögum um hlutafélög varðandi umskráningu skráðra hlutafélaga sem einkahlutafélög skulu gilda.

Hlutabréf í hlutafélögum, sem verða einkahlutafélög, verða ógild.

133. gr.

Í lögum, sem öðlast hafa gildi fyrir gildistöku laga þessara, ber að líta svo á að með hlutafélögum sé einnig átt við einkahlutafélög samkvæmt lögum þessum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta bankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og váttryggingafélög ekki rekið starfsemi sem einkahlutafélög.

134. gr.

Lögin taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Skulu félögin hafa orðið samlagshlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina slhf. Í samþykktum félaganna skulu m.a. vera reglur um réttarsamband milli þeirra sem bera annars vegar takmarkaða og hins vegar ótakmarkaða ábyrgð.

135. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson

LÖG

um breytingu á lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1994“ í síðari málsgrein 100. gr. laganna kemur: 1. júlí 1995.

2. gr.

Á eftir ártalinu „1994“ í 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: og 1995.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson

LÖG

um breytingu á lögum nr. 86/1991, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 110/1992 og lög nr. 128/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna (1. tölul. ákvæða til bráðabirgða):

- a. Í stað ártalsins „1994“ í 1. másl. kemur: 1995.
- b. Í stað orðanna „1. janúar 1995“ í 4. másl. kemur: 1. janúar 1996.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson

29. desember 1994

Nr. 141

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1993,
um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna hljóðar svo:

Framleiðsluráð landbúnaðarins er samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda í landinu og samtaka þeirra.

Framleiðsluráð skal skipað fimmtán mönnum. Skal stjórn heildarsamtaka bænda skipa fjórtán menn í ráðið, þar af fjóra án tilnefningar og tíu sem eftirgreindir aðilar tilnefna: Landssamband kúabænda, sem tilnefni tvo menn í ráðið, og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Landssamtök sláturleyfishafa, Félag eggjaframleiðenda, Félag hrossabænda, Félag kjúklingabænda, Landssamtök sauðfjárbænda, Samband garðyrkjubænda og Svínaræktarfélag Íslands, sem tilnefna hver um sig einn mann. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn mann í ráðið. Velja skal jafnmarga varamenn í Framleiðsluráð með sama hætti.

Framleiðsluráð skal skipað árlega við lok hvers reglulegs búnaðarþings. Ráðið kýs sér formann og varaformann til sama tíma. Þegar rætt er um málefni er varða aðrar búgreinar en fulltrúa eiga í Framleiðsluráði ber að gefa fulltrúum félaga þeirra, einum frá hverju, kost

á að sitja fund ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi aðal- og varamenn í framkvæmdanefnd. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál sem ekki þykir fært að fresta til fundar Framleiðsluráðs. Jafnframt getur ráðið falið framkvæmdanefnd framkvæmd einstakra mála.

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslíð eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Við löginn bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

H.

Skipa skal í nýtt Framleiðsluráð skv. 5. gr. laganna að afstöðnu fyrsta þingi nýrra heildarsamtaka bænda. Skal nýskipað Framleiðsluráð taka þegar til starfa og fellur þá jafnframt niður umboð þeirra manna sem nú skipa ráðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánnum til verkefna utan Norðurlanda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 16.139.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðslufirliti A-hluta ríkissjóðs 1994 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1994:

Greiðslufirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		2 619 000
Beinir skattar	898 000	
Óbeinir skattar	1 644 000	
Vaxtatekjur	400 000	
Aðrar tekjur	-323 000	
Gjöld		6 023 300
Samneysla	1 862 400	
Rekstrargjöld	1 852 400	
Viðhald	10 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1 763 700	
Vaxtagjöld	-300 000	
Fjárfesting	2 697 200	
Stofnkostnaður	2 228 300	
Fjármagnstilfærslur	468 900	
Gjöld umfram tekjur		3 404 300
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		7 580 000
Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs		10 984 300
Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs		10 984 300
Lántökur		11 000 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		15 700

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1994 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Pús.kr.	Pús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	60 300	
01 Forsætisráðuneyti	433 000	
02 Menntamálaráðuneyti	15 300	
03 Utanríkisráðuneyti	55 300	
04 Landbúnaðarráðuneyti	88 400	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	-192 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	611 000	
07 Félagsmálaráðuneyti	74 700	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 920 000	
09 Fjármálaráðuneyti	2 413 800	
10 Samgönguráðuneyti	443 500	
11 Iðnaðarráðuneyti	93 000	
14 Umhverfissráðuneyti	7 000	
Samtals		<hr/> 6 023 300

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

	Þús. kr.	Þús. kr.
00–101 Embætti forseta Íslands		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Stofnkostnaður:		6 400
6 10 Bifreiðir	6 400	
Gjöld samtals		<u>6 400</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	6 400	
5 Gjöld samtals		6 400
00–201 Alþingi		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		30 900
1 02 Aðalskrifstofa	25 900	
1 03 Þingmálaskrifstofa	5 000	
Gjöld samtals		<u>30 900</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	20 500	
59 Tilfærslur:		
5910 Til stofnana í A-hluta	2 500	
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 900	
5 Gjöld samtals		30 900
00–520 Opinberar heimsóknir		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		22 000
1 01 Opinberar heimsóknir	22 000	
Gjöld samtals		<u>22 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	22 000	
5 Gjöld samtals		22 000

00–610 Umboðsmaður Alþingis

Pús. kr.

Pús. kr.

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:

1 01 Umboðsmaður Alþingis

1 000

1 000

Gjöld samtals

1 000

Tegundasundurlíðun:

52–58 Önnur gjöld

1 000

5 Gjöld samtals

1 000

Samtals

60 300

01 Forsætisráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
01–190 Ýmis verkefni		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		42 000
1 51 Lýðveldishátíðin 1994	42 000	
Viðhaldsverkefni:		10 000
5 21 Ráðherrabústaður Tjarnargötu	10 000	
		<hr/>
Gjöld samtals		52 000
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	10 000	
59 Tilfærslur:		
5910 Til stofnana í A-hluta	42 000	
5 Gjöld samtals		52 000
01–221 Byggðastofnun		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Stofnkostnaður:		370 000
6 01 Byggðastofnun	370 000	
		<hr/>
Gjöld samtals		370 000
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	370 000	
5 Gjöld samtals		370 000
01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Stofnkostnaður:		11 000
6 01 Aðalskipulag	11 000	
		<hr/>
Gjöld samtals		11 000

	Pús. kr.	Pús. kr.
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52-58 Önnur gjöld	11 000	
5 Gjöld samtals		11 000
	<hr/>	
Samtals		433 000

02 Menntamálaráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		2 300
1 01 Yfirstjórn	2 300	
Gjöld samtals		<u>2 300</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	2 300	
5 Gjöld samtals		2 300
02–422 Námsgagnastofnun		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		10 000
1 20 Framleiðsludeild	10 000	
Gjöld samtals		<u>10 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	10 000	
5 Gjöld samtals		10 000
02–720 Grunnskólar, almennt		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		50 000
1 90 Grunnskólar, óskipt	50 000	
Gjöld samtals		<u>50 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
51 Laun	50 000	
5 Gjöld samtals		50 000

Pús. kr. Pús. kr.

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-65 000	-65 000
	Gjöld samtals		-65 000

Tegundasundurliðun:

59 Tilfærslur:

	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	-65 000	
5	Gjöld samtals		-65 000

02-989 Ýmis íþróttamál*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 11	Ólympíunefnd Íslands	4 000	4 000
	Gjöld samtals		4 000

Tegundasundurliðun:

59 Tilfærslur:

	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 000	
5	Gjöld samtals		4 000

02-997 Uppgjör við sveitarfélög*Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 01	Uppgjör við sveitarfélög	14 000	14 000
	Gjöld samtals		14 000

Tegundasundurliðun:

59 Tilfærslur:

	5912 Til sveitarfélaga	14 000	
5	Gjöld samtals		14 000

Samtals		15 300
---------	--	--------

03 Utanríkisráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		31 500
1 01 Yfirstjórn	7 500	
1 21 Alþjóðaráðstefnur	1 100	
1 50 Viðskiptaskrifstofa	8 900	
1 53 Þýðingamiðstöð	14 000	
		<hr/>
Gjöld samtals		31 500
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
51 Laun	14 000	
52–58 Önnur gjöld	17 500	
5 Gjöld samtals		31 500
03–201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		9 000
1 20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	9 000	
		<hr/>
Gjöld samtals		9 000
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
51 Laun	9 000	
5 Gjöld samtals		9 000
03–390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		7 500
1 01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	7 500	
		<hr/>
Gjöld samtals		7 500
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 500	
5 Gjöld samtals		7 500

03-401 Alþjóðastofnanir*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

	Pús. kr.	Pús. kr.
1 58 Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR	7 300	7 300
Gjöld samtals		<hr/> 7 300

Tegundasundurliðun:

59 Tilfærslur:

5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	7 300	
5 Gjöld samtals		7 300
Samtals	<hr/>	55 300

04 Landbúnaðarráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
04–190 Ýmis verkefni		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		1 900
1 51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	1 900	
Gjöld samtals		1 900
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 900	
5 Gjöld samtals		1 900
 04–211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins		
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
4 Sértekjur	–8 000	
Mismunur		8 000
 04–221 Veiðimálastofnun		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		2 500
1 01 Veiðimálastofnun	2 500	
Gjöld samtals		2 500
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	2 500	
5 Gjöld samtals		2 500

	Pús. kr.	Pús. kr.
04-311 Landgræðsla ríkisins		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		8 000
1 20 Sérstök verkefni	8 000	
Gjöld samtals		<u>8 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52-58 Önnur gjöld	8 000	
5 Gjöld samtals		8 000
04-321 Skógrækt ríkisins		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		6 000
1 90 Sérstök verkefni	6 000	
Gjöld samtals		<u>6 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52-58 Önnur gjöld	6 000	
5 Gjöld samtals		6 000
04-331 Héraðsskógar		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		5 000
1 10 Skógræktaráttak á Fljótsdalshéraði	5 000	
Gjöld samtals		<u>5 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52-58 Önnur gjöld	5 000	
5 Gjöld samtals		5 000
04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		17 000
1 01 Beinar greiðslur til bænda	17 000	
Gjöld samtals		<u>17 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	17 000	
5 Gjöld samtals		17 000

04-811 Búnaðarfélag Íslands

Pús. kr.

Pús. kr.

Viðfangsefni:

Stofnkostnaður:

6 97	Jarðræktarframlög	40 000	40 000
	Gjöld samtals		<hr/> 40 000

Tegundasundurliðun:

59 Tilfærslur:

5913	Til fyrirtækja og atvinnuvega	40 000	
5	Gjöld samtals		40 000

Samtals			88 400
---------	--	--	--------

05 Sjávarútvegsráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
05–190 Ýmis verkefni		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		8 000
1 43 Skiptaverðsnefnd	8 000	
Gjöld samtals		8 000
<i>Tegundasundurlíðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	8 000	
5 Gjöld samtals		8 000
 05–202 Hafrannsóknastofnun		
<i>Tegundasundurlíðun:</i>		
4 Sértekjur	215 000	
Mismunur		–215 000
 05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins		
<i>Tegundasundurlíðun:</i>		
4 Sértekjur	–5 000	
Mismunur		5 000

Pús. kr.

Pús. kr.

05-204 Fiskistofa*Tegundasundurliðun:*

4	Sértekjur	-10 000	
	Mismunur		10 000
	Samtals	<hr/>	-192 000

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
06–231 Málskostnaður í opinberum málum		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		10 000
1 10 Málskostnaður í opinberum málum	10 000	
Gjöld samtals		10 000
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	10 000	
5 Gjöld samtals		10 000
06–311 Lögreglustjórinn í Reykjavík		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		21 000
1 01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	21 000	
Gjöld samtals		21 000
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	21 000	
5 Gjöld samtals		21 000
06–395 Landhelgisgæsla Íslands		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		15 000
1 90 Landhelgisgæsla Íslands	15 000	
Stofnkostnaður:		535 000
6 50 Björgunarþyrlla	535 000	
Gjöld samtals		550 000
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	550 000	
5 Gjöld samtals		550 000

Pús. kr.

Pús. kr.

06–711 Prestaköll og prófastsdæmi*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 10	Prestar og prófastar	30 000	30 000
	Gjöld samtals		30 000

Tegundasundurliðun:

51	Laun	30 000	
5	Gjöld samtals		30 000

Samtals	611 000
---------	---------

07 Félagsmálaráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		2 000
1 30 Verndaður vinnustaður Akranesi	2 000	
Gjöld samtals		<u>2 000</u>
<i>Tegundasundurlíðun:</i>		
52-58 Önnur gjöld	2 000	
5 Gjöld samtals		2 000
07-722 Sólheimar Grímsnesi		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		6 700
1 70 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	6 700	
Gjöld samtals		<u>6 700</u>
<i>Tegundasundurlíðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 700	
5 Gjöld samtals		6 700
07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		65 000
1 10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	65 000	
Gjöld samtals		<u>65 000</u>
<i>Tegundasundurlíðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5912 Til sveitarfélaga	65 000	
5 Gjöld samtals		65 000

07-951 Brunamálastofnun ríkisins*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

	Pús. kr.	Pús. kr.
1 01 Brunamálastofnun ríkisins	1 000	1 000
Gjöld samtals		<hr/> 1 000

Tegundasundurliðun:

51 Laun	1 000	
5 Gjöld samtals		1 000

Samtals		74 700
---------	--	--------

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
08–204 Lífeyristryggingar		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		400 000
1 10 Lífeyristryggingar	400 000	400 000
Gjöld samtals		400 000
<i>Tegundasundurlíðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	400 000	
5 Gjöld samtals		400 000
 08–206 Sjúkratryggingar		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		800 000
1 10 Sjúkratryggingar	800 000	800 000
Gjöld samtals		800 000
<i>Tegundasundurlíðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	800 000	
5 Gjöld samtals		800 000
 08–350 Sjúkrahúsið Akranesi		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		28 000
1 01 Sjúkrahúsið Akranesi	28 000	28 000
Gjöld samtals		28 000
<i>Tegundasundurlíðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	28 000	
5 Gjöld samtals		28 000

Pús. kr.

Pús. kr.

08-361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 01 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	23 000	23 000
Gjöld samtals		<hr/> 23 000

Tegundasundurliðun:

52-58 Önnur gjöld	23 000	
5 Gjöld samtals		23 000

08-366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 01 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	20 000	20 000
Gjöld samtals		<hr/> 20 000

Tegundasundurliðun:

51 Laun	20 000	
5 Gjöld samtals		20 000

08-367 Sjúkrahúsið Suðurnesjum*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 10 Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	10 000	10 000
Gjöld samtals		<hr/> 10 000

Tegundasundurliðun:

52-58 Önnur gjöld	10 000	
5 Gjöld samtals		10 000

08-371 Ríkisspítalar*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 01 Ríkisspítalar	289 000	289 000
Gjöld samtals		<hr/> 289 000

	Pús. kr.	Pús. kr.
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
51 Laun	34 000	
52–58 Önnur gjöld	255 000	
	<hr/>	
5 Gjöld samtals	289 000	
4 Sértekjur	–5 000	
Mismunur		294 000

08–372 Borgarspítalinn*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Borgarspítalinn	132 000	132 000
		<hr/>
Gjöld samtals		132 000

Tegundasundurliðun:

51 Laun	7 000	
52–58 Önnur gjöld	125 000	
	<hr/>	
5 Gjöld samtals	132 000	
4 Sértekjur	–80 000	
Mismunur		212 000

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 St. Jósefsspítali, Landakoti	100 000	100 000
		<hr/>
Gjöld samtals		100 000

Tegundasundurliðun:

52–58 Önnur gjöld	100 000	
5 Gjöld samtals		100 000

08–411 Garðvangur, Garði*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Garðvangur, Garði	3 000	3 000
		<hr/>
Gjöld samtals		3 000

Tegundasundurliðun:

51 Laun	3 000	
5 Gjöld samtals		3 000

Pús. kr.

Pús. kr.

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið*Tegundasundurliðun:*

4	Sértekjur	-17 200	
	Mismunur		17 200

08-422 Hlaðgerðarkot*Tegundasundurliðun:*

4	Sértekjur	-2 800	
	Mismunur		2 800

08-553 Heilsugæslustöðin Akureyri*Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 20	Fasteignir	10 000	10 000
	Gjöld samtals		<u>10 000</u>

Tegundasundurliðun:

59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	10 000	
5	Gjöld samtals		10 000

Samtals

1 920 000

09 Fjármálaráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
09–250 Innheimtukostnaður		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		65 000
1 10 Ýmis innheimtukostnaður	65 000	65 000
Gjöld samtals		65 000
 <i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	65 000	
5 Gjöld samtals		65 000
 09–251 Gjaldheimtan í Reykjavík		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		30 000
1 01 Gjaldheimtan í Reykjavík	30 000	30 000
Gjöld samtals		30 000
 <i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	30 000	
5 Gjöld samtals		30 000
 09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Stofnkostnaður:		12 000
6 01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	12 000	12 000
Gjöld samtals		12 000
 <i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	12 000	
5 Gjöld samtals		12 000

	Pús. kr.	Pús. kr.
09–801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		–300 000
1 10 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	–300 000	
Gjöld samtals		–300 000
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	–300 000	
5 Gjöld samtals		– 300 000
09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Stofnkostnaður:		300 000
6 91 Rauðarárstígur 25	300 000	
Gjöld samtals		300 000
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	300 000	
5 Gjöld samtals		300 000
09–989 Launa- og verðlagsmál		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		1 243 400
1 01 Rekstur	873 400	
1 90 Launabætur	370 000	
Stofnkostnaður:		1 048 800
6 01 Stofnkostnaður	1 048 800	
Gjöld samtals		2 292 200
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
51 Laun	656 700	
52–58 Önnur gjöld	1 249 200	
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	386 300	
5 Gjöld samtals	2 292 200	
4 Sértekjur	–1 600	
Mismunur		2 293 800

Pús. kr.

Pús. kr.

09-999 Ýmislegt*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

			13 000
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	10 000	
1 81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	3 000	
	Gjöld samtals		13 000

Tegundasundurliðun:

59 Tilfærslur:

	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5	Gjöld samtals		13 000

Samtals

2 413 800

10 Samgönguráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		4 000
1 01 Yfirstjórn	4 000	
		4 000
Gjöld samtals		4 000
 <i>Tegundasundurliðun:</i>		
51 Laun	4 000	
5 Gjöld samtals		4 000
 10–190 Ýmis verkefni		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		4 500
1 92 Samstarfsskrifstofa í Ósló vegna Loran-C kerfisins	4 500	
		4 500
Gjöld samtals		4 500
 <i>Tegundasundurliðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 500	
5 Gjöld samtals		4 500
 10–211 Vegagerð ríkisins		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Stofnkostnaður:		350 000
6 10 Nýframkvæmdir	350 000	
		350 000
Gjöld samtals		350 000
 <i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld	350 000	
5 Gjöld samtals		350 000

Pús. kr. Pús. kr.

10-333 Hafnamál*Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 30	Hafnamannvirki	-8 000	
6 40	Sjóvarnargarðar	8 000	

10-471 Flugmálastjórn*Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 01	Flugmálastjórn	85 000	85 000
------	--------------------------	--------	--------

	Gjöld samtals		85 000
--	-------------------------	--	--------

Tegundasundurliðun:

51	Laun	85 000	
5	Gjöld samtals		85 000

	Samtals		443 500
--	---------	--	----------------

11 Iðnaðarráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
11–299 Iðja og iðnaður, framlög		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		78 000
1 42 Jöfnunaraðstoð við skipasmíðaiðnað	70 000	
1 45 Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit	5 000	
1 91 Ýmis verkefni	3 000	
		<hr/>
Gjöld samtals		78 000
<i>Tegundasundurlíðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	78 000	
5 Gjöld samtals		78 000
 11–399 Ýmis orkumál		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		15 000
1 17 Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	15 000	
		<hr/>
Gjöld samtals		15 000
<i>Tegundasundurlíðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	15 000	
5 Gjöld samtals		15 000
	<hr/>	
Samtals		93 000

14 Umhverfisráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
14–210 Veiðistjóri		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		5 000
1 01 Veiðistjóri	5 000	
Gjöld samtals		<u>5 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5912 Til sveitarfélaga	5 000	
5 Gjöld samtals		5 000
14–410 Veðurstofa Íslands		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		2 000
1 01 Almenn starfsemi	2 000	
Gjöld samtals		<u>2 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
51 Laun	2 000	
5 Gjöld samtals		2 000
	Samtals	<u>7 000</u>

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um ársreikninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila, samvinnufélög og samvinnusambönd, gagnkvæm váttrygginga- og ábyrgðarfélög og önnur félög með breytilegan höfuðstól og breytilega félagatölu. Enn fremur gilda lögin um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, sbr. 2. gr. Lög þessi skulu víkja fyrir ákvæðum um ársreikninga í sérlögum enda geri þau jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningagerðar en lög þessi.

Í lögum þessum merkir:

1. *félag*: fyrirtæki skv. 1. mgr. sem semja skal ársreikning eða samstæðureikning samkvæmt lögum þessum;
2. *félagsaðili*: hluthafa í hlutafélagi og eiganda eignarhluta í öðru félagi sem lög þessi taka til;
3. *eignarhluti*: hlutdeild félagsaðila í eigin fé félags sem lög þessi taka til;
4. *hlutdeildarfélag*: félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhluta í og hafa veruleg áhrif á; félag er talið hafa veruleg áhrif ef það og dótturfélög þess fara með 20% eða meira af atkvæðum í hlutdeildarfélaginu;
5. *móðurfélag*: félag sem á beinan eða óbeinan hátt á svo mikinn hluta eigin fjár í öðru félagi að það fer með meiri hluta atkvæða í því eða það hefur vegna samninga yfirráð í öðru félagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess;
6. *dótturfélag*: félag sem er undir yfirráðum annars félags á þann hátt sem lýst er í 5. tölul.;
7. *félagasamstæða*: móðurfélag og dótturfélög þess;
8. *samstæðureikningur*: reikningsskil þar sem reikningar móðurfélags og dótturfélaga þess eru sameinaðir í eitt;
9. *félagaskrá*: hver sú stofnun sem með lögum er fengið það hlutverk að skrásetja félög og afla og geyma gögn um stofnun félaga og starfsemi þeirra.

Þegar talið er saman atkvæðamagn félags í öðru félagi skal bæði telja atkvæði sem félagið sjálft fer með og atkvæði dótturfélaga þess hlutfallslega.

Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, skulu ekki taldir með þegar talin eru saman atkvæði félags í dóttur- eða hlutdeildarfélagum.

2. gr.

Lög þessi gilda um sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félagsaðilar þeirra eru eingöngu félög sem talin eru í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr.

Enn fremur gilda lög þessi um sameignarfélög, og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félögin fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð:

1. eignir nema samtals a.m.k. 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema a.m.k. 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50.

Ef félag skv. 2. mgr., sem uppfyllt hefur ofangreind skilyrði, gerir það ekki lengur tvö ár í röð er því ekki skylt að fara að ákvæðum laga þessara.

Sameignarfélögum og samlagsfélögum, sem um ræðir í 1. mgr., er ekki skylt að semja ársreikninga ef allar tekjur og gjöld, eignir og skuldir þeirra eru meðtaldar í ársreikningum félagsaðilanna.

Gerð ársreikninga.

3. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu á hverju reikningsári semja ársreikning og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Í félögum, sem hafa ekki formlega stjórn, hvílir þessi skylda á öllum félagsaðilum sameiginlega. Í móðurfélögum skal enn fremur semja samstæðureikning er skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Jafnframt skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Ársreikningurinn skal mynda eina heild.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikninginn og eftir atvikum samstæðureikninginn. Ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telur að ekki skuli samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að félagsaðilar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Ársreikningur með undirritun stjórnenda og áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna skal lagður fram í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

4. gr.

Hafi verðbréf félags ekki verið tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-ríki) þarf félagið ekki að semja samstæðureikning ef:

1. það er dótturfélag;
2. ársreikningur þess og allra dótturfélaga þess er hluti af samstæðureikningi móðurfélags sem lýtur löggjöf EES-ríkis;
3. stjórn félagsins hefur ekki sex mánuðum fyrir lok reikningsárs borist krafa frá félagsaðilum, sem eiga a.m.k. 10% af eigin fé félagsins, um að láta semja samstæðureikning;
4. félagið sendir félagaskrá ársreikning sinn ásamt samstæðureikningi, sbr. 2. tölul., svo og upplýsingar sem greinir í 1. másl. 2. mgr. og
5. félagið gerir grein fyrir því í skýringum í ársreikningi að með stoð í þessari grein hafi það ekki samið samstæðureikning og skýrir frá nafni og lögheimili móðurfélagsins, sbr. 2. tölul.

Félagaskrá getur krafist þess að látnar verði í té sams konar upplýsingar um samstæðureikninga sem tilgreindir eru í 2. tölul. 1. mgr. og hefðu átt að fylgja samstæðureikningi félagsins sjálfs samkvæmt lögum þessum. Félagaskrá getur enn fremur krafist íslenskrar þýðingar á samstæðureikningnum.

5. gr.

Halda má dótturfélagi utan samstæðureiknings ef:

1. það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur eða efnahag félagsamstæðunnar vegna smáðar þess;

2. stjórnun þess er ekki lengur í höndum eigenda þess eða verulegar og varanlegar hindranir eru á að félag geti nýtt eignarhluta sinn í dótturfélaginu eða haft áhrif á stjórnun þess;
3. ekki er unnt að afla nauðsynlegra upplýsinga tímanlega og án óeðlilegs kostnaðar; eða
4. eignarhluti í því er eingöngu ætlaður til endursölu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. skulu félög, sem hvert um sig hafa óverulega þýðingu, innifalin í samstæðureikningi ef þau hafa verulega þýðingu samanlagt.

Ef starfsemi dótturfélags er svo ólík starfsemi móðurfélags að það gæfi villandi mynd af félagasamstæðunni að innifela það í samstæðureikningi skal halda því utan við hann. Eignarhluti móðurfélagsins í dótturfélaginu skal þá færður til eignar samkvæmt hlutdeildar aðferð.

Sé dótturfélagi haldið utan samstæðureiknings skv. 1. eða 3. mgr. skal gerð grein fyrir því í skýringum.

6. gr.

Móðurfélag þarf ekki að semja samstæðureikning ef hvorki verðbréf þess né dótturfélaga þess hafa verið tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í EES-ríki og félagasamstæðan fer ekki fram úr tveimur af eftirfarandi stærðum á reikningsskiladegi:

1. eignir nema a.m.k. 200.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema a.m.k. 400.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 50.

Heimildin til að beita ákvæði 1. mgr. breytist því aðeins að félagasamstæðan hafi farið fram úr eða fari ekki lengur fram úr tveimur af stærðunum þremur tvö reikningsár í röð.

7. gr.

Ef félag, sem skv. 4. eða 6. gr. þarf ekki að semja samstæðureikning, semur samt slíkan reikning skal það gert samkvæmt ákvæðum laga þessara um samstæðureikninga að undanskilinni 69. gr.

8. gr.

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir. Við upphaf rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en átján mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.

Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

9. gr.

Ársreikningar og samstæðureikningar skulu gerðir í samræmi við lög og góða reiknings-skilavenju og gefa glögga mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess.

Ef ákvæði laga eða góð reikningsskilavenja nægja ekki til að gefa glögga mynd af rekstrarafkomu og efnahag skal veita frekari upplýsingar í skýringum.

10. gr.

Efnahagsreikning og rekstrarreikning skal setja upp með kerfisbundnum hætti. Fjármálaráðherra setur reglur um uppsetningu efnahagsreikninga og rekstrarreikninga.

Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Breytingar skulu tilgreindar og rökstuddar í skýringum.

Víkja má frá ákvæðum laga þessara um uppsetningu efnahagsreiknings eða rekstrarreiknings ef þau leiða til þess að ársreikningur eða samstæðureikningur gefur villandi eða óskýra mynd af rekstrarafkomu eða efnahag félags eða félagasamstæðu.

11. gr.

Í ársreikningum og samstæðureikningum, sem samdir eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

Ef getið er tölulegra upplýsinga í ársreikningum eða samstæðureikningum í annarri mynt en hinni upphaflegu skal það gert á því gengi sem við átti á reikningsskiladegi. Tilgreina skal það gengi sem við er miðað.

12. gr.

Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.

II. KAFLI

Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur.

13. gr.

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast fastfjármunir. Eignir, sem eru ekki ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast veltufjármunir.

14. gr.

Gjöld, sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddan kostnað. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

Gjöld, sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, skal færa til eignar í efnahagsreikningi. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

15. gr.

Óefnisleg réttindi skal aðeins telja til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

16. gr.

Færa skal til gjalda og skuldar fjárhæðir sem ætlað er að mæta útgjöldum vegna skýrt skilgreindra skuldbindinga sem varða reikningsárið eða fyrri ár og eru sennilega eða örugglega áfallnar á reikningsskiladegi en óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu.

Skuldbindingum skv. 1. mgr. má eigi jafna á móti eignum og skulu þær ekki nema hærri fjárhæðum en nauðsynlegt er talið.

17. gr.

Gerð skal grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu í ársreikningi eða skýringum með honum.

18. gr.

Hrein velta samanstandur af tekjum af sölu á vörum og þjónustu í reglulegri starfsemi, að frádragnum afslætti og sköttum sem tengjast sölunni beint.

19. gr.

Tekjur og gjöld, sem tengjast ekki reglulegri starfsemi, skal sýna sérstaklega í rekstrarreikningi og greina frá eðli þeirra í skýringum nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða. Sama á við um tekjur og gjöld sem varða önnur reikningsár.

III. KAFLI

Matsreglur.

20. gr.

Eftirfarandi almennar reglur eiga við um einstaka liði ársreiknings:

1. Gera skal ráð fyrir að félagið haldi starfsemi sinni áfram.
2. Matsaðferðum skal beitt með hliðstæðum hætti frá ári til árs.
3. Við mat á einstökum liðum skal gætt tilhlýðilegrar varkárni og skal þannig m.a.:
 - a. aðeins tekjufæra hagnað sem áunninn er fyrir lok reikningsárs;
 - b. taka tillit til allra fyrirsjáanlegra skuldbindinga og tapa sem myndast kunna á reikningsárinu eða vegna fyrri reikningsára, jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn og
 - c. gjaldfæra alla verðmætisryrningu hvort heldur sem hagnaður eða tap er á rekstrinum.
4. Tekjur og gjöld, sem varða reikningsárið, skal færa í ársreikning án tillits til þess hvenær greitt er.
5. Einstaka þætti eigna- og skuldaliða skal meta til verðs hvern fyrir sig.
6. Efnahagsreikningur við upphaf hvers reikningsárs skal samsvara efnahagsreikningi við lok fyrra reikningsárs.

Í undantekningartilvikum má víkja frá ákvæðum 1. mgr. Skal þá geta um frávikin í skýringum í ársreikningi og tilgreina ástæður þeirra, svo og mat á áhrifum þeirra á eignir og skuldir, tekjur og gjöld.

21. gr.

Ef vikið er frá 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. skal hinni nýju aðferð beitt við allt það reikningsár þegar breytingin var gerð. Í skýringum skal geta um heildaráhrif breytingarinnar á fjárhagsstöðu og afkomu félagsins ef breytingin er veruleg.

22. gr.

Fastafjármuni skal eigi meta til eignar við hærra verði en kostnaðarverði eða framreiknuðu kostnaðarverði.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

Framleiðslukostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kostnaðarverði hráefnis og hjálparefna, svo og vinnuafns að viðbættum kostnaðarauka sem beint eða óbeint leiðir af framleiðslu fjármunanna. Til kostnaðarverðs má enn fremur telja eðlilegt hlutfall af útgjöldum sem óbeint tengjast framleiðslunni enda hafi þau fallið til á framleiðslutímanum.

Til kostnaðarverðs má enn fremur telja fjármagnskostnað af lánsfé sem nýtt er til að fjármagna kaup eða framleiðslu varanlegra rekstrarfjármuna á framleiðslutímanum. Ef fjármagnskostnaður er talinn til kostnaðarverðs skal greint frá því í skýringum.

Eignarleigusamningar skulu í samræmi við samningsákvæði og góða reikningsskilavenju færðir í efnahagsreikning ef þeir nema verulegum fjárhæðum.

23. gr.

Varanlegir rekstrarfjármunir, sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, úreldingar, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu afskrifaðir árlega á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma þeirra. Ef þessir fjármunir eru endurmetnir samkvæmt ákvæðum 25. gr. ber að reikna afskriftir af framreiknuðu kostnaðarverði þeirra eins og það er á hverjum tíma.

24. gr.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra skv. 22. eða 23. gr. og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reiknings-skilavenju.

Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reiknings-skiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Slíkar eignir skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Niðurfærslur samkvæmt þessari grein skulu færðar í rekstrarreikning.

Ef eignir hafa verið færðar niður skv. 1. eða 2. mgr. og ástæður verðlækkunarinnar eiga ekki lengur við ber að færa bókfært verð þeirra til fyrra horfs.

Matsbreytingar skv. 1.–3. mgr. skal færa í rekstrarreikning. Ef þær eru ekki sérgreindar í rekstrarreikningnum skal gera grein fyrir þeim í skýringum, enda sé um verulegar fjárhæðir að ræða.

25. gr.

Taka má tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag félaga með eftirtöldum aðferðum:

- a. Heimilt er að leiðrétta liði ársreiknings, þar með talið eigið fé, vegna áhrifa verðbólgu. Slíkar leiðréttingar skulu bæði taka til rekstrarreiknings og efnahagsreiknings.
- b. Ef raunvirði fastafjármuna er verulega hærra en kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi.

Matsbreytingar skv. 1. mgr. skal færa á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Endurmatsreikningi, sem myndaður er skv. a-lið 1. mgr., má aðeins ráðstafa með eftirfarandi hætti:

- a. til hækkunar á hlutfé með útgáfu jöfnunarhlutabréfa;
- b. til að verðbæta lögbundinn varasjóð, að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarbréfum;
- c. til að verðbæta annað eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar;
- d. nú nemur endurmatsreikningur hærri eða lægri fjárhæð en framreikningi á innborguðu eigin fé í samræmi við almennar verðlagsbreytingar og er þá heimilt að færa mismuninn á annað eigið fé;
- e. nú er endurmatsreikningur neikvæður í lok reikningsárs og er þá heimilt að jafna hann á móti öðru eigin fé.

Endurmatsreikning, sem myndaður er skv. b-lið 1. mgr., má aðeins leysa upp ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.

Hreyfingar á endurmatsreikningi á reikningsárinu skal sundurliða í skýringum.

Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

26. gr.

Veltufjármuni skal ekki færa til eignar við hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði ef það er lægra.

Kostnaðarverð veltufjármuna samanstendur af kaupverði og þeim kostnaði sem tengist beint öflun þeirra. Til kostnaðarverðs má enn fremur telja eðlilegt hlutfall af útgjöldum sem tengjast öfluninni óbeint enda hafi útgjöldin fallið til á sama tímabili og eignanna var aflað eða þær voru framleiddar.

27. gr.

Kostnaðarverð vörubirgða er heimilt að ákvarða sem vegið meðalverð allra birgða af sama tagi á grundvelli síðasta innkaupsverðs eða með annarri viðurkenndri aðferð. Vörubirgðir skulu þó aldrei metnar við hærra verði en dagverði.

Ef vörubirgðir eru metnar við dagverði og það er verulega lægra en kostnaðarverð skal gera grein fyrir því í skýringum.

Um framleiðslukostnaðarverð vörubirgða gilda hliðstæðar reglur og getur í 3. mgr. 22. gr. Dreifingarkostnað má ekki telja til framleiðslukostnaðar vörubirgða.

28. gr.

Skammtímakröfur skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að þær muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Ákvæði 3. mgr. og 1. másl. 4. mgr. 24. gr. gilda um þetta eftir því sem við á.

29. gr.

Verðbréf, sem eru ekki ætluð til varanlegrar eignar og skráð eru á opinberu verðbréfaþingi, er heimilt meta við síðasta skráða kaupgengi þrátt fyrir ákvæði 26. gr.

Tilgreina skal í skýringum ef þessu ákvæði er beitt.

30. gr.

Kostnað við stofnun félags eða hækkun hlutafjár má ekki færa til eignar.

31. gr.

Ef kostnaður vegna óefnislegra réttinda, rannsóknna eða þróunar er ekki gjaldfærður strax skal afskrifa hann með kerfisbundnum hætti á tilteknu tímabili, þó ekki á lengri tíma en fimm árum.

Afskriftatímann má þó lengja fram yfir fimm ár enda sé hann ekki lengri en nýtingartími viðkomandi eignar. Gera skal grein fyrir ástæðum þessa í skýringum.

32. gr.

Afföll og lántökukostnað af seldum eða keyptum verðbréfum má færa í efnahagsreikning og skal þá gerð grein fyrir þeim þar eða í skýringum.

Afföllin skulu færð til gjalda eða til tekna með reglubundnum hætti á lánstímanum.

33. gr.

Óverulegar birgðir af rekstrarvörum, hráefnum eða hjálparefnum má eignfæra með fastri fjárhæð enda breytist þær ekki umtalsvert að magni, samsetningu eða verðgildi.

34. gr.

Eigin hlutir skulu færðir til lækkunar á heildarhlutafé. Þó er heimilt að færa eigin hluti, sem keyptir hafa verið á síðustu tveimur reikningsárum, til eignar enda hafi þeirra verið aflað í þeim tilgangi að selja þá aftur.

35. gr.

Í stað þess að færa eignarhluta sinn í dótturfélagi til eignar við kostnaðarverði í samræmi við ákvæði þessa kafla getur móðurfélag fært eignarhlutann samkvæmt hlutdeildaraðferð í samræmi við hlutdeild sína í eigin fé dótturfélagsins. Mismunur á upphaflegu kaupverði eignarhlutans annars vegar og hlutdeildar í eigin fé dótturfélagsins á kaupdegi hins vegar skal enn fremur hafa áhrif á bókfært verð fjárfestingar í dótturfélaginu.

Einnig er heimilt að beita hlutdeildaraðferð við eignfærslu á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum.

IV. KAFLI

Skýringar.

36. gr.

Í skýringum í ársreikningi eða í skýrslu stjórnar, ef hún er hluti ársreiknings, skal a.m.k. veita upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 37.–51. gr., auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

37. gr.

Veita skal upplýsingar um mat á einstökum liðum ársreiknings, þar á meðal þær aðferðir sem beitt er við endurmat og afskriftir fastafjármuna. Ef fjárhæðir í ársreikningi eru byggðar á erlendum gjaldmiðli á reikningsskiladegi skal tilgreina það gengi sem við er miðað.

38. gr.

Tilgreina skal nöfn, heimilisföng og félagsform dótturfélaga og hlutdeildarfélaga. Geta skal hlutdeildar í hverju þeirra fyrir sig og eigin fjár þeirra samtals, svo og rekstrarárangurs síðasta reikningsárs. Ekki er nauðsynlegt að veita þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu eða þær geta valdið félaginu verulegu tjóni enda sé ástæðunnar getið.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. um upplýsingar um eigið fé og rekstrarárangur dóttur- og hlutdeildarfélaga ef:

1. hlutdeildarfélag birtir ekki ársreikning sinn og hlutur félagsins í eigin fé þess er minni en 50%;
2. reikningsskil dótturfélags eru hluti af samstæðureikningi félagsins eða
3. félagið metur eignarhluta sína samkvæmt hlutdeildaraðferð, sbr. 35. gr.

39. gr.

Í skýringum skal tilgreina nöfn, heimilisföng og form félaga með ótakmarkaðri ábyrgð sem félagið er aðili að. Ekki þarf að gefa þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu. Ákvæði 2. mgr. 38. gr. gilda einnig eftir því sem við á.

40. gr.

Ef eignarhlutum í félagi er skipt í flokka skal sérgreina þá og tilgreina fjölda hluta og nafnverð þeirra eða bókfært verð ef nafnverð er ekki fyrir hendi. Í hlutafélögum skal ávallt tilgreina fjölda hluta og nafnverð þeirra.

41. gr.

Hafi félagið tekið skuldabréfalán er veitir lánardrottnum rétt til að breyta kröfum sínum á hendur félaginu í hluti í því skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns, skiptihlutfall og frest þann sem veittur hefur verið til breytingar í hluti.

Hafi skuldabréfalán með rétti til vaxta verið tekið og vaxtakjörin ráðast að nokkru eða öllu leyti af rekstrarárangri félagsins skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns og hina umsömdu ávöxtun.

Sams konar upplýsingar skal veita um hlutdeildarskírteini og önnur sambærileg réttindi eftir því sem við á, m.a. um fjölda þeirra.

42. gr.

Veita skal upplýsingar um þann hluta skulda sem fellur árlega til greiðslu á næstu fimm árum frá lokum reikningsárs annars vegar og hins vegar vegna þess hluta sem fellur til greiðslu síðar.

Hafi félag sett eignir að veði skal veita upplýsingar um fjárhæð veðsetninganna og bókfært verð veðsettra eigna, sundurliðað eftir eignum. Heildartryggingar í þágu dótturfélaga og annarra félaga innan sömu félagasamstæðu skulu tilgreindar sérstaklega.

Veita skal upplýsingar um heildarfjárhæðir lífeyris-, ábyrgðar- og tryggingarskuldbindinga, seld viðskiptabréf og aðrar fjárskuldbindingar sem eru ekki tilfærðar í efnahagsreikningi, að því leyti sem það skiptir máli við mat á fjárhagsstöðu. Hafi félagið gert leigusamninga sem nema verulegum fjárhæðum skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega. Skuldbindingar gagnvart móðurfélagi og dótturfélögum þess skal tilgreina sérstaklega.

43. gr.

Tilgreina skal fjárhæðir lána, svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félags eða móðurfélags þess vegna tengsla þessara aðila við félögin, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við gagnvart einstaklingum, nátengdum þeim sem þar eru taldir.

44. gr.

Upplýsa skal um síðasta opinbert fasteignamat. Sama á við um váttryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna.

45. gr.

Ef hluti af áætluðum hagnaði af langtímaverkefni er innleystur áður en því er að fullu lokið skal þess getið í skýringum og gerð grein fyrir matsreglum. Ef hagnaður af slíku verkefni er ekki tekjufærður fyrr en við verklok skal gera grein fyrir því í skýringum.

46. gr.

Upplýsa skal um skiptingu rekstrartekna eftir starfsþáttum og markaðssvæðum ef þessir þættir og svæði hafa veruleg áhrif í rekstri félagsins.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um félög sem falla undir 1. mgr. 77. gr. Þá má sleppa þessum upplýsingum ef þær geta valdið viðkomandi félagi verulegu tjóni enda sé þess getið í skýringum.

47. gr.

Upplýsa skal um heildarfjárhæð skatta vegna rekstrar á árinu og eigna í lok þess.

Upplýsa skal um skattaleg áhrif af óreglulegum rekstrarliðum.

Upplýsa skal um frestaða skattskuldbindingu vegna mismunar á gjaldfærðum sköttum á reikningsárinu og fyrri árum annars vegar og þeim sköttum sem álagðir eru vegna sömu ára hins vegar nema þessar upplýsingar hafi óverulega þýðingu. Einnig má tilfæra fjárhæðina sem sérstakan skuldalið í efnahagsreikningi.

Leiði sala á eignum félags við bókfærðu verði til skattlagningar umfram þá fjárhæð sem tilgreind er í 3. mgr. skal greina frá því ef fjárhæðin er veruleg.

Upplýsingar skv. 3. og 4. mgr. skulu bera með sér á hvaða liðum ársreiknings skattkvöðin hvílir.

48. gr.

Upplýsa skal um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Þá skulu laun og launa- tengd gjöld sundurliðuð ef það er ekki gert í rekstrarreikningi.

Veita skal upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess.

Greina skal frá samningum, sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun, og tilgreina heildarfjárhæðir.

49. gr.

Eftirfarandi upplýsingar skal veita um eign félags á eigin hlutum:

1. fjölda og nafnverð eigin hluta, svo og hlutfall þeirra af heildarhlutum;
2. fjölda og nafnverð eigin hluta sem hafa verið keyptir eða seldir á reikningsárinu, svo og kaup- og söluverð þeirra og
3. ástæður þess að félagið eignaðist eigin hluti á reikningsárinu.

Sömu upplýsingarnar og taldar eru í 1. mgr. skal veita ef tekið hefur verið veð í eigin hlutum.

Sömu upplýsingar og getið er í 1. og 2. mgr. skal veita um hluti í félagi sem dótturfélag þess hefur eignast eða látið af hendi á reikningsárinu.

50. gr.

Sundurliða skal breytingar á eigin fé félags á reikningsárinu.

51. gr.

Ef félag er dótturfélag skal greina frá nafni og heimili móðurfélags þess og enn fremur hvar afla má samstæðureiknings félaganna.

V. KAFLI

Skýrsla stjórnar.

52. gr.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félags og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt geti skaðað félagið. Ef veruleg óvissa ríkir um einstaka liði í ársreikningi eða ársreikninginn í heild skal veita upplýsingar um slíkt.

Í skýrslunni skal gera grein fyrir tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á síðasta reikningsári.

Í félögum, sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi, skal enn fremur gera grein fyrir samanburði á raunverulegri afkomu félagsins og rekstraráætlun þess hafi hún verið birt opinberlega, ásamt skýringum á helstu frávikum.

Í hlutafélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga a.m.k. 10% hlutafjár félagsins í lok ársins. Ef atkvæðagildi hluta er mismunandi miðað við fjárhæð þeirra skal gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 10% allra atkvæða í félaginu. Við útreikning þennan telst félagasamstæða einn aðili.

Í samvinnufélögum, sameignarfélögum og samlagsfélögum skal upplýsa um fjölda félagsaðila í upphafi og lok reikningsárs og fjölda eigenda að B-hluta stofnsjóðs ef stofnsjóður samvinnufélaga er þannig tvískiptur. Ef atkvæðagildi félagsaðila er mismunandi skal það skýrt.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi móðurfélags skal veita upplýsingar um félagasamstæðuna í heild.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur fjallað um eftir því sem við á:

1. mikilvæg atvik sem orðið hafa eftir lok reikningsársins;
2. framtíðarhorfur félagsins;
3. rannsóknar- og þróunarstarfsemi og
4. útibú félagsins erlendis ef einhver eru.

VI. KAFLI

Samstæðureikningar.

53. gr.

Í samstæðureikningi skal gera grein fyrir samanlögðum eignum og skuldum, tekjum og gjöldum félagasamstæðu í heild. Við gerð reikningsins skulu eftirfarandi liðir falla niður:

1. kröfur og skuldir félaga innan samstæðunnar gagnvart öðrum félögum innan hennar;
2. tekjur og gjöld af gagnkvæmum viðskiptum félaga innan samstæðunnar og
3. óinnleystur hagnaður eða tap af þeim viðskiptum.

54. gr.

Samstæðureikning skal setja upp á skýran hátt í samræmi við lög og góða reiknings-skilavenju.

Samstæðureikningur skal settur þannig fram að samkynja tekjur og gjöld, eignir og skuldir séu lagðar saman.

Í samstæðureikningi skal fella niður fjárfestingu móðurfélags í dótturfélögum á móti hlutfallslegri eign móðurfélagsins í eigin fé þeirra. Hlutdeild eigenda minni hluta í eigin fé dótturfélaga skal birta sem sérstakan lið meðal skulda samstæðunnar nema fjárhæðin sé óveruleg.

55. gr.

Í samstæðureikningi skal mat á sambærilegum eignum og skuldum vera með samræmdum hætti.

Í samstæðureikningi skal meta eignarhluta samstæðunnar í hlutdeildarfélögum samkvæmt hlutdeildaraðferð nema eignarhlutarnir hafi óverulega þýðingu.

56. gr.

Nú rekur félag innan samstæðu starfsemi í sameign með einu eða fleiri félögum og er þá heimilt að innifela hlutdeild samstæðunnar í samrekstrinum í samstæðureikningi. Eignir og skuldir, tekjur og gjöld hins sameiginlega rekstrar skulu þá tekin inn í samstæðureikninginn í hlutfalli við aðild samstæðunnar að rekstrinum.

VII. KAFLI Endurskoðun.

57. gr.

Aðalfundur eða almennur félagsfundur kýs einn eða fleiri endurskoðendur eða skoðunarmenn og varamenn þeirra, eða endurskoðunarfélag, í samræmi við lög þessi og samþykktir félagsins. Í samþykktum má enn fremur fela opinberum eða öðrum aðilum að tilnefna einn eða fleiri endurskoðendur, skoðunarmenn eða endurskoðunarfélag.

Þegar félagsmenn, sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða á aðalfundi þar sem kjósa skal endurskoðendur, endurskoðunarfélag eða skoðunarmenn, krefjast þess skal stjórn félagsins beina þeim tilmælum til viðkomandi félagskrár að hún tilnefni endurskoðanda til að taka þátt í endurskoðunarstörfum með þeim sem kjörnir eru fram til næsta aðalfundar. Telji félagaskráin ástæðu til að verða við þessari ósk skal hún tilnefna endurskoðanda til starfans. Þóknun til hans skal félagið greiða.

58. gr.

Af þeim aðilum, sem kosnir eru til endurskoðunarstarfa, skal a.m.k. einn vera heimilisfastur hér á landi. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki.

Skoðunarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans. Hæfisskilyrði 11. gr. laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, eiga einnig við um skoðunarmenn.

59. gr.

Í félögum, þar sem bundið eigið fé er a.m.k. 50 milljónir króna, skuldir og bundið eigið fé er a.m.k. 100 milljónir króna, rekstrartekjur á ári eru a.m.k. 200 milljónir króna eða starfsmenn (ármenn) eru fleiri en 50, skal kjósa a.m.k. einn endurskoðanda. Þegar ljóst er við stofnun félags eða upphaf rekstrar að einhverjum framangreindum mörkum verði þegar náð skal regla 1. málsl. gilda frá þeim tíma. Annars skal við það miðað að skuldir og bundið eigið fé hafi náð framangreindum mörkum í ársreikningum tveggja síðastliðinna reikningsára eða starfsmenn hafi verið fleiri en 50 tvö síðastliðin reikningsár.

Félög, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Í félögum, þar sem ekki eru lagðar hömlur á viðskipti með eignarhluta, skal kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Samvinnufélög, er hafa B-deild stofnsjóðs, skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Félagsmenn, sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða á fundi þar sem kjósa skal endurskoðendur eða skoðunarmenn, geta á fundinum krafist þess að kosinn verði a.m.k. einn endurskoðandi.

60. gr.

Kjósa skal a.m.k. einn af endurskoðendum eða skoðunarmönnum móðurfélags til að gegna sams konar starfa fyrir dótturfélag ef þess er nokkur kostur.

Ekki má kjósa neinn þann til endurskoðunarstarfa fyrir dótturfélag sem væri ekki hæfur til að gegna sama starfi fyrir móðurfélag.

Endurskoðandi eða skoðunarmaður má hvorki vera skuldugur félaginu eða félögum innan sömu félagasamstæðu né njóta ábyrgða af hálfu þeirra.

61. gr.

Í samþykktum félaga skal kveða á um starfstíma endurskoðanda eða skoðunarmanna. Starfi þeirra lýkur við lok þess aðalfundar þegar kjósa skal þá að nýju. Hafi endurskoðandi eða skoðunarmaður verið kosinn til ótiltekins tíma lýkur starfi hans þegar annar hefur verið kosinn í hans stað. Nú lýkur starfi endurskoðanda eða skoðunarmanns og skal þá tilkynna félagaskrá hvenær hann lætur af starfi. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal þegar í stað senda tilkynningu um starfslok endurskoðanda til verðbréfaþingsins.

Endurskoðendur og skoðunarmenn geta hvenær sem er sagt af sér störfum. Þeir sem kusu þá geta einnig leyst þá frá störfum þótt starfstíma þeirra sé ekki lokið.

Ljúki starfi endurskoðanda eða skoðunarmanns áður en kjörtímabili hans lýkur eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er í hans stað skal stjórn félagsins hlutast til um að nýr endurskoðandi eða skoðunarmaður verði þegar í stað valinn. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal boða til fundar innan viku frá því að endurskoðandi sagði starfi sínu lausu eða var leystur frá störfum þar sem kjósa skal annan endurskoðanda.

Hafi endurskoðandi eða skoðunarmaður sagt starfi sínu lausu eða verið leystur frá störfum skal hann veita þeim er kosinn er í hans stað upplýsingar um hverjar hann telur vera ástæður starfslokanna.

62. gr.

Ef endurskoðandi eða skoðunarmaður er ekki valinn, kjör hans brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins eða hann uppfyllir ekki lengur hæfisskilyrði laganna skal félagaskrá tilnefna endurskoðanda eða skoðunarmann að ósk stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða félagsaðila.

Hafi félagsfundur ekki orðið við kröfu um að kjósa endurskoðanda skv. 4. mgr. 59. gr. tilnefnir félagaskrá endurskoðanda að ósk félagsmanns. Tilmælin skulu borin fram innan mánaðar frá því að félagsfundur var haldinn.

Tilnefning endurskoðanda eða skoðunarmanns samkvæmt þessari grein gildir uns endurskoðandi eða skoðunarmaður hefur verið kosinn.

63. gr.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu endurskoða ársreikninginn í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Í móðurfélögum skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn jafnframt endurskoða samstæðureikninginn.

Ef endurskoðendur eða skoðunarmenn verða þess varir að stjórnendur félags hafi í störfum sínum fyrir það ekki farið að lögum, þannig að það geti haft í för með sér ábyrgð fyrir þá eða félagið, eða brotið gegn félagssamþykktum skulu þeir gera aðalfundi grein fyrir því.

Ef kosinn er endurskoðandi eða endurskoðunarfélag jafnframt félagskjörnum skoðunarmönnum skal sú verkaskipting ríkja milli þeirra að endurskoðandinn annast endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við 1. mgr. en skoðunarmenn skulu fylgjast með því að farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum á reikningsárinu.

Endurskoðandi eða skoðunarmaður skal verða við tilmælum félagsfundar um endurskoðunina ef þau eru ekki andstæð lögum, félagssamþykktum eða góðri endurskoðunarvenju.

64. gr.

Stjórn félags og framkvæmdastjóri skulu koma á framfæri við endurskoðendur eða skoðunarmenn þeim upplýsingum og gögnum sem þeir telja að hafi þýðingu vegna endurskoðunarinnar. Stjórnendur dótturfélags hafa sömu skyldum að gegna gagnvart endurskoðendum og skoðunarmönnum móðurfélags.

Stjórn félags og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum og skoðunarmönnum þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem endurskoðendur eða skoðunarmenn telja nauðsynlega vegna starfa síns. Stjórnendur dótturfélags hafa sömu skyldum að gegna gagnvart endurskoðendum og skoðunarmönnum móðurfélags.

65. gr.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og enn fremur samstæðureikning ef hann er saminn og skal áritunin fylgja ársreikningnum.

Í árituninni skal koma fram að ársreikningurinn eða samstæðureikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram álit endurskoðenda eða skoðunarmanna á því hvort ársreikningurinn eða samstæðureikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga, samþykkt félagsins og góða reikningsskilavenju, svo og greinargerð um niðurstöðu endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur eða skoðunarmenn telja að ekki beri að samþykka ársreikninginn skulu þeir taka það fram sérstaklega.

Ef skýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar, sem þar ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikninginn skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn vekja athygli á því í áritun sinni.

66. gr.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur eða skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók eða færa fram skriflega á annan hátt. Stjórnin skal varðveita gögn þessi á öruggan hátt.

67. gr.

Endurskoðendur og skoðunarmenn eiga rétt á að sitja félagsfundi. Þá skulu þeir sitja fundi ef félagsstjórn eða framkvæmdastjóri, einstakir stjórnarmenn eða félagsaðilar fara þess á leit. Í félögum, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skulu endurskoðendur sitja aðalfundi.

Á aðalfundi skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn svara fyrirspurnum um ársreikning þann sem til umfjöllunar er og þeir hafa áritað.

Enn fremur eiga endurskoðendur og skoðunarmenn rétt á að sitja stjórnarfundi þegar fjallað er um reikningsskil sem þeir hafa áritað. Þá skulu þeir sitja stjórnarfundi ef a.m.k. einn stjórnarmaður fer þess á leit.

68. gr.

Endurskoðendum, skoðunarmönnum og samstarfsmönnum þeirra er óheimilt að veita einstökum félagsaðilum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

VIII. KAFLI

Birting ársreiknings.

69. gr.

Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda félagaskrá ársreikning eða samstæðureikning ásamt skýrslu

stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur. Ársreikninga félaga, sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfabingi, skal þó senda þegar í stað eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ef samþykkt á ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps kemur ekki fram í ársreikningnum eða skýrslu stjórnar skal enn fremur senda staðfest endurrit úr gerðabók aðalfundarins þar sem greint er frá ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fara ekki fram úr stærðarmörkunum í 1. mgr. 6. gr., heimilt að senda félagaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum. Heimild þessi nær þó ekki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfabingi og heldur ekki til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluta sína.

Félagaskrá skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru samkvæmt þessari grein.

70. gr.

Ársreikninga dótturfélaga, sem haldið er utan samstæðureiknings samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 5. gr., skal senda félagaskrá með ársreikningi eða samstæðureikningi móðurfélags.

71. gr.

Sameignarfélög og samlagsfélög, sem tilgreind eru í 2. gr., skulu senda félagaskrá tilkynningu um nafn, heimilisfang, félagsform og atvinnugrein sína samtímis því að þau senda henni í fyrsta sinn birtingarskyld gögn skv. 69. gr.

Sameignarfélög og samlagsfélög, sem nýta sér undanþáguheimildir 75. eða 76. gr., skulu veita upplýsingar um nöfn og heimilisföng þeirra félaga sem semja ársreikninga þeirra eða innifela þá í samstæðureikningum sínum ef eftir því er leitað.

72. gr.

Ef félag birtir ársreikning sinn eða samstæðureikning í heild skal hann vera í sama formi og hann var samþykktur á aðalfundi með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Ef áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna er ekki fyrirvaralaus skal vakin athygli á því og ástæður þess tilgreindar.

Nú er ársreikningur eða samstæðureikningur ekki birtur í heild og skal þá koma fram með ótvíræðum hætti að hann sé samandreginn. Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna þarf ekki að fylgja með samandreginni útgáfu en koma skal fram ef áritunin var ekki fyrirvaralaus og ástæður þess tilgreindar.

73. gr.

Útibússtjórar í útibúum erlendra félaga, sem skráð eru hjá félagaskrá, skulu í síðasta lagi átta mánuðum eftir lok reikningsárs senda staðfest endurrit ársreiknings eða samstæðureiknings félagsins til félagaskrár ásamt reikningsskilum útibúsins.

Reikningar, sem sendir eru félagaskrá skv. 1. mgr., skulu vera í sama formi og ber að birta þá samkvæmt gildandi reglum í heimaríki félagsins.

Ársreikninga fyrir erlent félag, sem lýtur löggjöf EES-ríkis, má senda félagaskrá óendurskoðaða ef slíkt samræmist löggjöf í heimaríki félagsins.

Félagaskrá skal veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru samkvæmt þessari grein.

74. gr.

Í stað þess að senda félagaskrá ársreikning sinn getur erlent dótturfélag, sem rekur útibú hér á landi og lýtur löggjöf annars EES-ríkis, sent félagaskrá samstæðureikning móðurfélags síns ef:

1. móðurfélagið lýtur löggjöf EES-ríkis;
2. allir félagsaðilar hafa samþykkt þessa aðferð;
3. móðurfélagið ábyrgist skuldbindingar félagsins;
4. reikningar félagsins og dótturfélaga þess eru teknir með í samstæðureikningi móðurfélagsins í samræmi við ákvæði laga þessara um samstæðureikninga;
5. getið er um reikningsskilaaðferðir við gerð samstæðureikningsins og
6. samstæðureikningurinn ásamt skýrslu stjórnar og áritun endurskoðenda er sendur félagaskrá ásamt staðfestingu á því sem tilgreint er í 2. og 3. tölul.

Í stað þess að senda félagaskrá ársreikninga sína geta önnur erlend félög sent henni samstæðureikning móðurfélaga sinna ef það samræmist þeirri löggjöf sem um þau gildir og

1. skilyrði 2., 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. eru uppfyllt og
2. félagaskrá telur að samstæðureikningarnir séu gerðir í samræmi við ákvæði laga þessara.

Tilkynning skv. 2. tölul. 1. mgr. skal send fyrir hvert reikningsár. Yfirlýsing um efni 3. tölul. 1. mgr. gildir uns hún hefur verið afturkölluð.

75. gr.

Sameignarfélag eða samlagsfélag, sem tilgreint er í 2. gr., þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef a.m.k. einn af félagsaðilum þess er heimilisfastur hér á landi, semur ársreikning fyrir félagið og lætur endurskoða hann og senda skránni ásamt sínum eigin ársreikningi.

Félag, sem um ræðir í 1. mgr. þar sem enginn félagsaðili er heimilisfastur hér á landi, þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef einhver félagsaðili þess:

1. lýtur löggjöf EES-ríkis;
2. semur ársreikning fyrir félagið og lætur endurskoða hann samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar og
3. sendir félagaskrá ársreikninginn innan þeirra tímamarka, sem greinir í 1. mgr. 69. gr., ásamt sínum eigin ársreikningi eða opinbera staðfestingu á að ársreikningar félagsins hafi verið birtir í samræmi við löggjöfina sem nefnd er í 1. tölul.

Félagsaðili getur haft ársreikning skv. 1. mgr. sem hluta af eigin ársskýrslu.

76. gr.

Sameignarfélag eða samlagsfélag, sem tilgreint er í 2. gr., þarf ekki að senda félagaskrá ársreikning sinn ef hann er hluti af samstæðureikningi félagsaðila sem saminn er og endurskoðaður í samræmi við ákvæði laga þessara og sendur félagaskrá.

Ákvæði 1. mgr. eiga enn fremur við ef ársreikningur félags er hluti af samstæðureikningi móðurfélags þess félagsaðila sem ekki er skylt að senda félagaskrá samstæðureikning sinn, sbr. 4. gr.

Í samstæðureikningum þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. skal geta þess í skýringum ef félag skv. 2. gr. sendir félagaskrá ekki ársreikning sinn.

Innan tímamarka 1. mgr. 69. gr. skal senda félagaskrá samstæðureikninga skv. 1. og 2. mgr. eða staðfestingu opinbers aðila á að ársreikningur hafi verið saminn og birtur í samræmi við ákvæði 1. mgr.

77. gr.

Þegar sérstakar samkeppniaðstæður mæla með því geta félög, sem á reikningsskiladegi fara ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum, sent félagaskrá samandreginn rekstrarreikning, samkvæmt nánari reglum sem fjármálaráðherra setur:

1. eignir nema samtals 500 milljónum kr.;
2. rekstrartekjur nema samtals 1.000 milljónum kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 250.

Heimildinni til þess að beita ákvæði 1. mgr. má aðeins breyta ef félag hefur á reikningsskiladegi farið fram úr eða fer ekki lengur fram úr tvennum af þeim mörkum, sem nefnd eru í 1. mgr., tvö reikningsár í röð.

78. gr.

Félagaskrá skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórnar í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði þessara laga. Hún getur krafist þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

IX. KAFLI

Reikningsskilaráð og góð reikningsskilavenja.

79. gr.

Ráðherra skal skipa fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, annar af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, þriðji af Verslunarráði Íslands, sá fjórði skal vera ríkisendurskoðandi en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann reikningsskilaráðs úr hópi nefndarmanna.

80. gr.

Reikningsskilaráð skal stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðið skal gefa álit á því hvað telst góð reikningsskilavenja á hverjum tíma. Reikningsskilaráð skal árlega auglýsa í Lögbirtingablaðinu skrá yfir útgefnar reglur og álit.

Ráðið skal starfa í nánú samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og hagsmunaaðila. Það getur einnig verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum um reikningsskil.

81. gr.

Ráðherra ákveður skiptingu kostnaðar við störf reikningsskilaráðs að höfðu samráði við tilnefningaraðila.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

82. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um uppsetningu ársreikninga og samstæðureikninga, óstyttra og samandreginna, svo og um skil á þeim og birtingu þeirra.

Viðmiðunarmörkin í 1. og 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. og 1. og 2. tölul. 6. gr., svo og 59. gr. og 77. gr., eru grunnfjárhæðir sem miðast við gengi í ECU 1. janúar 1995. Ráðherra er heimilt að breyta þessum fjárhæðum til samræmis við breytingar á 4. tilskipun ESB eða ef verulegar breytingar verða á gengi ECU.

83. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

84. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og skulu gilda um ársreikninga og samstæðu-reikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst frá og með þeim tíma.

85. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög:

- a. Í stað orðsins „endurskoðendur“ í lok 6. gr. kemur: endurskoðendur eða skoðunarmenn.
- b. Í stað orðanna „skoðunarmanna (og endurskoðanda)“ í 1. mgr. 21. gr. kemur: skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna.
- c. IX. kafli fellur brott og breytast kaflanúmer samkvæmt því.
- d. 68.–76. gr. falla brott og breytast greinatölur samkvæmt því.
- e. Fyrirsögn X. kafla verður: **Sérstakar rannsóknir.**
- f. 2. mgr. 77. gr. orðast svo:

Ákvæði laga um ársreikninga, hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um bókhald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Bókhaldsskylda.

1. gr.

Eftirtaldir aðilar eru bókhaldsskyldir:

1. hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila;
2. samvinnufélög og samvinnusambönd, gagnkvæm váttrygginga- og ábyrgðarfélög og önnur félög með breytilegan höfuðstól og breytilega félagatölu;
3. sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna;
4. bankar, sparisjóðir, verðbréfasjóðir og -fyrirtæki sem falla ekki undir aðra tölulíði þessarar greinar;

5. hvers konar fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis eða sveitarfélaga sem stunda atvinnurekstur;
6. þrotabú og önnur bú sem eru undir skiptum ef þau stunda atvinnurekstur;
7. hvers konar önnur félög, sjóðir og stofnanir sem stunda atvinnurekstur eða hafa á hendi fjáröflun eða fjárvörslu;
8. hver sá einstaklingur sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Þegar tveir eða fleiri aðilar standa saman að afmörkuðum rekstri í tengslum við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að færa sameiginlegt bókhald um samreksturinn. Niðurstöður sameiginlega bókhaldsins skulu færðar sundurliðaðar á viðeigandi reikninga í bókhaldi hvers samrekstraraðila að réttu tiltölu svo oft sem þurfa þykir.

2. gr.

Þeir sem skyldir eru að færa bókhald skv. 1. gr. skulu halda tvíhliða bókhald, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Undanþegnir skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru þeir einstaklingar sem nota ekki meira aðkeypt vinnuafli við starfsemi sína en sem svarar einum starfsmanni að jafnaði og stunda eftirtalda starfsemi:

1. útgerð á bátum undir 10 rúmlestum;
2. verkun sjávarafla ef meiri hluti sölu hans fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;
3. búrekstur ef meiri hluti sölu afurða fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis;
4. akstur leigu-, sendi-, vöru- og fólksflutningabifreiða, svo og rekstur vinnuvéla;
5. iðnað, þar með talda viðgerðarstarfsemi;
6. þjónustu þar sem fyrst og fremst er seld vinna eða fagleg þekking og ekki er um fjárvörslu að ræða í tengslum við selda þjónustu.

Undanþegin skyldu til að færa tvíhliða bókhald eru enn fremur félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 7. tölul. 1. gr., sem stunda ekki atvinnurekstur ef tekjur þeirra eru eingöngu framlög sem innheimt eru hjá félagsaðilum og ganga til greiðslu á sameiginlegum útgjöldum, þar með töldu aðkeyptu vinnuafli sem svarar til allt að einum starfsmanni að jafnaði.

Ef aðili er skyldur til að halda tvíhliða bókhald vegna einhvers þáttar starfsemi sinnar skal það eiga við um allan atvinnurekstur hans.

Þeir bókhaldsskyldir aðilar, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald samkvæmt þessari grein, skulu færa þær bækur sem greinir í 5. mgr. 10. gr.

4. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu á skýran og aðgengilegan hátt og semja ársreikninga í samræmi við lög, reglugerðir og góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

5. gr.

Stjórnendur þeirra félaga, sjóða og stofnana, sem um ræðir í 1.–7. tölul. 1. gr., og þeir sem ábyrgð bera á starfsemi skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., sbr. og 2. mgr. 1. gr., skulu sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum laga þessara og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt.

II. KAFLI**Bókhald.***Almenn ákvæði um bókhald.*

6. gr.

Bókhaldi skal haga þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Það skal veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag sem þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast og nauðsynlegar eru til að meta megi tekjur og gjöld, eignir og skuldir.

Bókhaldið skal með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfseminnar vera í samræmi við góða bókhalds- og reikningsskilavenju eins og hún er á hverjum tíma, svo og ákvæði laga og reglugerða.

7. gr.

Tvíhliða bókhald skal skipuleggja með tilliti til umfangs rekstrar og eðlis starfsemi.

Skrifleg lýsing á skipulagi og uppbyggingu bókhaldskerfis skal liggja fyrir og m.a. veita upplýsingar um tölvukerfi og tölvubúnað, tengsl við aðrar tölvur og hlutverk þeirra. Ef sjálfvirkri tölvuúrvinnslu er beitt í bókhaldi skal á sama hátt liggja fyrir lýsing á henni á þann hátt að unnt sé án erfiðleika að fylgja eftir og hafa eftirlit með meðferð hvers liðar. Reikningar bókhaldsins skulu sérstaklega tilgreindir og notkun þeirra greinilega afmörkuð, svo og lýsing á tekjuskráningu.

Bókhaldið skal þannig skipulagt að auðvelt sé að rekja sig frá frumgögnum til færslna í bókhaldi, svo og frá færslum í bókhaldi til frumgagna, og milli niðurstöðu úr bókhaldi og ársreiknings. Jafnframt skal skipulag og stjórnun bókhaldsins við það miðuð að tryggja vörslu bókhaldsgagna og eðlilegt innra eftirlit. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og haft er að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljótist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Ráðherra getur sett reglur um lágmarkskröfur sem gerðar eru til bókhaldskerfa fyrir tölvur og mælt fyrir um að þau skuli hljóta opinbera viðurkenningu áður en notkun þeirra er heimiluð.

8. gr.

Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skulu fela í sér upplýsingar sem nægja til réttmætrar skráningar í bókhaldið.

Með ytri frumgögnum er átt við gögn frá þeim sem viðskipti eru gerð við, svo sem reikning, afreikning, greiðsluseðil, gíróseðil, greiðslukvittun, samning, myndrit, skeyti eða önnur jafngild frumgögn. Þessi gögn skulu bera með sér, eftir því sem við á, auðkenni útgefanda og viðtakanda og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að sannreyna megi viðskiptin.

Með innri frumgögnum er átt við gögn sem verða til hjá hinum bókhaldsskylda sjálfum, svo sem samrit reikninga, afreikninga, greiðsluseðla, gíróseðla, greiðslukvittana, samninga eða skeyta, svo og öll önnur gögn sem gerð eru til að skrá hreyfingar eða millifærslur innan bókhaldsins sjálfs.

Ávallt skal vera unnt að kalla fram og prenta þau skjöl sem liggja til grundvallar færslum í bókhaldi þegar um er að ræða sendingar milli tölva.

9. gr.

Í bókhaldi skal skrá viðskipti jafnskjótt og þau fara fram enda sé það í samræmi við góða bókhaldsvenju. Önnur atvik skulu skráð svo fljótt sem unnt er eftir að þau eiga sér stað.

Færslur, sem eingöngu byggjast á skjölum sem flutt eru milli tölvukerfa, skulu skráðar í bókhaldið jafntryggilega og aðrar færslur.

Færslur í bókhaldi skulu vera í skipulegri númeraröð, endurspeglar að jafnaði rétta tíma-
röð viðskipta og annarra færslutilefna og gefa skýra mynd af því sem þeim er ætlað að lýsa.

Færslurnar skulu vísa til viðeigandi frumgagna og geyma skýrar upplýsingar um efni viðskipta eða annarra atvika, reikningsheiti og dagsetningu.

Bókhaldsbækur og reikningaskipan.

10. gr.

Bókhaldsbækur skulu færðar á varanlegan hátt í skipulögðu og öruggu bóka-, korta-, lausblaða- eða tölvukerfi.

Bókhald þeirra aðila, sem skyldir eru til að halda tvíhliða bókhald, skal samanstanda af:

1. dagbók þar sem allar færslur koma fram í færsluröð;
2. hreyfingalista þar sem allar færslur dagbók hafa verið flokkaðar á viðeigandi bókhaldsreikninga, sbr. þó 6. mgr.;
3. aðalbók þar sem fram kemur staða hvers einstaks bókhaldsreiknings, sbr. 12. gr.;
4. ársreikningi, sbr. 22. gr.

Bækur skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. nefnast einu nafni fjárhagsbókhald.

Í bókhaldi aðila skv. 2. mgr. skulu vera eftir því sem við á:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;
2. viðskiptamannabókhald, sbr. 15. gr.

Í bókhaldi þeirra aðila, sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skv. 3. gr., skulu vera:

1. sjóðbók fyrir innborganir í sjóð og útborganir úr honum, sbr. 13. gr.;
2. sundurliðunarbók, sbr. 14. gr.;
3. ársreikningur, sbr. 22. gr.

Í handfærðu bókhaldi eru kröfur skv. 2. tölul. 2. mgr. uppfylltar með færslu á viðeigandi bókhaldsreikninga í dagbók, sbr. 1. tölul. 2. mgr. Heimilt er að sameina sjóðbók og dagbók sem nefnist þá sjóðsdagbók. Sjóðbók og sjóðsdagbók skulu vera fyrir fram innbundnar og blaðsíðurnar tölusettar en færi aðili bæði sjóðbók og sjóðsdagbók má hin síðarnefnda vera lausblaðabók. Í handfærðu bókhaldi skal aðalbók vera fyrir fram innbundin og blaðsíðurnar tölusettar og færa má ársreikninginn í aðalbókina.

Bókhaldsbækurnar skulu vera til staðar hér á landi. Skal texti þeirra vera á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum.

11. gr.

Að jafnaði skal haga reikningaskipan í bókhaldinu þannig að færðir séu hreinir eignag- og skulda-, gjalda- og teknareikningar. Færa skal þá reikninga í bókhaldinu sem nauðsynlegt er til að eðlileg sundurliðun náist með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

Í stað sundurliðunar á skylda reikninga er heimilt að halda einn eða fáa reikninga í fjárhagsbókhaldinu en sundurliða þá í sérstöku undirkerfi. Slík undirkerfi skulu tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran og öruggan hátt um tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi. Færslur, sem eiga uppruna sinn í slíkum undirkerfum, skulu færast í sérstaka dagbók og berast til fjárhagsbókhalds með reglubundnum og öruggum hætti. Við færslu í undirkerfi skal ætíð vísað til grunnagna.

Eftir því sem aðstæður leyfa skal haga reikningaskipan þannig að nægilegt innra eftirlit skapist.

12. gr.

Í aðalbók skal koma fram staða hvers einstaks bókhaldsreiknings í lok hvers bókhaldstímabils í samræmi við hreyfingalista eða dagbók í handfærðu bókhaldi. Samtölur aðalbókar skulu hverju sinni innifela allar færslur sem fram að því hafa verið gerðar á reikningsárinu.

13. gr.

Í sjóðbók skal færa allar innborganir í sjóð og útborganir úr honum á þann hátt að auðvelt sé að bera saman sjóðseign og niðurstöðu sjóðbókar í lok starfsdags eða vinnulotu, allt eftir tegund starfsemi.

Hver greiðsla færist sérstaklega. Þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Enn fremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og færslu sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina og skal í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslum. Undirbækur sjóðbókar mega vera lausblaðabækur.

Falla má frá færslu í sjóðbók þegar fyrir liggur annað jafnöruggt skráningarkerfi innborgana og útborgana.

14. gr.

Þeir sem eru undanþegnir skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða viðskipti sín í sérstaka bók, sundurliðunarbók, þar sem hreyfingar ársins á eignum og skuldum, tekjum og gjöldum eru flokkaðar eftir tegundum. Heimilt er að færa í einu lagi niðurstöðutölur undirbóka bókhaldsins, þar með taldar samanlagðar niðurstöður af útgefnum reikningum á bókhaldstímabilinu. Í lok hvers bókhaldstímabils skal stemma hreyfingar á handbæru fé á tímabilinu af við færslur í sundurliðunarbókina með því að taka tillit til útistandandi krafna og ógreiddra reikninga við upphaf og lok bókhaldstímabilsins.

Niðurstöður sundurliðunarbókar skal vera unnt að rekja til ársreiknings.

15. gr.

Í fjárhagsbókhaldi eða sérstöku viðskiptamannabókhaldi, sem tengist fjárhagsbókhaldinu, skal hafa reikninga yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau sem hönd selur hendi. Þó er heimilt að sameina óveruleg viðskipti á einn eða fáa reikninga.

Ef notað er sérstakt viðskiptamannabókhald sem undirkerfi fjárhagsbókhalds skal það uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Viðskiptamannabókhald skal tengjast fjárhagsbókhaldinu á skýran hátt um sérstaka tiltekna reikninga sem eru ekki nýttir í öðrum tilgangi.
2. Í viðskiptamannabókhaldi skal á hverjum tíma vera unnt að kalla fram stöðu viðskiptamannareikninga hvers um sig og í heild. Samtöluna skal vera unnt að rekja til tiltekinnna reikninga í fjárhagsbókhaldi, sbr. 1. tölul.
3. Færslur á viðskiptamannareikninga skulu berast milli fjárhagsbókhalds og viðskiptamannabókhalds með reglulegum og öruggum hætti.
4. Þegar færslur eiga uppruna sinn í viðskiptamannabókhaldi skal færð dagbók um þær færslur með sama hætti og í fjárhagsbókhaldi.
5. Við færslur í viðskiptamannabókhald skal ætíð vísað til grunngagna.

16. gr.

Í lok hvers reikningsárs skal telja vörubirgðir og reikna út verðmæti þeirra. Á vörutalningarlistum eða í vörutalningarbókum skal koma fram heiti, magn, einingarverð og útreiknað verðmæti hversrar einstakrar vörutegundar ásamt samtölu. Vörutalningarlista og vörutalningarbækur skulu talningarmenn undirrita.

Þeir sem nota stöðugt birgðabókhald eru ekki bundnir af ákvæðum 1. mgr. enda er þá gert ráð fyrir skipulegum talningum og að birgðaskrár séu leiðréttar með reglubundnum hætti.

Ef birgðir eru verðlagðar á söluverði skal á skýran og aðgengilegan hátt koma fram hvornig kostnaðarverð er reiknað.

17. gr.

Tekjuskráning bókhaldsskyldra aðila skal byggjast á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna að allar tekjur komi fram. Öruggt kerfi í þessu sambandi teljast m.a. reikningar, afreikningar og gíröseðlar, enda séu þessi gögn í öruggu skipulegu númerakerfi, og sjóðvélar sem notaðar eru við sölu á vörum og þjónustu í smásölu, svo og önnur sambærileg og örugg kerfi til tekjuskráningar, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í öðrum lögum.

18. gr.

Sjóðbók, sjóðsdagbók og dagbók í handfærðu bókhaldi skal lokað reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Niðurstöður einstakra reikninga skulu þá færðar í aðalbók. Færslu í aðalbók skal að jafnaði vera lokið eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers bókhaldstímabils.

Þeir sem undanþegnir eru skyldu til að halda tvíhliða bókhald skulu sundurliða færslur sínar í sundurliðunarbók eftir því sem þörf er á og eigi sjaldnar en í lok reikningsárs.

Við gerð ársreikninga skal fara fram nákvæm og fullkomin lokun á öllum bókhaldsbókum.

Samræmi skal vera milli fjárhæðanna í ársreikningi og í aðalbókinni.

Fylgiskjöl og geymsla bókhaldsgagna.

19. gr.

Fylgiskjöl með bókhaldinu skal tölusetja á reglubundinn hátt og til þeirra vísa við innfærslur í bækurnar. Þau skulu geymd í samfelldri töluröð.

Hverjum bókhaldsskyldum aðila er skylt að geyma með skipulögðum hætti öll bréf, myndrit og skeyti er honum berast og hafa þýðingu í rekstri hans. Enn fremur skal halda eftir samritum af öllum þeim bréfum, myndritum og skeytum er hann sendir öðrum og hafa þýðingu í rekstri hans.

20. gr.

Allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt bókhaldsgögnum og fylgiskjöllum, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í tölvutæku formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skulu varðveittar hér á landi á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

Ef tölvubúnaði, sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn, er breytt eða fargað ber að prenta gögnin í upprunalegu formi eða yfirfæra á nýjan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.

Ársreikning skal ætíð varðveita í 25 ár.

21. gr.

Allt, sem fært er í bækur eða á reikninga, skal vera skýrt og læsilegt með varanlegu lettri. Eigi má eyða eða gera á annan hátt ólæsilegt það sem eitt sinn hefur verið í þær fært þótt fyrst hafi verið misfært af vangá. Þurfi að gera breytingu á færslu skal það gert með annarri færslu eða þannig að hin ranga færsla verði læsileg að leiðréttingu lokinni.

Leiðrétting á rangri færslu skal gerð með sérstöku fylgiskjali þar sem fram komi hvaða færslu er verið að leiðrétta og hvers vegna.

III. KAFLI

Ársreikningur.*Reikningsár og undirritun.*

22. gr.

Þeir sem bókhaldsskyldir eru skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár samkvæmt lögum þessum enda séu ekki gerðar strangari kröfur í öðrum lögum. Ársreikningurinn skal a.m.k. hafa að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á. Ársreikningurinn skal mynda eina heild.

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir. Við upphaf rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, þó aldrei lengra en átján mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum.

Ársreikningurinn skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsársins. Hann skal undirritaður af þeim sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 5. gr.

Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikninginn, mótbúrur fram að færa gegn honum skal hann undirrita reikninginn með árituðum fyrirvara. Koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Efnahagsreikningar og rekstrarreikningar.

23. gr.

Í efnahagsreikningi skal á kerfisbundinn hátt tilgreina eignir, skuldir og eigið fé hlutaðeiganda í lok reikningsársins. Reikningurinn skal þannig sundurliðaður að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í árslok í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Í rekstrarreikningi skal á kerfisbundinn hátt sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu í samræmi við góða reikningsskilavenju.

24. gr.

Rekstrarreikningar og efnahagsreikningar skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Ef gerðar eru breytingar skulu þær tilgreindar í skýringum.

Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.

Í ársreikningi skulu fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

25. gr.

Tekjur skulu að jafnaði færðar í rekstrarreikning þess árs þegar til þeirra er unnið og gjöld þegar til þeirra er stofnað.

26. gr.

Óefnisleg réttindi skal aðeins telja til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Sama á við um rannsóknar- og þróunarkostnað.

27. gr.

Gerð skal grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu í ársreikningnum eða skýringum.

Mat eigna.

28. gr.

Í efnahagsreikningi ber að tilgreina peningalegar eignir og skuldir með þeirri fjárhæð er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Varanlegir rekstrarfjármunir skulu að jafnaði tilgreindir á kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum. Sé frá þessu vikið skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði, sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim, fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

Vörubirgðir má eigi telja til eignar á herra verði en kostnaðarverði eða dagverði ef það er lægra. Kostnaðarverð vörubirgða er heimilt að ákvarða sem vegið meðalverð allra birgða af sama tagi á grundvelli síðasta innkaupsverðs eða með annarri viðurkenndri aðferð.

Ef gerðar eru verulegar breytingar á mati eigna eða skulda frá síðasta efnahagsreikningi skal ársreikningurinn bera það greinilega með sér.

29. gr.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Heimilt er að meta áhættufjármuni og langtímakröfur til markaðsverðs á reikningsskiladegi ef það er lægra en bókfært verð. Slíkar eignir skulu sæta niðurfærslu ef þess gerist sérstök þörf, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum.

Matsbreytingar samkvæmt þessari grein skal færa í rekstrarreikning.

30. gr.

Taka má tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag starfseminnar í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

Skýringar.

31. gr.

Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísan til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki greinilega fram þar:

1. breytingar á varanlegum rekstrarfjármunum á árinu;
2. opinbert mat á eignunum ef það liggur fyrir;
3. nafnverð eignarhluta í félögum;
4. hreyfingar á eiginfjárreikningum;
5. veðsetningu eigna og ábyrgðir;
6. önnur þau atriði sem máli skipta við mat á rekstri og efnahag og ekki koma annars staðar fram.

Skoðun reikninga.

32. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar, sem falla ekki undir ákvæði laga um ársreikninga, geta á aðalfundi eða félagsfundi kosið einn eða fleiri skoðunarmenn ársreikninga og varamenn þeirra. Skoðunarmenn geta verið úr hópi félagsmanna en mega ekki sitja í stjórn félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það.

Skoðunarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 11. gr. laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur. Uppfylli skoðunarmaður ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er til að koma í hans stað skal stjórn félagsins annast um að valinn verði nýr skoðunarmaður eins fljótt og unnt er og skal hann gegna því starfi þar til kosning getur farið fram.

Ef félag kýs endurskoðanda í stað skoðunarmanns skulu ákvæði laga um löggilta endurskoðendur eiga við um starf hans.

33. gr.

Skoðunarmenn skulu hvenær sem er hafa aðgang að bókhaldi til að gera þær athuganir og kannanir sem þeir telja nauðsynlegar. Þá skal stjórn sjá til þess að skoðunarmenn fái þau gögn, upplýsingar og aðstoð sem þeir álíta nauðsynleg.

34. gr.

Með áritun sinni á ársreikning skulu skoðunarmenn staðfesta að þeir hafi yfirfarið hann. Þar skal koma fram að eignir þær og skuldir, sem tilgreindar eru í efnahagsreikningi, séu fyrir hendi og að breytingar á eigin fé séu í samræmi við bókhaldið. Þá skulu skoðunarmenn ganga úr skugga um að á reikningsárinu hafi verið farið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum. Telji skoðunarmaður að svo hafi ekki verið skal hann árita ársreikninginn með viðeigandi athugasemdum.

Ef skoðunarmaður telur að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrslu stjórnar eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef hann telur að fyrir liggja atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal hann vekja athygli á því í áritun sinni. Áritun skoðunarmanns telst hluti ársreiknings og skal varðveitt ásamt honum.

35. gr.

Skoðunarmenn eiga rétt á að sitja fundi þar sem fjallað er um ársreikninga.

Skoðunarmönnum er óheimilt að gefa einstökum félagsaðilum eða öðrum upplýsingar um hag félags.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

36. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um bókhaldsskyldu, undanþágu frá færslu tvíhliða bókhalds, skipulag bókhalds, bókhaldsgögn og notkun tölva við færslu bókhalds og geymslu gagna.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 51/1968, um bókhald, með síðari breytingum. Hjá þeim sem hafa annað reikningsár en alm-

anaksárið koma lög þessi þó ekki til framkvæmda fyrr en við upphaf fyrsta reikningsárs sem hefst eftir 1. janúar 1995.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

AUGLÝSING

**um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 19. kafla: Vöruliður 1902 orðist svo:

	A	E
.....		
1902		
Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravióli, kannellóni; couscous, einnig unnið:		
– Ósoðin pasta, ekki fyllt eða unnin á annan hátt:		
1902.1100 -- Með eggjainnihaldi		0
1902.1900 -- Annað		0
– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:		
--- Með fiski, krabbadýrum, lindýrum og öðrum sjávar- eða vatnahryggleysingjum:		
1902.2011 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd		0
1902.2019 ---- Annars		0
--- Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því:		
1902.2021 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því		0
1902.2022 ---- Sem inniheldur 3%, til og með 20%, miðað við þyngd af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því		0
1902.2029 ---- Annars		0
--- Fyllt með osti:		
1902.2031 ---- Sem inniheldur meira en 3% miðað við þyngd....		0

	A	E
1902.2039 --- Annars	0	
-- Fyllt með kjöti og osti:		
1902.2041 ---- Sem inniheldur samanlagt 3%, til og með 20%, af kjöti og osti	0	
1902.2049 ---- Sem inniheldur samanlagt minna en 3% af kjöti og osti	0	
1902.2050 -- Annars.....	0	
-- Önnur pasta:		
-- Með fiski, krabbdýrum, lindýrum og öðrum sjávar- eða vatnahryggleysingjum:		
1902.3011 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd	0	
1902.3019 ---- Annars	0	
-- Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því:		
1902.3021 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd	0	
1902.3022 ---- Sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	0	
1902.3029 ---- Annars	0	
-- Með osti:		
1902.3031 ---- Sem að magni til er meira en 3%, miðað við þyngd	0	
1902.3039 ---- Annars	0	
-- Með kjöti og osti:		
1902.3041 ---- Sem að magni er samanlagt 3%, til og með 20% miðað við þyngd	0	
1902.3049 ---- Sem að magni er samanlagt minna en 3%, miðað við þyngd	0	
1902.3050 -- Annars.....	0	
-- Couscous:		
-- Með fiski, krabbdýrum, lindýrum og öðrum sjávar- eða vatnahryggleysingjum:		
1902.4011 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd	0	
1902.4019 ---- Annars	0	
-- Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því:		
1902.4021 ---- Sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd	0	
1902.4022 ---- Sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	0	
1902.4029 ---- Annars	0	

Á 85. kafla:

Undirliður nr. 8544.2000 skiptist í tvö tollskrárnúmer, þannig:

– Samása kaplar og aðrir samása rafleiðarar:	
8544.2001 -- Höfuðlínukaplar með slitþoli, sem er að lágmarki 60 kN, enda séu þeir styrktir og varðir með þéttum lögum úr stálvírum	0
8544.2009 -- Annað.....	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h. r.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

Áslaug Guðjónsdóttir.

30. desember 1994

Nr. 147

LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „slíkar gjafir“ í lok 3. másl. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laganna kemur: svo og verðlitrir vinningar í almennum happdrættum og keppnum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

- Við A-lið 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Frá tekjum manna sem eru 70 ára eða eldri má draga 15% af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóðum skv. 2. gr. laga nr. 55/1980.
- Við B-lið 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu á árinu í innlendum atvinnurekstri samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 80% fjárhæðarinnar, þó að hámarki 100.000 kr. hjá einstaklingi og 200.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sbr. 1. mgr. þessa töluliðar, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. þrjú ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. másl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá sölu-degi þeirra og kaupverð keyþra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. másl. eiga við um mismuninn.

Ákvæði þessa töluliðar skulu einnig eiga við um samvinnuhlutabréf.

Enn fremur má draga frá tekjum samkvæmt þessum tölulið kaup á stofnfjárbréfum í sparisjóðum, sbr. lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Skilyrði fyrir frádrætti samkvæmt þessari málsgrein er að útbod slíkra stofnfjárbréfa sé opið fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og að eigi sé heimilt að innleysa stofnfjárhlut í 10 ár frá útgáfu.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessum tölulið, þar með talið um millifærslu fjárhæðar umfram frádráttarmörk milli ára og meðferð hans þegar breyting verður á hjúskaparstöðu.

c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi er honum heimilt í stað frádráttar skv. 2. eða 3. mgr. að draga allt að 80% frá þeim tekjum, þó eigi hærrí fjárhæð en 25.000 kr. fyrir hvern mánuð sem húsnæði er í leigu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Ef eigi hefur verið fullnægt skyldu til að afhenda skattstjóra upplýsingar um launagreiðslur og/eða verktakasamninga vegna vinnu, sbr. 92. gr., að aðgættum ákvæðum 96. gr., er skattstjóra heimilt að synja um frádrátt vegna þeirra greiðslna eða hlunninda.

b. Við 7. tölul. bætist nýr máslíður sem orðast svo: Þó er ekki heimilt að nýta rekstrartap til frádráttar tekjum ef veruleg breyting hefur orðið á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á, svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrar-tilgangi.

4. gr.

Á eftir orðinu „myndast“ í 1. másl. 2. mgr. 31. gr. A laganna kemur: eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum.

5. gr.

1. tölul. 52. gr. laganna orðast svo: Gjafir, þó ekki tækifærisgjafir í fríðu, til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt.

6. gr.

Orðin „sem myndað hefur fjárfestingarsjóð skv. 11. tölul. 31. gr., sbr. 54. gr.“ í 1. mgr. 57. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 11. mgr. A-liðar orðast svo:

Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

b. Í stað orðanna „tölul. A-liðar“ í 2. másl. 3. mgr. B-liðar kemur: og 3. tölul. A-liðar og 2., 3. og 4. tölul. B-liðar.

c. Í stað 9. og 10. mgr. B-liðar kemur ný málsgrein er orðast svo:

Barnabótaauki skal ákveðinn við álagningu, sbr. X. kafla. Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabótaauka, innheimtu ofgreidds barnabótaauka og skuldajöfnun barnabótaauka á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

d. Orðin „þar með talin kaup á eignarhlut í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993“ í 1. mgr. C-liðar falla brott.

e. Lokamálsliður 2. mgr. C-liðar fellur brott.

f. Í stað 1. og 2. másl. 3. mgr. C-liðar koma þrír nýir málsliðir er orðast svo: Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta skv. 4. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 2. mgr., hjá hverjum framteljanda en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning. Þannig ákveðin vaxtagjöld skulu skerðast um vaxtatekjur skv. 8. gr.

g. Í stað orðsins „grein“ í 3. másl. 3. mgr. C-liðar, sem verður 4. másl., kemur: málsgrein.

h. Í stað „3. tölul.“ í 1. másl. 4. mgr. C-liðar kemur: 4. tölul.

i. Lagatilvísunin „1. mgr. 78. gr.“ í 3. másl. 4. mgr. C-liðar verður: 1. mgr. 76. gr.

j. 10. mgr. C-liðar orðast svo:

Reglur um skuldajöfnun vaxtabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

8. gr.

Lokamálsliður 83. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við 84. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þó skal eignarskattur dánarbúa, sbr. 5. tölul. 2. gr., reiknast af eignarskattsstofni í lok andlátsárs þannig: Af fyrstu 3.514.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 3.514.000 kr. greiðist 1,2%.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

- a. Í stað 2. og 3. másl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Skýrslu lögaðila og einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal fylgja undirritaður ársreikningur í samræmi við ákvæði laga um bókhald eða eftir atvikum laga um ársreikninga, ásamt sérstakri greinargerð um skattstofna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
- b. 5. og 6. másl. 2. mgr. orðast svo: Skattframtölin skulu undirrituð af þeim sem framtalsskyldan hvílir á. Skattframtal bókhaldsskylds aðila skal undirritað af þeim sem bera ábyrgð á að ákvæðum laga um bókhald sé fullnægt.
- c. 3. mgr. orðast svo:
Framtalsskyldan hvílir á lögaðila. Sé um bókhaldsskylda aðila að ræða skal framtalinu fylgja ársreikningur, sbr. 1. mgr. Í skráðum félögum er nægilegt að þeir sem heimild hafa til að binda félagið undirriti framtalið.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er verður 2. másl. er orðast svo: Sama gildir um greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu.
- b. Orðin „greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu“ í 5. mgr. falla brott.

12. gr.

1. másl. 1. mgr. 99. gr. laganna orðast svo: Nú telur skattaðili skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöp, eigi rétt ákveðinn og getur hann þá sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 30 daga frá dagsetningu auglýsingar skattstjóra um að álagningu skv. 1. mgr. 98. gr. sé lokið eða innan 30 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun.

13. gr.

Í stað orðanna „og 100. gr. laganna“ í 4. mgr. 106. gr. laganna kemur: gr. laganna og ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

14. gr.

2. másl. 1. mgr. 108. gr. laganna orðast svo: Um meðferð mála hjá nefndinni fer eftir lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

15. gr.

120. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn að vinninga í tilteknum happdrættum megi draga frá skattskyldum tekjum, sbr. 4. tölul. A-liðar 30. gr., enda sé öllum ágóða af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

16. gr.

122. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 3. mgr. 17. gr., 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. og 4. mgr. 30. gr., 41. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr., 83. gr. og 84. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1993.

17. gr.

Ákvæði laga þessara öðlast gildi frá og með 1. janúar 1995. Ákvæði 6., 10., 11., 13., 14., 15. og 16. gr. koma til framkvæmda frá og með þeim tíma. Ákvæði 1. gr., c-liðar 2. gr., a-liðar 3. gr., 4. og 5. gr., a-, b-, c-, f-, g-, h-, i- og j-liðar 7. gr. og 8., 9. og 12. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1995 vegna tekna og gjalda á árinu 1994 og eigna og skulda í lok þess árs og ákvörðun bóta á árinu 1995. Ákvæði a- og b-liðar 2. gr., b-liðar 3. gr. og d- og e-liðar 7. gr. koma til framkvæmda við álagningu 1996 vegna tekna á árinu 1995 og staðgreiðslu á því ári.

Frá og með 1. janúar 1995 falla úr gildi ákvæði til bráðabirgða I í 23. gr. laga nr. 111/1992 og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 9/1984, með síðari breytingum.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

18. gr.

Við lög in bætast fjögur ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða.**I.****Flýtifyrningar.**

a. Rekstraraðilum, sem fjárfesta í fyrnanlegum eignum á árunum 1994 og 1995, er heimilt að fyrna þær sérstakri flýtifyrningu eftir því sem nánar greinir í ákvæði þessu.

Fyrningin tekur einungis til þeirra eigna sem fjárfest hefur verið í á árunum 1994 og 1995 og færist á framtöl gjaldáranna 1995, 1996, 1997 og ef við á ársins 1998 vegna rekstrar á árunum 1994, 1995, 1996 og 1997.

Stofn til sérstakrar flýtifyrningar skal vera fyrnanlegt lausafé, mannvirki og eyðanleg náttúruauðæfi og aðrar þær eignir sem greinir í 1., 2. og 3. tölul. 32. gr. Ekki er þó heimilt að fyrna fólksbifreiðar samkvæmt ákvæði þessu.

Einungis er heimilt að fyrna þann hluta fjárfestingar í umræddum eignum sem eignfærður hefur verið á árunum 1994 og 1995, en ekki á öðrum árum þó að fjárfest hafi verið í eignunum fyrir það tímamark.

Hundraðshluti fyrningar hverrar eignar samkvæmt ákvæði þessu skal árlega vera að hámarki sá sami og greinir í 38. gr. Heimilt er að fyrna samkvæmt ákvæði þessu í þrjú ár. Færst þannig reiknuð fyrning til viðbótar öðrum fyrningum umræddra eigna og til lækkunar stofnverði þeirra, sbr. þó 45. gr. um niðurlagsverð.

b. Fyrna má sérstakri fyrirframfyrningu þær eignir sem greinir í 3. mgr. a-liðar en ekki hafa verið teknar í notkun í lok reikningsáranna 1994 og 1995. Sömu fyrningarhlutföll og sami fyrningartími og þar greinir á við um þessar eignir.

c. Ekki má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt ákvæði þessu og ekki má nota þær til þess að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

II.**Um varasjóð sem myndaður hefur verið samkvæmt skattalögum.**

Tekjufæra skal að vali skattaðila á árunum 1994 til og með 1998 varasjóð sem myndaður hefur verið samkvæmt skattalögum og enn kann að vera fyrir hendi hjá lögaðilum. Á móti tekjufærslu varasjóðs á hverju ári samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna tekjufærðum varasjóði á árinu. Einnig er heimilt að fyrna um fjárhæð jafna tekjufærðum varasjóði á árinu sérstakri fyrirframfyrningu þá varanlegu rekstrarfjármuni sem ætlaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, sbr. 32. gr., en hafa ekki verið teknir í notkun í lok viðkomandi reikningsárs.

III.**Sérstakur tekjuskattur manna.**

Á tekjuskattsstofn manna, eins og hann er ákvarðaður samkvæmt lögum þessum, skal á árinu 1996 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 2.700.000 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 5.400.000 kr., skal reikna sérstakan 5% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 2.700.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé annað hjóna hins vegar undir 2.700.000 kr. í tekjuskattsstofni reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á álagningarárinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

IV.**Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.**

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1996 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1995. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1995 vegna tekna á árinu 1994 umfram 2.700.000 kr. hjá einstaklingi og 5.400.000 kr. hjá hjónum.

Fjárhæðir skv. 1. mgr. skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á skattvísitölu, í fyrsta sinn á árinu 1994 í samræmi við skattvísitölu þess árs.

Gjald dagar fyrirframgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. eða 2. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt ákvæði þessu hefur verið of há og skal mismunurinn taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskarvísitölu sem í gildi er við upphaf fyrirframgreiðsluskyldu og 1. júlí á álagningarári.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna koma ekki til framkvæmda á fyrri hluta árs 1995 og ekki á skólaárinu 1995–1996:

- a. 3. mgr. 4. gr.
- b. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „1993–1994 og skólaárið 1994–1995“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 1994–1995 og skólaárið 1995–1996.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

3. gr.

Við lögin bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra er á árinu 1995 heimilt að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins til eftirfarandi verkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra:

- a. liðveislu skv. 25. og 29. gr.,
- b. félagslegrar hæfingar og endurhæfingar skv. 26. og 27. gr.,
- c. kostnaðar við starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.,
- d. til greiðslu rekstrarkostnaðar á sambýlum skv. 3. tölul. 10. gr. sem hafinn er rekstur á eftir 1. janúar 1995,
- e. til greiðslu kostnaðar við þjónustu stuðningsfjölskyldna mikið fatlaðra barna skv. 21. gr.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra skal gera tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár samkvæmt grein þessari.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar.

4. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt þessum kafla og til að standa straum af kostnaði skv. 5. mgr. 22. gr. er stjórn sjóðsins heimilt að verja árlega allt að 62 m.kr. í samræmi við reglur sem ráðherra setur.

5. gr.

Við 39. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skattstjórum og Tryggingastofnun ríkisins er skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Atvinnuleysistryggingasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið með sem trúnaðarmál.

6. gr.

Við lögina bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (IV.)

Á árinu 1994 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir.

b. (V.)

Í samræmi við 5. mgr. 22. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóds heimilt á árinu 1995, þrátt fyrir ákvæði 37. gr., að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslu atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

**Um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu,
með síðari breytingum.**

7. gr.

3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

- 6.3. Ráðherra er heimilt að skipa einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn.

8. gr.

10. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málslíða skv. 2.–9. mgr. þessarar greinar, svo sem að færa heilsugæslustöðvar milli umdæma. Við sameiningu sveitarfélaga getur ráðherra sett reglugerð um heilsugæsluumdæmi og heilsugæslustöðvar í héruðum.

9. gr.

2. tölul. ákvæða til bráðabirgða verður svohljóðandi:

2. Við sameiningu Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakots, Reykjavík, undir heitinu Sjúkrahús Reykjavíkur skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipa sérstaka bráðabirgðastjórn sem tekur til starfa 1. janúar 1995. Í bráðabirgðastjórninni eiga sæti formaður stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, formaður yfirstjórnar Sjálfseignarstofnunarinnar St. Jósefsspítala, Reykjavík, einn fulltrúi tilnefndur af Reykjavíkurborg, einn fulltrúi tilnefndur af fjármálaráðherra og einn fulltrúi tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og skal hann jafnframt vera formaður.

Verkefni bráðabirgðastjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur skulu m.a. vera:

- a. að samþykkja rekstraráætlanir beggja spítalanna fyrir árið 1995 og sjá um að þeim verði framfylgt,
- b. að vinna að sameiningu spítalanna, þar með talið að vinna að tilfærslu verkefna milli spítalanna í samvinnu við stjórn Sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar og yfirstjórn Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala, Reykjavík, þannig að hagkvæmni aukist og fjármunir nýtist betur,
- c. að vinna að undirbúningi að gerð samnings milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar um verkefni spítalans og greiðslur fyrir þau,
- d. að gera tillögu um stjórnkerfi og skipan framtíðarstjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Þrátt fyrir skipun bráðabirgðastjórnarinnar skulu Borgarspítali og St. Jósefsspítali reknir sem tvær sjálfstæðar einingar í því formi sem þeir eru nú en það skal eigi hindra

tilfærslu ákveðinna starfsþátta og deilda milli spítalanna. Núverandi stjórnir þessara tveggja stofnana starfa áfram þar til framtíðarstjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur tekur til starfa, eigi síðar en 1. janúar 1996.

**Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun
og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.**

10. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn annast innheimtu sérstaks gjalds skv. 5. gr. og skal tekjum af því einungis varið til rekstrar flugvalla og framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

11. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af flugvallagjaldi skal einungis varið til framkvæmda í flugmálum, svo og snjó-
moksturs og viðhalds flugvalla og tækja.

Um breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

12. gr.

3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994.

13. gr.

Lokamálsliður 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994.

14. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994 fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 272.208 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 217.319 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994 fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 279.840 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 217.319 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Um uppbót á lífeyri samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á.

15. gr.

Í stað „1. júlí“ í 2. mgr. 18. gr. laganna komi: 1. september.

16. gr.

Í stað orðanna „þriðja virkan“ í fyrri málsgrein 49. gr. laganna komi: fyrsta.

Um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

17. gr.

Við síðari málslið 2. mgr. 1. gr. laganna bætist: aðrar en húsaleigubætur, eftir því sem við á.

18. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nú hefur einhleypingur aðrar tekjur en úr lífeyristryggingum almannatrygginga og skal sérstaka heimilisuppbótin þá skerðast krónu fyrir krónu uns hún fellur niður.

II. KAFLI

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 7. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag til Kvikmyndasjóðs og reksturs Kvikmyndasafns Íslands eigi vera hærra en 101,6 m.kr. á árinu 1995.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 83/1989, um Þjóðarþóklöðu og endurbætur menningarbygginga, er heimilt að ráðstafa 40 m.kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögnum til reksturs Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á árinu 1995.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri fjárhæð en 4 m.kr. á árinu 1995.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1995 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1995.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins falla niður á árinu 1995.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1995.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til launa og aksturs héraðsráðunauta eigi vera hærra en 40,1 m.kr. á árinu 1995.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögnum leiðir.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liða 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1995.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1995.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1995. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. sömu laga skal innheimta 0,3% af söluvörum landbúnaðarins á árinu 1995 í stað 0,6%.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1995.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til lyfsölu-sjóðs eigi vera hærra en 2,8 m.kr. á árinu 1995. Sjóðurinn verður lagður niður 1. júní 1995 skv. 45. gr. laga nr. 93/1994, lyfjalaga.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 21. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærrí fjárhæð en 88 m.kr. á árinu 1995.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, skulu 275 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögnum renna í ríkissjóð á árinu 1995.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 31. gr. laga nr. 23/1994, hafnalaga, skulu 94,3 m.kr. af tekjum Hafnabótasjóðs af sérstöku vörugjaldi mæta framlögum ríkissjóðs til hafnarmannvirkja.

36. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 34. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, skal endurgreiðsla ríkissjóðs eigi nema hærrí fjárhæð en 21 m.kr. á árinu 1995.

37. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, skal framlag ríkissjóðs til refa og minkaveiða eigi nema hærrí fjárhæð en 27 m.kr. á árinu 1995. Ríkissjóður endurgreiðir ekki á árinu 1995 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000, miðað við íbúafjölda 1. desember 1994. Umhverfissráðherra er heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum. Umhverfissráðuneyti skal auglýsa fyrir 1. maí 1995 til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra. Sveitarstjórnur

og stjórnnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1994 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar og umhverfisráðuneyti auglýsir skv. 4. málsl. þessarar greinar. Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1995.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 21.900 m.kr. á árinu 1995.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1995 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurlána allt að 8.310 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinnna aðila:

1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna, allt að 3.800 m.kr.
2. Þróunarsjóðs sjávarútvegs, allt að 2.380 m.kr.
3. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, allt að 1.980 m.kr.
4. Alþjóðaflugþjónustunnar, allt að 150 m.kr.

II. KAFLI

Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlægum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1995 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–8. tölul. þessarar greinar,

sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 3.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.900 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 97/1993, um Hús-næðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 6.680 m.kr., sbr. 48. gr. laga nr. 97/1993, um Hús-næðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 13.000 m.kr., sbr. 19. gr. laga nr. 97/1993, um Hús-næðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 1.600 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 1.000 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 2.600 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Ferðamálasjóður, allt að 150 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1995:

1. Íþróttasamband Íslands, allt að 40 m.kr. til þátttöku í stækkun Laugardalshallar gegn veði í eignarhluta Íþróttasambands Íslands í Laugardalshöllinni.
2. Flugmálastjórn, allt að 70 m.kr. til endurnýjunar á flugvél.
3. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, allt að 800 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
4. Undirbúningsfélag Orkubús Borgarfjarðar, allt að 380 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
5. Innheimtustofnun sveitarfélaga, allt að 150 m.kr. til greiðsluflæðisjöfnunar.
6. Hita- og vatnsveita Akureyrar, allt að 2.200 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
7. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 61 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

6. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

